**SIGNÝ JÓNA HREINSDÓTTIR**

*Ítölsk matargerð heillar mest*

matur tilboð

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS





**birta**

**KAREN OG ADAM**

*Dansinn er þeirra líf*

matur fótbolti tíðarandi

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**





SVÖR VIÐ ÖLLU

fylgir blaðinu í dag!

Eymundsson





# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. júní 2006 — 152. tölublað — 6. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


### Ætlar að hafa skoðanir á hlutunum



Anna Margrét Björnsson ritstýrir Reykjavík-Mag sem er nýtt blað á ensku.

FÓLK 62

### Syngur á dönsku



Bubbi Morthens á ný lög í handraðanum sem hann hefur samið danska texta við.

FÓLK 52

### Orð eru til alls fyrst

„Hvers vegna ættu vinstri menn einir að reyna að sameinast?“ spyr Hannes Hólmsteinn Gissurarson, sem telur lítið því til fyrirstöðu að Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur gangi í eina sæng.

Í DAG 12

### Fer Kekic frá Grindavík?



Knattspyrnumaðurinn magnaði Sinisa Valdimar Kekic íhugar nú framtíðina eftir að hann lenti upp á kant við þjálfara Grindavíkur, Sigurð Jónsson. Kekic segist ekki viss um að hann verði áfram í Grindavík.

ÍÞRÓTTIR 54

### VEÐRIÐ Í DAG




**BEST Á NORÐAUSTURLANDI** - Í dag verður hæg suðlæg eða breytileg átt. Hálfskýjað eða léttskýjað á Norðurlandi og á Vestfjörðum. Dálítil rigning sunnan og suðaustan til síðdegis. Hiti 8-16 stig, hlýjast norðaustan til.

VEÐUR 4



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ÞJÓÐARLEIÐTOGAR Í REYKJAVÍK** Leiðtogafundi Eystrasaltsráðsins lauk í Reykjavík í gær. Frá vinstri: Percy Westerlund, fulltrúi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, Antanas Valionis, utanríkisráðherra Litháens, Andrus Ansip, forsætisráðherra Eistlands, Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, Göran Persson, forsætisráðherra Svíþjóðar, Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra Íslands, Mikhail E. Fradkov, forsætisráðherra Rússlands, Matti Vanhanen, forsætisráðherra Finnlands, Aigars Kalvitis, forsætisráðherra Lettlands, Kazimierz Marcinkiewicz, forsætisráðherra Póllands, Frank-Walter Steinmeier, utanríkisráðherra Þýskalands, og Arja Alho, formaður fastanefndar Eystrasaltsráðsins.

# Vill sekta fyrirtæki og leita á heimilum

**Forstjóri Samkeppniseftirlitsins vill að því verði leyft að sekta fyrirtæki sem tilkynni ekki um samruna sín á milli. Eftirlitið þurfi einnig að hafa heimild til húsleitar á heimilum stjórnenda, leiki grunur á samráði við aðra.**

**SAMKEPPNI** Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir að huga þurfi að lagabreytingum til að bregðast við óæskilegri fákeppni. Lögum um samruna fyrirtækja sé ábótavant.

„Við höfum ekki kost á því að sekta fyrirtæki fyrir að sinna ekki tilkynningaskyldu um samruna.“ Það skapi vandkvæði í starfinu því allt of mörg fyrirtæki vanræki upplýsingaskylduna. Sextíu stjórnsýslumál hafa verið tekin upp hjá Samkeppniseftirlitinu á árinu. Stór hluti snýr að sameiningu fyrirtækja: „Yfir tuttugu samrunamál eru í gangi. Frá því að samrunaákvæðin voru sett í samkeppnislögin hafa menn ekki staðið í jafn miklum málafjölda á einu tímabili.“

Páll Gunnar segir að skapa þurfi agaðri vinnubrögð gagnvart eftirlitinu og því ætti það að hafa heimild til að fara í húsleit vegna samruna. Heimild af því tagi þekkist víða, til dæmis hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Liggi grunur á samráði milli fyrirtækja nægi eftirlitinu ekki aðeins að gera húsleit í fyrirtækjunum sjálfum, heldur ætti í þeim tilfellum að leyfa húsleit inni á heimilum stjórnenda. Slíkt tíðkist meðal annars innan Evrópska efnahagssvæðisins og vandséð af hverju svo ætti ekki einnig að gilda um Samkeppniseftirlitið.

Páll Gunnar segir að eðlilegt sé að huga að því að eftirlitinu verði gert kleift að skipta upp fyrirtækjum, jafnvel þó þau hafi ekki orðið uppvís að eiginlegri misnotkun á markaðsráðandi stöðu sinni. „Við höfum möguleikann á að gera þetta ef menn hafa verið brotlegir, en með breytingunum hefðum við tækifæri til þess að gera starf Samkeppniseftirlitisins meira fyrirbyggjandi og gætum brugðist við óæskilegri stöðu á markaðnum.“ Hann segir að talsverð þróun sé í samkeppnislöggjöfinni í Evrópu, sem þurfi að fylgja vel eftir hér á landi.

Um helstu áherslur eftirlitisns segir Páll að fylgst sé sérstaklega vel með fjarskiptum og fjölmiðlum, matvörumarkaði og fjármálamarkaðnum. Það sé ekki af hræðslu við ólögmætt verðsamráð heldur vegna mikilvægi markaðanna og fjölda mála á þessum sviðum.

- gag/sjá síðu 24

Túlkun FME á yfirtökuskyldu:

## Yfirtökunefnd ósammála

**VIÐSKIPTI** Samkvæmt nýrri túlkun Fjármálaeftirlitsins er yfirtökuskyldum aðila ekki heimilt að selja aftur þann hluta sem er umfram leyfileg mörk nema með samþykki yfirvalda. Yfirtökuskylda verður til er aðili hefur náð beinum eða óbeinum yfirráðum í félagi og miðast það við fjörutíu prósent atkvæðaréttar. Yfirtökunefnd er ósammála túlkun Fjármálaeftirlitsins. Viðar Már Matthíasson, formaður nefndarinnar, segir lög um verðbréfaviðskipti nokkuð óskýr. Ekkert í þeim megi þó túlka svo að bannað sé að selja sig niður gerist einhver yfirtökuskyldur.



VIÐAR MÁR MATTHÍASSON

- hhs/sjá síðu 28

Leggur til að raforkuverð til Alcoa verði opinberað:

## Helgi Hjörvar vill aflétta leyndinni

**STÓRIÐJA** Helgi Hjörvar, sem á sæti í stjórn Landsvirkjunar, segir það koma á óvart að aðalforstjóri Alcoa skuli hafa átt frumkvæði að því að fjalla opinberlega um raforkuverð fyrirtækisins til Landsvirkjunar, þar sem upphaflega hafi það verið krafa Alcoa að leynd hvíldi yfir þessum upplýsingum.

„Á sínum tíma þótti mjög umdeilt að gefa ekki upp söluverð raforku til Alcoa, ekki síst í ljósi þess að Landsvirkjun er í almannaeigu. Í ljósi frétta síðustu daga tel ég eðlilegt að upplýsa eigi um hið raunverulega raforkuverð svo öllum verði ljóst á hvaða forsendum þessir samningar byggja.“ Helgi sagðist ætla að leggja það til á næsta stjórnarfundi Landsvirkjunar, síðar í þessum mánuði, að raforkuverðið yrði opinberað.

Helgi segir að fyrst Alcoa kjósi að upplýsa um orkuverðið geti fyrirtækið ekki krafist þess að Landsvirkjun neiti íslenskum almenningi um þær sjálfsögðu upplýsingar.

- hs

Gæsluvarðhald staðfest:

## 20 milljónir til dópkaupa

**DÓMSMÁL** Hátt í tuttugu milljónir króna voru sendar héðan úr landi inn á bankareikning á hollensku Antillaeyjum í tengslum við umfangsmikið fíkniefnamál sem er í lögreglurannsókn hér á landi.

Reynt var að smygla um fimmtán kílóum af amfetamíni og tíu kílóum af hassi í bensíntanki bifreiðar. Efnin voru keypt í Belgíu og Hollandi og telur lögregla upphæðirnar passa við magnið sem reynt var að smygla. Hæstiréttur staðfesti í gær gæsluvarðhaldsúrskurð yfir þremur hinna grunuðu smyglara til 14. júlí næstkomandi.

- jss/sjá síðu 12


Mögnuð tilboð á nýjum vörum

frá fimmtudegi til mánudags




8. - 12. júní

Kauphlaup í Smáralind



Byrjaðu núna að æfa!





## SPURNING DAGSINS?

*Daði, var þetta ekki vítavert af þér?*

„Jú, þetta var vítavert gagnvart Keflvíkingum og ásetningurinn algjör.“

Daði Lárusson, markvörður FH, var í gær valinn leikmaður fimmtu umferðar Landsbankadeildarinnar af Fréttablaðinu en hann varði tvær vítaspyrnur gegn Keflvíkingum á mánudag.

Æðsti maður al-Kaída hryðjuverkanetsins í Írak:

# Al-Zarqawi fórst í loftárás

**ÍRAK, AP** Æðsti maður al-Kaída hryðjuverkanetsins í Írak, Abu Musab al-Zarqawi, lét lífið í loftárásum Bandaríkjahers skammt frá Bagdad aðfaranótt fimmtudags, að sögn Nouri al-Maliki, forsætisráðherra Íraks, í gær. Fregnin var jafnframt staðfest á vefsíðu al-Kaída í Írak.

George W. Bush Bandaríkjaforseti var kampakátur yfir fregnum af láti al-Zarqawis og sagði dauða hans vera mikið áfall fyrir hryðjuverkanetið. Jafnframt væri fráfall uppreisnarforingjans mikil hvatning fyrir lýðræðið í Írak, að sögn Bush. Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, tók undir með Bush, en báðir bættu við að dauði foringjans þýddi ekki endalok stríðsins.

Faðir eins meints fórnarlambs al-Zarqawi, Bandaríkjamaðurinn Michael Berg, sagði blaðamönnum í gær að hann óttaðist að dauði hryðjuverkaforingjans myndi eingöngu leiða til enn frekari hefndaraðgerða og meira mannfalls.

Ný skoðanakönnun sem birt var fyrr í vikunni sýndi að 59 prósent Bandaríkjamanna telja að Bandaríkin hafi gert mistök með því að ráðast inn í Írak, en ljóst þykir að ráðgjafar Bush vona að þessar nýjustu fregnir auki vinsældir forsetans og stuðning við stríðið.

\- smk/sjá bls. 6 og 16



**DAUÐA FAGNAÐ** Þessir lögreglumenn frá Írak ásamt aldraðri konu fögnuðu í gær fregnum af fráfalli Abu Musab al-Zarqawi, leiðtoga al-Kaída í Írak. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dæmdur í fimm ára fangelsi:

# Skar leigubílstjóra á háls

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær fimm ára fangelsisdóm Héraðsdóms Reykjavíkur yfir Guðbjarti J. Sigurðssyni fyrir tilraun til manndráps í júlí 2004.

Guðbjartur var dæmdur fyrir að hafa lagt til leigubílstjóra með eggvopni með þeim afleiðingum að hann hlaut hættulegan skurðáverka á hálsi. Einn dómari Hæstaréttar skilaði séráliti og vildi sýkna Guðbjart því ekki hefði verið sannað að félagar hans, sem voru með honum í leigubílnum, hefði ekki getað lagt til bílstjórans. Guðbjartur var dæmdur til að greiða tæpar 660.000 krónur í áfrýjunarkostnað. - shá

Eldsvoði í Súðavogi:

# Þrír menn lokuðust inni

**SLÖKKVILIÐ** Bruni varð í gærmorgun í tómu húsnæði við Súðarvog 36 sem verktakar voru að gera upp. Þrír menn lokuðust inni á annarri hæð hússins vegna reyks og þurfti slökkvilið að reisa stiga til að bjarga mönnunum út. Mennina sakaði ekki.

Eldurinn virðist hafa átt upptök sín í loftræstistokki hússins og þurfti slökkvilið að rífa hann burtu ásamt hluta af þakinu til að komast að eldinum. Reykræsta þurfti einnig nærliggjandi hús. Húsnæðið var áður í eigu 66° Norður, en bíður nú þess að nýir eigendur taki við því eftir að viðgerðum lýkur. - sgj



**BRUNINN Í SÚÐAVOGI** Slökkviliðsmenn við störf í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**MÓTMÆLI** Læknanemarnir sátu í anddyri Landspítalans í gær í mótmælaskyni en hugðust mæta til vinnu í dag. Gunnar Thorarensen og Eyjólfur Þorkelsson, talsmenn læknanemanna, eru fremstir á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Nemarnir hugðust mæta til vinnu í dag

**Kjaradeila 35 læknanema við Landspítalann hefur verið leyst og nemarnir sögðust í gær myndu mæta til vinnu í dag. Lausnin fékkst í kjölfar mótmælasetu nemanna í anddyri spítalans. Ekki fékkst uppgefið hvað fólst í samningunum.**

**KJARAMÁL** Læknanemar sem hafa átt í kjaradeilu við yfirstjórn Landspítalans undanfarna viku náðu í gær samningum við yfirstjórn spítalans og samkvæmt Eyjólfi Þorkelssyni, talsmanni þeirra, hugðust þeir mæta til vinnu strax í dag.

Læknanemar efndu til mótmælasetu í anddyri spítalans í hádeginu gær og þangað mættu flestir þeirra 35 nema sem réðu sig til starfa á spítalann. Talsmenn þeirra, Eyjólfur og Gunnar Thorarensen, áttu í kjölfarið fund með Nils Christian Nilsen, staðgengli lækningaforstjóra, sem kynnti þeim nýtt sáttaboð og var gengið að því boði eftir að talsmennirnir áttu fund með læknanemunum.

Læknanemar mættu ekki til vinnu í vikunni eins og til stóð þar sem stjórn Landspítalans hafði ákveðið að greiða þeim ekki það tólf prósenta vaktaálag sem þeir höfðu fengið undanfarin ár. Yfirstjórn spítalans sagði ástæðuna vera nýlega kjarasamninga unglækna sem gerðu það að verkum að ekki væri lengur réttlætanlegt að greiða þeim vaktaálagið, þá væri verið að tvíbæta kjörin. „Hérna áður fyrr voru unglæknar á lélegum kjörum. Læknanemar fá hlutfall af þessum launum unglækna og því fengu þeir mjög lítið í sinn hlut. Nú í síðustu kjarasamningum fengu unglæknar hins vegar mjög miklar kjarabætur umfram aðra lækna. Þess vegna var þetta álag á vaktirnar dregið til baka,“ sagði Nils Christian fyrir fundinn í gær.

Þetta sættu læknanemar sig ekki við. „Við teljum að það sé ekki rétt að breikka launamun milli læknanema og unglækna. Á vöktunum göngum við í störf aðstoðarlækna með allri þeirri ábyrgð og álagi sem því fylgir. Við sjáum enga ástæðu fyrir því að við eigum að fara varhluta af eðlilegu launaskriði og verðþróun í landinu,“ sögðu talsmenn þeirra í gær fyrir fundinn.

Talsmenn læknanema funduðu svo með Nils, sem kynnti þeim tilboðið. Í kjölfarið kynntu þeir það fyrir læknanemunum, sem féllust á það og sögðust myndu mæta til vinnu í dag. Ekki fékkst uppgefið hvernig samningarnir hljóðuðu eða hvað í þeim fólst en Eyjólfur segir að í tillögunni hafi málið verið „nálgast frá nýjum grundvelli“. stigur@frettabladid.is

Hallgrímur Páll Guðmundsson:

# Lést í bílveltu



**HALLGRÍMUR PÁLL GUÐMUNDSSON**

Maðurinn sem lést í umferðarslysi á Elliðavatnsvegi á þriðjudagskvöld hét Hallgrímur Páll Guðmundsson og var til heimilis að Hegranesi 25 í Garðabæ.

Hallgrímur Páll var 34 ára, fæddur 12. nóvember 1971. Hann var ókvæntur en lætur eftir sig fjögurra ára son. - sh



**FUNDUÐU Í RÁÐHERRABÚSTAÐ** Forsætisráðherrar Rússlands og Íslands, Mikhaíl Y. Fradkov og Halldór Ásgrímsson, í Tjarnargötunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Forsætisráðherrafundur:

# Ræddu jarðhita og viðskipti

**ÍSLAND-RÚSSLAND** Mikhaíl Y. Fradkov, forsætisráðherra Rússlands, átti viðræður við íslenskan starfsbróður sinn í Ráðherrabústaðnum í gær, í kjölfar leiðtogafundar Eystrasaltsráðsins sem báðir sátu. Bar þar meðal annars á góma áhuga Rússa á samstarfi við Íslendinga í virkjun jarðhita.

Fradkov tók fram að rússnesk yfirvöld hefðu ekki í hyggju að hindra innflutning á íslenskum laxi til Rússlands en fregnir fyrr í vikunni hermdu að Rússar hygðust setja upp tollahindranir þar sem Norðmenn hefðu reynt að komast hjá slíkum hömlum sem gilda um norskan lax með því að merkja sinn lax sem íslenskan. - aa

## NOREGUR

**Verkfall leyst á NRK** Fréttamenn Ríkisútvarps Noregs aflýstu verkfalli og sneru aftur til starfa í gær eftir sáttatilboð um launahækkun upp á 14.000 krónur norskar á ári, eða 168.000 íslenskar. Þeir höfðu áður hafnað um það bil 72.000 króna launahækkun.

## NÁTTÚRA

**Dýr vatnsréttindi** Lögmaður Landsvirkjunar segir að kröfur eigenda vatnsréttinda vegna Kárahnjúkavirkjunar séu í engu samræmi við fordæmi. Landeigendur krefjast 96 milljarða króna en Landsvirkjun segir að hæfilegt verð sé á milli 150 og 375 milljóna króna.


BÍLL DAGSINS
NISSAN TERRANO
Nýskr 03.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 24 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.


Miðstjórn Framsóknarflokksins fundar síðdegis:

# Staðan rædd í þaula

**STJÓRNMÁL** Enn er óvíst hvenær flokksþing Framsóknarflokksins verður haldið en það er verkefni miðstjórnarfundar að taka um það ákvörðun. Miðstjórnin kemur saman í Súlnasal Hótel Sögu klukkan fjögur í dag, líkt og landsstjórn ákvað fyrir réttri viku. Um 150 manns sitja í miðstjórninni sem fundar að jafnaði tvisvar á ári.



**GUÐNI ÁGÚSTSSON**



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON**

Enn hefur ekki tekist að halda fund í framkvæmdastjórn flokksins en í henni sitja formaður, varaformaður, ritari og formenn þingflokks, Landssambands framsóknarkvenna og Sambands ungra framsóknarmanna. Reynt verður að koma framkvæmdastjórninni saman fyrir miðstjórnarfundinn í dag og ná sátt um tillögu að tímasetningu flokksþingsins. Sú tillaga verður svo borin undir miðstjórn. Náist ekki sátt er viðbúið að tvær eða jafnvel fleiri tillögur að tímasetningu verði bornar upp til atkvæðagreiðslu á miðstjórnarfundinum.

Halldór Ásgrímsson hefur sagt það vilja sinn að flokksþingið verði haldið snemma í haust en á því mun hann láta af formennsku. Aðrir, meðal annars Guðni Ágústsson, vilja á hinn bóginn að þingið verði haldið sem fyrst.

Á fundinum í dag mun Halldór Ásgrímsson flytja ræðu og í kjölfarið verða almennar umræður um stöðu Framsóknarflokksins. Er viðbúið að margir láti skoðanir sínar í ljós enda málið brennandi. - bþs

## SVÍÞJÓÐ

**Töf á flugi** Bilað ratsjárkerfi neyddi flugyfirvöld í Svíþjóð til að stöðva alla flugumferð um aðalflugvelli landsins í gær. Lá allt flug niðri í um tvo tíma frá 25 flugvöllum. Töfin hófst um klukkan 10:30 að staðartíma og tók neyðarratsjárkerfi þegar til starfa svo að vélar sem voru í loftinu gátu lent með aðstoð þess. Ekki bárust tilkynningar um nein óhöpp vegna atviksins.

## DÓMSMÁL

**Fékk þjáningabætur** Fangi á Litla-Hrauni fékk í gær staðfestan rétt sinn fyrir Hæstarétti til þjáningabóta vegna meiðsla sem hann varð fyrir á Litla-Hrauni þegar annar fangi réðst á hann og veitti honum áverka í andliti. Fanginn sem varð fyrir árásinni var ósáttur við þjónustuna sem hann fékk hjá fangelsisyfirvöldum og fer fram á þjáningabætur.

olís FÆRIR ÞÉR HM2006 Á SÝN



Himinn og haf / SÍA

# Sjáðu HM-leikina í beinni útsendingu hjá okkur!

4.650 kr.
léttgreiðslur í 6 mánuði



Char-Broil Seguia-gasgrill
**27.900 kr.**
Verð áður 34.900 kr.

2.150 kr.
léttgreiðslur í 6 mánuði



Char-Broil CB-gasgrill
**12.900 kr.**
Verð áður 16.900 kr.

13.317 kr.
léttgreiðslur í 6 mánuði



Permasteel-gasgrill
**79.900 kr.**

## HM-grilltilboð

Við færum þér grillið samsett heim og losum þig við gamla grillið.
Léttgreiðslur Visa og Euro í 2 til 6 mánuði.

olís HM 2006

Við höldum með þér!

Heimsending gildir fyrir höfuðborgarsvæðið, Suðurnes og Akureyri.

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 8.6.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 73,21 | 73,55 |
| Sterlingspund | 135,29 | 135,95 |
| Evra | 93,35 | 93,87 |
| Dönsk króna | 12,514 | 12,588 |
| Norsk króna | 11,916 | 11,986 |
| Sænsk króna | 10,131 | 10,191 |
| Japanskt jen | 0,6423 | 0,6461 |
| SDR | 108,54 | 109,18 |

*Gengisvísitala krónunnar*
129,1178

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fyrsta sýnið úr fuglum eða fugladriti sem greinist jákvætt:

# Rauðhöfðaönd með flensu

**LANDBÚNAÐARSTOFNUN** Nú hefur í fyrsta sinn greinst flensa í einu sýni úr fugladriti sem tekið var úr rauðhöfðaönd hér á landi. Um er að ræða flensuafbrigði, en hvorki stofnana H5 né H7, sem eru skaðlegir mönnum.

„Það liggur fyrir að þessi flensa er ein þeirra tegunda sem menn hafa engar áhyggjur af,“ segir Halldór Runólfsson yfirdýralæknir. „Þetta er nokkuð svipað því sem við fundum í Húsdýragarðinum á sínum tíma. Það er ekki alveg búið að greina niður hvaða tegund þetta er og verður kannski ekki gert úr því fyrir liggur að þetta eru ekki þessir hættulegu stofnar.“ Halldór segir menn reikna með því að við sýnatökur sem þessar geti fundist fuglaflensugerðir af skaðlausum toga. Lítið sem ekkert hafi þó verið um þær hér og sömu sögu sé að segja um Bretland. Nokkurt hlé verði nú á sýnatökunum hér, en haldið verði áfram síðar á árinu. Segja megi að um vöktun sé að ræða sem sé framkvæmd eftir ríkjandi áhættumati.

„Við teljum hættu á fuglaflensu hér nú verulega minni en áður en eigum von á því að þetta geti komið upp aftur næsta vor,“ bætir yfirdýralæknir við. „Þetta fer allt eftir þróun mála í Evrópu.“ - jss



**STOKKENDUR** Fuglaflensa fannst í saursýni úr rauðhöfðaönd. Ekki reyndist um H5 eða H7 að ræða, heldur hættulaust afbrigði.

Ný samsetning Úrvalsvísitölu:

## Ósammála um síðasta félagið

**VIÐSKIPTI** Kauphöll Íslands kynnir eftir lokun markaða í dag þau fimmtán félög sem mynda Úrvalsvísitöluna á seinni hluta ársins. Kögun er horfin úr vísitölunni eftir að Dagsbrún tók félagið yfir. Enn fremur bendir margt til þess að Flaga Group missi sæti sitt.

Greiningardeildir bankanna eru allar sammála um að Avion Group taki annað lausa sætið en eru ósammála um hvaða félag hreppi það fimmtánda.

KB banki spáir því að Atlantic Petroleum taki það en Landsbankinn og Glitnir reikna með HB Granda. - eþa

Samband íslenskra sveitarfélaga:

## Vilhjálmur mun sitja til hausts

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, verðandi borgarstjóri í Reykjavík, er enn formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.



VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON

Nýr formaður verður kjörinn á landsþingi Sambandsins sem haldið verður í lok september. Vilhjálmur tók við formennsku í sambandinu eftir sveitarstjórnarkosningarnar árið 2002.

Í stjórn sambandsins sitja ellefu kjörnir fulltrúar og jafnmargir varamenn. Frá stofnun sambandsins hafa allir formenn þess komið úr Reykjavík utan Sigurgeirs Sigurðssonar sem var bæjarstjóri á Seltjarnarnesi. - hs

Orkla Medier í Noregi:

## Eignarhaldið haldist norskt

**NOREGUR** Hugsanlegt er að breskur fjárfestir kaupi Orkla Medier, norska fjölmiðlafyrirtækið sem Dagsbrún hefur verið orðuð við. Nokkur félög hafa gert tilboð í fyrirtækið; Dagbladet og A-pressen í Noregi, Dagsbrún, Mecom og fjárfestingarsjóðirnir Apax Partners og Providence Equity Partners.

Á vefútgáfu Dagbladet kemur fram að eigandinn, Jens P. Heyerdahl, hafi áhuga á að tryggja norskt eignarhald þannig að stofnað verði nýtt félag í helmingseigu Orkla og Dagbladet. Einnig komi til greina að fá þriðja fjárfestinn, A-pressen, inn en til þess þarf lagabreytingu í Noregi.

Þykir því líklegast að breska fjölmiðlafyrirtækið Mecom hreppi hnossið. - ghs

# Lækkun lyfjaverðs í krafti fjöldans

**Uppi eru áform um að stofna innkaupasamband eldri borgara og öryrkja um lyfjakaup vegna hás lyfjaverðs og aukinnar kostnaðarhlutdeildar sjúkra og fatlaðra. Heilbrigðisráðuneytið gerir ekki athugasemdir við hugmyndina.**

**LYFJAVERÐ** Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, segir að umræður meðal hagsmunaaðila öryrkja og eldri borgara um slíkt innkaupasamband hafi staðið yfir í nokkra mánuði en beðið hafi verið eftir áliti heilbrigðisráðuneytisins á hugmyndinni.



SVEINN MAGNÚSSON

Nýlega kom úrskurður ráðuneytisins um að það gerði ekki athugasemdir við þessa hugmynd. Fram kom að ráðuneytið teldi að slíkt innkaupasamband myndi ekki stangast á við ákvæði lyfjalaga eða laga um heilbrigðisþjónustu enda byggi það í grunninn á samkomulagi tiltekins hóps við tiltekinn eða tiltekna lyfsöluleyfishafa.

„Innkaupasamband felst í því að öryrkjar og eldri borgarar, sem eru í flestum tilfellum lyfjanotendur til lengri tíma, komi sér saman og knýi á um lægra lyfjaverð í krafti fjöldans. Það er ekki um það að ræða að opna apótek eða sjá um hrein og klár innkaup, heldur nýta kerfið eins og það er hér í dag,“ segir Sveinn. Hann áréttar jafnframt að um frjálsa aðild yrði að ræða og því ætti þetta ekki að koma til kasta Persónuverndar á þeim grundvelli að slíkt innkaupasamband gæti misnotað upplýsingar um lyfjanotkun aðila.

Á íslenskum lyfjamarkaði eru tveir aðilar ráðandi í smásölu, Lyf og heilsa annars vegar og Lyfja hins vegar. Sveinn segir að hugsanlegt sé að leitað yrði út fyrir landsteinana ef þessir aðilar verði ekki tilbúnir að veita innkaupasambandinu afslátt af lyfjum. „Einn möguleikinn er að við snúum okkur til söluaðila í Danmörku eða á Englandi til dæmis. Hér er markaður með nokkur þúsund kaupendum og möguleiki að opna verslun með viðskipti tryggð við þennan hóp sem tilheyrir þessu innkaupasambandi.“

Að sögn Sveins verður núna farið að skoða möguleika á að koma þessu innkaupasambandi á fót þar sem úrskurður heilbrigðisráðuneytisins hefur borist.

sdg@frettabladid.is



**ELDRI KONA FÆR SÉR LYF** Lyfjanotkun hefur aukist undanfarin ár á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**VLADIMÍR PÚTÍN** Rússlandsforseti nýtur greinilega mikilla vinsælda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skoðanakönnun í Rússlandi:

## Rússar vilja Pútín áfram

**RÚSSLAND, AP** Samkvæmt óháðri skoðanakönnun vilja 59 prósent Rússa að stjórnarskrá landsins verði breytt til að leyfa Vladimír Pútín að sitja áfram á valdastóli þriðja kjörtímabilið í röð. Talið er að kjósendur vilji halda sem lengst í Pútín vegna skorts á öðrum frambjóðendum með viðlíka kjörhylli.

Samkvæmt núgildandi lögum þarf Pútín að draga sig í hlé í næstu kosningum, sem verða árið 2008, en mætti þó bjóða sig aftur fram í kosningunum þar á eftir. - kóþ

Dularfullt mál á Hofsósi:

## Vél úr báti hvarf um nótt

**RÁN** Uppboði lögreglu á Hofsósi var frestað vegna þess að bíræfinn þjófur hafði í skjóli nætur stolið vél úr báti sem átti að bjóða upp. Sá taldi sig samkvæmt heimildum blaðamanns eiga tilkall til vélarinnar og sótti því það sem honum bar.

Málið er í rannsókn og vill lögregla ekkert gefa upp um kæru eða nokkuð annað að svo stöddu. - sgj

## LÖGREGLUFRÉTT

**Stúlka fundin** Stúlka, sem ekkert hafði spurst til síðan á sunnudag, fannst í gær í heimahúsi í Kópavogi.


LYFJA
- Lífið heil

**SLIMAIDE OG DETOX TVENNUTILBOÐ**



Þú kaupir eitt glas af **Vega Champignon** og færð eitt glas af **Vega Slimaide** í kaupauka. **Champignon +FOS og Spirulina** inniheldur mikið af æskilegum vítamínum og næringarefnum, léttir undir með hreinsunarferli líkamans, hefur jákvæð áhrif á þarmaflóruna og dregur úr líkamslykt. **Slimade Formula með krómi og HCA** - góð hjálp í aðhaldinu.

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupsstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LYF 32029 05/2006


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HELGIN EINNA BEST NORÐAN HEIÐA**

Sé rýnt í veðurhorfur helgarinnar er Norðausturlandið einna best. Það eru horfur á hæglætis veðri um allt land en kortin eru votari sunnan heiða. Síst verður veðrið á sunnudag en þá eru horfur á allnokkurri vætu sunnan og vestan til en úrkomulítlu veðri á Norður- og Austurlandi. Milt verður í veðri þessa helgina og sýnu hlýjast norðaustan til.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI**

Í dag verður hæg suðlæg átt. Skýjað og hætt við lítilsháttar vætu. Hiti 8-11 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




3 - 8 m/s. Síðdegisskúrir á Norðausturlandi.




3-8 m/s. Skúrir á víð og dreif.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19°C hálfskýjað | London | 24°C léttskýjað | Alicante | 24°C skýjað |
| Billund | 19°C léttskýjað | París | 25°C léttskýjað | Mallorca | 25°C skýjað |
| Osló | 24°C léttskýjað | Frankfurt | 27°C léttskýjað | Algarve | 26°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 18°C skýjað | Friedrichshafen | 17°C hálfskýjað | Krít | 23°C léttskýjað |
| Gautaborg | 19°C léttskýjað | Berlín | 23°C skúrir | Las Palmas | 24°C heiðskírt |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Er grillið klárt?



Góð kaup borgarar
4 stk. með brauði

TILBOÐ
399 kr/pk
Verð áður 525,-




BBQ
Svínakótilettur

TILBOÐ
998 kr/kg
Verð áður 1.498,-



20% afsláttur við kassa

New Orleans
BBQ Svínarif

TILBOÐ
1.289 kr/kg
Merkt verð 1.611,-

Nýjar og spennandi marineringar.
Það tekur aðeins 30 mín. að marinera.






**EZ Jack Daniel´s Marinader**
- handhægir marineringar pokar




20% afsláttur

**Prins Póló**
- 4 saman í pakka - ómissandi í útileguna

Nýtt
í Hagkaupum




**Jói Fel ferskt pizzadeig**
- tilbúið til að baka pizzuna eða naan brauðið

Gildir til 11. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



## KJÖRKASSINN

*Ætlarðu að fylgjast með HM í fótbolta?*

| | |
|---|---|
| Já | 35% |
| Nei | 65% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Þjáistu af frjóofnæmi?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Dauði hryðjuverkamannsins al-Zarqawis virðist ekki duga til að lægja skálmöldina:

# Nýir ráðherrar í skjóli árása

**ÍRAK, AP** Íraksþing staðfesti í gærmorgun skipan þeirra þriggja nýju ráðherra sem þurfti til að fullskipa ríkisstjórn Nouris al-Maliki. Súnní-músliminn Abdul-Qader Mohammed Jassim al-Mifarji var skipaður varnarmálaráðherra og sjía-múslimarnir Jawad al-Bolani og Sherwan al-Waili skipaðir innanríkis- og öryggismálaráðherrar.

Langan tíma hefur tekið að ná samstöðu um ráðherrana, en þeir hafa heitið því að vinna fyrir Íraka alla, en ekki bara þeirra eigin trúarhópa og kynþætti. Stöðuveitingin átti sér stað í skugga dauða hryðjuverkaleiðtogans Abu Musab al-Zarqawi, en þetta er talið nauðsynlegt skref í áætlun forsætisráðherrans um að flytja allt erlent herlið úr landi innan átján mánaða.



**NÝSKIPAÐIR RÁÐHERRAR** Nouri al-Maliki, forsætisráðherra Íraks, með nýju ráðherrunum.

Ofbeldisverk skyggðu á fréttirnar af ríkisstjórninni, en nítján manns létust og tugir særðust í Bag-dad stuttu síðar í nokkrum sprengjutilræðum. Tvær sprengjurnar voru bílasprengjur, en árás á lögreglumenn olli dauða sex og þrettán féllu í sprengjuárás á markaðstorg. **- sgj**

Árekstur á Þorlákshafnarvegi:

## Ók í veg fyrir langferðabíl

**BÍLSLYS** Kona er alvarlega slösuð eftir alvarlegan árekstur á mótum Þorlákshafnarvegar og Eyrarbakkavegar í gærmorgun. Tvær konur voru í jeppa sem ók í veg fyrir rútu með þeim afleiðingum að jeppinn gjöreyðilagðist og rútan skemmdist mikið.

Ökumaður rútunnar var einn á ferð og hann sakaði ekki. Farþegi jeppans slapp einnig vel, en ökumaður jeppans var fluttur á gjörgæsludeild Landspítala - Háskólasjúkrahúss. Ferð ferjunnar Herjólfs til Vestmannaeyja seinkaði vegna slyssins og veginum til Þorlákshafnar var lokað tímabundið. **- sgj**

Haukur Freyr Ágústsson:

## Enn ófundinn

**LÖGREGLA** Hauks Freys Ágústsonar er enn saknað en ekkert hefur spurst til hans frá því á fimmtudaginn 1. júní. Að sögn lögreglunnar í Reykjavík hefur umfangsmikil leit að Hauki ekki verið hafin en lögreglan nýtur nú aðstoðar Símans við að reyna að rekja ferðir hans.



**HAUKUR FREYR ÁGÚSTSSON**

Haukur er um 180 sentimetrar á hæð, þrekinn og var klæddur í gallabuxur og svargráa peysu síðast þegar til hans sást. Þeim sem geta veitt upplýsingar um ferðir Hauks er bent á að hafa samband við lögreglu í síma 444-1000. **- sh**



**FJÖLMENN SENDINEFND** Fjölmenni var í för með rússneska forsætisráðherranum á Bessastöðum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hittust á Bessastöðum:

## Loftferðasamning bar á góma

**ÍSLAND-RÚSSLAND** Mikhaíl Y. Fradkov, forsætisráðherra Rússlands, átti fund með Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, á Bessastöðum í gær. Ræddu þeir meðal annars þörf á loftferðasamningi milli landanna, en vegna þess að enginn slíkur er í gildi geta íslensk flugfélög ekki stundað áætlanaflug til rússneskra borga.

Lýstu leiðtogarnir báðir mikilli ánægju með viðræðurnar.

# Fjölskyldur skora á sjómannaforystuna

**Fjölskyldur þeirra sem létust með skemmtibátnum Hörpu krefjast brottvikningar Jónasar Garðarssonar sem formanns Sjómannafélags Reykjavíkur og gjaldkera Sjómannasambandsins. Samtök sjómanna í Vestmannaeyjum taka undir þá kröfu.**

**DÓMSMÁL** Fjölskyldur Matthildar Victoriu Harðardóttur og Friðriks Ásgeirs Hermannssonar, sem létust þegar skemmtibáturinn Harpa fórst úti fyrir Reykjavík í september, sendu í gær Sævari Gunnarssyni, formanni Sjómannasambands Íslands, og Hólmgeiri Jónssyni, framkvæmdastjóra Sjómannasambandsins, áskorun um að víkja Jónasi Garðarssyni úr stöðu formanns Sjómannafélags Reykjavíkur og gjaldkera Sjómannasambands Íslands. Jónas var nýlega dæmdur fyrir manndráp af gáleysi í tengslum við slysið. Einnig er hvatt til þess að Jónasi verði vikið úr þeim nefndum sem hann situr í á vegum Sjómannasambandsins og Sjómannafélagsins.

Í bréfi fjölskyldunnar segir meðal annars: „Háttsemi sú sem Jónas Garðarsson sýndi er forkastanleg og felur í sér einkar ófyrirleitin brot á almennum skipstjórnarskyldum, eins og segir í dómnum, sem leiddu í senn til dauða Friðriks Ásgeirs Hermannssonar og Matthildar Victoriu Harðardóttur. Skv. niðurstöðu þriggja háttvirtra dómara hjá Héraðsdómi Reykjavíkur ber Jónasi að sæta fangelsisvist í þrjú ár auk þess að greiða bætur, sakarkostnað og málsvarnarlaun.“



**SYSTUR MATTHILDAR** Þær systur Guðný, Erla Ruth og Auður Harðardætur eru bréfritarar fyrir hönd fjölskyldu Matthildar sem lést í slysinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bréfritarar vona að viðtakendur bréfsins sjái „að hagsmunir sjómanna og sjómannafélaga séu ekki vel varðir með dæmdan sakamann í fararbroddi hjá Sjómannafélagi Reykjavíkur.“ Einn bréfritara, Guðný Harðardóttir, segir að tilgangur bréfsins sé að vekja athygli á alvarleika þessa máls. „Ég get ekki séð af hverju dæmdur maðurinn situr áfram sem málsvari Sjómannafélags Reykjavíkur. Hvað hefði gerst ef hann hefði verið fundinn sekur um fjárdrátt, hefðu þeir þá ekki vikið honum úr félaginu?“

Undir sjónarmið fjölskyldnanna tekur skipstjóra- og stýrimannafélagið verðandi í Vestmannaeyjum sem sendi frá sér ályktun í gærkvöldi. Þar er skorað á Jónas Garðarsson að víkja sæti því annað sé óvirðandi fyrir sjómenn og óvirðing við þá sem létust og aðstandendur þeirra.

Hólmgeir Jónsson, framkvæmdastjóri Sjómannasambandsins, segir að bréfið hafi verið móttekið og stjórn félagsins verði kynnt efni þess. **svavar@frettabladid.is**


Bjartir dagar

Lista- og menningarhátíð Hafnarfjarðar

1.-10. júní 2006

Í DAG

9. júní

Hansahátíð og HM

**Kl. 16:00** **Sýnt frá opnunarleik HM í Kaplakrika.** Þýskaland á móti Costa Rica. Þýskubílinn mætir á svæðið.Húsið verður opnað kl. 15:30

**Kl. 20:00** **Brokkoli, kammerkór frá Kaupmannahöfn í Hásölum** Kammerkór frá Vesterbro í Kaupmannahöfn heldur tónleika í Hásölum. Stjórnandi er Lotte Smith-Petersen og er efnisskráin helguð skandinavískum lögum með vor í lofti. *Aðgangseyrir kr. 1000 / 500 fyrir börn og aldraða*

**Kl. 20:00** **Forsýning Panic production á NO, HE WAS WHITE** og Rauðar liljur í Hafnarfjarðarleikhúsinu *Miðasala í síma 555 2222 og á midi.is*

**Kl. 20:00** **Jazztónleikar í Gamla bókasafninu.** Voðadrengirnir og Básúnutríóið Deigið. Húsið verður opnað kl. 19:30

Á morgun:

**Maraþon kvikmyndahátíð** í Gamla bókasafninu í tilefni HM Kl. 11:00-18:00
**Hádegistónleikar** í Hafnarborg kl. 12:00
**Hansamót í knattspyrnu** á Ásvöllum kl. 12:00-14:00
**Dagur lúðrasveitanna** og skrúðganga kl.14:00
**Tónleikar** á Thorsplani kl.15:00
**Verslanir í Firði opnar** til kl.17:00
**Skógarganga Skógræktarfélagsins** kl. 20:00
**Dansleikhús** í Hafnarfjarðarleikhúsinu kl. 20:00

Aðgangur ókeypis á viðburði nema annað sé tekið fram

ALLA BJARTA DAGA - Rativ - Tungur í leikhúsi - Míkróveröld og morgunstemningar
Ljóð í lauginni - Leikskólalist - Sumarlestur - Brynja og börnin

Allar nánari upplýsingar í Þjónustuveri Hafnarfjarðar, Strandgötu 6
Sími 585 5500 - www.hafnarfjordur.is

vilborga@centrum.is


Sakaður um kynferðisbrot gegn unglingsstúlku:

# Sýknaður af dómi

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur í Héraðsdómi Reykjavíkur verið sýknaður af ákæru um kynferðisbrot í janúar 2005. Manninum var gefið að sök að hafa klipið í brjóst ólögráða unglingsstúlku, káfað á lærum hennar og kynfærum utan klæða og innan og sett hönd hennar á getnaðarlim sinn.

Stúlkan hafði strokið ásamt tveimur öðrum stúlkum af meðferðarheimilinu Laugalandi til Akureyrar. Þar fengu þær far með manninum, sem ætlaði að keyra þær til Reykjavíkur gegn 25 þúsund króna greiðslu. Stúlkan sat í framsæti bílsins og sagði brotin hafa átt sér stað á meðan hún sat þar.



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Framburður stúlkunnar var talinn stangast á við framburð vitna sem sögðust ekki hafa orðið vör við káf.

Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að nokkuð væri um ósamræmi milli vitnisburða stúlkunnar og hinna tveggja sem sátu aftur í bílnum. Stúlkan sagðist hafa orðið „geðveikt hrædd“ við manninn, en samferðakonur hennar segja hana hafa verið glaðbeitta alla leiðina og hún hafi meðal annars tilkynnt þeim með bros á vör þegar hún vaknaði eftir svefn á leiðinni að buxnaklauf hennar væri fráhneppt. Þá segjast stúlkurnar tvær ekki hafa orðið varar við að maðurinn hafi klipið í brjóst hennar eða káfað á henni.

Maðurinn er því sýknaður þar sem sekt hans telst ekki sönnuð. Þó kemur fram að framburður stúlkunnar hafi ekki verið talinn ótrúverðugur. **- sh**



**JÓN ÓLAFSSON** Tapaði máli í Hæstarétti.

Skattamál Jóns Ólafssonar:

## Rannsókn ekki felld niður

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hafnaði í gær kröfu Jóns Ólafssonar um að embætti ríkislögreglustjóra verði gert skylt að fella niður rannsókn vegna meintra brota hans á skattalögum. Því var einnig hafnað að til vara yrði ríkislögreglustjóra skylt að víkja sæti við rannsóknina.

Jón byggði kröfu sína meðal annars á því að mannréttindi hefðu verið brotin á sér vegna þess hversu langan tíma rannsóknin hefði tekið. Hann taldi einnig að hann hefði ekki notið réttlátrar málsmeðferðar í skilningi mannréttindasáttmála Evrópu. **- shá**

Líf & List
SMÁRALIND
sími 544 2140

Líf & List í Smáralind bætir við sig stórri Kop&Kande deild með frábæru úrvali af heimilis- og gjafavörum.

Við fögnum því með

# SPENNANDI TILBOÐUM

evatrio

**Panna** 28cm

**6.490,-**



evatrio

**Sósukanna með ausu**

Ryðfrítt stál – kertahitari

**4.990,-**



OBH NORDICA

**Speedo ketill**

1 líter

**2.990,-**

Sparið 1000,-



ROSENDAHL



**Vatnskarafla**

Design: Erik Bagger.

**1.790,-**

HOLMEGAARD



**Det Danske Ölglas**

Design. Torben Jørgensen.

**1.590,-**

HOLMEGAARD

**Heart kertastjakar**

Design Anja Kjær
12 cm á hæð
2 stk í öskju

**1.860,-**



ROSENDAHL

**Global hnífar**

Matreiðsluhnífur
G-2 - 21 cm.
**7.690,-**

Matreiðsluhnífur
GS-3 - 13 cm.
**6.240,-**

Brauðhnífur
G-9 - 22 cm.
**7.690,-**

Grænmetishnífur
GS-17 - 6 cm.
**3.120,-**



HOLMEGAARD

**Cocoon vasi**

Design: Peter Svarrer.

18 cm

**2.690,-**



Kop&Kande

Kop&Kande eru verslanir sem selja vandaða heimilisvöru og mikið úrval af gjafavörum, bæði sígildum og nútímalegum, eftir þekkta danska hönnuði. Kop&Kande eru með 87 verslanir í Danmörku, Færeyjum, Grænlandi og nú á Íslandi.



## VEISTU SVARIÐ

1 *Hvaða Íslendingur er markahæsti leikmaður norsku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu?*

2 *Hvaða frægi píanóleikari lést í vikunni?*

3 *Hvaða ráð heldur leiðtogafund á Íslandi í þessari viku?*

SVÖR Á BLS. 62

Hæstiréttur staðfestir úrskurð Héraðsdóms Reykjaness:

# Dæmdur í nálgunarbann í þrjá mánuði

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest nálgunarbann Héraðsdóms Reykjaness yfir ofbeldismanni sem felur í sér að hann má ekki koma í námunda við heimili manns sem hann hefur ofsótt, elta hann né hringja í hann.

Atburðarásin hófst á því að ofbeldismaðurinn ók bifreið sinni á bjarg með þeim afleiðingum að tvær kyrrstæðar bifreiðar skemmdust mikið. Ofbeldismaðurinn hljópst á brott en hringdi síðan í mann og hafði í hótunum við hann tæki hann ekki á sig sökina af ákeyrslunni, sem hinn síðarnefndi gerði. Við skýrslutöku kom þó hið rétta í ljós.

Eftir þetta hóf ofbeldisamaðurinn ítrekaða leit að fórnarlambinu með hótunum símleiðis um líkamsmeiðingar. Hann tók meðal annars, ásamt tveimur öðrum, hús á vini mannsins, þar sem fórnarlambið leyndist. Mennirnir tóku vininn, þar sem hann vildi ekki veita þeim neinar upplýsingar, settu hann í farangursgeymslu bifreiðar sem þeir voru á, og gengu síðan í skrokk á honum þannig að hann hlaut lífshættulega áverka. Að því búnu skildu þeir hann eftir við Guðmundarlund í Kópavogi.

Úrskurðað nálgunarbann á ofbeldismanninn gildir í þrjá mánuði. - jss



**HÆSTIRÉTTUR** Úrskurður hans um nálgunarbannið var staðfest í Hæstarétti.

Vinnumarkaður í Finnlandi:

# Skrá yfir starfsmenn frá ESB

**FINNLAND** Finnar ætla að halda skrá yfir erlenda starfsmenn sem koma frá öðrum löndum Evrópusambandsins þannig að verkalýðshreyfingin geti fylgst með því hversu margir erlendir starfsmenn vinna í landinu og á hvaða kjörum. Þetta kemur fram á vefútgáfu Helsingin Sanomat.

Finnskir vinnuveitendur verða að skrá ráðningu starfsmanna frá öðrum löndum ESB frá og með þessari viku. Þetta gildir einnig um þá sem ráðnir eru á vegum starfsmannaleiga eða starfa sem undirverktakar. Eina skilyrðið er að þeir vinni lengur en í tvær vikur í landinu. - ghs



**EL AL FLUGVÉL** Sjö menn, sem sagðir eru hafa ætlað að sprengja ísraelska flugvél, hafa verið handteknir. NORDICPHOTOS/AFP

Svissneska leyniþjónustan:

# Hryðjuverkum afstýrt í Sviss

**SVISS, AP** Svissneska leyniþjónustan hefur komið upp um áætlun hryðjuverkamanna um að sprengja El Al-flugvél frá Ísrael í loft upp í Sviss, að sögn talsmanns ríkissaksóknara Sviss í gær.

Sjö menn af nolrður-afrískum uppruna hafa verið handteknir í tengslum við málið, en yfirvöld vörðust frekari frétta af málinu.

Að sögn talsmanns ríkissaksóknara aðstoðuðu lögregla og yfirvöld í öðrum evrópskum löndum við rannsóknina.

Fjölmiðlar í Ísrael sögðu nýverið frá hópi hryðjuverkamanna sem ætlaði að sprengja El Al-flugvél í Sviss í desember síðastliðnum. - smk

Ályktun undirbúningsnefndar:

# Harma auglýsingaherferð

**ÁLYKTUN** Undirbúningsfundur um stofnun nýs félags, 2 foreldrar, hefur sent frá sér ályktun um nýja auglýsingaherferð Tryggingamiðstöðvarinnar. Í ályktuninni kemur fram að undirbúningsnefndin harmi herferðina en í henni lýsa konur slæmu sambandi sínu við fyrrverandi maka.

Ályktunin segir þetta bera vitni um karlfjandsamleg viðhorf og hvetur karlmenn til þess að taka viðskipti sín við Tryggingamiðstöðina til endurskoðunar. - gbg

# Framsæknasta samstarfssvæði Evrópu

**Leiðtogafundi Eystrasaltsráðsins lauk í Reykjavík í gær en hann markaði hápunkt formennskuárs Íslands í ráðinu. Leiðtogarnir voru sammála um að aðildarríkin ellefu væru eitt framsæknasta samstarfs- og efnahagssvæði heims.**

**UTANRÍKISMÁL** Aðildarríki Eystrasaltsráðsins mynda efnahagslega framsæknasta svæði Evrópu og ættu að setja sér það markmið að verða framsæknasta samstarfssvæði heims. Þetta sagði Göran Persson, forsætisráðherra Svíþjóðar, á blaðamannafundi við lok leiðtogafundar Eystrasaltsráðsins á Hótel Nordica í gær. Hann talaði þar sem fulltrúi næsta formennskuríkis, sem tekur við því hlutverki af Íslandi um næstu mánaðamót.

Fundurinn, sem forsætisráðherrar níu ríkja og utanríkisráðherrar tveggja sátu, markar lokin á formennskuári Íslands í ráðinu.

Eystrasaltsráðið var stofnað árið 1992, í kjölfar hruns kommúnismans í Austur-Evrópu, sem samstarfsvettvangur ríkjanna beggja vegna Eystrasaltsins, sem á dögum kalda stríðsins voru sín hvoru megin járntjaldsins. Stofnríkin voru tíu: Danmörk, Noregur, Svíþjóð, Finnland, Eistland, Lettland, Litháen, Rússland, Pólland og Þýskaland. Ísland bættist í hópinn árið 1995, þá með þeim rökum að ráðið væri samstarfsvettvangur sem varðaði hagsmuni Íslands sem Norður-Evrópuríkis.

Meginhlutverk ráðsins er að stuðla að pólitískum og efnahagslegum stöðugleika í norðausturhluta Evrópu, meðal annars með aðstoð við þróun og uppbyggingu lýðræðis, verndun mannréttinda og bætta viðskiptaumhverfi til eflingar frjálsum viðskiptum. Leiðtogafundir ráðsins eru haldnir á tveggja ára fresti og fer sá næsti fram í Lettlandi árið 2008.



**HALLDÓR Í FORMANNSSTÓL** Göran Persson, forsætisráðherra Svíþjóðar (annar f.v.), ávarpar fjölmiðla við lok leiðtogafundarins á Hótel Nordica í gær. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra situr í formannsstól, en Svíar taka nú við formennskunni í Eystrasaltsráðinu af Íslendingum. Forsætisráðherra Póllands situr Persson á hægri hönd. Einnig sjást ráðherrar Rússlands, Danmerkur, Finnlands og Þýskalands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í formennskutíð Íslands hefur áhersla verið lögð á samvinnu á sviði orku- og umhverfismála, sem og nánari samvinnu við önnur svæðisbundin samtök. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sagði í ávarpi sínu við lok fundarins í gær að leiðtogarnir hefðu verið sammála um að samstarf af því tagi sem fram færi innan ráðsins væri gagnlegt og full ástæða væri til að halda því áfram. Í ljósi þess að aðildarríkin starfa einnig saman innan ýmissa annarra stofnana - átta af ellefu aðildarríkjum eru í Evrópusambandinu - hafa komið upp raddir sem halda því fram að Eystrasaltsráðið hafi þjónað sínu hlutverki. Aðrir segja að stofnun sem þessi, sem sameinar öll Norðurlönd, Eystrasaltslöndin, Rússland, Pólland og Þýskaland undir einum hatti á jafnræðisgrundvelli um sameiginleg stefnumið, sé mikilvægur liður í því kerfi samráðs og stöðugleika sem byggt hefur verið upp í Evrópu eftir fall járntjaldsins og enginn skortur sé á verðugum verkefnum. Af lokaályktun fundarins að dæma - hún er í 26 liðum og nær yfir mjög vítt málefnasvið - virðast verkefnin ærin.

audunn@frettabladid.is



**SUHARTO** Hélt veglega veislu í tilefni af 85 ára afmæli sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Suharto í fullu fjöri:

# Hélt upp á afmælið sitt

**INDÓNESÍA, AP** Suharto, fyrrverandi forseti Indónesíu, minntist 85 ára afmælis síns í gær en hann bar við hrumleika og bágu heilsufari í síðasta mánuði þegar til stóð að ákæra hann fyrir spillingu og fjárdrátt í embætti. Fallið var frá ákærunni og vakti það mikla óánægju víðsvegar um landið.

Afmælisveislan var haldin fyrir 400 gesti á glæsilegu heimili Suhartos og nýtti hann tækifærið til að gefa fórnarlömbum jarðskjálftans á Jövu og fátæku fólki í Djakarta um 85.000 litla pakka í afmælisgjöf. Gjafirnar voru metnar á 543.000 bandaríska dollara, eða rúmar fjórutíu milljónir króna, en afmælisbarnið er grunað um að hafa komið undan allt að 44,5 milljörðum króna í 32 ára stjórnartíð sinni. - kóþ

## NOREGUR

**Sendiráð rýmt vegna pakka**
Bandaríska sendiráðið í Ósló var rýmt í gærmorgun eftir að grunsamlegur pakki barst í sendiráðið. Um 100 manns voru í sendiráðinu og voru allir fluttir burt meðan pakkinn var rannsakaður. Þetta er í samræmi við öryggisreglur sendiráðsins. Pakkinn reyndist meinlaus.

300.000 kr. afsláttur af öllum hjólhýsum

Opnunartilboð

Við höfum opnað nýja og glæsilega stórverslun Ellingsen að Fiskislóð 1.
Af því tilefni bjóðum við 300.000 kr. afslátt af öllum hjólhýsum.



Ellingsen
– fullt hús ævintýra

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is • Póstsendum um allt land
Opið mánud. til föstud. kl. 8–18, laugard. kl. 10–16, sunnud. kl. 12–16.

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 31880 04/2006

## Sumarsýning Toyota




Öll fjölskyldan kíkir til okkar á Nýbýlaveginn um helgina og upplifir frábæra Toyota-sumarstemningu.

- Glæsilegt úrval nýrra bíla á góðu verði
- Reynsluakstur - reynsluökumenn leystir út með gjöfum frá Nóatúni
- Girnileg grillveisla - kokkar á staðnum töfra fram kræsingar
- Merkilegt tilboð á 30 Aygo með ókeypis tryggingum hjá Elísabetu í 1 ár

**Opið:**
**Laugardag 12:00 - 16:00**
**Sunnudag 13:00 - 16:00**

TODAY TOMORROW **TOYOTA**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | 700 Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 421-4888 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |



**HRAUNFLÓÐ ÚR GÍG MERAPI** Hraun rennur úr gíg eldfjallsins Merapi á Jövu í Indónesíu í gærmorgun. Eldvirkni hefur aukist í fjallinu að undanförnu og hafa þúsundir íbúa í nágrenni þess lagt á flótta af ótta við stærra eldgos. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Átti ekki möguleika á reynslulausn þar sem önnur mál hans voru í rannsókn:

# Falsanasali fer fram á bætur

**DÓMSMÁL** Aðalmeðferð í skaðabótamáli Péturs Þórs Gunnarssonar gegn íslenska ríkinu fer fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag. Pétur var dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir aðild að stóra málverkafölsunarmálinu árið 1999.

Pétur fer fram á 3,8 milljónir í bætur vegna þess að hann átti ekki kost á að sækja um reynslulausn eins og lög kveða á um þar sem önnur mál honum tengd voru í refsivörslu í kerfinu, eins og það heitir í lagaheiminum. Reglugerðarheimild segir til um að ef önnur mál fanga séu í rannsókn á meðan á afplánun standi eigi fanginn ekki möguleika á reynslulausn. Nokkur málverk, um hundrað talsins að sögn Ragnars Aðalsteinssonar, lögmanns Péturs, voru geymd og rannsökuð frekar eftir að Pétur var dæmdur til fangavistar árið 1999. Hann var síðan sýknaður af ákæru um falsanir þeirra verka.



**PÉTUR ÞÓR** Krefst bóta þar sem ósk hans um reynslulausn hafi ekki fengið meðferð í samræmi við lög.

Ragnar segir þessa reglugerðarheimild ganga í berhögg við tvær greinar stjórnarskrárinnar. Annars vegar þá sem segir að allir séu saklausir þar til sekt þeirra er sönnuð og hins vegar jafnræðisregluna sem segir að allir menn séu jafnir fyrir lögum. Ragnar segir þeirri reglu ekki fylgt ef litið sé til meintra brota sem menn hafi ekki verið sakfelldir fyrir þegar ákvarðað sé um möguleika á reynslulausn. - sh

Járnbiti féll á mann:

# Slapp vel úr vinnuslysi

**SLYS** Maður slasaðist minna en á horfðist þegar járnbiti féll á hann við gatnamót Suðurlands- og Vesturlandsvegar í gærmorgun. Maðurinn var að störfum við gerð mislægra gatnamóta þegar járnbitinn sem verið var að hífa upp datt úr kranaklónni og á hann.

Það tók björgunarmenn frá lögreglu og slökkviliði um hálfa klukkustund að losa manninn og var hann fluttur á Fossvogsspítala og gekkst undir rannsókn. Hann hlaut engin alvarleg meiðsl og slapp að sögn vitna ótrúlega vel.

Að sögn lögreglu er verið að rannsaka málið. - sh



**HÚSDÝRAGARÐURINN** Kópurinn ásamt móður sinni Kobbu.

Húsdýragarðurinn:

# Nýr kópur fæddur

**HÚSDÝR** Urtan Kobba kæpti aðfaranótt fimmtudags í Húsdýragarðinum og heilsast þeim báðum vel. Annar nýr kópur er í garðinum þar sem urtan Særún kæpti fyrr í vikunni. Faðir litlu kópanna er selurinn Snorri en hann er átján ára og hefur verið í garðinum lengi.

Kóparnir eru um fimmtán kíló og nærast á mjólk frá mæðrum sínum fyrstu vikurnar en eftir það þurfa þeir að sjá um sig sjálfir. Ekki er hægt að greina kyn þeirra strax og þess vegna verður þeim ekki gefið nafn fyrr en líða tekur á sumarið. - gbg

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Hraðakstur** Sextán manns voru teknir fyrir hraðakstur af lögreglunni í Borgarnesi á miðvikudag. Sá sem hraðast ók var á 126 kílómetra hraða á klukkustund.

# Ríkisstjórnin vill stuðla að kjarasátt við launþega

**Viðræður eiga sér stað milli ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins um það hvernig ríkisstjórnin geti stuðlað að sátt í kjaramálum. Stefnt er að því að nýtt samkomulag taki gildi um næstu mánaðamót.**

**EFNAHAGSMÁL** „Við höfum verið í sambandi við aðila vinnumarkaðarins, bæði við Samtök atvinnulífsins og verkalýðshreyfinguna. Ég hef átt með þeim fundi og við erum í sambandi við þá þessa dagana. Við höfum lýst okkur reiðubúna í ríkisstjórninni til þess að koma að málinu og munum vinna að því næstu daga,“ segir Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra.

Spurður um hugsanlegar skattbreytingar, til dæmis frestun á fyrirhuguðum skattalækkunum um áramótin, kveðst hann ekki geta sagt neitt frekar um það á þessu stigi.

Forystumenn verkalýðshreyfingarinnar eru jákvæðir í garð tilboðs Samtaka atvinnulífsins um tólf þúsund króna launahækkun á mánuði og tvö prósent að auki til þeirra sem ekki hafa fengið neitt launaskrið síðustu tólf mánuði fyrir utan 2,5 prósentin sem allir fengu um áramótin.

Þannig segir Finnbjörn A. Hermannsson, formaður Samiðnar, að í framkvæmdastjórn og miðstjórn séu menn sammála um að vera jákvæðir og reyna að leita leiða til samkomulags.



**KRÖFUGANGA 1. MAÍ** „Ef það hefur jákvæð áhrif að gera þetta núna þá erum við tilbúin til þess,“ segir Finnbjörn A. Hermannsson, formaður Samiðnar, og segir að boltinn sé hjá ríkisstjórninni. „Það er okkar gulrót.“

„Við sjáum ekki muninn á því hvort endurskoðun fer fram núna eða í nóvember. Ef það hefur jákvæð áhrif að gera þetta núna þá erum við tilbúin til þess,“ segir hann og bætir við að boltinn sé hjá ríkisstjórninni. „Það er okkar gulrót.“

Aðalsteinn Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur, segist „skotinn í“ hugmynd SA um að hækka lægstu launin en vill hækka krónutöluna í til dæmis fimmtán þúsund.

„Þarna eru menn að tala um krónutölu sem ég er sáttur við en ég vil gjarnan sjá hana hærri svo að hægt sé að ganga frá samkomulagi. Þarna erum við fyrst og fremst að hugsa um láglaunafólkið og ég ætla að biðja aðra að virða það.“



**FINNBJÖRN A. HERMANNSSON**



**AÐALSTEINN BALDURSSON**

Áhyggjur eru innan verkalýðshreyfingarinnar yfir ástandinu á stjórnarheimilinu. Bent er á að ríkisstjórnin sé hálflömuð vegna átaka innan Framsóknarflokksins. Á meðan ríki óstjórn í efnahagsmálum.

Stefnt er að því að endurskoðað samkomulag taki gildi 1. júlí en vangaveltur eru innan verkalýðshreyfingarinnar um það við hvern eigi að semja, Halldór Ásgrímsson eða Geir H. Haarde, og hvort leggja eigi áherslu á að ljúka samkomulagi áður en Halldór hverfur úr ráðuneytinu. ghs@frettabladid.is


**Getur verið að þú sért með ofnæmi?**




**Það er engin ástæða til að láta sér líða illa á besta tíma ársins. Komdu og fáðu ráðgjöf hjá okkur.**

Lyf & heilsa
Við hlustum!

Lóritín 10 mg töflur. Hver tafla inniheldur 10 mg Loratadin. Notkunarsvið: Lóritín inniheldur virka efnið lóratadín sem hefur kröftuga og langvarandi verkun við algengustu tegundum ofnæmis. Lyfið er ætlað við frjókorna- og dýraofnæmi, sem og ofnæmi af völdum rykmaura. Varúðarreglur: Gæta þarf sérstakrar varúðar hjá börnum með alvarlega nýrna- og lifrarsjúkdóma. Sjúklingar með skerta lifrarstarfsemi þurfa minni skammta. Aukaverkanir: Lóritín þolist yfirleitt vel en algengustu aukaverkanirnar eru munnþurrkur og höfuðverkur. Svimi getur einnig komið fyrir. Skömmtun: Ein tafla af Lórítíni er tekin daglega. Börnum 2–14 ára sem eru undir 30 kg að þyngd nægir hálf tafla á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2ja ára. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 13.07.04

Histasín 10 mg töflur. Hver tafla inniheldur 10 mg Cetirizín. Notkunarsvið: Histasín er ofnæmislyf. Histasín virkar gegn öllum algengustu tegundum ofnæmis, svo sem frjóofnæmi og rykofnæmi. Histasín er líka notað við ofnæmisbólgum í nefi og ofnæmiseinkennum eins og útbrotum og kláða. Varúðarreglur: Lyfið getur dregið úr viðbragðsflýti og skal það haft í huga við akstur og nákvæmnisvinnu. Aukaverkanir: Einstaka sinnum veldur lyfið munnþurrki og syfju. Skömmtun: 1 tafla á dag fyrir fullorðna og börn frá 12 ára aldri. Börnum 6–12 ára sem eru undir 30 kg að þyngd nægir hálf tafla á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 6 ára. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 13.07.04


Breytt landamæragæsla Bandaríkjamanna:

# Þjóðvarðlið til starfa

**MEXÍKÓ** Bandaríkjamenn hafa sent fyrsta liðsafla þjóðvarðliða að landamærum sínum við Mexíkó, að því er kemur fram á heimasíðu BBC. Alls eiga um sex þúsund þjóðvarðliðar að aðstoða landamæraverði við að hindra ólöglega för Mexíkóa yfir landamærin. Fyrst um sinn munu þjóðvarðliðarnir einungis hjálpa til við að reisa risavaxinn vegg meðfram landamærunum.

Þessi aðgerð er þáttur í fyrirætluðum umbótum á innflytjendastefnu forseta Bandaríkjanna, George W. Bush, sem hafa vakið miklar deilur í Bandaríkjunum og ekki síst í röðum repúblikana, flokksmanna forsetans. Mexíkómenn telja einnig að sér vegið og tala um hervæðingu landamæra þessara vinveittu ríkja. - kóþ



**ÞJÓÐVARÐLIÐI UTAH-RÍKIS** Ný innflytjendastefna er umdeild báðum megin landamæranna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP





Sjóvá hefur
verið aðal styrktaraðili
Kvennahlaupsins í 14 ár
SJÓVÁ
Taktu þátt í Sjóvá Kvennahlaupi ÍSÍ 10. júní. Nánari upplýsingar á sjova.is




Steinunn Valdís Óskarsdóttir er ekki hrifin af breytingum á stjórnsýslunni:

# Segir stjórnsýsluna skilvirka

**BORGARMÁL** Steinunn Valdís Óskarsdóttir, fráfarandi borgarstjóri, segir stjórnsýslubreytingar hjá Reykjavíkurborg vera óþarfar. Í Fréttablaðinu í gær sagði Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, tilvonandi borgarstjóri, það koma til greina að gera breytingar á uppbyggingu stjórnsýslu borgarinnar. „Á undanförnum árum hefur verið byggð upp góð og fagleg stjórnsýsla. Það hefur verið horft til breytinga sem gerðar hafa verið hjá borginni, auk þess sem ríkisstofnanir hafa leitað fanga hér til þess að læra og fræðast af því hvernig málum hér er háttað,“ segir Steinunn Valdís.

Vilhjálmur sagði það einnig koma til greina að endurvekja starf borgarlögmanns, sem lagt var niður í tíð R-listans.

Steinunn Valdís segir fagleg vinnubrögð hafa verið allsráðandi innan stjórnsýslu borgarinnar. „Árið 1994 var engin kona í stjórnunarstöðu hjá borginni. Núna eru þær í meirihluta í hópi æðstu stjórnenda. Ef hugsanlegar breytingar á stjórnsýslu verða til þess að fórna bæði fagmennsku og kvenréttindum, þá finnst mér það vera afturför.“ **- mh**



**STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR** Segir stjórnsýslu Reykjavíkurborgar vera öðrum sveitarfélögum fyrirmynd. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Svíi dæmdur fyrir morð:

## Hlutaði kærustuna í sundur

**SVÍÞJÓÐ, AP** Þrjátíu og tveggja ára Svíi var í gær dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir að hafa myrt unnustu sína í mars síðastliðnum, hlutað lík hennar í sundur og sökkt í vatn.

Maðurinn var handtekinn eftir að vitni sáu hann sökkva nokkrum plastpokum í vök sem hann hafði gert í Yngern-vatn sunnan Stokkhólms. Við rannsókn kom í ljós að tveimur dögum fyrr hafði hann ráðist á unnustu sína með steikarpönnu og hníf eftir að hún hótaði að yfirgefa hann með tvö börn þeirra.

Konan var með ástralskan og finnskan ríkisborgararétt, en börnin eru nú í umsjá sænskra yfirvalda. **- smk**

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna alnæmisvandans:

# Senda styrk til Afríku

**HJÁLPARSTARF** Íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að styrkja alnæmisverkefni sem Rauði krossinn og Rauði hálfmáninn standa að í sunnanverðri Afríku.



**AFRÍKA** Sunnan Sahara er alnæmi ein mesta ógn sem steðjar að íbúunum.

Framlagið verður greitt á næstu þremur árum og samsvarar 320.000 Bandaríkjadölum. Alnæmi er mikil ógn við íbúa landa sunnan Sahara en um 25-30 prósent fullorðinna eru smituð. Tilkynningin um framlagið kom á ráðherrafundi Sameinuðu þjóðanna um alnæmi sem haldinn var í byrjun júní.

Um 25 milljónir manna hafa látist af völdum alnæmis frá því að sjúkdómurinn greindist fyrst fyrir tuttugu og fimm árum en Rauði kross Íslands hefur stutt alnæmisverkefni í Suður-Afríku frá árinu 2000.

Verkefni Rauða krossins hafa meðal annars verið forvarnir og fræðsla, aðstoð við munaðarlaus börn og heimahlynning með aðstoð sjálfboðaliða. **- gbg**



**GÆSLUVARÐHALD** Hollendingurinn Johan Handrick hefur játað aðild sína að fíkniefnasmyglinu. Hér sést hann koma fyrir héraðsdóm vegna framlengingar á gæsluvarðhaldi.




# 20 milljónir til dópkaupa

**Peningasendingar á bankareikning á hollensku Antillaeyjunum koma við sögu í smygli á 25,5 kílóum af amfetamíni og hassi í bensíntanki bifreiðar.**

**DÓMSMÁL** Hátt í tuttugu milljónir króna voru sendar héðan úr landi inn á tiltekinn bankareikning á hollensku Antillaeyjunum í tengslum við hið gríðarlega umfangsmikla fíkniefnamál sem nú er í lögreglurannsókn hér. Telur lögregla peningasendingarnar geta passað við kaup á rúmum fimmtán kílóum af amfetamíni og ríflega tíu kílóum af hassi, sem keypt voru í Belgíu og Hollandi og síðan reynt að smygla hingað til lands í bensíntanki bifreiðar.

Hæstiréttur staðfesti í gær gæsluvarðhaldsúrskurð yfir þremur hinna grunuðu fíkniefnasmyglara til föstudagsins 14. júlí. Héraðsdómur Reykjavíkur hafði hafnað kröfu lögreglu um framlengingu yfir fjórða manninum, en Hæstiréttur hnekkti þeim úrskurði og skal maðurinn einnig sitja inni til 14. júlí.

Rannsókn lögreglu hefur leitt í ljós að Ólafur Ágúst Ægisson kom, ásamt fleiri grunuðum í málinu, peningasendingunum til Antillaeyja. Það var hins vegar Herbjörn Sigmarsson sem bað Hörð Eyjólf Hilmarsson að flytja inn bifreið á nafni hins síðarnefnda, sem átti að vera „hlaðin kannabisefnum“. Fór Hörður Eyjólfur tvívegis til útlanda og hafði samskipti við vitorðsmenn þar, meðal annars Hollendinginn Johan Handrick. Undir lok síðari ferðarinnar sem Hörður Eyjólfur fór til Belgíu var honum sagt að eitthvað meira en hass yrði í bílnum. Herbjörn kvað hann fá greitt aukalega fyrir það og lét hann síðan fá reiðufé til að leysa bílinn úr tolli.

Hollendingurinn Johan hefur borið að hlutverk hans hafi meðal annars verið að aðstoða Hörð Eyjólf við flutning bifreiðarinnar til Íslands. Johan kvaðst hafa haft vitneskju um að fíkniefni væru falin í henni. Hefði hann tekið að sér, gegn greiðslu, að fara til Íslands og hafa umsjón með því þegar fíkniefnin yrðu tekin úr bílnum, svo og að vigta þau. Ekki varð þó úr vigtuninni því tollgæslan fann ofangreint magn amfetamíns og hass í bílnum hinn 3. apríl. Kom lögreglan fyrir hljóðupptökubúnaði og gerviefnum í bifreiðinni og símahleranir hófust hjá smyglurunum.

Að morgni þess dags sem handtökur fóru fram sótti Ársæll Snorrason Hollendinginn út á flugvöll, en þeir þekktust frá fyrri tíð. Um kvöldið þegar Ólafur Ágúst, Ársæll og Johan voru að bauka við að losa fíkniefnin úr bensíntankinum við iðnaðarhúsnæði á Krókhálsi voru þeir handteknir. Skömmu síðar var Hörður Eyjólfur tekinn og loks Herbjörn. Sá hollenski hefur gengist við aðild að málinu og Hörður Eyjólfur einnig en Ársæll hefur sagst vita lítið og Ólafur Ágúst hefur neitað öllu. Herbirni hefur verið sleppt.

Ólafur Ágúst á að baki þyngsta dóm fyrir fíkniefnamisferli sem kveðinn hefur verið upp hér. Ársæll var á sínum tíma dæmdur í fjögurra ára fangelsi í Hollandi fyrir samsvarandi sakir.

**jss@frettabladid.is**




+ Kauptu gjafabréf á www.icelandair.is

Gjafabréf Icelandair er góð hugmynd að útskriftargjöf til námsmannsins sem bíður þess með óþreyju eftir strangan próflestur að komast út undir bert loft og sjá sig um í heiminum. Gjafabréf gildir í tvö ár frá útgáfudegi sem peningagreiðsla upp í flugferðir til allra áfangastaða Icelandair. Engar takmarkanir eru á ferðatíma eða lengd dvalar umfram reglu fargjalds hverju sinni. Gjafabréfið má kaupa og prenta út á www.icelandair.is.

Safnaðu
Vildarpunktum

WWW.ICELANDAIR.IS


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Lambarifin
SPIKFEIT, KRASSANDI OG BRAGÐMIKIL LAMBARIF
35% afsláttur við kassann
SPIKFEIT OG KRASSANDI RIF
259 kg KR.
MERKT VERÐ 399 KR.
THULE LÉTTÖL
49 KR.
500ml
THULE LÉTTÖL
EKKERT BRUÐL
-og enn fleiri
400g pitsa
FORMAGGI/SPECIAL
259 KR.
400g
FRESCHETTA
PIZZA ROMA
ROYALE
Brjálaðar með boltanum!
GÓÐ HM KÆLING Í MIKLU MAGNI
Sjáðu verðið!
24 íspinnar
499 KR.
12 BÓNUS 12
GRENIR + VANILLU
24 PINNAR
24 Bónus íspinnar
Eitt kíló af hamborgurum
100% NAUTAKJÖT
BÓNUS
10 hamborgarar
899 KR.
1 kíló
-ótrúlega góðir!
4 XL brauð
98 KR.
XL alvöru brauð!
EINN LÍTRI
79 KR.
BÓNUS appelsínu safi
Verðlaunakrydd sem bragð er að!
EKKERT BRUÐL
ÁN SALTS ÁN MSG
PG LAMBAKÓTELETTUR
1539 kg KR.
MERKT VERÐ 2198 KR.
POTTAGALDRAR
30% afsláttur við kassann
Græjur við grillið!
4 PCS B.B.Q. SET
4 HLUTA RYÐFRÍTT
1499 KR.
GRILLSETT ÚR STÁLI
1.8 mm ryðfrítt stál
PG SVÍNAKÓTELETTUR
1189 kg KR.
MERKT VERÐ 1698 KR.
POTTAGALDRAR
LAMBALÆRI
PG LAMBALÆRI
1329 kg KR.
MERKT VERÐ 1898 KR.
PG LAMBALÆRISSNEIÐAR
1679 kg KR.
MERKT VERÐ 2398 KR.
Pottagaldrar
-enn betra verð!
Grillkjötið frá Pottagöldrum er með 30% afslætti í Bónus!
3 XL TRÖLLARÚLLUR
3 XL rúllur
298 KR.


Bónustilboð!
ÚRBEINAÐUR KONÍAKSLEGINN ÍSLANDSGRÍSS GRÍSAHNAKKI
40% afsláttur við kassann
40% afsláttur við kassann
VILLI LAMBASNEIÐAR
839 kg KR.
MERKT VERÐ 1399 KR.
Villikryddaðar lambasneiðar
ÚRBEINAÐUR SVÍNAHNAKKI
1019 kg KR.
MERKT VERÐ 1698 KR.
Til í allt!
Hunt's BBQ HONEY MUSTARD
HONEY MUSTARD
99 KR.
510g
Dönsku bringurnar
FROSNAR KJÚKLINGABRINGUR
1398 KR.
900g
LOKKANDI Í SALATIÐ
BÓNUS Furuhnetur
BÓNUS FURUHNETUR
149 KR.
100g
FURUHNETUR 100g
Fulleldaðir kjúklingavængir sem elska fótbolta
BARA AÐ HITA!
HM VÆNGIR
30% afsláttur við kassann
FULLELDAÐIR HM VÆNGIR
349 kg KR.
MERKT VERÐ 499 KR.
FRISE SALATBLANDA 150g
FRISE BLANDAN
259 KR.
150g
Himnesk hollusta
Fljótlegt og frábært með HM
Spareribs
FORELDUÐ SVÍNARIF
839 kg KR.
MERKT VERÐ 1198 KR.
Bónusfetinn
BÓNUSFETI
198 KR.
250g
BÓNUS FETA
30% afsláttur við kassann
Forelduð ALI grillrif
www.bonus.is
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



**HANAAT Í AUSTUR-TÍMOR** Lítið hnífsblað er bundið við löpp hanans til að auka spennuna í hanaati í smábænum Gleno á Austur-Tímor. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Landgræðsla Íslands við störf í Stóru Sandvík á Reykjanesi:

# Mikill skaði eftir torfæruhjól

**LANDGRÆÐSLA** Landgræðsla Íslands hóf uppgræðslu í Stóru Sandvík á Reykjanesi í gær. Landið sem um ræðir er sá hluti Sandvíkurinnar sem notaður var í tökum á kvikmynd Clints Eastwood, Flags of Our Fathers, í fyrrasumar. Melgresi verður sáð á nokkra hektara lands sem áður var uppgróin sandeyðimörk.

Andrés Arnalds, fagstjóri Landgræðslunnar, segir það hafa verið nauðsynlegt að ráðast í þessa framkvæmd nú til að styrkja gróður á svæðinu. „Þegar kvikmyndin var tekin upp þurfti að raska sandinum svolítið. Það rask var mjög lítið miðað við það sem mun sjást í myndinni. Maður trúir því eiginlega ekki eftir á hvað þar hefur verið gengið vel um landið.“ Andrés segir skemmdirnar líka af völdum torfæruhjóla sem þarna voru tíðir gestir síðastliðinn vetur. „Þetta svæði hafði verið lokað lengi fyrir torfæruakstri en með þessari bylgju torfæruhjóla sem flætt hefur yfir landið varð álag á þessu svæði meira en góðu hófi gegndi. Það gerir þetta uppgræðslustarf mun umfangsmeira en ella hefði verið.“

Andrés minnir á hversu tökur myndarinnar á sandinum voru umdeildar á sínum tíma vegna væntanlegra skemmda á umhverfinu. „Svo heyrist ekkert þótt torfæruhjólin séu að djöflast þarna út um allt.“ **- shá**



**FRÁ UPPTÖKUM** Þrátt fyrir að kvikmyndatökumennirnir hafi haft mikið umleikis var skaði af veru þeirra lítill.

Meirihluti í Dalvíkurbyggð:

# Svanfríður fær bæjarstjórastól

**KOSNINGAR** Framsóknarflokkurinn og J-listi óháðra á Dalvík hafa náð samkomulagi um myndun nýs meirihluta í Dalvíkurbyggðar. Svanfríður Jónasdóttir, oddviti J-lista, verður bæjarstjóri fyrstu tvö árin en síðan verður auglýst eftir bæjarstjóra í samræmi við stefnuskrá framsóknarmanna og ráðið í starfið samkvæmt tilnefningu þeirra.

Bjarnveig Ingvadóttir, oddviti framsóknarmanna, verður forseti bæjarstjórnar fyrri hluta tímabilsins en þá taka óháðir við embættinu. Formennska í bæjarráði skiptist milli framboðanna og verður Anna Sigríður Hjaltadóttir, J-lista, fyrsti formaður þess. **- sh**



**NÝJASTA VOPNIÐ** Nú eru ferfætlingarnir notaðir til manndrápa í Afganistan.

Tilræði í Afganistan:

# Asnasprengja aftengd

**AFGANISTAN, AP** Uppreisnarmenn leita sífellt nýrra leiða í baráttu sinni við hersetulið Bandaríkjamanna. Í gær komu hermenn í veg fyrir að maður næði að leiða asna sinn inn í bæinn Qalat í róstursömum syðri hluta Afganistan. Í Qalat er herstöð Bandaríkjamanna og reyndist asninn vera hlaðinn þrjátíu kílóum af sprengiefni sem var tengt fjarstýrðri hvellhettu.

Þetta er í fyrsta sinn, svo vitað sé, sem asni er nýttur í þessum tilgangi. **- kóþ**

## ÁRÁSIR OG MANNRÁN

*Úr meintri „afrekaskrá“ al-Zarqawis og fylgismanna hans:*

- **28. október 2002:** Bandarískur sendiherra er myrtur fyrir utan heimili sitt í Amman.
- **19. ágúst 2003:** Höfuðstöðvar Sameinuðu þjóðanna í Bagdad sprengdar, 23 farast.
- **29. ágúst 2003:** Bílasprengja í Najaf drepur 85 manns.
- **2. mars 2004:** Samstilltar sjálfsmorðsárásir á sjíamúslima valda dauða 181 manns.
- **11. maí 2004:** Nicholas Berg er rænt og hann hálshöggvinn á myndbandi.
- **18. maí 2004:** Bílasprengja banar Abdel-Zahraa Othman, formanns ríkisráðs Íraks.
- **22. júní 2004:** Suðurkóreski gíslinn Kim Sun-Il hálshöggvinn.
- **29. júní 2004:** Tveimur Búlgörum rænt og þeir síðar hálshöggnir.
- **2. ágúst 2004:** Myndband sýnir tyrkneskan gísl skotinn til bana.
- **13. september 2004:** Tyrkneskur vörubílstjóri afhöfðaður.
- **14. september 2004:** Bílasprengja drepur 47 manns við lögreglustöð í Bagdad.
- **16. september 2004:** Þremur Bretum er rænt og þeir allir hálshöggnir innan mánaðar.
- **30. október 2004:** Shosei Koda frá Japan rænt, afhöfðað lík hans finnst vafið í bandaríska fánann.
- **9. nóvember 2005:** Þrjár sjálfsmorðsárásir á jórdönsk hótel, 60 farast.





**EINN OG SAMI MAÐURINN?** Fáar myndir eru til af al-Zarqawi og ekki er víst hvort þær sýna sama manninn eða hver þeirra er í raun af þessum fræga glæpamanni.



**ABU MUSAB AL-ZARQAWI** Hryðjuverkamaðurinn dularfulli er nú allur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Dularfulli Jórdaninn

**Abu Musab al-Zarqawi lést í loftárás í Írak í gær. Bandarísk yfirvöld lýstu honum sem hættulegasta manni heims að Osama bin Laden undanskildum.**

**ÍRAK, AP** Ferill Abus Musab al-Zarqawi var um margt sveipaður dulúð. Hann fæddist árið 1966 í Zarqa í Jórdaníu, sem hann kenndi sig við, en honum var upphaflega gefið nafnið Ahmed Fadhil al-Khalayleh. Hann missti ungur báða foreldra sína, hætti í skóla og endaði í fangelsi.

Dvölin í fangelsinu jók trúfestu al-Zarqawis og þegar honum var sleppt árið 1989 fór hann til Afganistan til að berjast gegn hersetu Rússa. Við pakistönsku landamærin kynntist hann Salafist-bókstafstrúnni, sem ýtti undir hatur hans á sjíamúslimum og nútímayfirvöldum múslimaríkja. Samtök al-Zarqawis eru nú sögð halda úti þjálfunarbúðum fyrir hryðjuverkamenn og hvetja til hryðjuverka gegn Ísraelum, sjíamúslimum og bandarískum hermönnum.

Margt af þessu gæti þó verið hálfsannleikur eða uppspuni frá rótum. Sagt er að tilvist al-Zarqawis sé uppspuni einn sem Bandaríkjastjórn noti til að ná fylgi við aðgerðir sínar í Írak. Skemmst er þess að minnast þegar Colin Powell, þáverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, lýsti því yfir sex vikum fyrir innrásina í Írak að al-Zarqawi væri hlekkurinn sem tengdi Saddam Hussein við hryðjuverkasamtökin al-Kaída og heimsins hættulegasta mann, Osama bin Laden. Fyrir þann tíma hafði nafn al-Zarqawi verið flestum óþekkt, enda nær engar myndir til af manninum og lítið vitað um þá hugmyndafræði sem hann fylgdi.

Margar sögur ganga um al-Zarqawi, til dæmis er talið líklegt að bandaríski herinn hafi fangað hann árið 2004, en sleppt honum aftur þar sem ekki hafi verið borin kennsl á þennan nafntogaða hryðjuverkamann, en Bandaríkjastjórn hafði boðið 25 milljón dollara í laun fyrir handtöku hans. Einnig er talið að hann hafi særst alvarlega á flótta frá Afganistan árið 2002, og jafnvel hafi þurft að fjarlægja annan fótlegg hans.

Yfirvöld hafa einnig bendlað al-Zarqawi við ránið og aftökuna á Nicholas Berg, sem netverjar fengu að sjá myndband af árið 2004, en þar sést grímuklæddur maður skera Berg á háls. Sá maður er reyndar ekki einfættur og ekkert bendlar al-Zarqawi við þetta hrikalega ódæði annað en röddin, en hann hefur sent frá sér margar hljóðupptökur með hvatningu til vígamanna.

steindor@frettabladid.is

EKKI HVAÐ ÞÚ GETUR
HELDUR HVAÐ ÞÚ GERIR
spron
HÉR & NÚ / SÍA
www.spron.is • Sími 550 1200
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA
- Í ÖLLUM ÚTIBÚUM



Allt fyrir helgina í Nettó
allt í matinn á einum stað
þú sparar 499 kr/kg
1.499 kr/kg
Borg. Þurrkryddaðar lambaframpartssneiðar
199 kr/4stk.
Hamborgarar 4 stk
þú sparar 435 kr/kg
40% afsláttur við kassa
Blandað hakk
Merkt verð kr. 1088 kr.kg
25% afsláttur við kassa
Reykt Ýsa 899 kr/kg
ódýrt!
98 kr/stk.
Samlokubrauð
299 kr/pk
Samba Kossar 12 stk. í pakka
aðeins þessa helgi
29 kr/stk.
Natumi Soyjamjólk, sykurlaus og með kalki
HM-Tilboð á Lays!
99 kr/pk
Lays snakk
33% afsláttur við kassa
Verð 199 kr/kg
Iceberg
íslenskar agúrkur
40% afsláttur við kassa
Verð 59 kr/stk
Agúrkur íslenskar
Hönnun: HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 9. júní til 11. júní eða meðan birgðir endast.
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
netto




SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN

| Verslun | | |
|---|---|---|
| SKEIFAN | virkir dagar 11-19 | laugardagar 11-19, sunnudagar 12-18 |
| BÍLDSHÖFÐI | virkir dagar 11-19 | laugardagar 11-19, sunnudagar 12-19 |
| HRINGBRAUT | virkir dagar 11-19 | laugardagar 11-19, sunnudagar lokað |
| BREIÐHOLT | virkir dagar 11-21 | laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21 |
| NORÐURBRÚN | virkir dagar 11-21 | laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21 |
| HVALEYRARBRAUT | virkir dagar 11-21 | laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21 |
| MOSFELLSBÆR | Allir dagar 12-23 | |
| SELFOSS | virkir dagar 11-19, föstudagar 11-20 | laugardagar 11-19, sunnudagar lokað |
| VESTMANNAEYJAR | virkir dagar 11-19 | laugardagar 11-19, sunnudagar lokað |
| ÞORLÁKSHÖFN | virkir dagar 11-19 | laugardagar 11-19, sunnudagar lokað |


KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
998 kr. kg
1874
Gourmet rauðvínslegið lambalæri
GOÐI
GOURMET Lamb
Rauðvínslegið Lambalæri
47% afsláttur
50% afsláttur
BBQ RIFSARIF
1146 kr. kg
1637
Goða BBQ svínarif
299 kr. kg
489
Fyrirtaks pizzur 4 tegundir
Pizza
Tilbúnar í ferðalagið!
6998 kr.
Ferðatöskusett 3 stk
AB mjólkurdrykkur 3 teg
79 kr/stk
ab drykkur
TWIN PACK
Cheerios
Cheerios tvöfaldur
579 kr/pk
Góu lakkrísdúndur bitar
219 kr/pk
Lakkrís dúndur bitar
Charmin salernispappír 24 stk
1298 kr/pk
24 ROLLS
Neu
Persil
Persil þvottaefni 5 kg
1298 kr/pk
Pril
Pril uppþvottalögur 750 ml
99 kr/stk
Alltaf frábær tilboð alla daga



**ROONEY TIL Í SLAGINN** Enski landsliðsmaðurinn Wayne Rooney sýnir húðflúr með nafni kærustunnar, Coleen, á æfingu fyrir HM á Mittelbergstadion í Bühlertal í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Verkalýðsfélag póstburðarfólks og blaðbera í Danmörku:

# Vill ræða við Nyhedsavisen

**DANMÖRK** Verkalýðsfélag póstburðarfólks og blaðbera í Danmörku hefur óskað eftir viðræðum við nýstofnað dreifingarfyrirtæki útgefenda Nyhedsavisen og dönsku póstþjónustunnar.

Haft er eftir talsmanni verkalýðsfélagsins í frétt á fréttasíðu Jótlandspóstsins að hann telji að eldri samningar um kjör skjólstæðinga sinna nái ekki yfir þau störf sem væntanlegt blaðburðarfólk fyrirtækisins eigi að sinna. Í fréttinni kemur einnig fram að illa gangi að fá fólk til að sinna störfum blað- og bréfbera í Danmörku. Talsmaðurinn kveðst viss um að fólk muni fást til starfa verði boðið upp á mannsæmandi kjör.

Einnig var sagt frá því í dönskum fjölmiðlum á miðvikudag að reiknað er með að heimilissorp heimila í landinu þyngist um 78 kíló á ári með tilkomu fríblaðanna tveggja sem munu hefja göngu sína á haustdögum.

Formaður danskra skógarbænda fagnar þessari auknu pappírsnotkun. Hann segir verð á tré og pappír lágt um þessar mundir. Þó séu allar líkur á að nýju blöðin tvö verði prentuð á pappír sem unninn verði úr skógum nágrannalandanna. - ks



**DANSKUR PÓSTUR** Danskir póstburðarmenn og blaðberar vilja hærra kaup fyrir að bera út fríblöðin. NORDICPHOTOS/AFP

Vélhjólamaður í Hafnarfirði:

# Féll af hjóli og úlnliðsbrotnaði

**LÖGREGLA** Rúmlega tvítugur ökumaður vélhjóls úlnliðsbrotnaði þegar hann féll af hjólinu á Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði á þriðjudagskvöld. Maðurinn valt eftir götunni en hjólið hafnaði framan á bíl sem kom úr gagnstæðri átt.

Ökumaður bílsins slapp ómeiddur en tildrög slyssins eru óljós. Óverulegar skemmdir urðu á ökutækjunum.

Stuttu áður hafði annar vélhjólamaður misst stjórn á hjóli sínu við verslunarmiðstöðina Fjörð og ekið þar utan í þrjá kyrrstæða bíla. Hann slapp ómeiddur. - sh



**KLÓFESTUR** Mikil skilvirkni er í dómskerfi Japana.

Japanska stjórnkerfið:

# Réttvísinni flýtt

**JAPAN, AP** Nú stendur til að stytta þann tíma sem tekur að sækja smáglæpamenn til saka í Japan. Það hefur sætt gagnrýni að það hafi tekið allt að því tvo mánuði að dæma í málum sem flokkast undir smáglæpi, til að mynda fyrir búðahnupl og vímuefnaneyslu, en nú skal stytta meðferð mála niður í tvær vikur.

Þetta á að verða til mikilla bóta fyrir dómskerfið þar eystra, ekki síst fyrir sakborninga, en þeir þurfa að gefa samþykki sitt fyrir flýtimeðferðinni. Talið er að þessi nýja tilhögun geti orðið viðtekin venja í dómsframvindu um tíu prósent kærðra glæpa í Japan. - kóþ

## INDÓNESÍA

**Klerki sleppt** Öfgafullum múslimaklerki, sem fangelsaður var í tengslum við sprengingar á Balí sem urðu 202 að bana árið 2002, verður sleppt úr haldi í næstu viku. Að sögn lögfræðings hans mun Abu Bakar Bashir taka aftur upp kennslu í heimavistarskóla sínum á Jövu, sem margir dæmdir hryðjuverkamenn Indónesíu hafa gengið í.

# Hætta fyrir sjúklingana

**Framkvæmdastjóri Hjartaheillar segir dæmi um að heimilislæknar hafni beiðni sjúklinga um tilvísun til hjartasérfræðings. Stjórn Læknafélags Íslands hefur lýst yfir áhyggjum af ástandi mála.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Stjórn Læknafélags Íslands lýsti í gær yfir áhyggjum sínum af því að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra gæti ekki boðið landsmönnum þjónustu samningsbundinna hjartalækna.



**SIGURBJÖRN SVEINSSON**

Eins og staðan er núna þurfa þeir sjúklingar sem sækja þjónustu hjartalækna að hafa tilvísun frá heimilislækni og greiða þar að auki fullan kostnað við komu, sem getur verið á bilinu 4.500-20.000 krónur. Tryggingastofnun metur síðan í hverju tilfelli fyrir sig hversu mikill hluti fæst endurgreiddur.

Sigurbjörn Sveinsson, formaður Læknafélags Íslands, segir núverandi fyrirkomulag fela í sér mikið óhagræði fyrir sjúklinga og að einnig skapist hætta á að fólk setji það fyrir sig að fara í nauðsynlegt eftirlit. „Hjartalæknar eru einu sérfræðingarnir sem þetta fyrirkomulag gildir um en til annarra sérfræðinga getur fólk farið án tilvísunar og þarf ekki að leita til Tryggingastofunar til að fá reikninginn greiddan.“



**TILVÍSUNARKERFI HJARTALÆKNA SKAPAR MIKIÐ ÓHAGRÆÐI** Ekki er óalgengt að fólk þurfi að fara á þrjá til fjóra staði til að fá samband við hjartalækni.

Sigurbjörn segir það vilja stjórnmálamanna að reka kerfið innan fastra fjárveitinga þar sem framboði á þjónustu sé stýrt, en segir jafnframt aldrei hægt að stjórna þörfinni á sama hátt.

Ásgeir Þór Árnason, framkvæmdastjóri Hjartaheillar, segir samtökin hafa mótmælt núverandi tilvísunarkerfi og gefið út ályktun um að gengið verði til samninga við sjálfstætt starfandi hjartalækna nú þegar. „Tilvísunarskylda hjartasjúklinga er brot á jafnræðisreglunni og Hjartaheill berast daglega kvartanir frá hjartasjúklingum sem verða varir við það óhagræði sem núverandi kerfi skapar.“

Ásgeir nefnir dæmi um konu sem fór með dóttur sína sem er 75 prósent öryrki til hjartalæknis og þurfti að greiða 18.650 krónur fyrir heimsóknina. Þegar kom að því að fá upphæðina endurgreidda frá Tryggingastofunun var tekið við pappírunum en þeir verða ekki endurgreiddir fyrr en skjöl frá lækninum hafa borist Tryggingastofnun.

„Eftir að kerfinu var breytt er ekki óalgengt að fólk þurfi að fara á þrjá til fjóra staði til að fá samband við hjartalækni og síðan bætist við bið eftir að fá reikninginn greiddan.“

Ásgeir segist vita dæmi þess að heimilislæknar hafi neitað sjúklingum um tilvísun til hjartalæknis. „Þá getur það geta tekið hjartalækna langan tíma að stilla hjartasjúklinga inn á lyf og það getur verið varhugavert að heimilislæknar hrófli við samsetningu hjartalyfja.“ hugrun@frettbladid.is



## DANMÖRK

**Verkfall í flugi** Öryggisverðir á Kastrup-flugvelli lögðu niður störf í tvo tíma í gærmorgun til að halda verkalýðsfund. Kom þetta stjórn flugvallarins að óvörum og seinkaði morgunflugi frá Kastrup um allt að þrjátíu mínútur.

## DÓMSMÁL

**Keyrði fullur og próflaus** Nítján ára karlmaður var dæmdur til að greiða sextíu þúsund króna sekt til ríkissjóðs. Hann missir bílprófið í mánuð og þarf að greiða tæp tvö hundruð þúsund í málsvarnarlaun fyrir að hafa ekið ölvaður og próflaus í Borgarnesi. Hann var ekki orðinn sautján ára þegar hann braut af sér. Dæmt var í Héraðsdómi Vesturlands.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Ekið á hjólreiðamann** Hjólreiðamaður varð fyrir bíl á Reykjavegi á níunda tímanum í gærmorgun. Hann slapp vel og var fljótt útskrifaður af bráðamóttöku.

Húsvíkingur sektaður fyrir að hafa fálka, branduglur og smyrla í frystikistu:

# Viðurkenndi dráp á smyrli

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur eystra dæmdi nýverið Húsvíking fyrir veiðilagabrot, en hann hafði geymt þrjá fálka, tvær branduglur og tvo smyrla í frystikistu sinni. Lögreglan fór upphaflega í hús mannsins til að leggja hald á skotvopn og koma eiturefnum í viðeigandi geymslu, en fann þá fuglana sjö og lagði hald á þá.

Maðurinn sagðist hafa geymt tvo fálka fyrir föður sinn og að honum hefði verið gefin önnur uglan og annar smyrillinn. Einn fálkann hefði hann fundið dauðan, aðra ugluna hefði hann ekið á, en annan smyrilinn skotið sjálfur. Smyrill er alfriðaður fugl og því refsivert að skjóta hann, en auk þess ber öllum þeim sem finna friðaða fugla dauða eða ósjálfbjarga að afhenda þá Náttúrufræðistofnun Íslands.



**FÁLKI** Þrír fálkar fundust í frysti ákærða, en íslenski fálkastofninn telur um eitt til tvö þúsund fugla.

Manninum var gert að greiða tuttugu þúsund krónur í sekt fyrir brot sitt, auk þess sem hann þarf að láta af hendi smyrilinn sem hann skaut sjálfur. Óvíst er hvað verður um hina fuglana.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, fuglafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, telur að endurskoða þurfi refsiákvæði við svona brotum, svo ekki sé hægt að hafa friðaða fugla í sinni vörslu nema með leyfi. Löggjöfin sé of flókin sem stendur, of auðvelt sé að fela brot á borð við ólöglegar veiðar og í raun þurfi sjónarvotta til að sakfella þá sem stundi þær. **- sgj**

Hass fannst í klefa:

# Fangi dæmdur

**DÓMSMÁL** Fangi á Litla-Hrauni var í gær dæmdur til að greiða málsvarnarlaun verjanda síns en sleppur að öðru leyti við dóm vegna hálfs gramms af hassi sem fannst í klefa hans.

Fanginn á langan sakaferil að baki. Hann hefur sætt refsingum fyrir umferðarlaga- og fíkniefnabrot, líkamsárásir, skjalafals og þjófnaði. Hann var dæmdur í tveggja ára fangelsi og sviptur ökuréttindum ævilangt með dómi Hæstaréttar í október. Dómurinn nær til 35 brota, þar af fyrir að aka tíu sinnum sviptur ökurétti og tvisvar undir áhrifum, sex þjófnaði, níu skjalafalsbrot, eina gripdeild, fjóra nytjastuldi og tvö fíkniefnalagabrot. **- gag**



**BÍLAUMFERÐ Í KÍNA** Loftmengun í stórborgum Kína er mikið áhyggjuefni heilbrigðisyfirvalda. NORDICPHOTOS/AFP

Heilbrigðisyfirvöld í Kína hafa áhyggjur af mengun:

# Loftmengun banar 1.600 manns á ári

**HONG KONG, AP** Um 1.600 manns láta lífið árlega í Hong Kong úr sjúkdómum sem rekja má til loftmengunar, samkvæmt niðurstöðum rannsóknar sem kínverskir háskólar kynntu nýlega.

Loftslag í borginni þykir fara sífellt versnandi og mengunarský, sem stafar af gríðarlegri bílaumferð, kolaorkuverum og verksmiðjum, hylur gjarnan himininn.

Könnunin tekur til áranna 1995-2000 og sýnir fram á sífellt fleiri spítalainnlagnir vegna kvilla eins og hjartaáfalla, heilablóðfalla, lungnabólgu og fleiri lungnasjúkdóma. Í Hong Kong fara um 6,8 milljónir manna til læknis árlega vegna mengunartengdra öndunarsjúkdóma. **- kóþ**






## „ORÐRÉTT“

**Ekki feitir og heimskir**

*„Það er varla hægt að fara á kaffihús á Íslandi án þess að heyra fordóma um Bandaríkjamenn; að þeir séu feitir og heimskir og þeim sé alveg sama um restina af heiminum.“*

KARL HREINSSON SEM NÚ FLAKKAR ÁSAMT TVEIMUR FÉLÖGUM MILLI RÍKJA BANDARÍKJANNA Á HÚSBÍL OG TEKUR VIÐTAL VIÐ HEIMAMENN OG ÍSLENDINGA SEM ÞAR BÚA. FRÉTTABLAÐIÐ 8. JÚNÍ.

**Að kunna að þegja**

*„Ég ætla ekkert að tjá mig um það sem Guðni Ágústsson hefur sagt. Ég held að það hafi verið sagt heldur of mikið og ég ætla mér ekki að vera að segja meira fyrr en það er búið að koma saman nýrri skipan í ríkisstjórn.“*

HALLDÓR ÁSGRÍMSSON, FORMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS, UM FRAMGÖNGU GUÐNA ÁGÚSTSSONAR VARAFORMANNS. FRÉTTABLAÐIÐ 8. JÚNÍ.

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ÞÓRÓLFUR JÓNSSON GARÐYRKJUSTJÓRI

# *Setur bæinn í sparifötin*

„Starfið í Vinnuskólanum er hafið, leiðbeinendurnir eru núna í undirbúningi og síðan byrja krakkarnir eftir helgi,“ segir Þórólfur Jónsson, garðyrkjustjóri Reykjavíkurborgar og yfirmaður Vinnuskólans í Reykjavík. „Það eru um 2.700 krakkar sem hafa skráð sig, það er um 5-600 færri en í fyrra.“ Spurður hvort það hafi áhrif á umhirðu garðanna í sumar svarar Þórólfur því til að hætta sé á því að ekki verði eins miklu komið í verk en Vinnuskólinn ræður líka eldri starfsmenn til þess að fegra borgina og þær ráðningar hafa gengið vel.

„17. júní er náttúrlega alltaf svona ákveðið markmið að koma bænum í gott horf, en flestir unglingar kannast eflaust við vinnuálagið sem þeim degi fylgir.“



„Svo seinkaði náttúrlega þetta kuldatímabil í byrjun maí öllu og það er ekki alveg útséð með það hvort það urðu einhverjar skemmdir.“ Hann á þó ekki von á að þær verði miklar.

Hvað ætla ég að gera í sumarfrínu? Það er ekki alveg á hreinu,“ segir Þórólfur og hlær en hann býst við því að ferðast eitthvað innanlands. „Ég ætla að fara í Aðaldal en svo er annað ekki ákveðið. En svo reyndar ætla ég að fara að ganga í Pýreneafjöllunum í lok júní og dvelja þar í viku,“ segir Þórólfur og upplýsir blaðamann um að þau séu á landamærum Spánar og Frakklands. Þangað til verður hann þó upptekinn við undirbúning þjóðhátíðardagsins.

## SJÓNARHÓLL
**HM Í FÓTBOLTA**



**KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR**
Þingkona

### *Heldur með Þjóðverjum*

„Ég er mikil áhugamanneskja um heimsmeistarakeppnina svo ég bíð spennt því að hún hefjist endar er þetta í mínum huga hrein veisla,“ segir Katrín Júlíusdóttir þingkona. „Ég er búin að tryggja mér sjónvarpsaðgang að þessu og er í startholunum. Ég á mér tvær uppáhalds þjóðir en þær eru Þjóðverjar og Argentínumenn. Ég byrjaði að fylgjast með keppninni árið 1990 en henni lauk einmitt með úrslitaleik þessara tveggja þjóða en þegar svo ber undir hafa Þjóðverjarnir yfirhöndina í huga mér og hjarta. Einfaldlega vegna þess að ég er alin upp við þýska boltann en faðir minn, Júlíus Stefánsson, er mikill áhugamaður um þýska knattspyrnu enda menntaði hann sig þar í landi.

Það sem heillar mig við þýska liðið er það að það notar svona kafbátatækni sem er þannig að það virðist ekkert vera að gerast en svo skora þeir sísona en þeir skora helst ekki nema brýn þörf sé á því. Ég er almennt mjög hrifin af þýskri þjóð og menningu. En svo er ég einnig hrifin af því þegar meira er að gerast á yfirborðinu og þar koma Argentínumenn til skjalanna.“

Ekki kemst hún hjá því að spá í spilin fyrir keppnina. „Ég held að mínir menn, Þjóðverjar og Argentínumenn, eigi eftir að komast mjög langt en annars er mjög erfitt að segja til um þetta að þessu sinni. Það kæmi mér samt ekki á óvart þó Fílabeinsströndin verði spútnikliðið í ár.“

# Íslensk stjarna á ítölskum himni



**KRISTJÁN JÓHANNSSON** Lærimeistarinn Kristján er afar kátur með lærling sinn.

**Ungur óperusöngvari, Gissur Páll Gissurarson, vann í síðustu viku þriðju verðlaun á alþjóðlegu söngvarakeppninni í Piacenza á Ítalíu. Lærimeistari hans, Kristján Jóhannsson óperusöngvari, er sannfærður um að þar fari ein af óperustjörnum framtíðarinnar.**

Keppnin er ein sú stærsta á Ítalíu en 123 söngvarar þreyttu prufu um að fá að spreyta sig í henni. Margir af þeim eru atvinnusöngvarar en aðrir eru nemendur, eins og Gissur Páll, sem reyna að hasla sér völl á óperusviðinu.

Keppnin var haldin í leikhúsinu í borginni Piacenza og hlýddu um 1.200 gestir á en 70 manna hljómsveit lék undir hjá keppendum.

„Þetta var mjög ánægjulegt og ég átti alls ekki von á þessu,“ segir Gissur Páll, sem sló öllum karlsöngvurum ref fyrir rass því sópransöngkonur skipuðu sér í tvö efstu sætin. „Fyrir fram var ég ekkert sérstaklega öruggur þar sem ég er lýrískur léttur tenór en fyrir mig var lagt á þessu úrslitakvöldi að syngja dramatískar aríur. Svo fór það ekki framhjá mér að öllum keppinautum mínum gekk sérlega vel og ég held að það hafi ekki heyrst ein feilnóta þetta kvöld þannig að ég var mjög hissa þegar úrslit voru kynnt eftir dúk og disk, en dómnefndin var lengi að gera upp á milli okkar.“

„Hann stóð sig eins og hetja og var Íslandi til sóma,“ segir lærimeistarinn Kristján, yfir sig ánægður með nemanda sinn. „Allt það sem við höfum verið að vinna að í eitt og hálft ár kom fram í gær, alveg óaðfinnanlega. Forseti dómnefndarinnar var argentínski óperusöngvarinn José Cura, sem er heimsþekktur tenór, og hann spurði mig bara hvaðan þessi Paolo væri eiginlega, en svo er hann Gissur Páll kallaður hér á Ítalíu.“



**TENÓRINN JOSÉ CURA OG GISSUR PÁLL GISSURARSON** Argentínski tenórinn var forseti dómnefndar og heillaðist hann af framgöngu Gissurar Páls á úrslitakvöldinu í söngvarakeppninni í Piacenza. Gissur Páll lenti í þriðja sæti en tvær sópransöngkonur skipuðu þau tvö efstu.

Kristján átti fleiri nemendur í keppninni, þar á meðal sópransöngkonu sem náði í tólf manna úrslit. Leiðir Kristjáns og Gissurar Páls lágu saman þegar sá síðarnefndi fylgdi félaga sínum í kennslustund hjá Kristjáni. „Svo vildi hann endilega heyra í mér þegar hann komst að því að ég væri að læra óperusöng,“ rifjar Gissur Páll upp. „Eftir það bauðst hann til að taka mig í kennslu og það var upphafið á okkar samstarfi. Hann er hreint ótrúlega góður kennari og í raun er hann meira en það. Hann er svona lærimeistari af gamla skólanum. Hann virkilega þjarmar að manni en svo föllumst við í faðma þegar átökunum er lokið.“

Þeir eru þó fleiri en Kristján sem eru harðir í horn að taka því dómnefndarmenn sem verða á vegi óperusöngvara taka ekki á þeim með neinum silkihönskum þyki þeim einhver ljóður á því sem á borð þeirra er borið. Eins kunna dómnefndarmenn því vídast hvar illa ef menn fara ekki eftir hefðarinnar reglum. „Menn tala um það hvað Bubbi geti verið óvæginn við Idol-keppendur en það viðmót hans gæti bara þótt huggulegt miðað við þau tök sem dómnefndarmenn sýna söngvurum hér,“ segir Gissur Páll. Það var honum því óvænt ánægja þegar dómnefndarmenn klöppuðu fyrir Gissuri þegar hann lauk áheyrnarprufum fyrir skemmstu. Dómnefndin var skipuð Ricardo Muti, fyrrverandi óperustjóra La Scala, og fulltrúum frá Berlínarfílharmoníunni og Salzburgar-hátíðinni svo hver veit nema eitthvað sé í vændum úr þeim ranni.

**jse@frettabladid.is**






# Frumkvöðlar verðlaunaðir

Úrslit í keppni Junior Chamber á Íslandi um bestu viðskiptaáætluna 2006 voru tilkynnt á þriðjudaginn. Keppnin bar yfirskriftina „frumkvöðlar í verki“ og voru þrjár áætlanir verðlaunaðar.

Sigurvegarar keppninnar voru þau Theodóra Elísabet Smáradóttir, Sigurður Jónsson og Þóra Björk Ottesen en verkefnið þeirra var framleiðsla á fatnaði fyrir hunda. Sigurlaunin voru lófatölva frá Opnum kerfum og hundrað þúsund króna peningaverðlaun frá KB banka. Þeir sem lentu í öðru og þriðja sæti fengu einnig peningaverðlaun. Tilgangur keppninnar var að hvetja ungt fólk til að búa til viðskiptahugmyndir og framkvæma þær. Verkefnin sem lentu í þrem efstu sætunum fara í alþjóðlega keppni Junior Chamber og þar eiga keppendur möguleika á að kynna hugmyndir sínar fyrir erlendum fjárfestum. „Dómarar voru sammála um að það væri kraftur í ungum frumkvöðlum á Íslandi og að þátttaka allra sem sendu inn áætlanir væri dæmi um þennan mikla kraft,“ sagði Jenný Jóakimsdóttir, formaður dómnefndar og viðtakandi landsforseti JCI Íslands.



**FRUMKVÖÐLAR Í VERKI** Sigurvegarar keppninnar ásamt fulltrúum KB banka og Opinna kerfa við verðlaunaafhendinguna.

**- gbg**

# Heimsmeistarakeppni heima hjá þér

## Ef það er gaman að horfa

á eitthvað í **alvöru sjónvarpi** þá er það stórviðburður eins og **Heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu**.

Skerpan í SAMSUNG veggsjónvörpunum er nefnilega þannig að þeir næmustu þykjast sjá grasið spretta og hljóðkerfið flytur þig upp á áhorfendapallana.

Það gildir með veggsjónvörp eins og önnur tæki að gæðin eru misjöfn.
Þegar fjárfest er í **gæðamerki** eins og SAMSUNG þarf ekkert að efast
– fjárfestingin skilar sér alla leið

***..að ekki sé talað um þegar annað eins tilboð er í gangi!***




*Þú sparar þér 70.000.- kr.*

## 40" háskerpu LCD sjónvarp

### GÆÐI Á EINSTÖKU TILBOÐI:

**SAMSUNG** LE40R51B
40" háskerpu LCD sjónvarp

· (High-Definition TV)
· Upplausn: 1366 x 768
· Skerpa: 3000:1
· Birta: 500 cd/m2
· DNIe myndleiðrétting
· 170° sjónarhorn
· SRS TruSurround XT hljóðkerfi
· 1000 síðna textavarpsminni

&

**SAMSUNG** DVD-125
DVD upptökutæki og spilari

· DVD, DVD-RAM, DVD-R,
· DVD-RW, SVCD, CD, CD-R, CD-RW,
· MP3 CD, JPEG CD DivX
· Sjálvirkur kaflaskiptir
· HDMI, scart,
· Komponent
· DV-Inngangur



SAMSUNG DVD Upptökutæki og spilari

***Aðeins kr.: 259.900,-***

**FYRIR BÆÐI TÆKIN!**

sýn

**FYLGIR FRÍTT**
með öllum 32" - og stærri sjónvörpum sem keypt eru hjá ORMSSON.*

*Undantekning er ofangreint tilboð á SAMSUNG LE40R51B

**ORMSSON**

GERÐU KRÖFUR OG VIÐ UPPFYLLUM ÞÆR

SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800 | SMÁRALIND SÍMI 530 2900 | RADIONAUST, AKUREYRI SÍMI 461 5000 | HAFNARGÖTU 25, KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | WWW.ORMSSON.IS

**Umboðsmenn: Suðurland:** Árvirkinn,Selfossi og Eyjaradio, Vestmannaeyjum. **Vesturland:** Model, Akranesi. **Vestfirðir:** Þristur, Ísafirði. **Norðurland:** Bókaverslun Þórarins Stefánssonar, Húsavík, Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkróki, SR Byggingavörur, Siglufirði, Krákur, Blönduósi, Verslunin Urð, Raufarhöfn. **Austurland:** Verslunin Vík Egilsstöðum, Reyðarfirði og Neskaupstað, HS Raf, Eskifirði, Beint í Mark, Vopnafirði.

## Svona erum við

> Alifuglaneysla Íslendinga í kílóum




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING**:VERÐBÓLGA

# *Áhyggjuefni á Íslandi*

Verðbólga hefur mikið verið í umræðunni að undanförnu en hún er núna 7,6 prósent, vel yfir 2,5 prósenta markmiði Seðlabanka Íslands. Há verðbólga er eitt af aðaláhyggjuefnum matsfyrirtækisins Standard & Poor´s, sem á dögunum lýsti því yfir að auknar líkur væru á harðri lendingu íslenska hagkerfisins.

**Hvað er verðbólga?**
Verðbólga er skilgreind sem viðvarandi hækkun verðlags. Með því er átt við röð hækkana yfir tímabil en ekki hækkanir á einstökum vörum. Verðbólga rýrir verðgildi peninga og færri vörur fást fyrir sama pening og áður. Vísitölur mæla breytingu verðlags og sú algengasta er vísitala neysluverðs sem Hagstofan mælir með því að gera neyslukannanir á heimilum landsins.

**Af hverju er verðbólga slæm?**
Verðbólga væri ekki mikið vandamál ef laun og verðlag myndu hækka jafn mikið. Laun eru hins vegar venjulega ákvörðuð á nokkurra ára fresti og því skaðar mikil verðbólga hinn vinnandi mann þar sem tekjur hans rýrna. Verðbólgu fylgir einnig óvissa um framtíðina og gerir hún því allar fjárfestingarákvarðanir bæði fyrirtækja og einstaklinga erfiðari.



**Hvernig er hægt að berjast gegn verðbólgu?**
Markmið Seðlabankans er að stuðla að stöðugu verðlagi en til þess hefur hann nokkur tæki. Mest notaða vopnið er vextir en þeir eru í raun verð peninga. Þegar Seðlabankinn hækkar vexti hækkar verð peninga og færri taka lán til fjárfestinga og neyslu og því hægir á hagkerfinu, verðbólga lækkar að öllu jöfnu og sparnaður verður fýsilegri. Til þess að vel takist til þurfa stjórnvöld einnig að koma að málinu og minnka útgjöld sín til þess að draga úr þenslunni og þar af leiðandi verðbólgunni.

## SPURT & SVARAÐ

FLÓTTAMENN



SIGRÍÐUR RUT JÚLÍUSDÓTTIR
héraðsdómslögmaður

### *Einum veitt hæli á Íslandi*

Nígeríumanni var nýlega neitað landvistarleyfi sem flóttamanni. Sigríður Rut Júlíusdóttir var verjandi hans í málinu og þekkir vel til þessa málaflokks.

**Hvað þarf til að útlendingur fái landvistarleyfi á Íslandi sem flóttamaður?** Útlendingur telst vera flóttamaður ef hann er utan heimalands síns af ástæðuríkum ótta við að verða ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar í félagsmálaflokkum eða stjórnmálaskoðana og getur ekki eða vill ekki vegna slíks ótta færa sér í nyt vernd heimalands síns. Einnig getur þetta átt við þá sem eru ríkisfangslausir og staddir utan síns heimalands.

**Hver er munurinn á flóttamanni og pólitískum flóttamanni?** Það er bara orðanotkun. Enginn lögfræðilegur munur er á þessum hugtökum, þetta er bara notað svona til aðgreiningar í daglegu tali.

**Er það sjaldgæft að flóttamönnum sé veitt hæli á Íslandi?** Flóttamönnum er ekki veitt hæli á Íslandi. Það hefur gerst einu sinni á síðustu árum. Engin opinber skýring hefur verið gefin á því af hverju þetta er, en ég tel að það sé verið að fylgja ákveðinni pólitískri stefnu sem hefur verið mörkuð í þessum málum, að hér eigi ekki að veita neinum pólitískum flóttamönnum hæli.



**SANDKASTALI** Hann verður tignarlegur, þessi sandkastali, þegar lokið verður við gerð hans á strönd í Suður-Karólínu í Bandaríkjunum. Listamennirnir eru að reyna að hanna hæsta sandkastala heims. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Fyrirtækjunum fækkar




**Aldrei hafa fleiri samrunamál legið á borði Samkeppniseftirlitsins og nú eftir áramót; yfir tuttugu. Páll Gunnar Pálsson, forstjóri eftirlitisins, segir að skerpa verði lagaumhverfi vegna samruna fyrirtækja. Einnig eigi að leyfa leit eftirlitsins á heimilum stjórnenda í samráðsmálum til þess að koma í veg fyrir samkeppnisbrot. Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir ræddi við Pál Gunnar.**

„Við finnum fyrir samþjöppun fyrirtækja á markaðinum," svarar Páll Gunnar spurður hvort fyrirtækjum á Íslandi fækki. „Niðurstaða okkar og tilfinning er að samþjöppunin sé að ágerast. Við sjáum að fákeppni er víða talsverð í atvinnulífinu á málunum sem við fáumst við." Fleiri kvartanir berist en áður og búist sé við að þær aukist enn. „Menn standa sífellt frammi fyrir nýjum dæmum um hugsanlega misnotkun á markaðsráðandi stöðu, þar sem samþjöppunin er að aukast."

Sextíu stjórnsýslumál hafa verið tekin upp hjá Samkeppniseftirlitinu á árinu. Stór hluti snýr að sameiningu fyrirtækja. „Yfir tuttugu samrunamál eru í gangi. Frá því að samrunaákvæðin voru sett í samkeppnislögin hafa menn ekki staðið í jafnmiklum málafjölda á einu tímabili."

**Lagabreytingar nauðsynlegar**
Páll Gunnar segir að sífellt þurfi að huga að lagabreytingum til að bregðast við óæskilegri fákeppni. Lögum um samruna fyrirtækja sé til að mynda ábótavant. „Nú er það þannig að við höfum ekki kost á því að sekta fyrirtæki fyrir að sinna ekki tilkynningaskyldu um samruna." Það skapi vandkvæði í starfinu því allt of mörg fyrirtæki vanræki upplýsingaskylduna. Skapa þurfi agaðari vinnubrögð gagnvart eftirlitinu og því ætti það að hafa heimild til að fara í húsleit vegna samruna. Heimild af því tagi þekkist víða, til dæmis hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Liggi grunur á samráði milli fyrirtækja nægi eftirlitinu ekki aðeins að gera húsleit í fyrirtækjunum sjálfum, heldur eigi í þeim tilfellum að leyfa húsleit inni á heimilum stjórnenda. Slíkt tíðkist meðal annars innan Evrópska efnahagsvæðisins og vandséð af hverju sama ætti ekki einnig að gilda um Samkeppniseftirlitið.

Páll Gunnar segir að eðlilegt sé að huga að því að eftirlitinu verði gert kleyft að skipta upp fyrirtækjum, jafnvel þó þau hafi ekki orðið uppvís að eiginlegri misnotkun á markaðsráðandi stöðu sinni. „Við höfum möguleikann á að gera þetta ef menn hafa verið brotlegir, en með breytingunum hefðum við tækifæri til þess að gera starf Samkeppniseftirlitisins meira fyrirbyggjandi og gætum brugðist við óæskilegri stöðu á markaðnum."

Hann segir að talsverð þróun sé í samkeppnislöggjöfinni í Evrópu, sem þurfi að fylgja vel eftir hér á landi. Samkeppniseftirlitið hafi fengið aukna fjárveitingu miðað við fyrirrennarann Samkeppnisstofnun, en þó þurfi að gera betur. „Við teljum að það þurfi að stækka eftirlitið. Ég er ekki að tala um byltingar heldur stöðuga þróun sem fylgi þróun atvinnulífsins." Hann vill ekki nefna tölur.

„Með því að veita meira fjármagn til eftirlitisins væri því gefið meira svigrúm til kynningarstarfs og til þess að halda úti umræðu og upplýsa markaðinn um það sem má og má ekki. Svigrúmið yrði einnig meira til þess að koma áliti til stjórnvalda og ábendingum til atvinnulífisins um það sem betur má fara."



**PÁLL GUNNAR PÁLSSON** Forstjóri Samkeppniseftirlitisins segir þrjá markaði undir smásjá eftirlitisins um þessar mundir: Fjarskipta- og fjölmiðlamarkað, matvörumarkað og fjármálamarkað.

**Níutíu mál frá byrjun**
Samkeppniseftirlitinu hafa borist um níutíu erindi þar sem farið er fram á einhvers konar aðgerðir af hálfu þess frá því það var stofnað 1. júlí í fyrra. Um fjörutíu bárust í vetur og er ríflega þrjátíu þeirra lokið. Páll Gunnar segir að það sem af sé árinu hafi eftirlitinu borist um fimmtíu erindi um aðgerðir og lokið tíu.

Þegar ný samkeppnislög tóku gildi og Samkeppnisstofnun var lögð niður, tók eftirlitið við tæplega áttatíu óafgreiddum málum. Tæplega helmingur þeirra hefur verið til lykta leiddur og segir Páll Gunnar að hin séu í vinnslu: „Við reynum að vinna á þessum málahala sem við fengum strax í vöggugjöf og gengur þokkalega." Málin fyrnist ekki þó þau bíði. „Að sjálfsögðu kappkostar Samkeppniseftirlitið að klára málin á eðlilegum tíma, en oft þarf að taka nýrri mál fram fyrir þau sem heyra fortíðinni til."

**Þrír markaðir í smásjá**
Olíumálið er eitt umfangsmesta mál eftirlitsins frá fyrri tíma. Fyrirtækin sem reka Essó, Olís og Skeljung voru sektuð um hundruð milljóna og reyna nú að fá ákvörðunina ógilda. Páll Gunnar segir að niðurstaðan skipti veigamiklu máli fyrir samkeppnisumhverfið í framtíðinni.

Spurður hvort hann viti um svipað munstur og milli olíufélaganna í samfélaginu svarar Páll: „Það er alltaf hætta á ólögmætu samráði. Hættan er ekki síst á fákeppnismörkuðum. Því færri keppinautar á viðkomandi mörkuðum, því auðveldara er fyrir þá að setjast niður og hafa með einum eða öðrum hætti samráð. Þess vegna skiptir miklu máli að hafa vakandi auga með helstu fákeppnismörkuðum. Það gerum við."

Um helstu áherslur eftirlitisns sagði Páll að fylgst væri sérstaklega vel með fjarskiptum og fjölmiðlum, matvörumarkaði og fjármálamarkaðnum. Það væri ekki af hræðslu við ólögmætt verðsamráð heldur vegna mikilvægis markaðanna og fjölda mála á þessum sviðum.

Hvort hann hræðist gagnrýni forystumanna á þessum mörkuðum um að vera talinn verkafæri stjórnvalda í baráttu gegn þeim svarar Páll: „Nei, ég hræðist það ekki, vegna þess að Samkeppniseftirlitið er sjálfstæð stofnun með sjálfstæða stjórn. Það er búið þannig að henni að menn þurfa ekki að óttast pólitísk afskipti."

**STARFSEMI SAMKEPPNISEFTIRLITSINS KRINGUM TÍU KJARNAMARKAÐINA**




Samkeppniseftirlitið skiptir fyrirtækjum landsins upp í tíu kjarnamarkaði samkvæmt skipuriti sínu og skoðar þau á þennan máta. MYND/SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ



FRÉTTAVIÐTAL
GUNNHILDUR A. GUNNARSD.
gag@frettabladid.is




HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524



# landslag
*fólkið í landinu*

**ATVINNUREKANDINN:** KAUPFÉLAGIÐ DRANGSNESI

## *Í samkeppni við Bónus í Borgarnesi*

Kaupfélagið á Drangsnesi lætur ekki mikið yfir sér og gætu margir orðið undrandi á því þegar þeir sjá húsið að utan að þar innandyra lumi þær Ragnhildur Elíasdóttir útibússtjóri og Sigurbjörg Halldórsdóttir afgreiðslukona á öllu því helsta sem þörf er á við heimilishaldið.

Sagan er einnig nokkuð löng en Guðmundur Sigurgeirsson rak verslun á Drangsnesi sem Hamravík hét. Árið 1950 keypti svo Kaupfélag Steingrímsfjarðar lagerinn og gerði Guðmund að fyrsta útibússtjóra sínum á Drangsnesi og sinnti hann því starfi í 24 ár eða þar til hann var kominn á eftirlaunaaldur. Þetta er nokkuð lýsandi fyrir útibúið en starfsmannaveltan þar er með því lægsta sem þekkist. Það var ekki bara fyrsti útibússtjórinn sem reyndist þrautseigur því sá næsti, Guðmundur B. Magnússon sem er barnabarn Guðmundar og nafni hans, var útibússtjóri í 30 ár eða þar til að Ragnhildur tók við af honum



fyrir tveimur árum. Sigurbjörg er heldur enginn nýgræðingur en hún hefur staðið bak við búðarborðið í 27 ár.

„Við finnum svolítið fyrir því að fólk er meira á ferðinni og því er það farið að versla meira í Bónus í Borgarnesi eða í lágvörumarkaði í Reykjavík þegar það er á ferðinni þar," segir Sigurbjörg. „Það er hins vegar engin samkeppni frá Ísafirði enda er maður jafn lengi að fara þangað og suður til Reykjavíkur." Björn Davíðsson, tæknimaður hjá Snerpu, heyrir þessi orð Sigurbjargar og grípur þá inn í, „en við Ísfirðingar höldum Drangsnesinu nettengdu. Ekki nennir Síminn að gera það." En að svo mæltu var hann farinn að endurnýja búnað sem tryggir Drangsnesingum og nærsveitarmönnum þráðlausa nettengingu. Eflaust er það táknrænt að sá búnaður skuli vera í Kaupfélaginu en það hefur lengið haldið sveitungum í sambandi.

### STAÐURINN
TÖLUR OG STAÐREYNDIR



## *Drangsnes*

**Íbúafjöldi:** Um 100
**Sveitarfélag:** Kaldrananeshreppur
**Íbúafjöldi í hreppnum í desember 2005:** 112
**Íbúafjöldi í hreppnum í desember 1991:** 174
**Oddviti:** Jenný Jensdóttir
**Helstu atvinnurekendur:** Fiskvinnslan Drangur, Kaupfélagsútibú, Útgerðarfyrirtækið ST 2, Útgerðarfélagið Addi, Gistiþjónustan Sundhani, Hitaveita Drangsness.
**Skóli:** Grunnskólinn Drangsnesi, Dagvistun Kaldrananeshrepps.
**Vegalengd frá Reykjavík:** 305 kílómetrar ef farið er yfir Holtavörðuheiði en 266 km ef farið er um Svínadal og Tröllatunguheiði. Fyrrnefnda leiðin er þó venjulega fljótfarnari.



# Í þorpi þrauta og tækifæra

**Bátarnir liggja bundnir við bryggju enda er úfinn sær við Steingrímsfjörð þegar Jón Sigurður Eyjólfsson kemur akandi inn í þorpið á Drangsnesi. Hafgolan leikur um káta Strandamenn sem vita vel hvaðan á sig stendur veðrið.**

Drangsnes í Kaldrananeshreppi stendur við mynni Steingrímsfjarðar við Húnaflóa. Um hundrað manns búa í þorpinu og hafa flestir atvinnu af fiskvinnslu og veiðum en einnig vex ferðamennsku fiskur um hrygg enda eru sveitungar í óða önn að koma upp aukinni þjónustu við gesti sem leggja leið sína á þessar sögufrægu galdraslóðir.

En viðtökurnar sem blaðamaður fær þegar hann kemur akandi í bæinn eru blíðari en svo að hann finni að hann sé staddur á galdraslóðum. Það eru ungir Strandamenn sem stöðva hann en þeim er mikið niðri fyrir.

### Fjörugir drengirnir á Drangsnesi

„Þú verður að koma að sjá svolítið," segir Guðbrandur Máni Filippusson, sjö ára Drangsnesingur og frændi hans Jónas Þór Magnússon, sem er þremur árum yngri, ítrekar áskorun frænda síns. „Það er dauður mávur í fjörunni, þú verður að taka mynd," segir svo sá eldri þegar hann sér að myndavél er með í för. Þegar búið er að sýna mávinn, rennur mesti móðurinn af þeim kumpánum og tími gefst til rólegra spjalls. „Við eru alltaf að leika okkur," segir Jónas Þór. „Já," segir þá sá eldri, „ við förum í leiki og svo gerum við stundum prakkarastrik. Þá bönkum við hjá einhverjum og hlaupum svo í burtu. En við gerum það samt eiginlega aldrei," bætir hann við og ekki verður betur séð en honum þyki sem hann hafi talað af sér, svona pínulítið að minnsta kosti.

Þeir segjast báðir ætla að verða slökkviliðsmenn þegar þeir verða stórir. Jónas Þór hefur ekki langt að sækja burðina í það en hann segir föður sinn vera slökkviliðsmann í þorpinu. En svo fer málið að vandast því þeir ætla líka að verða sjómenn og eftir því sem málin eru rædd frekar koma fleiri starfsheiti upp. En það ætti ekki að koma neinum á óvart að börn á Drangsnesi ætli sér mörg störf í framtíðinni því þar hefur fólk tileinkað sér ýmsa hæfni og er ekki óalgengt að þar gegni menn tveimur til þremur störfum. Eins hafa aðstæður í þorpinu hagað því þannig að störf manna hafi tekið miklum breytingum.

Aftur er rónni raskað, en þeir kumpánar ráða sér vart fyrir kæti þegar þeir koma auga á köttinn Bjart, sem er alhvítur og stendur því vel undir nafni. Kötturinn kannast vel við þá og kemur í fang þeirra þegar á hann er kallað.

### Gengislækkun bjargaði rekstrinum

Þá liggur leiðin í fiskvinnsluna Drang en þar er Óskar Torfason framkvæmdastjóri í verkstjórakompunni að tala í símann þegar inn er komið. „Það er frekar rólegt hjá okkur í augnablikinu, grásleppuvertíð að ljúka og smá bið í að þorskveiðar hefjist á ný en þá fer allt á fullt," segir hann. „Hérna verðum við að haga seglum eftir vindi og nýta þau tækifæri sem gefast hverju sinni. Fólkið sem hér vinnur sinnir jafnvel öðrum störfum líka og þegar minna er um verkefni hér fara sumir til annarra



**ÓSKAR TORFASON OG SIGURGEIR H. GUÐMUNDSSON** Sigurgeir var kominn til þess að fá ís í kar hjá Drangsmönnum en á meðan framkvæmdastjórinn var í símanum sagði hann blaðamanni sögur af landi og sjó og kenndi þar ýmissa grasa enda gerist margt þegar menn eru einir úti á ballarhafi á lítilli trillu. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

starfa, huga að sauðburði og svo eru réttir á haustin. Sumar fjölskyldur eru svo með einhverja starfsemi tengda ferðaþjónustu sem það svo snýr sér að í auknum mæli þegar hægist um hér."

Þegar vinnsla er á fullu í Drangi eru þar um 15 manns í vinnu, en oft hefur þessi stærsti vinnuveitandi þorpsins þurft að sigla milli skers og báru í þeim ólgusjó þar sem efnahagsástand og ástand fiskistofna hafa sín áhrif á ölduganginn. „Hefði gengið ekki lækkað í vor er alls óvíst að við hefðum getað haldið rekstrinum áfram. En sem betur fer rættist úr þessu og nú fáum við 500 krónur fyrir kílóið en fyrir nokkrum mánuðum fengum við 100 krónum minna," segir framkvæmdastjórinn sem sér fram á betri tíð með blóm í haga.

**GRALLARARNIR GUÐBRANDUR MÁNI FILIPPUSSON OG JÓNAS ÞÓR MAGNÚSSON** Það var í nógu að snúast hjá þessum ungu mönnum sem ætla að verða slökkviliðsmenn þegar þeir verða stórir og ýmislegt fleira, en Drangsnesingar hafa yfirleitt mörg járn í eldinum. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

### Í lífsins ólgusjó

Margsinnis hafa Drangsnesingar þurft að haga seglum eftir vindi og hefur þá oft sannast hið fornkveðna að neyðin kenni naktri konu að spinna. Það veit Sigurgeir H. Guðmundsson trillusjómaður manna best. „Árið 1960 fylltist fjörðurinn af þorski eftir mikla fiskitregðu en svo hvarf hann alveg nær áratug síðar," segir hann. „Þá bar hins vegar svo vel að rækjan kom en allt er í heiminum hverfult og hún hvarf fyrir nokkrum árum og þá þurftu Drangnesingar að rifja upp handtökin við þann gula sem varla hafði verið landað hér í áratugi."

Svona virðast einar dyr opnast þegar aðrar lokast og eins er því farið í hitaveitumálum þorpsins. „Þegar vatnsleiðslan fraus hérna fyrir tíu árum," rifjar Óskar upp, „var gert heljar átak í hitaveitumálum hér og meðal annars ákveðið að bora fyrir heitu vatni og það reyndist vera heitt vatn nær undir hverjum reit svo nú erum við með eigin hitaveitu. Einnig hefur tveimur heitum pottum verið komið fyrir í fjörunni og þar geta menn buslað hvenær sem þá lystir. Og þá voru hæg heimatökin að byggja sundlaug í þorpinu."

En þótt Drangsnesingar hafi oft reynst þrautgóðir á raunastund þá hafa fæstir sloppið jafn vel og Sigurgeir þegar hann lenti í miklum hremmingum á trillunni fyrir tveimur árum. „Þá var ég á skaki norður undir Kaldbaksvík, það er svona tveggja klukkutíma sigling," rifjar hann upp, „og sé þá að það hefur kviknað í alternatornum. Báturinn varð náttúrlega vélarvana. Ég var kominn með björgunarbátinn út og búinn að eyða öllu úr slökkvitækinu en mér tókst svo að slökkva þetta með því að skvetta sjó á ósköpin. Ég get svo svarið það, þá hélt ég að ég myndi missa hann niður."


ÞINGVELLIR ÞJÓÐGARÐUR

**Þorvaldur Thoroddsen í lífi og starfi**

**Ráðstefna haldin í samvinnu við Vísindafélag Íslendinga laugardaginn 10.júní kl. 13.30 til 16.15 í fræðslumiðstöð þjóðgarðsins á Þingvöllum við Hakið fyrir ofan Almannagjá.**

Þorvaldur Thoroddsen (1855-1921) er meðal merkustu vísindamanna þjóðarinnar. Þekktastur er hann fyrir rannsóknir sínar á sviði jarð- og landafræði, en fyrir þær fékk hann viðurkenningu vísindastofnana víða um heim. Á ráðstefnunni verður fjallað um ævi hans og rannsóknir frá ýmsum sjónarhornum.

**Dagskrá:**

**13:30-14.40**

**Ávarp og kynning. Sigurður K. Oddsson, þjóðgarðsvörður.**

**Jarðfræðirannsóknir Þorvalds Thoroddsen.**
Sigurður Steinþórsson, jarðfræðingur og prófessor við Háskóla Íslands.

**Rannsóknir Þorvalds Thoroddsen á hafís við Ísland.**
Ingibjörg Jónsdóttir, landfræðingur og dósent við Háskóla Íslands.

**Kaffihlé**

**15.00-16.15**

**Bréfasafn Þorvalds Thoroddsen.**
Helga Kress, bókmenntafræðingur og prófessor við Háskóla Íslands.

**Heimildamynd um vísindamann.**
Þorsteinn Helgason, sagnfræðingur og dósent við Kennaraháskóla Íslands.

Upplýsingar um ráðstefnuna og dagskrá þjóðgarðsins má finna á heimasíðu þjóðgarðsins **www.thingvellir.is** og í síma 482-2660.

Landsbankinn - traustur bakhjarl fræðslu í þjóðgarðinum á Þingvöllum

**sóltilboð**

**Frábær sumarauki**
**Verðmæti 265.000 kr.**
**-þér að kostnaðarlausu**

Aðeins **22** sportjeppar eru til á þessu sérstaka sóltilboði

Sóltilboð með aukahlutapakka 2.990.000 kr.*

**Engin bið**
Ford Escape GPS Active tilbúinn til afhendingar núna

**Tilboðið gildir til 10. júní**

Ford
*Nýtt tákn um gæði*



Ford Escape 4x4 GPS Active
2,3i, 5 dyra, sjálfskiptur, 153 hestöfl.

# Rataðu á Escape
# og þú nýtur þess að vera til



## Ford Escape 4x4 GPSActive

Sóltilboð með aukahlutapakka*
**2.990.000 kr.**
Rekstrarleiga 54.169 kr. Bílasamningur 36.768 kr.

## Sumarauki. Verðmæti 265.000 kr.

**Þú færð aukalega í Ford Escape 4x4 GPS Active:**

- Nüvi 350: eitt fullkomnasta leiðsögutækið frá Garmin -með korti af Íslandi, Evrópu og Norður Ameríku
- Kælibox með rafmagnstengi, 14 lítra frá Tropicool
- Öflugt dráttarbeisli frá Ford
- Aurhlífar, framan og aftan, frá Ford
- Ford Escape-hlífðarmotta í skottið
- Rafmagnstengi í skott fyrir ferðasjónvarpið og kæliboxið

*Og sportjeppinn tilbúinn með fullan tank af bensíni*

## Hvar er húfan mín? Hvar er hettan mín?

Rataðu á Escape. Njóttu þess að vera til. Kauptu Ford Escape GPS Active. Garmin Nüvi 350 er meðfærilegt leiðsögutæki með snertiskjá sem fylgir með Escape GPS Active. Taktu tækið úr bílnum og gerðu það að leikfélaga eins og Escape. Leiktu þér með fjölskyldu og vinum í skemmtilegum ratleik út í náttúrunni. Feldu litlar gjafir og láttu hina finna. Eða langar þig kannski frekar að vita hvað klukkan er á Islantilla golfvellinum á Spáni akkúrat núna eða gengið á dollarnum? Í leik eða alvöru? Finndu öruggan stað að vera á. Finndu rétta hótelið, besta pylsubarinn og bensínstöðina á Norðurlandi eða Disneylandi, Flórída. Bara hvar sem er. Farðu bestu leiðina til næsta áfangastaðar. Hvar eru söfnin, tjaldstæðin? Hvar eru veitingahúsin? Hvar eru skemmtistaðirnir? Þú ratar rétta leið á Escape GPS Active og Nüvi 350 sem talar við þig í leiðinni. Segir þér að beygja. Og svo passar Nüvi líka beint í vasann. Nüvi getur líka spilað fyrir þig og sýnt þér myndir! Rataðu á Ford Escape GPS Active. Getur allt, veit allt. Hvað með vitann á Dalatanga? Ertu með?




**Aukalega 265 þús. - þér að kostnaðarlausu.**
**Komdu í dag. Vertu á Ford Escape 4x4 GPS Active.**

**Engin bið**
Ford Escape GPS Active er til afhendingar strax
**Tilboðið gildir til 10. júní**



*Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is*

**Komdu núna. Sóltilboð Brimborgar gildir aðeins til 10. júní n.k. eða meðan birgðir endast.**

### Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt veljir þú bíl á góðu sóltilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford á sóltilboði.




brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd er söllúga.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.668 **-1,06%** **Fjöldi viðskipta:** 192 **Velta:** 3.926 milljónir

MESTA HÆKKUN

**Straumur-Burðarás** 1,12%

MESTA LÆKKUN

**Landsbankinn** -3,18%
**FL Group** -2,05%
**Glitnir** -1,65%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 64,60 -0,92% ... Alfesca 3,89 -1,52%... Atorka 5,80 -0,86% ... Bakkavör 48,40 -0,41% ... Dagsbrún 5,98 -1,16% ... FL Group 19,10 -2,05% ... Flaga 4,06 -0,98% ... Glitnir 17,90 -1,65% ... Kaupþing banki 769,00 -0,9% ... Landsbankinn 21,30 -3,18% ... Marel 69,90 +0,00% ... Mosaic Fashions 15,90 -0,63% ... Straumur-Burðarás 18,10 +1,12% ... Össur 111,50 -1,33%

*Tölurnar miða við stöðuna klukkan 12:45 í gærdag.*

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

**Umræða tekur sig upp**
Í kjölfar þess að Standard & Poor's breyttu lánshæfishorfum ríkisins í neikvæðar og afsagnar Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra hefur á ný færst vöxtur í neikvæða umræðu um íslenskt efnahagslíf í erlendum miðlum og hjá greiningardeildum banka. Ef til vill þarf ekki að koma á óvart að Danske Bank stökkvi til, en greiningardeild bankans birti einhverja mestu svartnættisskýrslu um hagkerfið sem sést hefur. Einn höfunda þeirrar skýrslu, Lars Christensen sem einnig sótti landið heim fyrir nokkru, segir afsögn Halldórs koma á bagalegum tíma og telur álit S&P nú vega þyngra en Fitch í febrúar, þrátt fyrir að fátt nýtt komi fram. Glitnir hafði boðað til fundar um íslensk efnahagsmál í Stokkhólmi í gær, væntanlega til að rétta hlut landans en honum varð að fresta. Ekki var það þó vegna efnahagshræringa heldur lá niðri flugumferð á Arlanda eftir bilun í flugstjórnarkerfi.



**Illum sér af farsælum framkvæmdastjóra**
Framkvæmdastjóri dönsku verslunarinnar Illum, Patricia Burnett, lætur nú af störfum og snýr aftur til Bretlands eftir þrjú ár í starfi. Í frétt Berlingske Tidende í gær er hún sögð skilja við fyrirtækið í mikilli uppsveiflu. Í fyrra skilaði Illum enda hagnaði í fyrsta sinn í mörg ár. Patricia segir horfur góðar fyrir Illum og spáir góðum hagnaði áfram. Síðustu áratugi hefur Illum margoft skipt um eigendur og ótal misheppnaðar tilraunir til að snúa við rekstrinum að baki. Í ágúst í fyrra keypti Baugur Illum af Merrill Lynch og átti fyrir Magasin. Leif Beck Fallesen, ritstjóri Børsen, tók þessar fjárfestingar sem dæmi um góðan árangur íslendinga í að snúa við rekstri sem Dönum hefði mistekist að bæta, þegar hann sat fund útflutningsráðs í maíbyrjun.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Útlán bankanna í maí námu tæpum 7,5 milljörðum króna og eru það lægstu útlán í einum mánuði frá því að bankarnir komu inn á íbúðalánamarkað í ágúst 2004. Glitnir banki segir samdrátt hafa verið í útlánum bankanna og bendi flest til að íbúðamarkaðurinn muni kólna verulega á næstu misserum.

Microsoft býður netverjum að hlaða niður ókeypis prufuútgáfu af nýjasta stýrikerfi fyrirtækisins, Windows Vista, af vefsíðu fyrirtækisins. Hægt verður að nota útgáfuna fram á sumar 2007. Fyrirtækið stefnir að því að gefa fyrirtækjaútgáfu stýrikerfisins út í nóvember en einstaklingsútgáfu í janúar á næsta ári.

Glitnir banki segir líkur á að Seðlabankinn hækki stýrivexti sína enn frekar á næstu mánuðum. Þó virðast væntingar vera um að bankinn taki að lækka vexti sína á fyrri hluta næsta árs.

# Kvöðum komið á

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur sent til ESA drög að ákvörðun þess efnis að fjarskiptafyrirtækin Síminn og Dagsbrún (Og Vodafone) séu með umtalsverðan markaðsstyrk og beri þeim að lækka gjöld fyrir lúkningu símtala, þ.e. það gjald sem farsímanotendur greiða fyrir tengingu úr einu farsímakerfi í annað.
PFS setur farsímafyrirtækjunum m.a. þær kvaðir að þau birti verð fyrir lúkningu símtala í farsímanetum sínum ásamt upplýsingum um þær tæknilegu kröfur sem gerðar eru til samtenginga. Er það mat stofnunarinnar að kvaðirnar séu til þess fallnar að koma í veg fyrir að félögin geti mismunað og haldið uppi of háum lúkningarverðum.



**HRAFNKELL V. GÍSLASON**

Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri PFS, segir að meðal annars Neytendasamtökin hafi lengi bent á að gagnsæi hafi ekki verið á lúkningargjöldum fyrirtækjanna og því erfitt fyrir neytendur að sjá kostnað fyrir tengingu á milli kerfa. Samkvæmt ákvörðun PFS á lúkningargjald farsímafyrirtækjanna að lækka í fjórum skrefum á næstu tveimur árum auk þess sem tengigjöld fyrirtækjanna eigi að falla niður á sama tímabili.
Lúkningarverð fyrirtækjanna er mishátt en verðið hjá Símanum er 8,92 krónur en 12,10 krónur hjá Og Vodafone. - jab

# Yfirtökunefnd ósammála FME

**Í nýrri túlkun Fjármálaeftirlitsins segir að hafi hluthafi farið yfir yfirtökumörk, sem eru 40 prósent atkvæðaréttar, sé honum óheimilt að selja aftur þann hluta sem er umfram leyfileg mörk. Yfirtökunefnd er á öndverðum meiði.**

Yfirtökunefnd er ósammála túlkun Fjármálaeftirlitsins um að hafi yfirtökuskylda myndast sé ekki heimilt að selja aftur þann hluta sem er umfram leyfileg mörk nema með samþykki Fjármálaeftirlitsins. „Við teljum að sá sem verði yfirtökuskyldur hafi heimild til að selja sig niður hafi hann ekki áhuga á að vera fyrir ofan þau yfirtökumörk sem lögin kveða á um, sem er 40 prósent atkvæðaréttar eða meira," segir Viðar Már Matthíasson, formaður Yfirtökunefndar. „Það er ekkert í lögum sem bannar mönnum að selja sig niður. Þvert á móti eru þau þannig upp byggð að það er hægt að þvinga þá til að selja sig niður. Yfirtökunefnd hefur dregið af því þá ályktun að mönnum sé heimilt að gera sjálfir það sem hægt er að þvinga þá til með opinberum úrræðum."
Víðar segir lög um verðbréfaviðskipti hér á landi að mörgu leyti óljós miðað við það sem þekkist annars staðar. Til að mynda sé beint ákvæði í norskum lögum um verðbréfaviðskipti þar sem segir að þeim sem verður yfirtökuskyldur sé heimilt að selja sig niður innan fjögurra vikna.
Í tveimur nýlegum málum þar sem Yfirtökunefnd taldi yfirtökuskyldu hafa myndast brugðust viðkomandi aðilar við með því að selja sig niður fyrir yfirtökumörk. Fjármálaeftirlitið telur að leita hefði þurft samþykkis þess fyrir sölu hlutanna. Annars vegar varð Baugur yfirtökuskyldur í FL Group og seldi sig niður og hins vegar varð Fiskveiðihlutafélagið Venus yfirtökuskylt í Hampiðjunni og seldi fáein prósent. Á nýja túlkun Fjármálaeftirlitsins gæti reynt í máli Atorku gegn Venusi þar sem Atorka reynir að knýja í gegn yfirtökuskyldu. Málið er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjaness og verður að öllum líkindum tekið upp í haust. Félagið seldi sig niður fyrir mörkin en Atorka, einn hluthafanna, vill ekki una við það og gerir þær kröfur að Venus kaupi hlutafé Atorku. holmfridur@markadurinn.is



**JÓNAS FR. JÓNSSON, FORSTJÓRI FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS** Fjármálaeftirlitið og Yfirtökunefnd eru ósammála um hvort heimilt sé að selja sig niður hafi yfirtökuskylda myndast.

# Fall um öll byggð ból

Miklar lækkanir höfðu orðið á evrópskum og asískum hlutabréfamörkuðum um hádegisbil í gær að íslenskum tíma en heldur dró úr lækkunum þegar leið á daginn. Norrænu kauphallirnar fóru ekki varhluta af lækkunum. Norska aðalvísitalan hafði fallið um fimm prósent en vísitölurnar í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð um þrú prósent. Einnig féllu hlutabréf töluvert í verði í Japan, Indlandi og Rússlandi.
Ótti alþjóðlegra fjárfesta við aukna verðbólgu og vaxtahækkanir hafa valdið allnokkrum usla á mörkuðum að undanförnu, enda mun það líklega draga úr hagvexti og þar með hagnaði fyrirtækja. Evrópski seðlabankinn tilkynnti í gær að stýrivextir bankans hefðu verið hækkaðir um 0,25 prósentustig og standa þeir nú í 2,75 prósentum.
Á mörgum þeirra svæða þar sem hagvöxtur hefur verið hvað mestur eru hlutabréfamarkaðir háðir þróun á hrávöruverði sem hefur hækkað mikið á þessu ári en hefur nú tekið að lækka. - eþa


## Smart og létt á fæti

– heilsteypt glös á tilboðsverði

**Þórunn Kristjánsdóttir**
Sölumaður hjá RV

Rauðvínsglös, hvítvínsglös og bjórglös á tilboðsverði í júní 2006





1.924 kr.
12 stk.

Imperial 42 cl rauðvínsglös



854 kr.
6 stk.

Maldive 36 cl bjórglös

**Rekstrarvörur** RV
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6207B




**STJÓRNARMENN Í FL GROUP** Forstjóri útilokar ekki áframhaldandi kaup í Glitni.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Útiloka ekki meiri kaup í Glitni banka

Hannes Smárason, forstjóri FL Group og annar stærsti hluthafinn í félaginu, útilokar ekki að FL Group auki við hlut sinn í Glitni banka. FL Group er nú stærsti hluthafi bankans með 23 prósenta hlut eftir að hafa keypt rúm þrjú prósent í bankanum í vikunni.
„Við höfum sagt að við viljum vera kjölfestufjárfestar í bankanum og ef tækifæri bjóðast til frekari kaupa þá munum við skoða þau vandlega."
Frá áramótum hefur félagið aukið hlut sinn í bankanum um þrettán prósent og er þetta langverðmætasta fjárfesting FL Group, um 60 milljarða virði. Hannes lýsti því yfir á afkomufundi FL Group þann 19. maí síðastliðinn að félagið ætlaði sér stærri hluti í Glitni. -eþa

## Sjöfn í Frontline Holding

Fjárfestingarfélagið Sjöfn hf., sem er í eigu Baldurs Guðnasonar, forstjóra Eimskips, og Steingríms Péturssonar, fjármálastjóra Avion Group, keypti sig inn í fjárfestingarfélagið Frontline Holding S.A., sem er í eigu Magnúsar Thorsteinssonar, stjórnarformanns Avion Group, í gær.
Fjárfestingarfélag þeirra Baldurs og Steingríms seldi rúma 50,7 milljón hluti í Avion Group í framvirkum samningum í gær á genginu 42 eða fyrir rúman 2,1 milljarð króna, til Frontline Holding S.A., sem á 673,5 milljón hluti í Avion Group og er stærsti einstaki hluthafinn í félaginu.
Eftir viðskiptin á Magnús 91,3 prósenta hlut í Frontline Holding S.A. og Fjárfestingarfélagið Sjöfn hf. 8,7 prósent. - jab

# Spá fimm prósenta hagvexti

Hagvöxtur í heiminum hefur aukist undanfarin ár og er spáð að hann verði nálægt fimm prósentum á þessu ári og því næsta. Þetta kemur fram í nýjasta vefriti fjármálaráðuneytisins þar sem segir að hnattvæðingin hafi einkennst af vaxandi þátttöku fjölmennra þróunarríkja í Asíu, Suður-Ameríku og Afríku þar sem hagvöxtur hafi verið allt að tíu prósent á ári.
Spáð er minni hagvexti í OECD-löndunum eða þremur prósentum að meðaltali á þessu ári og því næsta. Aðstæður landa innan OECD eru hins vegar ólíkar en hagvöxtur hefur verið lítill á evrusvæðinu undanfarin ár, meðal annars í Þýskalandi, Frakklandi og Ítalíu. Er búist við tveggja prósenta hagvexti á evrusvæðinu á þessu ári og því næsta.
Þá segir ennfremur að hagvöxtur hafi verið 3,5 prósent undanfarin ár í Bandaríkjunum en vegna lágra stýrivaxta, hallareksturs og ójafnvægis í þjóðarbúskapnum er von á hækkun stýrivaxta þar í landi og er spáð þriggja prósenta hagvexti vestra á næsta ári. Sama hagvexti er spáð í Bretlandi og á Norðurlöndunum á næstu tveimur árum. Hagvöxtur hefur sömuleiðis verið nálægt þremur prósentum í Japan en búist er við að hann muni aukast á næsta ári. - jab




**FRÁ MARKAÐI Í MALASÍU** Hnattvæðingin hefur einkennst af vaxandi þátttöku þjóða þar sem hagvöxtur hefur verið mikill.

# Samskip opna skrifstofur í Brasilíu

Samskip hafa opnað tvær söluskrifstofur í Suður-Ameríku þar sem megináherslan er lögð á flutningsþjónustu við ávaxta- og grænmetisframleiðendur. Beitt er nýrri geymslutækni í gámaflutningum sem tryggja eiga bæði gæði og ferskleika vörunnar.

Nýju skrifstofurnar eru báðar í Brasilíu, í borgunum Salvador og Petrolina og segir fyrirtækið stefnt að opnun fleiri skrifstofa í álfunni á næstunni.

Í Salvador á að sinna ávaxta- og grænmetismarkaði og bjóða upp á kæli- og frystiflutningaþjónustu frá dyrum seljanda að dyrum kaupanda. Skrifstofan í Petrolina einbeitir sér svo að hitastýrðum gámaflutningum milli heimsálfa. Þá var einnig í tengslum við Petrolina-skrifstofuna komið þar á laggirnar kæligeymslu.

„Brasilía er með stærstu mörkuðum heimsins í hitastýrðum flutningum og opnun skrifstofanna þar er enn eitt skrefið í þeirri viðleitni Samskipa að bjóða upp á fyrsta flokks kæli- og frystiflutningaþjónustu um allan heim," segir Einar Þór Guðjónsson, framkvæmdastjóri frysti- og kæliflutningasviðs fyrirtækisins.

Til að byrja með starfa tíu manns hjá Samskipum í Brasilíu, en starfseminni stjórnar Brasilíumaðurinn Jeferson Boschetti, sérfræðingur í frystiflutningum. Hann verður í Salvador.

Forráðamenn Samskipa segja að með því að nota nýja kælitækni, sem nefnd er DCA, eða *Dynamically Controlled Atmosphere*, sé tryggt að hægt sé bjóða upp á sjóflutninga á viðkvæmum matvælum án þess að þau tapi ferskleika. Þetta er gert með því að skipta út súrefni fyrir köfnunarefni og nákvæmri hitastýringu. Þannig er öll gerjun matvælanna stöðvuð. „Með tilkomu DCA-tækninnar eru sjóflutningar á ferskum ávöxtum og grænmeti vel samkeppnisfærir við flugfrakt, auk þess sem sá kostur fylgir gámaflutningunum að ekkert þarf að hrófla við farminum, allt frá því að gámur fer frá seljandanum og þar til honum er skilað að dyrum kaupandans. Þannig rofnar kælikeðjan ekki og líkurnar á skemmdum eru í lágmarki," segir í frétt frá Samskip. **- óká**



**KYNNING Í ROTTERDAM** Michael F. Hassing, forstjóri Samskipa, kynnir flutningsnet fyrirtækisins, en það er með starfsemi um heim allan. MYND/HREINN MAGNÚSSON

## Hlutabréf falla

Helstu vísitölur lækkuðu á hlutabréfamörkuðum í gær í kjölfar ummæla Ben Bernanke, seðlabankastjóra Bandaríkjanna, um að frekari stýrivaxtahækkanir væru nauðsynlegar til að koma í veg fyrir að verðbólga færi úr böndunum.

Japanska Nikkei-vísitalan féll um þrjú prósent og hin franska CAC-40 og þýska DAX um rúm tvö prósent. Hlutabréf á Wall Street í Bandaríkjunum hafa fallið í verði síðustu þrjá daga.

Fjárfestar óttast að stýrivaxtahækkanir hægi á bandaríska hagkerfinu og eftirspurn Bandaríkjamanna eftir innfluttum varningi minnki. Fastlega er búist við því að Seðlabanki Evrópu fylgi í kjölfar þess bandaríska og hækki stýrivexti. **-jsk**



**MÁLAÐ YFIR AL-ZARQAWI** Leiðtogi al-Kaída hefur verið drepinn. Snarpar verðlækkanir urðu á olíu í kjölfar fregnanna.

## Olíufatið niður fyrir 70 dali

Heimsmarkaðsverð á olíu lækkaði snarlega í kjölfar þess að Abu Musab al-Zarqawi, leiðtogi al-Qaeda í Írak var drepinn. Olíufatið kostar nú tæpa sjötíu bandaríkjadali.

Verðlækkana á olíu hafði þegar orðið vart vegna góðrar birgðastöðu Bandaríkjamanna og þíðu sem virðist komin í samskipti þeirra við Írana. Abu Musab Zarqawi var sagður leiðtogi andspyrnu- og hryðjuverkahópa Súnníta í Írak.

„Við vonum að fráfall al-Zarqawis þýði að meiri ró komist á í Írak og jafnvel að aukning verði á olíuframleiðslu í landinu," sagði Victor Shum, sérfræðingur hjá Purvin og Gertz. **-jsk**



**BJÖRGÓLFUR THOR** Björgólfur hefur sagt sig úr stjórn BTC.

## Björgólfur úr stjórn BTC

Fjárfestirinn Björgólfur Thor Björgólfsson hefur sagt sig úr stjórn búlgarska símafélagsins BTC og munu tveir fulltrúar hans úr Novator, sem hafa mikla reynslu af rekstri símafyrirtækja, fylla skarð hans í stjórn BTC.

Að sögn Ásgeirs Friðgeirssonar, talsmanns Novators, er með þessu verið að styrkja stöðu Novators í búlgarska símafélaginu enda sé verið að nýta þá reynslu sem til er í félaginu á sviði símareksturs.

Ásgeir segir enn fremur að Björgólfur einbeiti sér að umbreytingafjárfestingum. Hafi hann knúið á um breytingar í BTC með stjórnarsetu sinni og sé með aðkomu fulltrúa Novators í stjórn BTC verið að fylgja þeim eftir. **- jab**





**Isuzu** hefur fyrir löngu sannað öryggi og endingu á íslenskum vegum. Nú kynnum við nýjan og stórglæsilegan Isuzu D-MAX pallbíl. Hann er þjáll og lipur í akstri, en jafnframt rammbyggður og traustur félagi og á alveg ótrúlega góðu verði.

**Isuzu D-MAX** hefur fengið alveg nýtt útlit og er staðalbúnaður eins og hann gerist bestur, þar má nefna loftkælingu, ABS hemlakerfi, álfelgur, brettakanta o.fl. Isuzu er með 3.0 lítra dísilvél með túrbínu og millikæli og skilar 130 hestöflum.

***Isuzu D-MAX er farkostur fjölskyldunnar, vinsæll vinnufélagi og verðið ráða allir við!***



| | Sjálfskiptur | Beinskiptur |
|---|---|---|
| **Verð á Isuzu D-MAX Crew Cab** | **2.590.000 kr.** | **2.490.000 kr.** |
| Rekstrarleiga í 36 mánuði* | 45.224 m/vsk | 43.612 m/vsk |

*Miðað við almenn kjör hjá Glitni, 20.000 km akstur á ári og þjónustu.

**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt | Selfossi 482 3100 | Njarðvík 421 8808 | Akranesi 431 1376 | Höfn í Hornafirði 478 1990 | Reyðarfirði 474 1453 | Akureyri 461 2960

# HM 2006

## STUNDARTAFLAN

FÓTBOLTASKÓLI PÉTURS

RIÐLAKEPPNIN

| | kl. 13:00 | kl. 14:00 | kl. 16:00 | kl. 19:00 |
|---|---|---|---|---|
| fös. 09.06 | | | Þýskaland • Kosta Ríka | Pólland • Ekvador |
| lau. 10.06 | England • Paragvæ | | Trín. & Tób. • Svíþjóð | Argentína • Fílabeins. |
| sun. 11.06 | Serb. & Mon. • Holland | | Mexíkó • Íran | Angóla • Portúgal |
| mán. 12.06 | Ástralía • Japan | | Bandaríkin • Tékkland | Ítalía • Gana |
| þri. 13.06 | Kórea • Tógó | | Frakkland • Sviss | Brasilía • Króatía |
| mið. 14.06 | Spánn • Úkraína | | Túnis • Sádi-Arabía | Þýskaland • Pólland |
| fim. 15.06 | Ekvador • Kosta Ríka | | England • Trín. & Tób. | Svíþjóð • Paragvæ |
| fös. 16.06 | Argentína • Serb. & Mon. | | Holland • Fílabeins. | Mexíkó • Angóla |
| lau. 17.06 | Portúgal • Íran | | Tékkland • Gana | Ítalía • Bandaríkin |
| sun. 18.06 | Japan • Króatía | | Brasilía • Ástralía | Frakkland • Kórea |
| mán. 19.06 | Tógó • Sviss | | Sádi-Arabía • Úkraína | Spánn • Túnis |
| þri. 20.06 | | Ekvador • Þýskaland<br>Kosta Ríka • Pólland | | Svíþjóð • England<br>Paragvæ • Trín. & Tób. |
| mið. 21.06 | | Portúgal • Mexíkó<br>Íran • Angóla | | Holland • Argentína<br>Fílabeins. • Serb. & Mon. |
| fim. 22.06 | | Tékkland • Ítalía<br>Gana • Bandaríkin | | Japan • Brasilía<br>Króatía • Ástralía |
| fös. 23.06 | | Sádi-Arabía • Spánn<br>Úkraína • Túnis | | Tógó • Frakkland<br>Sviss • Kórea |

442

| | kl. 21:00 |
|---|---|
| alla leikdagana | **442** er á dagskrá alla leikdagana **kl. 21:00** þar sem **Þorsteinn J.** og **Heimir Karls.** fara yfir leiki dagsins. |

WWW.FOTBOLTASKOLIPETURS.is

GOTT FÓLK McCANN

HM ÁSKRIFTARTILBOÐ

**2.966 kr.** á mánuði*
Sýn í þrjá mánuði í viðbót við Stöð 2
Sýn Extra fylgir frítt með

**4.966 kr.** á mánuði*
Sýn í þrjá mánuði
Sýn Extra fylgir frítt með

*gegn eingreiðslu

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT 515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE



TIL HAMINGJU
MEÐ DAGINN!
HM 2006 HEFST
KL. 14:30 Í DAG!
FIFA WORLD CUP
GERMANY
2006
sýn
er stoltur styrktaraðili Fótboltaskóla Péturs

# skoðun

SJÓNARMIÐ
ÞORSTEINN PÁLSSON

Seðlabanki og Selvogsbanki.

## Hávaxtabankar

Það eru fleiri bankar en Seðlabankinn sem geta skilað háum vöxtum. Selvogsbankinn getur einnig skilað háum raunvöxtum og það í raunverulegum verðmætum en ekki pappírspeningum.

En kjarni málsins er þó sá að þeir einir njóta hárra vaxta sem spara. Hinir sem taka að láni verða að greiða þá. Þetta er sú efnahagslega staðreynd sem við stöndum frammi fyrir varðandi þorskstofninn.

Sumir segja að verndarstefnan hafi mistekist. Sanni nær væri að segja að umframeyðslan hafi verið stöðvuð á sínum tíma en nú sé komið að því að spara í raun og veru. Sá sparnaður á, ef allar umhverfisaðstæður eru eðlilegar, að skila sér með háum vöxtum.

Þorskaflareglan sem ákveðin var fyrir rúmum áratug var pólitísk ákvörðun. Hún þótti þá nokkurt nýmæli við fiskveiðistjórnun og vakti fyrir þá sök eftirtekt þar sem fjallað er um þessi efni.

Alþjóðahafrannsóknaráðið viðurkenndi þessa langtíma nýtingarstefnu og hefur talið hana tryggja sjálfbærar veiðar. Reglan byggir á sameiginlegum rannsóknarniðurstöðum hagfræðinga og líffræðinga um afrakstur þorskstofnsins við mismunandi veiðiálag.

Athyglivert er að lögmál hagfræðinnar mæla með lægra veiðihlutfalli en líffræðivísindin. Upphaflega var það sameiginleg ráðgöf hagfræðinganna og líffræðinganna að halda ætti veiðihlutfallinu milli 22 til 25 af hundraði.

Efri mörkin voru ákveðin. Það má vissulega gagnrýna nú. Af ýmsum ástæðum hefur veiðin alla tíð farið nokkuð umfram þau mörk. En árangurinn skilaði sér eigi að síður skjótt í markverðri aukningu afla á sóknareiningu.

Staðreyndirnar sem við blasa eru hins vegar þessar: Hrygningarstofninn hefur að vísu braggast en er samt sem áður of lítill. Það er ekki alvarleg hætta á hruni, en við hjökkum í sama farinu. Burðugir árgangar eru einfaldlega of fáir. Er þetta ásættanlegt?

Fyrir þremur árum lögðu sérfræðingar til að þorskaflareglan yrði endurskoðuð. Fyrir tveimur árum ráðlögðu þeir beinlínis að hún yrði færð niður í lægri mörk upphaflegrar tillögu. Nú er bent á að með því að færa hana niður í 16 af hundraði megi á fjórum til fimm árum, með verulegum líkum, byggja þorskstofninn upp í þrjúhundruð þúsund tonn.

Sumir halda því fram að þjóðarbúskapurinn þoli ekki niðurskurð í afla. Hitt mun sanni nær að hann hefur ekki efni á að fórna þeim vaxtatekjum sem veiðisparnaður á þessu stigi er líklegur til að skila.

Hér er einnig í fleiri horn að líta. Ekki er víst að óbreytt veiðiregla njóti áfram sjálfkrafa alþjóðlegrar viðurkenningar um sjálfbæra nýtingu. Og því má ekki gleyma að krafan um sjálfbæra nýtingu er einnig ráðandi á öllum mikilvægustu mörkuðunum. Við megum fyrir enga muni tefla í tvísýnu því góða orðspori sem Ísland hefur áunnið sér á mörkuðunum að þessu leyti.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna er vaxandi þungi á bak við kröfur um einhvers konar alþjóðlega verndun fiskistofna. Þessu geta fiskveiðiþjóðir því aðeins varist að unnt sé að sýna fram á gott fordæmi.

Að þessu virtu hníga öll rök að því að nú verði tekin ákvörðun um frekari uppbyggingu þorskstofnsins. Annað er efnahagslegt óvit. ■




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Uppskurður**
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson sest með uppbrettar ermar í borgarstjórastólinn. Í Fréttablaðinu í gær kveðst hann ætla að skoða gaumgæfilega hvort rétt sé að Orkuveitan kaupi grunnnet Símans en fyrir það þarf víst að greiða um 22 milljarða króna. Alfreð Þorsteinsson var einlæglega þeirrar skoðunar að rétt væri að ráðast í kaupin en Vilhjálmur er efins. Einnig ætlar hann að endurskoða stjórnkerfi borgarinnar en Reykjavíkurlistinn varði miklu púðri í breytingar á því. Vill Vilhjálmur meðal annars endurvekja embætti borgarlögmanns en Reykjavíkurlistinn lagði embættið niður í valdatíð sinni. Svo er að sjá hvort hróflað verði við enn fleiri gjörðum Reykjavíkurlistans, til dæmis hvort nýja Hringbrautin verði rifin upp með rótum.



**Sex eða sjö?**
Áhugamenn um stjórnmál og fótbolta standa frammi fyrir stórbrotnu vandamáli í dag. Klukkan fjögur verður flautað til fyrsta leiks HM í Þýskalandi og um leið hefst miðstjórnarfundur Framsóknarflokksins á Hótel Sögu. Báðir viðburðirnir verða í beinni sjónvarpsútsendingu; HM á Sýn og Framsókn á NFS. Því er viðbúið að þeir sem bæði fylgjast grannt með gangi mála í pólitíkinni og boltanum flakki ört á milli sjónvarpsstöðvanna á rásum sex og sjö á Digital Ísland. Það er svo vitaskuld ástæða til að vorkenna þeim miðstjórnarmönnum sem heldur hefðu viljað sitja í sófanum heima og horfa á fótbolta í stað þess að sitja fundinn á Sögu.



**Varla magadans**
Það liggur fyrir miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins í dag að ákvarða hvenær flokksþing skuli haldið. Síðasta þing var í febrúar á síðasta ári og bar þar helst til pólitískra tíðinda að Halldór Ásgrímsson tók af öll tvímæli um að Síminn yrði seldur með grunnnetinu.

Þá sagði hann ótímabært að hefja viðræður um aðild að Evrópusambandinu. Þessi mál féllu þó í skuggan af magadansi sem dansaður var við setningu þingsins. Vakti hann þjóðarathygli og fögnuðu sumir víðsýni framsóknarmanna og áhuga á menningu framandi þjóða en aðrir fordæmdu athæfið og sögðu það til marks um karlrembu. Ólíklegt verður að telja að magadans, eða einhver annar dans, verði dansaður á komandi flokksþingi enda stemningin innan flokksins önnur en í febrúar 2005.

bjorn@frettabladid.is

# Orð eru til alls fyrst

Í DAG
SAMEINING MIÐ- OG HÆGRIFLOKKA



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

*Ýmsir framsóknarmenn hafa tekið undir hugmyndir um að gera Ísland að fjármálamiðstöð og fríhöfn með því að lækka skatta og fella niður tolla og laða þannig að fyrirtæki og fjármagn. Þannig verður til annar framtíðarkostur Íslands en sá að ganga í Evrópusambandið...*

Ekki má á milli sjá, hvorir bregðast verr við, framsóknarmenn eða sjálfstæðismenn, þegar ég sting upp á sameiningu flokka þeirra. En hvers vegna ættu vinstri menn einir að reyna að sameinast? Fjórir smáflokkar þeirra stofnuðu Samfylkinguna árið 2000 í því skyni að auka áhrif vinstri stefnu í íslenskum stjórnmálum. Að vísu hefur ekki allt gengið þar eftir, og veldur því hvort tveggja, að forysta Samfylkingarinnar er veik og að Vinstri hreyfingin - grænt framboð spratt upp við hlið hennar og veitir henni harða samkeppni. Því verður hins vegar ekki á móti mælt, að Samfylkingin er miklu öflugri stjórnmálaflokkur en Alþýðuflokkurinn og Alþýðubandalagið voru hvor um sig.

Fornir fjandmenn á vinstri væng sameinuðust, þegar gamlir klofningsþættir hurfu í lok kalda stríðsins. Ekki er lengur ágreiningur um, að Ísland á samleið með öðrum vestrænum lýðræðisþjóðum og að frjáls viðskipti eru vænlegri til kjarabóta en víðtæk ríkisafskipti. En um leið hurfu aðrir klofningsþættir til hægri. Það, sem skildi Sjálfstæðisflokk og Framsóknarflokk að, er fæst lengur til. Kaupmenn og kaupfélög etja ekki kappi úti á landi. Bændur vita, að spurningin er ekki, hvort leyfður verður frjáls innflutningur landbúnaðarafurða, heldur hvenær og hvernig. Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur eru sammála um, hvernig haga beri nýtingu mikilvægustu auðlinda okkar, fiskistofna og fallvatna. Flokkarnir deila ekki heldur um það, að tryggja verður af opinberu fé öllum þeim, sem ósjálfbjarga eru, mannsæmandi afkomu.

Ýmsir framsóknarmenn hafa tekið undir hugmyndir um að gera Ísland að fjármálamiðstöð og fríhöfn með því að lækka skatta og fella niður tolla og laða þannig að fyrirtæki og fjármagn. Þannig verður til annar framtíðarkostur Íslands en sá að ganga í Evrópusambandið, en tillaga um slíka inngöngu myndi sennilega kljúfa báða flokkana. Deilur í Noregi um Evrópusambandið reið sambærilegum flokkum þar við Framsóknarflokkinn nær að fullu. Eftir byggðakosningarnar hér í maí hljóta forystumenn Framsóknarflokksins að sjá, að brýnasta verkefni þeirra er að halda í kjarnafylgi flokksins í strjálbýli, en það gera þeir ekki með hugmyndinni um aðild að Evrópusambandinu. Framsóknarflokknum hefur mistekist að auka ítök sín á suðvesturhorni landsins, en hefur enn talsvert fylgi annars staðar. Sátt er nauðsynleg um öflugt atvinnulíf á landsbyggðinni og greiðar samgöngur við hana. Þar gegna Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur báðir hlutverki.

Bændur á Íslandi þurfa ekki að vera neinir bónbjargamenn. Það á ekki að hrygla í þeim eins og sjúklingum í súrefnistjaldi. Þeir þurfa aðeins að fá færi á að koma eignum sínum í verð, og það geta þeir, ef þær eru viðurkenndar að fullu sem eignir þeirra. Í fyrsta lagi eiga þeir jarðir, sem eru flestar seljanlegar á góðu verði, auk þess sem óvíst er, að öll búvöruframleiðsla fyrir innlendan markað sé óarðbær og því ósamkeppnishæf við frjálsan innflutning. Í öðru lagi eiga bændur hluti í ýmsum samvinnufélögum, sem þurfa að verða fullkomin hlutafélög, svo að þeir geti ýmist haldið áfram að eiga hluti sína eða selt þá. (Það munar um minna en hlut bónda á Suðurlandi í Sláturfélagi Suðurlands, Mjólkursamsölunni og Kaupfélagi Árnesinga.) Í þriðja lagi ber að viðurkenna, að bændur eiga stuðningsrétt, sem kaupa má af þeim á góðu verði. Ríkið veitti þeim á sínum tíma stuðning til óarðbærrar framleiðslu (til dæmis á kindakjöti), sem þeir löguðu sig eftir, svo að eðlilegt er að veita þeim stuðning til að hætta slíkri framleiðslu.

Meginkosturinn við sameiningu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í einn öflugan þjóðarflokk er þó sá, að meiri festa myndast í íslenskum stjórnmálum (eins og í Sviss og Bajaralandi) og minni líkur verða á vinstri stjórnum, sem hleypa myndu af stað verðbólgu og skuldasöfnun hins opinbera og veikja atvinnulífið. Ég hef að vísu litla trú á, að slík sameiningarhugmynd verði að veruleika. En orð eru til alls fyrst. ■

MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

## ALLT HITT

[MATUR TILBOÐ]

**Pitsur** standa alltaf fyrir sínu og þær er gott að grípa með sér ef maður hefur ekki tíma til að elda. Á útsölustöðum Hróa hattar er nú í gildi 40 prósenta afsláttur af öllum sóttum pitsum.



**Kauphlaupið** í Smáralind er í fullum gangi þessa dagana. Í verslunum er boðið upp á skemmtileg tilboð sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara.

**Verslunin** Svar selur nú fartölvur á sérstöku sumartilboði. Acer-tölva með 512 MB DDR2 vinnsluminni, 80 gígabæta hörðum diski, 15,4 tommu skjá og DVD- og geisladiskaskrifara fæst nú á 89.900 krónur.

**Verslunin** Serica hættir og allt á að seljast. Allar vörur í búðinni eru með 10 til 40 prósenta afslætti en verslunin hættir þann 23. júní.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 9. júní, 160. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.05 | 13.27 | 23.50 |
| Akureyri | 2.03 | 13.12 | 24.24 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Signý leitar að hugmyndum í matreiðslubókum en eldar þó sjaldnast eftir uppskrift.
FRÉTTABLAÐIÐ/ÓMAR

# Ítölsk matargerð heillar mest

***Signý Jóna Hreinsdóttir er mikill matgæðingur. Henni þykir gaman að grúska í matreiðslubókum og heldur oft stór matarboð fyrir vini og vandamenn.***

„Ég hef lengi haft mikinn áhuga á matargerð og mér þykir ákaflega gaman að taka á móti gestum í mat,“ segir Signý og bætir því við að henni þyki mun skemmtilegra að elda fyrir matarboð heldur en að elda venjulegan heimilismat. „Ég elda alls ekki á hverjum degi, en þegar ég elda þá geri ég það með stæl.“

Signý safnar matreiðslubókum og hún er dugleg við að leita uppi nýjar og spennandi uppskriftir. „Ég les matreiðslubækur en samt fer ég aldrei eftir uppskriftunum. Ég nota þær bara sem grunn og breyti síðan og bæti eins og mér hentar,“ segir Signý. Ítölsk matargerð er í mestu uppáhaldi hjá Signýju og þegar hún heldur matarboð verða réttir með ítölsku ívafi oftast fyrir valinu. „Þetta er bara svo góður matur og einföld matargerð. Ég er mjög hrifin af pasta, kjúklingi og parmesanosti og nota mikið bragðbættar olíur í matargerðina.“

Signý féllst á að eftirláta Fréttablaðinu tvær uppskriftir. „Þetta er annars vegar þægilegur og góður kjúklingavængjarettur sem er fljótlegt að skella í ofninn og hins vegar góður pastaréttur með sítrónuolíu,“ segir Signý.

Uppskriftir Signýjar má finna á síðu 3.

*thorgunnur@frettabladid.is*


Ekki **sneiða** hjá þessum



Nýkomin sending af sófasettum, hornsófum,hægindastólum, borðstofusettum, Mikið úrval

# Njóttu þess besta



Vandaðir hvíldarstólar og sófar m/borði

THEATRE PREFERENCE

**Einstök þægindi...**

Vandaðir Lúxus-hægindasófar og stólar með stillanlegu baki og skemmli. Frábærir sjónvarps-sófar og stólar á ótrúlegu verði!

Stóll með leðri aðeins kr.
**54.000.-**
Sófi með leðri aðeins kr.
**139.000.-**

Opið
Virka daga10-18
Laugard 11-16

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

www.valhusgogn.is Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar - Þetta verður þú að prófa!



**Soja** er hollt og gott sem tilbrigði við endalausa kjötneyslu. Til er fjöldinn allur af spennandi uppskriftum með soja sem vert er að smakka.


Fluttir á Háteigsveg 1

(gamla Austurbæjarapótek)

OPNUNARTILBOÐ

MIKILL AFSLÁTTUR

Verslun víngerðarmannsins



Sérfræðingar í saltfiski

Ekta fiskur
Sælgæti úr sjónum

Sími: 466 1016
ektafiskur@emax.is

Þjónustum verslanir, veitingahús o.fl.

Fyrir verslanir:

Til suðu:
saltfiskbitar blandaðir
gellur
gollaraþunnildi

Til steikingar:
saltfiskbitar blandaðir
saltfiskkurl
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
gellur

Fyrir veitingahús – hótel – mötuneyti:
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
saltfiskbitar blandaðir til suðu og steikingar
saltfiskkurl

Fyrir utan saltfiskinn þjónustum við sitthvað fleira, svo sem:
ýsuhnakka
rækjur
þorskhnakka
steinbítskinnar og bita






- full af ólífum og hvítlauk

Kleppsvegi 152 — Mán. - föst. 7 - 18. Laug. - sun. 7 - 16.
Smáralind — Mán. - föst. 9 - 19. Laug. 10 -18. Sun. 12 -18.



allt
auglýsingasími
550 5880


# Nýr og ferskur Nings

***Á dögunum var opnaður nýr og spennandi veitingastaður á vegum Nings í Hagkaupum í Kringlunni. Staðurinn heitir Wok Bar Nings.***

Veitingahúsið Nings hefur notið mikilla vinsælda meðal landans undanfarin ár. Nú hefur verið opnaður nýr staður í Kringlunni sem byggir á nýrri hugmynd. Staðurinn kallast Wok Bar Nings og til stendur að opna tvo slíka staði til viðbótar innan skamms, annan í Smáralindinni og hinn á Akureyri.

Hilmar Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Nings, segir að á Wok Bar Nings sé lögð sérstök áhersla á ferskleika og hollustu. Staðurinn er sérstakur skyndibitastaður fyrir þær sakir að viðskiptavinurinn velur sjálfur hvað hann vill setja saman og fylgist síðan með kokkinum útbúa matinn.

„Þú velur þér hráefni á Wokpönnuna, fisk, kjöt eða grænmetisblöndu og velur síðan sósu eftir smekk,“ segir Hilmar og bætir því við að úrvalið sé mikið. „Þessu er raðað saman fyrir viðskiptavininn, nákvæmlega eins og hann vill hafa það og hann fær að fylgjast með öllu ferlinu. Við erum líka með girnilegan salatbar þar sem viðskiptavinurinn velur hráefnið sem starfsfólkið raðar síðan saman,“ segir Hilmar.

Að sögn Hilmars fer staðurinn vel af stað og viðskiptavinum fellur hugmyndin vel í geð „Þetta er ferskt og fljótlegt og þótt réttirnir séu búnir til jafnóðum þá tekur það ekki nema örfáar mínútur.“

Matseðillinn er fjölbreyttur og Hilmar segir að allir eigi að finna eitthvað við sitt hæfi. „Við erum til dæmis með gott úrval af fiskréttum, lax, tígrisrækjur og steinbít og svo eru ýmsar ólíkar grænmetisblöndur í boði,“ segir Hilmar. Möguleikarnir eru óteljandi og það er spennandi fyrir viðskiptavinina að prófa sig áfram með mismunandi hráefni. Þeir sem eiga erfitt með að ákveða sig geta líka valið einhverjar af þeim samsetningum sem finna má á matseðlinum. Réttir eins og wok-steiktur steinbítur með maó-grænmetisblöndu og karrý- eða satay-svínakjöt með hnetusósu og búdda-grænmetisblöndu ættu til dæmis að kalla fram vatn í munninn hjá einhverjum. Þá er einnig boðið upp á girnilega sushi-rétti, grilluð spjót og ýmsa heilsurétti.



Á Wok Bar Nings er það viðskiptavinurinn sem raðar saman matseðlinum.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




Fyrsti Wok Bar Nings-staðurinn var opnaður í Kringlunni á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Viðskiptavinurinn velur hráefnið og fylgist síðan með eldamennskunni.



Úrvalið er mikið og sérstök áhersla er lögð á ferskleika og hollustu.


Madonna Ristorante

*Þriggja rétta matseðill*

| | Verð fyrir einrétta | Verð fyrir tvírétta |
|---|---|---|
| *Okkar rómaða humarsúpa* | 990 | |
| *Steiktur skötuselur með hvítvínssósu* | 3.390 | 4.390 |
| *Kjúklingabringa „a la Italiana“* | 2.950 | 3.890 |
| *Lambafillet með sherrybættri sveppasósu* | 3.390 | 4.390 |
| *Nautalundir með Chateubriandsósu* | 3.700 | 4.690 |
| *Súkkulaðifrauð* | 790 | |

*Einnig úrval annarra rétta á „a la Cartseðli“*

*Veitingahúsið Madonna / Rauðarárstíg 27-29*

*Borðapantanir í síma 562 1988 • Madonna síðan 1987 • www.madonna.is*





Verðlaunavara frá Merchant Gourmet.

Frábært yfir salat, með kjöti, fiski, grilluðu grænmeti og ómótstæðilegt með jarðaberjum.

arka sími 8992363



Girnileg ommeletta úr tófú. NORDICPHOTO/GETTY

# Tófú er ekki það sama og soja

***Það er nokkuð útbreiddur misskilningur að tófú og sojakjöt sé sama varan. Hólmfríður Þorgeirsdóttir, næringarfræðingur hjá Lýðheilsustöð, segir að svo sé þó alls ekki.***

Þó að báðar vörurnar séu unnar úr sojabaunum þá er vinnslan á þeim gjörólík. „Þetta er nú reyndar ekki sama afurðin. Sojakjöt er í raun þurrkað sojaprótín, það er nánast bara helmingurinn prótín og það er einnig mjög trefjaríkt,“ útskýrir Hólmfríður.

„Síðan þegar við erum að tala um tófú, þá inniheldur það áttatíu og tvö prósent vatn. Þannig að þetta eru gjörólíkar afurðir,“ segir hún. „Tófú er í raun sojabaunahlaup sem er unnið þannig að sojabaunir eru lagðar í bleyti, þær eru



Hólmfríður Þorgeirsdóttir næringarfræðingur

FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR

því næst malaðar, þá soðnar og síaðar. Þannig verður til mauk sem hlaupefni er svo bætt út í.“

Báðar afurðirnar eru vinsælar í ýmsa heilsurétti og þá einkum og sér í lagi í austurlenska matargerð. Afurðir úr sojabaunum hafa verið unnar í Kína og Japan allt frá á áttundu öld.

-vör

## Uppskriftir Signýjar}

### Sítrónu-basil pasta fyrir fjóra

**500 g tagliatelle**
**2-3 msk. olía með sítrónubragði**
**1 box sveppir, skornir smátt.**
**1 box kirsuberjatómatar, skornir í tvennt.**
**2 hvítlauksrif, smátt skorin.**
**1 búnt ferskt basilikum, skorið smátt.**
**150 g rifinn parmesanostur (má líka vera Óðalsostur).**
**Maldon-salt og nýmulinn svartur pipar.**

Sjóðið pastað samkvæmt leiðbeiningum á pakkanum. Setjið helminginn af sítrónuolíunni á pönnu og steikið sveppi og hvítlauk í smá stund, saltið og piprið. Látið renna af pastanu og setjið það á pönnunna. Það er gott að setja smá af soðinu með. Setjið rifna ostinn, tómatana, basilikum og afganginn af sítrónuolíunni saman við og blandið vel saman.
Berið fram með salati, t.d. ferskum spínatblöðum með ristuðum möndluflögum sem er stráð yfir ásamt smá olíu og balsamik ediki.

### Sætir chili kjúklingavængir fyrir fjóra

**500 g - 1 kg kjúklingavængir**
**Rúmlega 2 dl chilisósa frá Heinz**
**1 dl ólífuolía**
**1-2 tsk hvítlaukssduft**
**1 dl hrásykur**
**Maldon-salt og nýmalaður svartur pipar**

Klippið hvern kjúklingavæng í tvennt og setjið í eldfast mót. Blandið chilisósunni, olíunni, sykrinum, hvítlauksduftinu og salti og pipar vel saman og hellið yfir. Blandið vel saman við vængina þannig að sósan þekji vel alla bitana. Látið bíða í kæli í nokkra tíma (ekki nauðsynlegt en betra). Bakað í 200 gráðu heitum ofni í u.þ.b 30 mín. Réttur sem gott er að narta í meðan beðið er eftir grillmatnum eða borið fram sem aðalréttur með salati og brauði.











# Sunnudagsdögurður Skrúðs á Hótel Sögu

***Hægt er að slá morgunverði og hádegisverði saman í eitt á sunnudögum í veitingastaðnum Skrúði á Hótel Sögu.***

„Við kjósum að kalla þessa máltíð bröns en íslenska heitið dögurður hef ég líka heyrt,“ segir Kristján Daníelsson, veitingastjóri í Skrúði, um hina nýju sunnudagsmáltíð sem boðið er upp á frá 11.30 til 14. Hann kveðst bjóða upp á allt sem venjulega er á morgunverðarhlaðborðinu, svo sem ferskan ávaxtasafa, brauð, álegg, beikon og egg, jógúrt, eggjahræru og morgunkorn og svo bætist hádegisverðarhlutinn við, sem er fiskisúpa, kjúklingur á teini, amerískar



Á nýjum matseðli Skrúðs er meðal annars boðið upp á Egg Benidikt, sem eru hleypt egg með ristuðu brauði, beikoni og hollandaise-sósu.



Boðið er uppá fjölbreytt fæði í hádeginu á sunnudögum í Skrúði bæði fyrir börn og fullorðna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

pönnukökur með sírópi og aðrir heitir réttir. „Svo erum við með eftirrétti líka,“ segir Kristján og leggur áherslu á að vel sé gert við börnin. „Það er 50% afsláttur fyrir 6-12 ára og frítt fyrir yngri. Svo erum við með horn fyrir börnin við hliðina á veitingasalnum þar sem gæsla er og börnin hafa ýmislegt að dunda við. Við reynum að hafa þetta fjölskylduvænt.“ Að lokum er Kristján rukkaður um eina uppskrift af nýja bröns-matseðlinum og þá kemur til kasta matreiðslumannsins Kristófers Bachman Þórðarsonar. Hann gefur uppskrift að hleyptum eggjum með ristuðu brauði, beikoni og hollandaise-sósu. Rétturinn heitir:

**EGG BENIDIKT**
**1 egg**
**1l vatn**
**50 ml edik**

Edik og vatn sett í pott og látið sjóða (ekki bullsjóða). Eggið sett út í vatnið og hrært í kringum eggið í um fimm mínútur.

**HOLLANDAISE SÓSA**
**1 eggjarauða**
**100 g smjör, brætt**
**1 tsk. edik**
**salt og pipar**

Eggjarauðan og edikið sett í skál yfir vatnsbaði, þeytt upp þar til sósan þykknar. Smjöri, salti og pipar bætt út í.




**80%** Nettó á vinninginn þessa vikuna en þar er boðið upp á 1 lítra af sykurlausum Natumi Soyadrink á 29 kr. Hann kostaði áður 159 kr.


# Afleysingamenn leigubílstjóra

## Námskeið

Með vísun til laga nr. 134/2002 um leigubifreiðar, gengst Vegagerðin fyrir námskeiði fyrir afleysingamenn leigubílstjóra í Ökuskólanum í Mjódd **dagana 13., 14. og 15. júní n.k.** Þátttaka tilkynnist fyrir **mánudaginn 12. júní** til Ökuskólans í Mjódd **í síma 567-0300. Næsta námskeið verður haldið í september.**

VEGAGERÐIN

ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD



# 10-30% afsláttur



Hanson, belgísk hágæðarúm. 5 svæða pokafjaðrakerfi og yfirdýna með hrosshárum.

Sængurverasett, rúmteppi, handklæði baðsloppar ofl. frá Yves Delorme og Kenzo.

Rafdrifin rúm frá Recor með 9 svæða pokafj. kerfi.

TILBOÐSDAGAR!

Amerísk rúm frá **Stearns & Foster.** Rollsinn í amerískum rúmum.



rúmco

Langholtsvegi 111 • 104 Reykjavík • Sími: 568 7900

Opið virka daga 11 – 18 og laugardaga 11 - 14


**FJARÐARKAUP** – ekki bara verð!

Tilboðin gilda til 11. júní

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| FK blandaðar lærisneiðar | 1398 | 1997 | 1398 | 30 |
| FK lambakótilettur | 1398 | 1798 | 1398 | 20 |
| Fjallalamb, grillsneiðar | 967 | 1398 | 967 | 30 |
| Ali mexico svínakótilettur | 1274 | 1698 | 1274 | 25 |
| Ali grillpylsur, Frankfurt | 674 | 898 | 674 | 25 |
| Lífrænt rucola, 147 g | 269 | nýtt | 1830 | |
| Lífrænt spínat, 147 g | 269 | nýtt | 1830 | |
| Ferskur ananas | 119 | 219 | 119 | 45 |
| Ferskur mangó | 189 | 319 | 189 | 40 |
| Ferskur avacado | 279 | 398 | 279 | 30 |
| FK jurtakryddað lambalæri | 1098 | 1830 | 1098 | 40 |

**HAGKAUP** – Skemmtilegast að versla

Tilboðin gilda til 11. júní

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| New Orleans BBQ svínarif | 1.239 | 1.549 | 1.239 | 20 |
| BBQ svínakótilettur úr kjötborði | 998 | 1.498 | 998 | 35 |
| BBQ hamborgarar úr kjötborði | 159 | 189 | 1.159 | 15 |
| Spare ribs, soðin úr kjötborði | 998 | 1.499 | 998 | 35 |
| Góð kaups hamborgarar, 4 stk með brauði | 399 | 525 | 399 | 25 |
| Prins Póló, mini | 159 | 199 | 968 | 20 |
| Prins Póló, 4 stk | 159 | 199 | 159 | 20 |

**KASKO**

Tilboðin gilda til 11. júní

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Blandað hakk | 653 | 1.088 | 653 | 40 |
| Grillborgarar, 4 stk | 199 | 299 | 199 | 35 |
| Bratwurst-pylsur | 724 | 1.034 | 724 | 30 |
| Lamaframpartssneiðar, þurrkryddaðar | 1.499 | 1.998 | 1.499 | 25 |
| Grillpylsur | 695 | 1.038 | 695 | 35 |
| Íslenskar agúrkur, 1 stk | 59 | 95 | 59 | 35 |
| Iceberg | 199 | 298 | 199 | 35 |
| Myllu Okkar brauð, 770 g | 99 | 149 | 99 | 35 |

**KRÓNAN**

Tilboðin gilda til 11. júní

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Kronfagel kjúklingabringur, sænskar | 1.998 | 1.598 | 1.598 | 20 |
| Ali svínakótilettur, Mexíkóþurrkryddaðar | 1.698 | 998 | 998 | 40 |
| Ali svínahnakki, úrbeinaður og Mexíkókryddaður | 1.698 | 998 | 998 | 40 |
| Gourmet rauðvíns lambalæri | 1.874 | 1.312 | 1.312 | 30 |
| Krónu pylsur | 398 | 279 | 544 | 30 |
| Fyrirtaks pitsur marg/pepp/skinku | 489 | 299 | 854 | 40 |
| Goða hangiálegg, bunkar | 2.988 | 2.092 | 2.092 | 30 |
| Doritod Nacho cheese/cool American | 170 | 149 | 745 | 10 |
| Góu lakkrísbitar | 238 | 219 | 1095 | 10 |
| Ferðatöskutilboð, 3 töskur | 6.997 | nýtt | 2.332 | |

**nettó**

Tilboðin gilda til 11. júní

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Blandað hakk | 653 | 1.088 | 653 | 40 |
| Nettó borgarar, 4 stk | 199 | 299 | 199 | 35 |
| Lamaframpartssneiðar, þurrkryddaðar | 1.499 | 1.998 | 1.499 | 25 |
| Íslenskar agúrkur, 1 stk | 59 | 99 | 59 | 40 |
| Iceberg | 199 | 299 | 199 | 35 |
| Natumi Soyadrink, sykurlaus 1 ltr | 29 | 159 | 29 | 80 |
| Fjörfisks reykt ýsa | 675 | 899 | 675 | 25 |
| Lays Bugles Nacho Cheese, 125 g | 99 | 149 | 99 | 35 |
| Lays Bugles Original, 125 g | 99 | 149 | 99 | 35 |
| Borgarnes hangiálegg, 150 g | 349 | 499 | 349 | 30 |

**NÓATÚN**

Tilboðin gilda til 11. júní

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Nautafilet í rauðv/pipar marineringu | 3.298 | 2.998 | 2.998 | 10 |
| Grísafilet spjót með grænmeti og marineringu | 598 | 498 | 498 | 15 |
| Lambainnralæri spjót, Toscana | 698 | 598 | 598 | 15 |
| Skötuselur fiðrildi með hvítlauk og rósmarín | 1.998 | 1.798 | 1.798 | 10 |
| Skötuselur spjót með papriku | 598 | 498 | 498 | 15 |
| Skötuselur fiðrildi í tómat og basil | 1.998 | 1.798 | 1.798 | 10 |
| Nóatúns ungnautahakk, pakkað | 1.398 | 979 | 979 | 30 |
| Kelloggs Special K | 429 | 399 | 532 | 10 |
| Happy Day safar | 219 | 149 | 149 | 30 |
| Emmes ísblóm jarðarberja/Daim | 398 | 299 | 75 | 25 |

**Þín verslun**

Tilboðin gilda til 15.júní

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambaframpartsgrillsneiðar, þurrkryddaðar | 1.499 | 1.998 | 1.499 | 25 |
| Ostapylsur | 829 | 1.099 | 829 | 25 |
| Hótel lifrarkæfa, 165 g | 177 | 253 | 1.073 | 30 |
| Kellogg's Corn flakes, 500 g | 239 | 259 | 478 | 10 |
| Kellog's Just Right, 500 g | 339 | 398 | 678 | 15 |
| Crawfords vanillukex, 500 g | 229 | 259 | 458 | 10 |
| Crawfords súkkulaðikex, 500 g | 229 | 259 | 458 | 10 |
| Oetker Íssósur, 230 g | 199 | 289 | 865 | 30 |

**BÓNUS**

Tilboðin gilda til 11. júní

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| KF Villikryddaðar lambaframpartssneiðar | 839 | 1.259 | 839 | 35 |
| KF Grill lambarif, krydduð | 259 | 319 | 259 | 20 |
| Ali HM svínarif, forelduð | 839 | 1.079 | 839 | 20 |
| Holta hm kjúklingavængir, foreldaðir | 349 | 399 | 349 | 15 |
| Euroshopper frosnir skyndiréttir 400gr | 198 | nýtt | 495 | |
| Euroshopper frosin jarðaber 1kg | 198 | nýtt | 198 | |
| Euroshopper frosin hindber 500gr | 198 | nýtt | 396 | |
| Euroshopper túnfiskur vatn/olía 185 gr | 69 | nýtt | 373 | |
| Euroshopper frosnir maísstönglar 450 gr | 98 | nýtt | 220 | |
| Bónus pylsur | 479 | 539 | 479 | 10 |

# Húsgögn og húsbúnaður

***Í Húsgagnahöllinni má finna vörur á allt að 80 prósenta afslætti.***

Útsala er hafin í Húsgagnahöllinni, Bíldshöfða 20. Útsöluvörur eru á 30 til 80 prósenta afslætti en þar að auki eru aðrar vörur á 10 prósenta afslætti.

Útsalan er á þremur hæðum hússins og þar er að finna ýmiss konar húsgögn og húsbúnað. Sem dæmi um vörur á niðursettu verði má nefna Bolero-borðstofuborð úr eik á 65 prósenta afslætti, Bolero-eikarsófaborð á 65 prósenta afslætti og Lyon-þriggja sæta sófa á 60 prósenta afslætti.

Verslunin er opin alla daga vikunnar.



Útsala Húsgagnahallarinnar er á þremur hæðum hússins. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM



Stjúpurnar eru ódýrari en áður.

# Sumarblóm á afslætti

*Blómaval veitir 20 til 50 prósenta afslátt af öllum sumarblómum.*

Nú er rétti tíminn til að planta sumarblómum í garðinn. Hjá Blómavali er hægt að gera kjarakaup þessa dagana því þar er veittur góður afsláttur af öllum sumarblómum. Tíu stjúpur sem áður kostuðu 799 krónur kosta nú 399 og falleg margaríta fæst fyrir 499 krónur. Petúníur þrjár saman kostuðu áður 1199 en fást nú á 599 krónur.

Tilboðið gildir fram á sunnudag og á við í öllum verslunum Blómavals, í Skútuvogi, Keflavík, Grafarholti, Kringlunni, Smáralind og á Selfossi og Akureyri.

# TVIX mini-spilari

Í tölvulistanum má alltaf finna eitthvað á góðu verði. Nýjasta viðbótin við úrvalið er ný kynslóð TVIX mini-spilara. Um er að ræða tæki sem gerir þér kleyft að spila kvikmyndir og tónlist á tölvutæku formi án tölvu. Tækið er eins konar harður diskur sem hægt er að tengja við sjónvarp, hljómflutningstæki og myndavél og spila það sem hugurinn girnist.

Tækið er lítið og létt og kemur í ýmsum útfærslum. Hægt er að fá það í 2,5 og 3,5 tommu hýsingum, með misstóru geymsluplássi upp að 320 GB. Fjarstýring fylgir öllum gerðum.Tölvulistinn býður einnig upp á Acer CU6530 6,3 MegaPixla myndavél sem aðeins vegur 125 g á 29.900 kr. Það að auki er fjöldi tilboða í gangi.




Tölvulistinn er við Nóatún í Reykjavík, Glerárgötu á Akureyri og Hafnargötu í Keflavík.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

- tg


# Innritun fyrir haustönn 2006

Innritun fyrir haustönn 2006 stendur nú yfir. Umsóknarfrestur er til 12. júní. Rafræn innritun fer í gegnum www.menntagatt.is. Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu skólans sem er opin 8.00-15.00 eða á heimasíðu skólans, www.fa.is.



Eftirtaldar námsbrautir eru í boði:

**Bóknámsbrautir til stúdentsprófs:**
**félagsfræðibraut,**
**málabraut,**
**náttúrufræðibraut og**
**viðskipta- og hagfræðibraut.**

**Starfsnámsbraut;**
**upplýsinga- og fjölmiðlabraut**
**– veftæknanám, -viðbótarnám til stúdentsprófs**

**Heilbrigðisskólinn:**
**Heilsunuddarabraut,**
**hjúkrunar- og móttökuritarabraut,**
**brúarnám á hjúkrunar- og móttökuritarabraut,**
**lyfjatæknabraut,**
**læknaritarabraut,**
**sjúkraliðabraut,**
**brúarnám á sjúkraliðabraut og**
**tanntæknabraut.**
**-viðbótarnám til stúdentsprófs**

Almenn námsbraut.

Nánari upplýsingar um allar þessar brautir eru á heimasíðu skólans, www.fa.is. Þar er einnig kynning á skólastarfinu, myndir úr félagslífi o.fl.

Skólinn býður upp á fjarnám allt árið. Nánari upplýsingar á heimasíðu skólans..

**Skólameistari**



SVEFNSÓFAR MEÐ HEILSUDÝNU







TILBOÐSDAGAR Í JÚNÍ
MIKIÐ ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM MEÐ HEILSUDÝNU

www.design.is ©2006

Betra BAK

**Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18**
**Lokað á laugardögum í júní og júlí**

## Indverskir dagar í Miru

HÚSGAGNABÚÐIN MIRA BÝÐUR 30-50 PRÓSENT AFSLÁTT AF ÖLLUM INDVERSKUM VÖRUM

Síðustu daga hefur Mira verið að taka á móti nýjum indverskum húsgögnum og hefur mikið úrval af skenkum, borðstofuborðum, hillum, skápum og sófaborðum. Til dæmis er hægt að gera góð kaup á borðstofuborðum sem áður kostuðu 49.000 krónur en kosta nú 34.300 krónur. Skáparnir eru á fimmtíu prósenta afslætti og er til dæmis hægt að fá sjónvarpsskápa á 49.450 krónur sem áður kostuðu 98.900 krónur. Mira er staðsett í Bæjarlind 6, Kópavogi.



Alls kyns skápar, skenkir og borð eru á tilboði

# Í sólina í júní.

*Hægt er að stökkva í sólina á góðu verði í júní.*

Heimsferðir bjóða upp á tilboð til Benidorm í júní. Hægt er að stökkva í sólina á Spáni 22. eða 29. júní en verðið er frá 29.990 krónum. Þá er miðað við hjón með tvö börn í íbúð í viku. Flug gisting, skattar og íslensk fararstjórn innifalin en aukavika á Bendiorm kostar 10.000 krónur.

Heimferðir bjóða einnig upp á tilboð til Rimini dagana 21. og 28. júní en verðið er hið sama.

Hægt er að bóka sæti núna og fjórum dögum fyrir brottför fá ferðalangar að vita hvað þeir muni gista.



Benidorm er vinsæll áfangastaður íslenskra ferðalanga

## Afmælistilboð í Ormson Síðumúla

HLJÓMTÆKJA- OG SKRIFSTOFUDEILD ORMSON ER BÚIN AÐ VERA Í EITT ÁR Í SÍÐUMÚLA 9 OG AF ÞVÍ TILEFNI ERU ÝMSAR VÖRUR Á AFMÆLISTILBOÐSVERÐI.

Í tilefni af eins árs dvöl í Síðumúlanum býður Ormson upp á fjölda freistandi afmælistilboða. Meðal þess sem fá má á tilboðsverði eru sjónvörp, prentarar, leikjatölvur, myndavélar og heimabíó. Tilboðin verða í gildi eitthvað áfram og eru allir hvattir til þess að kynna sér úrvalið og gera góð kaup.



Nintendo DS leikjatölva fæst á aðeins 13.900 kr. í Ormson á afmælistilboði.







Guðjón og litla tölvubúðin hans Takkar. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Hefur fallið í allar gildrur

*Guðjón Þorsteinn Pálmarsson leikari og verslunareigandi á mun auðveldar með að muna góðu kaupin en þau slæmu.*

Þegar blaðamaður náði tali af Guðjóni var hann í óða önn að mála verslunina sína. „Ég og félagi minn rekum tölvuverslun og viðgerðaþjónustu í Síðumúla 34. Við stofnuðum fyrirtækið fyrir ári, félagi minn kom með þekkinguna og ég með sjarmann," segir Guðjón og hlær. „Við gerum bæði við PC tölvur og seljum líka tölvuvörur." Aðspurður hvort ekki sé erfitt að keppa við risana á markaðnum játar Guðjón að svo sé. „Okkur hefur samt gengið ágætlega að slá þeim við en það er ekki auðvelt," segir Guðjón.

Guðjón var ekki lengi að rifja upp sín bestu kaup. „Ég verð að segja að bestu kaupin sem ég hef gert á ævinni var hjálmur sem ég keypti sjö ára gamall," segir Guðjón um leið og hann viðurkennir að hafa enga hugmynd um þær hvatir sem þar lágu að baki. „Mig langaði rosalega í verkamannahjálm, svona eins og Bubbi byggir notar. Ég held ég fari rétt með það að hann hafi kostað 62 krónur í Kaupfélaginu. Ég safnaði mér fyrir hjálminum, var ótrúlega lengi að ná 40 krónum en var svo dreginn í land með restina. Ég notaði hjálminn ekki lengi, hann var náttúrulega allt of stór, en pabbi notar hjálminn enn þann dag í dag," segir Guðjón stoltur.

Guðjón gerði líka góð kaup þegar hann snéri uppá hendi föður síns og fékk hann til að skrifa upp á 30.000 kr víxil fyrir sig. Fyrir peninginn keypti hann Fender Stradocaster rafmagnsgítar sem hann notar enn í dag. „Ég bar út Moggann heillengi til að safna pening til að borga pabba til baka," segir Guðjón.

Ætli verstu kaup Guðjóns hafi ekki verið rándýr Canon filmumyndavél. „Ég keypti þessa fínu vél en átti engan pening eftir til að kaupa aukahluti og linsur. Þar að auki komu digital myndavélarnar stuttu eftir þetta þannig að ég hef notað vélina lítið."

Í eldamennsku og vali á hráefni tekur Guðjón Ítali sér til fyrirmyndar. „Ég bjó í einn mánuð hjá ítalskri fjölskyldu og þar var allt hráefni rosalega vandað," segir Guðjón. „Það var hinsvegar ekki fyrir fjölbreytninni að fara. Það sem notað var var fyrsta flokks en það voru ekki þúsund tegundir á boðstólum. Ef ég fæ mér kjúkling þá fæ ég mér ekki hvítlauksbrauð með, þó svo mig langi til þess. Það er bara vesen. Ég fæ mér bara kjúklinginn, hrísgrjón og barbeque-sósu og þá er það komið."

*tryggvi@frettabladid.is*

## Hagkaup í HM hug

ÞAÐ ÆTTI EKKI AÐ VÆSA UM FÓTBOLTAÁHUGAMENN MEÐ GLÆNÝJAN PLASMASKJÁ FRÁ HAGKAUPUM, FLEIRI TUGI LÍTRA AF GOSI, ANNAÐ EINS AF SNAKKI OG ÁSKRIFT AF SÝN Í KAUPBÆTI.

Hagkaupsverslanirnar bjóða nú til sölu 42 tommu plasma sjónvarpstæki frá United á sérstöku tilboði í tilefni af HM sem fram fer í Þýskalandi. Þeir sem festa kaup á plasmatækjunum hjá Hagkaupum fá hvorki meira né minna en 36 lítra af kóki og 20 poka af Maarud snakki í kaupauka. Það er heldur ekki mikið gagn í plasmaskjá á HM tilboði ef maður er ekki með Sýn og því fylgir HM áskrift á sjónvarpsstöðinni með hverju keyptu 42 tommu United sjónvaprstæki á meðan á tilboðinu stendur.



Heimsmeistarakeppnin hefst í dag

## Auglýsing um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Sléttuhlíðar, í Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 16. maí 2006 að auglýsa til kynningar tillögu að breytingu á deiliskipulagi Sléttuhlíðar í Hafnarfirði í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Deiliskipulagið er frístundabyggð í landi Hafnarfjarðar, við Sléttuhlíð, Gráhelluhraun og Klifsholt. Heildarstærð skipulagssvæðis er um 231 ha.

Deiliskipulagið verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, frá 8. júní - 6. júlí 2006. Nánari upplýsingar eru veittar á umhverfis- og tæknisviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 20. júlí 2006. Þeir sem ekki gera athugasemd við breytinguna teljast samþykkir henni.

Umhverfis- og tæknisvið Hafnarfjarðar.

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

## Vélaskýlisgrind

Fasteignir Akureyrarbæjar óska eftir tilboðum í stálgrind af skýli sem er uppsett inn á Krókeyri við Eyjafjarðarbraut (Drottningarbraut) á Akureyri, fastanúmer 224-3135. Grunnflötur um 78 $m^2$. Hluti af klæðningu fylgir grindinni. Bjóðandi þarf að taka grindina niður og fjarlægja af þeim stað er hún stendur á fyrir 20. júní nk.



**Tilboðum skal skila til Fasteigna Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 600 Akureyri.**
***Skilafrestur tilboða er til kl. 11:00 þann 12. júní 2006.***

**Fasteignir Akureyrarbæjar áskilja sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.**

**FASTEIGNIR AKUREYRARBÆJAR**
**Geislagötu 9, 4. hæð, Sími 460 1128**

Akureyrarbær • Geislagötu 9 • 600 Akureyri
Sími 460 1000 • Fax 460 1001 • www.akureyri.is

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Yfir 150.000 gestir daglega
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

## BORGARHOLTSSKÓLI

Innritun nemenda á haustönn 2006 stendur yfir og lýkur 12. júní. Innritun í dagskóla er rafræn á www.menntagatt.is

**Iðnnám**
Grunndeild bíliðna
Bifvélavirkjun
Bifreiðasmíði
Bílamálun
Fyrrihlutanám í málmiðnum
Vélsmíði
Rennismíði
Málmsuða (nem. komi til viðtals 7.-9. júní)
Blikksmíði
Stálsmíði
Upplýsinga- og fjölmiðlabraut

**Annað starfsnám**
Félagsliðabraut
Verslunarbraut
Námsbraut fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum

**Listnám**
Margmiðlunarhönnun grafísk áhersla
Margmiðlunarhönnun fjölmiðlatækni

**Bóknám til stúdentsprófs**
Félagsfræðabraut
Málabraut
Náttúrufræðibraut
Viðbótarnám til stúdentsprófs eftir iðn-, starfs- og listnám

**Almenn námsbraut**
Fyrir nýnema úr grunnskóla sem ekki standast inntökuskilyrði á aðrar námsbrautir

Opið hús verður í skólanum 9.júní kl. 9–16 og 12. júní kl. 11–18 þar sem námsleiðir eru kynntar.

Staðfest afrit námsferla á framhaldsskólastigi verða að berast skólanum ef við á svo hægt sé að taka umsóknir til afgreiðslu.

Nánari upplýsingar um einstakar námsbrautir eru á heimasíðu www.bhs.is.




Borgarholtsskóli, v/Mosaveg, 112 Reykjavík. Sími 535 1700. Bréfasími 535 1701



## OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL 16 OG 18





## URÐARBRAUT - 200 KÓP.

Einbýlishús byggt í tveimur áföngum, timburhluti ca. 75 fm. byggður 1946 og steinbygging 1954 ca. 71 fm. Samt. 146,0 fm auk 81 fm bílskúrs byggðum 1959, sem býður uppá mjög mikla möguleika fyrir athafnafólk. **VERÐ 39,7.m**

**Bjarni Pétursson sölufulltrúi – 896-3875**

**Akkurat**
**FASTEIGNASALA**
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000

RE/MAX® MJÓDD

ÞITT - líf - ÞINN ferill - ÞÍN leið












# Beitistaðir

Opið hús laugardaginn 10.06.06 kl. 16:00-19:00

Jörð í Leirársveit með algjörlega nýendurnýjuðu einbýlishúsi og útihúsum samtals 11 hektara jörð. Frábært tækifæri fyrir hestafólk og eins væri möguleiki að vera með gistiheimili eða annan rekstur á jörðinni. Fallegar reiðleiðir eru til allra átta m.a út á fjörur. Einbýlishúsið: Steinhús klætt að utan með bjálkaklæðningu og einangrað með steinull. Húsið er á 2 hæðum, glæsilegt og alveg endurnýjað, efri hæðin bíður upp á marga möguleika t.d rekstur gistiheimilis. Á jörðinni eru samtals 600fm af húsum(með einbýlishúsinu) 30-40 hesta hesthús, 2 hlöður og fjós. Jörðin: 11 ha þar af ca 3,3 ha af ræktuðu landi. Möguleiki á að skipta upp landinu og breyta í minni lóðir undir t.d " búgarða. "Skjólbeltarækt er hafin í samvinnu við vesturlandsskóga. Frábærar reiðleiðir eru í allar áttir m.a. út á fjörur. Húsið stendur frekar hátt í miðri sveitinni við Leirvoginn (Grunnafjörð) Með alveg frábæru útsýni m.a. yfir fjörðinn og í átt til Skarðsheiðar. Örstutt er til Borganess og Akraness og ca 30 mín til Reykjavíkur.

RE/MAX® MJÓDD

Jónas Örn
Jónasson hdl.
lögg. fasteignasali
520 9550



Hafdís
Sölufulltrúi
**895 6107**
hafdis@remax.is



Ásdís Ósk
Sölufulltrúi
**863 0402**
asdis@remax.is



Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

☎ 520 9550



Það er gott að búa á austurlandi



# Félagasamtök, til sölu vandaðar orlofsíbúðir

TIL SÖLU



## Kaupvangur, Egilsstaðir - 2., 3. og 4. herbergja íbúðir

Íbúðirnar eru á besta stað í bænum, steinsnar frá þjónustukjarna bæjarins. Stórar og góðar svalir fylgja öllum íbúðum, með einstöku útsýni. Eldhúsinnréttingar eru úr eik, góðir skápar eru í herbergjum & anddyri. Hjóla og vagna-geymsla er á jarðhæð, og geymslur fyrir hverja íbúð í kjallara. Íbúðirnar afhendast tilbúnar án gólfefna.

FFA og fasteignasalar veita allar frekari upplýsingar.

2H VERÐ FRÁ KR. 12.850.000*
TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR

3H VERÐ FRÁ KR. 16.450.000*
TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR

4H VERÐ FRÁ KR. 18.750.000*
TIL AFHENDINGAR 2007









* Verðlisti miðaður við vísitölu byggingarkostnaðar fyrir mars 2006 (325,3)

ffa
FASTEIGNAFÉLAG AUSTURLANDS

Björn sími: 896-8934
Ágúst sími: 894-7230
Harry sími: 896 6900

Fasteignafélag Austurlands ehf · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934



AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



## VISSIR ÞÚ...

... að gömul lög í Nevada banna fólki að ríða úlfalda á þjóðveginum?

... að í borginni Houston í Texas er það bannað með lögum að hafa hátt meðan maður færir til kassa?

... að einu sinni þurftu menn í Minnesota að taka ofan ef þeir mættu kú? Annars áttu þeir á hættu að vera teknir fastir.

... að í New York er bannað að opna regnhlíf fyrir framan hest?

... að í Alaska er það bannað með lögum að horfa á elg úr fljúgandi farartæki? Ekki fylgir sögunni hvaða refsing bíður þeirra sem slysast til að líta út um flugvélaglugga og eru svo óheppnir að sjá elg á jörðu niðri.

... að í Grikklandi til forna var ólöglegt að almenningur ætti ólívutré?

... að fyrr á öldum lá dauðarefsing við því að sjást drukkinn á almannafæri í Kína?

... að gömul lög í Bretlandi kváðu á um það að bannað væri að aka bíl sitjandi í aftursætinu?

... að gömul lög í Kansas bönnuðu mönnum að borða skröltormakjöt á sunnudögum?

... að í Chicago er bannað að fara að veiða í náttfötum?

... að árið 1993 var bannað með lögum að hlaupa eftir götum bæjarins Cebreros á Spáni? Lögin giltu bæði fyrir menn og hunda.

... að í Coral Gables í Flórída er bannað með lögum að synda í einkasundlaug á sunnudagsmorgnum ef það er kirkja í nágrenninu?

... að á 14. öld máttu enskir karlmenn sem þénuðu minna en sem samsvarar 1.500 krónur á ári ekki sofa með nátthúfur úr silki?

... að krikkett var bannað með lögum í Boston, Massachusetts, upp úr 1890.

... að enskir, skoskir og franskir karlar sem neituðu konu um að giftast á hlaupári máttu eiga von á refsingu. Þetta var á 15. öld.

... að eitt sinn var konum bannað að ganga með farða í Morrisville í Pennsilvaníu, nema að veittu leyfi frá yfirvöldum.

... að bannað er með lögum að borða í veitingahúsi í Chicago sem stendur í ljósum logum.

... að bresk lög frá 1551 gera mönnum ókleift að aka til kirkju.

... að í San Fransiskó er bannað að ganga niður aðalgötuna með fíl, nema hann sé í ól.

... að gömul lög í Maine banna lögreglunni að handtaka dauða menn.

... að eitt sinn var bannað með lögum í Norður-Karólínu að syngja falskt.

... að í Carmel, New York, er bannað með lögum að karlmenn gangi í jökkum sem passa ekki við buxurnar.

... að laukur var bannaður í Indlandi til forna. Þeir sem vildu borða lauk urðu að gera það fyrir utan borgarmúrana.

... að eitt sinn voru lög sem bönnuðu konum í Mobile í Alabama að ganga á háum hælum.

... að árið 1785 gaf Lúðvík XVI konungur Frakka út lög sem kváðu á um að lengd vasaklúta skyldi vera jöfn breidd þeirra.

... að lög í Gurnee, Illinois, gerðu konum sem voru yfir 100 kíló ókleift að fara á hestbak í stuttbuxum.

... að gömul lög í Ohio banna hvalaveiðar á sunnudögum í öllum vötnum ríkisins.

... að árið 1756 gaf Friðrik I Svíakonungur út lög sem bönnuðu kaffidrykkju.

# TOPP 5: WILL FERRELL

Leikarinn Will Ferrell hefur verið einn farsælasti gamanleikari seinustu ára og hafa margar myndir hans kitlað hláturtaugarnar hressilega. Í sumum myndum sínum hefur hann aðeins leikið aukahlutverk en tekist algjörlega að stela senunni.

**1. Anchorman: The Legend of Ron Burgundy.** Í kvikmyndinni heimsækja nokkrar persónur mexíkóskan veitingastað sem ber nafnið Escpimos en su Alimentu, en á spænsku þýðir það að eigendur veitingahússins hræki í matinn sem borinn er fram. Jack Black bregður aðeins fyrir í myndinni þegar hann stöðvar mótorhjól sitt og sparkar hundi Ferrells fram af stórri brú.

**2. Zoolander** Það fór ekki vel í ráðamenn í Malasíu og Singapúr að malasískum forsætisráðherra skyldi vera sýnt banatilræði í myndinni og því var hún bönnuð í löndunum. Áður en myndin var send í kvikmyndahús á haustdögum 2001 voru myndbrot af tvíburaturnunum í New York klippt út.

**3. Old School** Útvarpsþátturinn Frank á X-inu 977 dregur nafn sitt af hinum drykkfellda Frank The Tank sem Ferrell lék svo snilldarlega. Atriðið þegar að Frank skýtur sjálfan sig með deyfibyssu í afmælisveislu og dettur ofan í sundlaug er stæling á atriði úr kvikmyndinni Graduate frá 1967. Í atriðinu er myndatakan eins og tónlistin sú sama og í eldri myndinni.

**4. Starsky & Hutch** Það tók Ferrell ekki nema einn dag að taka upp allar senur sínar í myndinni. Í myndinni kemur fyrir hljómsveit sem syngur dónalega texta í fermingarveislu. Sama hljómsveit lék dónaleg lög í brúðkaupinu í upphafi myndarinnar Old School.

**5. A Night at the Roxburry** Jim Carrey kom að handritaskrifunum en rataði samt sem áður ekki inn á kreditlista myndarinnar. Hugmyndin að kvikmyndinni kom í kringum atriði úr Saturday Night Live-þáttunum þar sem Ferrell var ein aðalsprautan. Tónlistarmaðurinn Haddaway hefur ekki mikið látið að sér kveða í tónlistarbransanum síðan þeir bræður Doug & Steve gerðu lagið What is Love að einu mesta partílagi síns tíma með hausadansinum fræga.




REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

Í Reykjavík er alltaf eitthvað sem er nýjasta nýtt

Líf, fréttir og viðburðir á ensku

Vefurinn Reykjavik.com og blaðið Reykjavikmag eru nýjar upplýsingaveitur á ensku.

Þær bjóða upp á ferska umfjöllun og nýjustu upplýsingar um allt sem heimsborgin Reykjavík státar af á hverjum tíma; menningarviðburði, skemmtistaði, veitingastaði, söfn, gallerí, tísku, verslanir og næturlíf.

Nýjustu fréttir frá Íslandi

Reykjavíkmag blaðið kemur út hálfsmánaðarlega og verður dreift um alla borg. Vefurinn Reykjavík.com flytur alltaf nýjustu fréttir frá Íslandi og er stöðugt uppfærður í samstarfi við Fréttablaðið og NFS.

Be prepared,
REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

# Vonbrigði Akureyringa

UMRÆÐAN
ÚRSLIT SVEITASTJÓRNAKOSNINGA



HLYNUR HALLSSON
VARAÞINGMAÐUR

Úrslit bæjarstjórnarkosninganna á Akureyri voru sannarlega ánægjuleg. Vinstriflokkarnir eru sigurvegarar kosninganna og „öruggur“ meirihluti Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks var felldur. Í fyrsta sinn í sögunni er grundvöllur fyrir því að mynda meirihluta í bæjarstjórn Akureyrar án þessara flokka.

Það kom því mörgum á óvart að fyrsti kostur Samfylkingarinnar skyldi vera að tala við Sjálfstæðisflokkinn sem tapaði um 5% atkvæða í kosningunum. Þegar Kristján Þór Júlíusson tók hins vegar ekki í mál að láta bæjarstjórastólinn af hendi sneri Hermann Jón Tómasson, oddviti Samfylkingarinnar, sér að vinstri grænum og Lista fólksins. Á fundi var undirritað samkomulag um að fulltrúar flokkanna myndu hefja viðræður um myndun meirihluta og ekki tala við aðra flokka á meðan. Á fundi strax daginn eftir kosningar voru málefnin rædd og samkomulag um að gera drög að málefnasamningi flokkanna og Hermann Jón hafði áhuga á því að verða bæjarstjóri þó að fulltrúar vinstri grænna og Lista fólksins litist betur á að ráða faglegan bæjarstjóra næstu fjögur árin. Ekki var ágreiningur um þetta og ekki heldur þau málefni sem ráðast átti í og boðað var til annars fundar á mánudegi.

Það undarlega gerist svo þegar fulltrúar Lista fólksins og vinstri grænna mæta á þann fund að þá lýsir Hermann Jón því yfir að hann treysti sér ekki í frekari viðræður um myndun meirihluta því sá meirihluti yrði ekki nægilega „traustur“. Þessi einhliða ákvörðun kom öðrum fullkomlega í opna skjöldu. Einnig það að Samfylkingin hafði þá þegar haft samband við Sjálfstæðisflokkinn um meirihlutaviðræður. Þetta var brot á fyrra samkomulagi og svik við kjósendur Samfylkingarinnar sem trúðu því að markmiðið væri að fella gamla meirihlutann en ekki að Samfylkingin kæmi inn sem hækja fyrir Sjálfstæðisflokkinn í stað Framsóknar. Margir félagar í Samfylkingunni höfðu samband við mig og lýstu yfir vonbrigðum með þessa ákvörðun Hermanns Jóns.

Þegar þetta er skrifað hefur Samfylking og Sjálfstæðisflokkur þegar samið um skiptingu embætta sem virðist vera mikilvægasta mál beggja flokka. Það hljóðar upp á fyrstu þrjú árin til D-lista og svo fær Hermann Jón að vera bæjarstjóri síðasta árið. Útlit er fyrir að Akureyringar fái þannig þrjá bæjarstjóra á fjórum árum því allir vita að hugur Kristjáns Þórs stefnir á þing að ári. Skilaboðin sem kjósendur fá eru svo þau að Samfylkingin er tilbúin að hoppa upp í hjá Sjálfstæðisflokki hvenær sem er og leysa Framsókn af hólmi fyrir hálft orð.

Félagar í Samfylkingunni geta mótmælt þessum vinnubrögðum forystunnar á almennum félagsfundi sem ekki hefur verið boðaður þegar þetta er skrifað og ef það dugar ekki þá er hægt að ganga til liðs við raunverulegan vinstriflokk sem selur ekki hugsjónir sínar um leið og kosningar eru afstaðnar.

Verði velkomin í Vinstri hreyfinguna - grænt framboð sem ætlar að fella ríkisstjórnina í kosningunum eftir tæpt ár og þá meina ég alla ríkisstjórnina ekki bara litla hlutann.

## AF NETINU

### Afríka sekkur dýpra

Í stað þess að vera mjög útbreitt vandamál hefur örbirgð því orðið að staðbundnu vandamáli á síðustu þrjátíu árum þar sem ríki eins og Indland, Kína, Indónesía og Suður-Kórea hafa lyft hundruðum milljóna þegna sinna úr örbirgð á meðan ríki Afríku sunnan Sahara hafa sokkið dýpra í fátæktarfenið. Árið 1970 bjuggu aðeins 13,4 prósent af öllum þeim sem bjuggu við örbirgð í Afríku. Árið 2000 var þetta sama hlutfall komið í 74,5 prósent.

**Jón Steinsson á deiglan.com**

### Skilgreiningarvandi

Í gær kom út skýrsla Evrópuráðsins um bandarískt fangaflug. Samkvæmt skýrslunni voru fjórtán lönd með einum eða öðrum hætti Bandaríkjamönnum innan handar í því markmiði þeirra að flýja eigin landslög um bann við pyntingum. Bandaríkjamenn neita því að vísu sjálfir að um pyntingar sé að ræða. Þeir hafa hannað eigin skilgreiningar eftir aðstæðum hverju sinni. [...] Skilgreiningarvandi bandarísku alríkisþjónustunnar felst í því að enginn löggjafi virðist sættast á að aðferðir þeirra sé hægt að skilgreina öðruvísi en sem pyntingar.

**Finnur Dellsén á murinn.is**

### Áskorun

Nú keppast fjölmiðlar við að kjafta af stað blóðug átök innan flokksins og hafa ýmsir flokksmenn að undanförnu lagt þeim lið við það. Því miður. Hinn almenni Framsóknarmaður stendur á hliðarlínunni og bíður þess að sátt náist og að öldurnar lægi [...] Þetta fólk á betra skilið en að Framsóknarflokkurinn verði öðrum flokkum bráð í harðri baráttu um völd og vegna innbyrðis átaka. Ég skora á þá, sem með völdin fara, að leggja strax niður vopn, hætta opinberum átökum í fjölmiðlum og vinna sitt fylgi inn á við, með fólkinu okkar, sem bíður eftir því að geta aðstoðað við uppbyggingu fyrir komandi kosningavetur.

**Helga Sigrún Harðardóttir á timinn.is**






DV um helgina



Bíður eftir réttu konunni




Sirkus og DV Sport eru fylgirit DV.

120 síður

Hefur þú séð DV í dag?

# Ryðgaður nagli í líkkistu fiskveiðistjórnunar

UMRÆÐAN
SKÝRSLA HAFRANNSÓKNARSTOFNUNAR



MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON
ALÞINGISMAÐUR

*Staðan er skelfileg eftir 20 ára „uppbyggingu" undir kvótakerfi. En þetta hefur lengi stefnt í vegna vitlausrar nýtingarstefnu. Ég hef margoft reynt að vara við þessari þróun. En þeir sem ráða hlusta alls ekki.*

Nýjasta ráðgjöf Hafró er mikill og þungur áfellisdómur yfir mislukkaðri fiskveiðistjórnun, og enn einn naglinn í líkkistu fiskveiðistjórnunarkerfisins. Vonandi einn sá síðasti sem rekinn verður í þann fúna kassa.

Öll þau varnaðar- og gagnrýnisorð sem við í Frjálslynda flokknum höfum haft uppi koma nú á daginn. Naglinn sem nú er notaður er því ekki nýr. Hann er gamall og ryðgaður. Stöðvum nú þá menn sem hafa stýrt fiskveiðum hér við land. Bolum eiginhagsmuna- og valdaklíkunni frá. Ríkisstjórnarliðum, embættismönnum, stjórnendum Hafró, og forystu og starfsmönnum LÍÚ. Framtíð þjóðarinnar og fullveldi er einfaldlega í húfi. Haldi fiskistofnunum áfram að hraka blasir við fullveldisafsal með inngöngu í ESB.

Þorskstofninn er langt niðri. Þorskurinn er magur og þjáist af ætisskorti. „Meðalþyngdir úr afla eftir aldri eru nálægt sögulegu lágmarki, þannig er meðalþyngd 3-7 ára um 10% minni en árið 2002 og 8-10 ára um 20-40% minni. Meðalþyngdir eftir aldri samkvæmt stofnmælingu sýna svipaða þróun," segir skýrsla Hafró. Hrygningarstofninn er slakur. Ýsustofninn er talinn í sögulegu hámarki. Nýliðun hefur verið mjög góð um margra ára skeið. En hér líður ýsan einnig fyrir ætisskort. Vöxtur hennar mjög lélegur. „Meðalþyngd flestra árganga er mun lægri en gert var ráð fyrir sem endurspeglar lélegan vöxt ýsu árið 2005, skrifa þeir hjá Hafró (www.hafro.is).

Lagt er til að úthafskarfaveiðar verði bannaðar á næsta ári. Aðrir karfastofnar eru í slæmu ásigkomulagi, búist er við að gullkarfaafli dragist verulega saman á næstu árum. Engar loðnuveiðar verða leyfðar fyrr en í fyrsta lagi næsta haust ef loðnan finnst þá. Rækjan er niðri og hörpudiskurinn sömuleiðis. Staðan er skelfileg eftir 20 ára „uppbyggingu" undir kvótakerfi. En þetta hefur lengi stefnt í vegna vitlausrar nýtingarstefnu. Ég hef margoft reynt að vara við þessari þróun. En þeir sem ráða hlusta alls ekki. Stöðugt sígur á ógæfuhliðina. Þrátt fyrir hagstætt umhverfi og hlýindi í hafinu er vistkerfi Íslandsmiða í kreppu. Ætisskortur er viðvarandi – bæði þorskur og ýsa horast niður. Ótímabær kynþroski tekur þunga tolla. Gengdarlaus loðnuveiði undanfarinna áratuga hlýtur að hafa hér áhrif.

Ég hef bent á leiðir til úrbóta. Á heimasíðu minni (www.magnusthor.is) er að finna ótal greinar sem ég hef skrifað og ræður sem ég hef flutt í þinginu. Það sem ég hef sagt og ritað er allt í góðu gildi – því miður. Nú á ekki að draga úr þorskveiðum. Helst á að gefa ýsuveiðar frjálsar.

Grisjum þessa stofna, annars eigum við á hættu að fiskarnir hverfi. Þeir drepist úr hor og vesöld og tjónið verði gríðarlegt. Grisjum og sköpum um leið betri lífsskilyrði fyrir þá sem eftir verða í hafinu, svipað og þegar bændur fækka í bústofni þegar ofbeit á sér stað.

Svo verður að draga markvisst úr loðnuveiðum. Veiða mest til manneldis og skilja meira af loðnunni eftir í hafinu sem næringu fyrir vistkerfið. Bara með þessum aðgerðum er von til að ná árangri.

*Magnús Þór Hafsteinsson alþingismaður og fiskifræðingur.*

# Órökstuddar uppsagnir

UMRÆÐAN
KJÖR LAUNAFÓLKS



SIGURÐUR T. SIGURÐSSON
FYRRVERANDI FORMAÐUR HLÍFAR

*Ráðherrann virðist sammála Samtökum atvinnulífsins að eðlilegt teljist að mannréttindi launafólks séu fótum troðin og það megi að ástæðulausu kasta fólki til og frá eftir geðþótta atvinnurekenda.*

Núverandi stjórnarflokkar hafa ítrekað sýnt verkalýðshreyfingunni fjandskap í ýmsum brýnum réttindamálum launafólks. Sérstaklega á þetta við almenna vinnumarkaðinn.

Eitt skýrasta dæmið er meðferð þriggja síðustu félagsmálaráðherra á ILO númer 158. Verkalýðshreyfingin, þó aðallega Verkalýðsfélagið Hlíf, hefur árum saman barist fyrir því að Alþingi lögleiði þessa samþykkt og bæti þannig réttindi launafólks til samræmis við það sem er á hinum Norðurlöndunum. Gengi það eftir mundi það gjörbreyta stöðu launafólks og tryggja því lágmarks mannréttindi við uppsagnir úr starfi, en þau vantar í íslenska löggjöf. Eins og lögin eru núna þá geta atvinnurekendur rekið starfsmann úr vinnu án þess að tilgreina neina ástæðu þó eftir sé leitað. Í október 1999 sagði þáverandi félagsmálaráðherra, Páll Pétursson, að stjórnvöld stefndu að því að fullgilda ILO samþykkt nr. 158. Því miður dagaði málið uppi hjá ráðherranum og kom aldrei fyrir Alþingi.

**Fyrirspurn á Alþingi**

Í fyrirspurnartíma á Alþingi í aprílmánuði sl. beindi Valdimar L. Friðriksson, þingmaður Samfylkingarinnar, eftirfarandi spurningum til Jóns Kristjánssonar félagsmálaráðherra:

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, ILO, nr. 158 um uppsögn starfs að hálfu atvinnurekanda, verði lögleidd hér á landi? Ef ekki, hvers vegna?"

Ekkert nýtt kom fram í svari ráðherrans, sem nær eingöngu var upprifjun á vel kunnugri afstöðu aðila vinnumarkaðarins til mannréttinda yfirleitt. En í lokin sagði hann: „Ég hef með hliðsjón af þessu ákveðið að fela Rannsóknarsetri vinnuréttar og jafnréttismála við Viðskiptaháskólann á Bifröst að semja tillögur að leiðbeiningareglum í anda þess sem kemur fram í samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158. Tillaga Rannsóknarseturs vinnuréttar og jafnréttismála um samskiptin við Alþjóðavinnumálastofnunina verður lögð fyrir samráðsnefnd ráðuneytisins og helstu samtaka vinnumarkaðarins. Tillagan verður lögð þar fram til umfjöllunar en ég legg áherslu á það að farsælast er að aðilar vinnumarkaðarins semji um þær reglur sem gilda í samskiptum launafólks og atvinnurekenda."

**Ástæðulausar uppsagnir**

Jón Kristjánsson er þriðji félagsmálaráðherrann úr röðum Framsóknarflokksins sem á skömmum tíma vísar frá sér að mæla með löggildingu á ákvæði um réttindi launafólks við uppsögn úr starfi. Ráðherrann virðist sammála Samtökum atvinnulífsins að eðlilegt teljist að mannréttindi launafólks séu fótum troðin og það megi að ástæðulausu kasta fólki til og frá eftir geðþótta atvinnurekenda. Þetta hefur án efa verið hægt meðan gömlu hjúalögin giltu, en sá tími er löngu liðinn. Við lifum á 21. öldinni og eigum að haga okkur eftir því. Að segja fólki upp starfi án þess að geta um ástæðuna viðgengst hvergi meðal vestrænna þjóða nema hér á Íslandi. Þetta er ruddaskapur sem ekki á að líðast og þess vegna á að banna slíkar geðþóttauppsagnir með lögum.

**Aðgerða er þörf**

Í stað þess að láta Alþingi fjalla um ILO samþykkt nr. 158 sendir félagsmálaráðherra hana til Rannsóknarseturs vinnuréttar og jafnréttismála við Viðskiptaháskólann á Bifröst í Borgarfirði. Með þessu er ráðherrann að tefja málið og taka undir málflutning Samtaka atvinnulífsins að mannréttindaákvæði Sameinuðu þjóðanna séu of mannúðleg fyrir íslenskan vinnumarkað og þau þurfi að skoða og endursemja fyrir Íslendinga.

Ráðherrann virðist álíta að bjóða megi íslensku launafólki upp á verri kjör og réttindi heldur en fólki í öðrum vestrænum ríkjum, t.d. í Danmörku eða Frakklandi. Er nema furða að Framsóknarflokkurinn tapi fylgi miðað við þann sautjándu aldar hugsunarhátt sem þar ríkir.

Það er kominn tími til að verkalýðshreyfingin grípi til annarra ráða en að senda áskoranir til Alþingis og stjórnvalda um fullgildingu ILO samþykktar nr. 158. Aðgerða er þörf, bæði á vinnumarkaðinum og í kjörklefanum.



FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

# Afnemum VSK af öllum fatnaði

# TAX FREE DAGAR

Álagður virðisaukaskattur á fatnað á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.



**Um helgina færðu allan dömu-, herra- og barnafatnað, undirföt, sokka og sokkabuxur án VSK.**

**Á föstudaginn 9. júní, laugardaginn 10. júní og sunnudaginn 11. júní afnemum við VSK af öllum fatnaði í verslunum Hagkaupa.**

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Gildir 9.-11. júní

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Geðflækjur Persanna

**UMRÆÐAN**
KJARNORKUÁÆTLUN ÍRAN



**ABBAS AMNAT**
SAGNFRÆÐINGUR

*Hvert einasta mannsbarn í Íran veit að bandaríska leyniþjónustan CIA var þátttakandi í valdaráninu sem kom Mohammed Mossadegh, forsætisráðherra Írans, frá völdum árið 1953.*

Hægðarleikur er að stimpla kjarnorkuáætlun ríkisstjórnar Írans sem hættuspil sem getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér í Asíu og á alþjóðavettvangi. Að sama skapi er sefandi og auðvelt að gagnrýna Mahmoud Ahmadinejad, forseta Írans, fyrir að hafa neitað því að helförin hafi átt sér stað og fyrir orð hans um að það þyrfti að eyða Ísraelsríki. Jafnframt gefur sú óbilgirni sem birtist í bréfi sem Ahmadinejad sendi nýlega til George Bush Bandaríkjaforseta nokkra hugmynd um hversu brenglaður hann er. Ástæðurnar fyrir stöðu Írans í dag eru samt aðrar og dýpri en fullyrðingar forsetans og hugmyndafræði íslömsku klerkastjórnarinnar sem stendur á bak við hann.

**Baráttan um Íran**

Okkur hættir til að gleyma því að krafa Írana um að þeir hafi rétt á að halda úti kjarnorkuáætlun sem fullvalda ríki er í rauninni sjálfsbjargarviðleitni til að efla stöðu ríkisins. Vesturlönd hafa í nærri tvær aldir gert árásir á landið, skipt sér af málefnum þess og síðast en ekki síst komið í veg fyrir að það gæti notfært sér nútímatækni sem var nauðsynleg fyrir iðnvæðinguna í landinu.

Hvert einasta mannsbarn í Íran veit að bandaríska leyniþjónustan CIA var þátttakandi í valdaráninu sem kom Mohammed Mossadegh, forsætisráðherra Írans, frá völdum árið 1953. Jafnvel Írani sem hefur lítinn áhuga og þekkingu á sögu lands síns veit að á nítjándu og tuttugustu öld var Íran leiksoppur í valdabaráttu breska heimsveldisins og rússneska keisaradæmisins.

Íranar vita líka, þótt það sé erfitt fyrir Bandaríkjamenn og Evrópubúa að trúa því, að allt frá áttunda áratug nítjándu aldar til þriðja áratugs þeirrar tuttugustu meinuðu ríkisstjórnir Bretlands og Rússlands Íran að nýta sér jafnvel einföldustu nútímatækni eins og járnbrautarlestir, sem á þeim tíma var forsenda efnahagslegrar framþróunar. Stórveldin neituðu að veita Íran leyfi til þess að byggja járnbrautir í landinu sem áttu að tengja höfuðborgina Teheran við Persaflóa og Kaspíahaf vegna þess að þau töldu að slíkar járnbrautir gæti komið í veg fyrir áframhaldandi landvinninga þeirra í Asíu.

Þegar járnbrautirnar voru loks byggðar í Íran notuðu breski, rússneski og bandaríski herinn þær meðan á seinni heimsstyrjöldinni stóð án þess að greiða Írönum fyrir. Þeir kölluðu Íran meira að segja „sigurbrú“ í stríðinu gegn Þýskalandi Adolfs Hitlers og áttu þá við að járnbrautirnar í Íran hafi gert gæfumuninn í stríðinu. Þeir notuðu þetta orðalag eftir að Winston Churchill hafði neytt manninn sem byggði járnbrautirnar, Reza Shah Palavi, til að segja af sér og svo var hann rekinn úr landi.

**Sögulegt minni**

Skömmu síðar leiddi sams konar afneitun á efnahagslegu fullveldi Írans til dramatískra atburða sem höfðu slæm áhrif á lýðræðisþróunina í landinu og skildi eftir ör á þjóðarsál Írana. Bretland var andsnúið hreyfingu Mossadeghs sem vildi þjóðnýta olíulindir landsins á árunum 1951 til 1953. Á endanum snerust Bandaríkjamenn gegn þjóðnýtingunni því þeir hefðu einnig tapað á henni eins og Bretar. Þar sýndu Bandaríkin af sér sams konar sjálfumgleði og einkennir skoðanir þeirra á kjarnorkuáætlun Írana í dag.

Réttað var yfir Mossadegh og var hann sendur í útlegð. Mohammed Reza Shah var komið aftur til valda, aðallega til að gæta hagsmuna Bandaríkjastjórnar, án þess að tekið væri tillit til vilja írönsku þjóðarinnar. 25 árum síðar kom það Bandaríkjamönnum í opna skjöldu þegar leiðtoga landsins var steypt af stóli í íslamskri byltingu. Vinarþel Írans í garð Bandaríkjanna var nú skyndilega á bak og burt. En Bandaríkjamenn voru ekki einir um að þjást af minnisleysi á staðreyndir sögunnar því að mati margra Írana, þeirra á meðal Ayatollah Ruhollah Khomeini, þá voru skýr tengsl á milli baráttu Bretlands og Rússlands um Íran á nítjándu öld og fyrri hluta tuttugustu aldar og afskipta Bandaríkjanna af landinu á síðari hluta þeirrar tuttugustu. Það er erfitt fyrir bandaríska þegna, sem þekktir eru fyrir framfaratrú og að hugsa á praktískum nótum, að skilja hvaða trúarlegu og sálfræðilegu afleiðingar ósigur og kúgun af hendi erlendra ríkja geta haft í för með sér fyrir íbúa ríkis. Þrátt fyrir það er þjóðarsál Írana uppfull af slíkum minningum. Frá því á fyrri hluta átjándu aldar hafa fjórar borgarastyrjaldir geisað í Íran. Borgarastríðið í Bandaríkjunum var, ef litið er framhjá stuðningi Bretlands við Suðurríkin, eingöngu innanríkismál. Í borgarastríðunum í Íran hafa aðrar þjóðir hins vegar leikið lykilhlutverk, til að mynda Tyrkir, Afganar, Rússar og Bretar. Og áður en Vesturveldin fóru að láta til sín taka í landinu höfðu Íranar blendnar minningar um Ottómana, Mongóla og araba.

Þessi ásælni og afskipti útlendinga af landinu hefur afskræmt söguvitund Írana og leitt til þess að í landinu er nú útbreidd dýrkun á föllnum þjóðhetjum, allt frá skæruliðaleiðtoganum Mirza Kuchak Khan sem var uppi á fyrri hluta tuttugustu aldar, umbótasinnanum Amir Kabir sem gegndi embætti forsætisráðherra Írans á nítjándu öld og til Mossadeghs. Minningar um slíka menn hafa hjálpað til við að gera kjarnorkuáætlun ríkisstjórnarinnar að sams konar þjóðlegu tákni um andstöðuna gegn erlendum ríkjum.

**Klerkastjórnin notfærir sér söguna**

Ef Bandaríkin ákveða að grípa til viðskiptahamlana gegn Íran, eða jafnvel til einhvers konar hernaðaraðgerða, myndi niðurstaðan ekki aðeins vera skelfileg heldur myndu jákvæðar afleiðingar þeirra einnig vera skammvinnar. Alveg eins og þegar Vesturlönd meinuðu Írönum að koma sér upp járnbrautum og að þjóðnýta olíuiðnaðinn í landinu, þá geta þeir um tíma komið í veg fyrir að Íranir haldi áfram með kjarnorkuáætlanir sínar.

En Vesturlönd geta ekki eytt þeim minningum Írana sem sækja á þá og trufla. Og á því leikur enginn vafi að klerkastjórnin í Íran mun notfæra sér þessar slæmu minningar í þjóðarsálinni til þess að fá fólk til þess að styðja kjarnorkuáætlanir landsins á sama tíma og hún bælir niður mótmæli gegn þeim. Enn frekar og í ríkari mæli en áður munu Íranar kenna erlendum ríkjum um ófarir sínar og einbeita sér ekki að því að reyna að komast til botns í því hverjar séu hinar raunverulegu ástæður fyrir erfiðleikum landsins.

Ef Íranar halda áfram á þeirri braut sem þeir eru á mun þeim líklega takast ætlunarverk sitt með kjarnorkuáætluninni. Goðsaga ein segir að persneski konungurinn Hushang, sem líkja má við Prómetheus

í grískri goðafræði, hafi fært Írönum eldinn sér til notkunar og ornunar. En ólíkt Prómetheusi, sem stolið hafði eldinum frá guðunum, þá fann Hushang eldinn af slysni er hann barðist við dreka.

*Höfundur er prófessor í sögu við Yale-háskóla og höfundur bókarinnar In Search of Modern Iran. Greinin birtis áður í New York Times*

**IB NÁM**
**Í MENNTASKÓLANUM VIÐ HAMRAHLÍÐ**
**Spennandi valkostur fyrir metnaðarfulla nemendur**



MH er aðili að International Baccalaureate samtökunum (IBO) og býður upp á tveggja ára námsbraut sem býr nemendur undir háskólanám. Að jafnaði hefst IB námið eftir eins árs nám á framhaldsskólastigi og lýkur tveimur árum seinna með alþjóðlegum samræmdum prófum. IB stúdentspróf veitir ekki lakari réttindi til framhaldsnáms en íslenskt stúdentspróf en þeir sem hafa öðlast IB prófskírteini geta fengið inngöngu í fjölda virtra háskóla um allan heim, m.a. í Evrópu og Bandaríkjunum. Auk hins bóklega náms er lögð mikil áhersla á að þroska nemendur og efla félagsanda þeirra með ýmsum sameiginlegum verkefnum.

Hamrahlíð College (MH) is a member school of the International Baccalaureate Organization (IBO). This gives the College the right to offer the IB Diploma Programme, a comprehensive pre-university curriculum. Taught in English, the two-year course ends with standardised exams recognised by universities worldwide. The school also offers a preliminary year for younger students. IB diploma graduates have been accepted by numerous leading universities worldwide. In the IB, students learn more than just academic subjects as they are encouraged to develop a strong sense of their own identity and culture and to develop an understanding of people from other countries and cultures.

**Kynningardagur mánudaginn 12. júní næstkomandi í MH.**
**Formlegur umsóknarfrestur er til og með 12. júní.**

**Upplýsingar veitir**
Aldís Guðmundsdóttir, IB stallari
Í síma 595 5233
aldisg@mh.is og ibstallari@mh.is

http://www.mh.is

# Opið bréf til heilbrigðisyfirvalda

**SUNNA GUÐMUNDSDÓTTIR**
HVERAGERÐISBÚI SKRIFAR UM HEILSUGÆSLUNA Í HVERAGERÐI

*Verði einhver bráðveikur hér í Hveragerði eftir kl 16 á daginn, er ferlið þannig: Fyrst á Selfoss í sjúkra- eða einkabifreið, frá Selfossi til Reykjavíkur, frá Reykjavík aftur á sjúkrahúsið á Selfossi eða heim.*

Í Hveragerði er rekin heilsugæslustöð og eiga þar að starfa tveir læknar. Starfssaga þessarar stöðvar hefur verið nokkuð sérstök sl. þrjú ár eða svo. Þar ber fyrst til að taka að í byrjun árs 2003 var góðum lækni sagt upp störfum. Í kjölfar þess sagði yfirlæknir lausu starfi sínu og fór til Selfoss þaðan sem hann (í þessu tilfelli hún) kom.

Komu þá til sögunnar tveir kandidatar, ágætis menn sem vafalaust gerðu allt sitt besta en þekking þeirra var því miður ekki orðin nægjanleg. Nutum við þjónustu þeirra þar til í júlí eða ágúst 2003. Kemur þá til starfa hér ágætur læknir sem hefur verið hér síðan. Þá gerist það að ráðuneytið fann hjá sér hvöt til að ráðslaga um málin sem auðvitað varð til bölvunar. Læknisþjónustu í Hveragerði var á einhvern hátt klínt saman við læknaþjónustuna á Selfossi. Hafði það í för með sér lakari þjónustu í Hveragerði sem nú skal lýst nánar.

Lækninum í Hveragerði var gert skylt að taka einhverjar næturvaktir á Selfossi; við það skerðist hans vinna hér í Hveragerði sem því nemur. Ekki er hægt að fá lækni í vitjun í heimahús nema ef sjúklingur er í þann veginn að hrökkva upp af eða þá hrokkinn upp af. Sjúklingar frá Selfossi fá greiða þjónustu í Hveragerði á þeirri forsendu að það sé þeirra læknir sem að hér starfar, einn læknir frá Selfossi er hér í hlutastarfi. Stundum koma læknar frá Selfossi í íhlaupavinnu. Við okkur Hvergerðinga er kerfið ekki eins lipurt. Við þurfum að panta tíma hjá lækni og ef ekki er laus tími verðum við að fara á Heilsugæsluna á Selfossi eftir kl. 16 og bíða og sjá til hvort úr rætist. Verði einhver bráðveikur hér í Hveragerði eftir kl 16 á daginn, er ferlið þannig: Fyrst á Selfoss í sjúkra- eða einkabifreið, frá Selfossi til Reykjavíkur, frá Reykjavík aftur á sjúkrahúsið á Selfossi eða heim.

Manni virðist sem viðkomandi sjúklingur þurfi að vera við nokkuð góða líðan ef hann á ekki að bera heilsufarslegan skaða af. Til framtíðar standa málin hér þannig að yfirlæknir stöðvarinnar slasaðist á föstudaginn langa sl. og er ekki væntanlegur til starfa eftir því sem fregnir herma, fyrr en í ágúst. Hinn læknirinn er kominn í frí. Er þetta ástand farið að segja til sín með læknislausum dögum og einhverju svona happa og glappa. Með vísan til þess sem að framan er getið legg ég til að athugað verði hvort ekki sé rétt að heilbrigðisþjónustan í Reykjavík yfirtaki Hveragerði þar sem Reykjavík er hvort eð er komin inn í eldhúsin okkar hér, sbr. Orkuveitu Reykjavíkur.

**AUGLÝSINGASÍMI**
**550 5000**
FRÉTTABLAÐIÐ

Bílar & SPORT 2006

Nýja Laugardalshöllin

# 5000m²

sýningarsvæði



# STÓRSÝNING

## 9.-11. JÚNÍ

## LAUGARDALSHÖLL

**Bílar & Sport 2006**

Föstudagurinn 9 júní
16:00 – 21:00

Laugardagurinn 10 júní
11:00 – 21:00

Sunnudagurinn 11 júní
11:00 – 19:00

**Stærsta mótorsýning aldarinnar!**



www.bilarogsport.is



CHARLES DICKENS (1812-1870), LÉST ÞENNAN DAG.

*„Ef vont fólk væri ekki til væru engir góðir lögfræðingar.“*

***Breski rithöfundurinn Charles Dickens var þekktur fyrir gott skopskyn.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 9. JÚNÍ 1983

## *Sigur Margrétar Thatcher*



MARGRÉT THATCHER

Íhaldsflokkur Margrétar Thatcher, forsætisráðherra Breta, vann stórsigur í þingkosningum þennan dag árið 1983. Thatcher hafði þá þegar setið eitt kjörtímabil en flokkur hennar hlaut 397 sæti á þingi en Verkamannaflokkurinn aðeins 209. Frjálslyndi flokkurinn, sem bauð sig fram í fyrsta sinn þetta árið, hlaut jafn mörg atkvæði og Verkamannaflokkurinn þótt sætin hafi einungis orðið 23.

Margrét Thatcher varð leiðtogi Íhaldsflokksins árið 1975 á tíma þegar flokknum hafði hnignað stórlega, og forsætisráðherra eftir kosningasigur 1979. Hún tryggði að verkalýðsfélög færu að lögum, seldi fjölda ríkisfyrirtækja og jók virðingu fyrir Bretum annars staðar. Ein af ástæðum þessa stórsigurs árið 1983 var talin vera vinsældir Thatcher eftir sigur Bretlands í Falklandseyjastríðinu en hún hafði ekki sætt sig við hernám argentísku herforingjastjórnarinnar á eyjunum. Eftir sigurinn 1983 tilkynnti Thatcher að þung dagskrá yrði á komandi þingi.

Önnur ástæða fyrir sigri Íhaldsflokksins var talinn vera vandræðagangur innan Verkamannaflokksins, sem hafði klofnað fyrir kosningarnar. Leiðtogi Verkamannaflokksins, Michael Foot, sagði útkomu kosninganna harmleik fyrir þjóðina. Síðar á árinu sagði hann af sér en Neil Kinnock tók við af honum.

## MERKISATBURÐIR

**1741** Ferming barna er lögboðin hér á landi en hafði þó tíðkast um aldir.

**1880** Hornsteinn er lagður að Alþingishúsinu við Austurvöll í Reykjavík.

**1934** Andrés önd tekur fyrstu skref sín til frægðar þegar hann birtist í mynd Disneys, Litlu gulu hænunni.

**1970** Hussein Jórdaníukonungur sleppur naumlega frá banatilræði.

**1976** Benny Goodman, konungur sveiflunnar, heldur tónleika á Listahátíð.

**1994** Síld af norsk-íslenska stofninum veiðist innan íslenskrar lögsögu í fyrsta sinn í 26 ár.

**2002** Serena Williams sigrar systur sína Venus Williams á Opna franska meistaramótinu í tennis.

## AFMÆLI



**Örn Sigurðsson** arkitekt er 64 ára.



**Jón Torfi Jónasson** prófessor er 59 ára.



**Guðni Már Henningsson** er 54 ára.



**Helgi Hjörvar** alþingismaður er 39 ára.

## JARÐARFARIR

13.00 **Fanney Sigurðardóttir**, áður til heimilis í Írabakka 4, verður jarðsungin frá Lágafellskirkju.

13.00 **Freddy Laustsen** húsasmiður, hjúkrunarheimilinu Eir, áður til heimilis í Furugerði 1, verður jarðsunginn frá Grensáskirkju.

13.00 **Jóhannes R. Snorrason** fyrrverandi yfirflugstjóri, Espigerði 4, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

13.00 **Margrét Einarsdóttir**, Maddý, Barðastöðum 7, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

14.00 **Bergur Vernharðsson**, Elliðavöllum 2, Keflavík, verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju.

15.00 **Helga Jóhannsdóttir** verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

15.00 **Unnur Agnarsdóttir**, Sóltúni 5, Reykjavík, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju.

17.00 **Guðmundur Kristján Finnbogason**, Blöndubakka 5, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Garðakirkju.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.




†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Bára Steindórsdóttir**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands 6.júní. Útförin fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 10. júní kl. 13.30.

**Jón Hallgrímsson**
**Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir** **Magnús Baldur Bergsson**
**Steindór Sverrisson** **Hjördís Ásgeirsdóttir**
**Ríkharður Sverrisson** **Valgerður Hansdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Útför okkar elskaða*

**Páls Jónssonar**

Hóli, Hvítársíðu,

fer fram frá Reykholtskirkju laugardaginn 10. júní kl 11.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Borgarfjarðar.

**Edda Magnúsdóttir**
**Jón Magnús Pálsson** **Hrafnhildur Hróarsdóttir**
**Finnbogi Pálsson** **Hrönn Vigfúsdóttir**
**Páll Bjarki Pálsson** **Eyrún Anna Sigurðardóttir**
**Erlendur Pálsson** **Guðrún Harpa Bjarnadóttir**
**Þorbjörg Pálsdóttir** **Ragnar Páll Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


## HALLGRÍMUR KRISTINSSON: NÝR FRAMKVÆMDASTJÓRI MPA

# Stendur vörð um hagsmunframleiðendanna í Hollywood



**HALLGRÍMUR KRISTINSSON Í NÝJU STARFI** Tap kvikmyndageirans vegna ólöglegrar dreifingar skiptir hundruðum milljarða íslenskra króna. Hallgrímur tekur brátt við nýju starfi svæðisstjóra hjá MPA þar sem hann fer fyrir baráttunni gegn ólöglegri dreifingu myndefnis í Evrópu, Mið-Austurlöndum og Afríku. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Heimssamtök kvikmyndaréttarhafa, MPA, hafa tilnefnt Hallgrím Kristinsson framkvæmdastjóra og svæðisstjóra yfir baráttunni gegn ólöglegri dreifingu myndefnis í Evrópu, Mið-Austurlöndum og Afríku. Hallgrímur, sem hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra Smáís, Samtaka myndréttarhafa á Íslandi, er að vonum ánægður með nýja starfið enda eru samtökin gríðarlega stór og miklir hagsmunir í húfi.

„Þetta er mikil áskorun og maður þarf að nýta alla sína reynslu í þetta,“ segir Hallgrímur sem hefur unnið í afþreyingargeiranum nánast alla sína tíð. Hann verður mikið á ferð og flugi í nýju starfi enda eru höfuðstöðvar MPA í Los Angeles í Bandaríkjunum og svæðisskrifstofan í Brussel. „Ef maður er ekki skipulagður er lífsins ómögulegt að halda utan um allt saman,“ bætir hann við hlæjandi.

MPA er skammstöfun á Motion Picture Association og eru það hagsmunasamtök sem sex stærstu kvikmyndaframleiðendur í heiminum standa að. „Samtökin sem slík standa vörð um hagsmuni framleiðendanna á alþjóðavísu. Mitt hlutverk verður því að verja Hollywood-fyrirtækin gegn ólöglegri dreifingu í Evrópu, Mið-Austurlöndum og Afríku, en við erum auðvitað líka að verja hagsmuni minni fyrirtækja á innlendum markaði því þetta helst allt í hendur.“

Svæðisskrifstofan nær yfir þrjár ólíkar heimsálfur og segir Hallgrímur að töluverður munur sé á því hvernig ólöglegu dreifingunni er háttað. „Í Evrópu fer þetta í gegn um internetið en í Austurlöndum og Afríku erum við enn með miklu meira af beinni framleiðslu og sölu á fölsuðum diskum, til dæmis á mörkuðum. Áhersla stúdíóanna er þó á internetinu því um leið og bandbreiddin fer upp í þessum löndum eykst stuldurinn í gegnum netið, eins og við sáum gerast heima á Íslandi.“ Hann segir þó að margt sé að gerast og spennandi tímar fari brátt í hönd enda fleygi tækninni fram og það vinnur með hagsmunum framleiðendanna. „Hingað til höfum við bara getað gripið til lagalegra aðgerða ásamt fræðslu og kynningu, en núna erum við að fá til dæmis nýjar afritunarvarnir. Einnig eru að koma fram löglegar veitur á internetinu, eins og tónlistariðnaðurinn hefur þekkt lengi, þar sem hægt er að kaupa sjónvarpsþætti og kvikmyndir á löglegan hátt.“

Gríðarlega miklir hagsmunir eru í húfi fyrir kvikmyndafyrirtækin sem tapa fleiri milljörðum íslenskra króna á ári. „Í nýrri rannsókn kemur í ljós að tap kvikmyndageirans er meira en margan óraði fyrir. Talið er að tæpur helmingurinn af þessu sé vegna ólöglegrar fjölföldunar á internetinu og tæpur helmingur er bein sala á diskum. Hlutinn þar á milli er svo þegar fólk er að fjölfalda fyrir vini sína og kunningja. Þetta eru svo geigvænlegar upphæðir að erfitt er að átta sig á því.“



**UPPSKERUTÍMINN ER KOMINN** Hveitiakrar í Suður-Kanada eru nú tilbúnir fyrir uppskeru eftir þurrka undanfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Hátíðahöld við höfnina



**VIÐ REYKJARVÍKURHÖFN** Haldin er Hátíð hafsins í Reykjavík um helgina.

Hátíð hafsins hefst á morgun á Miðbakka Reykjavíkurhafnar og er þetta í sjöunda sinn sem hátíðin er haldin. Atburðir hátíðarinnar tengjast hafinu og sjósókn en hún stendur í tvo daga og er samsett úr Hafnardegi og Sjómannadegi.

Mikið verður um dýrðir á hátíðinni eins og vera ber. Verður meðal annars hægt að fara í siglingar, senda flöskuskeyti, skoða ýmsa furðufiska, læra að hnýta sjómannahnúta og klappa krabba. Sjómannalagahátíð verður haldin á morgun í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu þar sem sjómannahljómsveitir og fleiri troða upp. Í fyrsta sinn verður einnig boðið upp á glæsilega fiskveislu sem tíu veitingahús í miðborginni taka þátt í. Bjóða þau þriggja rétta matseðil með fiski á hófstilltu verði.

Nánari upplýsingar um dagskrá hátíðarinnar má finna á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

# Áfram! FYRSTI BEKKUR!

## Skemmtilegur fræðsluleikur fyrir þá sem brátt hefja grunnskólanám.

Tilvalið fyrir leikskólabörn í leik með fullorðnum.

Lærdómsleikurinn eykur hæfni leikskólabarna á fjölmörgum sviðum:

- Reikningur
- Fjölvíddardæmi
- Stærðarhlutföll
- Lögun hluta
- Að greina smáatriði
- Röðun
- Rýmisáttun
- Skrift
- Talnaritun
- Stafaritun

**TILBOÐ**
**3.490 kr**




Fyrir: + 4-5 ára.

Þetta er áhugaverður og aðlaðandi leikur sem gagnast börnum og foreldrum sem vilja gefa sér tíma saman til að læra.

Aukum sjálfstraust barnanna með kennslu á grunnþáttum náms heima áður en byrjað er í fyrsta bekk.

Gildir til 19. júní eða á meðan birgðir endast

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*







# STUÐ MILLI STRÍÐA í húsi allra þjóða

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** HASLAR SÉR VÖLL Á ALÞJÓÐAVETTVANGI



Því fylgir ákveðin tilvistarkreppa að vera í fríi vegna þess að þegar maður hefur ekkert að gera neyðist maður til þess að hugsa og eyða óhóflegum tíma með sjálfum sér. Einhverjir geta sjálfsagt haft gagn og gaman af slíku en í mínu tilfelli er þetta beinlínis hættulegt þar sem ég er frekar þreytandi félagsskapur.

Til þess að brjóta þessi eintóna leiðindi aðeins upp hef ég lagst í ítarlega rannsókn á kaffihúsamenningu Reykjavíkur og er búinn að smakka svart kaffi á flestum stöðum sem bjóða upp á slíkt í 101.

Fann á þessu flakki mínu sannkallaða vin í þeirri andlegu eyðimörk. Alþjóðahúsið við Hverfisgötu er einhver notalegasti staður sem ég hef dottið inn á í háa herrans tíð. Stærsti kosturinn við þetta afdrep er að það er samkomustaður nýbúa og því eru Íslendingar í miklum minnihluta fastagesta. Maður stígur því inn í annan heim og í stað þess að heyra bergmálið af íslenskum kjaftasögum, karlagrobbi og barlómi hlustar maður á fólk tala alls konar tungum og skilur iðulega ekki eitt einasta orð. Góð tilbreyting.

Stærsti kosturinn við krána Staupastein í gamanþáttunum Cheers ku hafa verið sá að þar þekktu þig allir. Stærsti kosturinn við Alþjóðahúsið er að þar þekkir þig enginn og þér er því í sjálfsvald sett hvort þú vilt blanda geði við aðra eða sitja einn. Það svífur í það minnsta enginn á þig og segir. „bleeeessaður, hvað segirru?“

Það er mér alltaf hulin ráðgáta að fólk frá öðrum löndum skuli vilja setjast að í þessu guðsvolaða veðravíti hroka og fordóma sem Ísland er, en um leið verð ég að vera þakklátur fyrir að einhverjir kæri sig um það. Við þurfum fleiri útlendinga og fleiri alþjóðahús til þess að lyfta okkur á hærra plan.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Överli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




TVÖ ÖFLUG FYRIRTÆKI
ERU NÚ EITT MJÖG ÖFLUGT.
GUÐMUNDUR INGASON
VERKEFNASTJÓRI
5 ÁR HJÁ AX HUGBÚNAÐARHÚSI
GUÐLAUG BALDVINSDÓTTIR
RÁÐGJAFI
7 ÁR HJÁ HUG
Ákveðið hefur verið að sameina Hug og Ax hugbúnaðarhús undir nafninu HugurAx. Hjá sameinuðu fyrirtæki starfa um 125 starfsmenn með víðtæka þekkingu og reynslu af upplýsingatækni.
Með sameiningu Hugar og Ax verður til afar öflugt hugbúnaðarfyrirtæki sem getur tekist á við stærri og flóknari verkefni og veitt viðskiptavinum sínum enn betri þjónustu.
Markmið HugarAx er að vera öflugur samstarfsaðili fyrirtækja sem vilja ná árangri. Því markmiði verður náð með samvinnu, frumkvæði, áreiðanleika, faglegum vinnubrögðum og framúrskarandi þjónustu.
HUGUR / AX
HugurAx Grjóthálsi 5
HugurAx Skeifunni 8
Sími 540 3000
Sími 545 1000
www.hugurax.is
www.hugurax.is

**Kl. 20.30**

*Tónleikar í hraunhvelfingu Laxárstöðvar í Aðaldal á vegum Kórastefnunnar við Mývatn. Kór Akureyrarkirkju, Kór Dalvíkurkirkju, finnski kórinn Kampraatti Kuoro og Hamrahlíðarkórinn koma fram.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Sumartíð og tónar í Skálholti*

Dagskrá árlegra Sumartónleika í Skálholti er með veglegasta móti að þessu sinni en hátíðin er nú haldin í þrítugasta og annað sinn og hefst dagskráin 1. júlí næstkomandi. Yfir fjögur þúsund manns sóttu tónleika hátíðarinnar síðasta sumar en hátíðin er öllum opin og ókeypis.

Sem fyrr verður bæði leikin gömul og ný tónlist en um tuttugu tónleikar eru fyrirhugaðir í sumar auk fjölmargra fyrirlestra.

Endurreisnarmúsík og barrokk mun hljóma, þar á meðal verk Mozarts og Vivaldis en einnig tónlist staðartónskáldanna tveggja, Diona Rotaru og Úlfars Inga Haraldssonar.

Í sumar heyrist í fyrsta sinn á opinberum tónleikum hérlendis, í barítóngömbu sem var býsna þekkt hljóðfæri á 17. og 18. öld, en síðustu tónleikahelgi sumarsins mun ungverski virtúósinn Balazs Kakuk kynna þann hljóðheim fyrir íslenskum hlustendum og leika verk eftir Haydn sem samið var fyrir hljóðfærið.



**BACH-SVEITIN LEIKUR Á SUMARTÓNLEIKUM Í SKÁLHOLTI** Tónleikar, fyrirlestrar og tónlistarsmiðja fyrir ungt fólk í Skálholti í sumar.

Líkt og í fyrra verður boðið upp á tónleika í miðri viku, alls fjóra talsins, og mun Bach-sveitin meðal annars leika Árstíðir Vivaldis. Einnig verður boðið upp á tónlistarsmiðju fyrir ungt fólk og stjórna Hildur Guðný Þórhallsdóttir og Þórdís Heiða Kristjánsdóttir því starfi.

Listrænn stjórnandi hátíðarinnar er Sigurður Halldórsson. Allar nánari upplýsingar um dagskrána má finna á heimasíðu hátíðarinnar, www.sumartonleikar.is.

### >Ekki missa af...

leikferð **Eddu Björgvinsdóttur** sem sýnir harmskopleikinn **Alveg brilljant** skilnað víðs vegar um landið. Í kvöld er stefnan sett á **Húsavík**.

myndlistarsýningu **Hugins Þórs Arasonar** og **Unnars Arnar Jónassonar** í **Listasafni ASÍ**. Sýningin **ASÍ fraktal grill** flettir ofan af illsýnilegum, óskráðum en kannski augljósum hliðum umhverfisins og samfélagsins sem listamennirnir búa við.

sýningu þýska myndlistarmannsins **Rudolf Reiter** sem verður opnuð í **Gallerii Sævars Karls** í Bankastrætinu á morgun.

# Börnin stór og smá

Listakonan Hlaðgerður Íris Björnsdóttir opnar sýningu á verkum sínum í Galleríi Turpentine í Ingólfsstræti í dag kl. 17. Á sýningunni eru olíuverk sem Hlaðgerður hefur unnið á síðastliðnu ári. „Þetta eru myndir af íslenskum krökkum sem sýna aðstæður þeirra og þroskaferil," segir Hlaðgerður, sem hefur fengist talsvert við það að mála myndir af börnum. Myndirnar eru óvanalega stórar og segir listakonan að áhorfendur hrökkvi stundum í kút yfir stærðinni.

„Það hefur sterk áhrif að hafa myndirnar stórar - það verður ekki jafn fínleg upplifun eins og ef þær væru minni. Mér finnst þær virka betur, það er meiri kraftur í þeim.

Myndirnar eru undir töluverðum rómantískum áhrifum og einkennast jafnvel af ákveðinni sveitarómantík. „Alveg frá því að ég byrjaði að læra myndlist þegar ég var sextán ára hef ég heillast mikið af endurreisninni og tímabilinu fram til 1800-1850. Það er kannski einhver söknuður eftir því tímabili í íslenskri myndlist," segir Hlaðgerður. „Ég var líka í sveit öll sumur þegar ég var yngri og kannski er þetta það sem stendur hjarta mínu næst. Maður getur ekki annað en fylgt hjartanu."

Sýningin stendur til 26. júní en galleríið er opið þriðjudaga til föstudaga frá kl. 12-18 og laugardaga frá kl. 11-16.

**- khh**



**GLEYM-MÉR-EI** Myndlist Hlaðgerðar Írisar Björnsdóttur er til sýnis í Galleríi Turpentine.

# Hönnun Steinunnar

Sýning á verkum Steinunnar Sigurðardóttur fatahönnuðar verður opnuð á Norðurbryggju í Kaupmannahöfn á morgun. Sýningin spannar tuttugu ára feril Steinunnar sem fatahönnuður og var sýningin áður í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi.

Að loknu námi í Parsons School of Design í New York vann Steinunn með fremstu fatahönnuðum heims, til dæmis Gucci, Ralph Lauren, Calvin Klein og La Perla. Hennar helsti styrkleiki er prjónaflíkur og kaðlar og þótti færni hennar á því sviði framúrskarandi. Hún vann oftast efnin frá grunni og bjó til ný efni sem aldrei höfðu sést áður. Steinunn vann sem yfirhönnuður hjá La Perla og eftir tveggja ára starf hjá fyrirtækinu ákvað hún að hanna undir eigin nafni. Steinunn er með vinnustofu á Laugavegi 59 og selur flíkurnar til Evrópu, Japans og Bandaríkjanna. Nánari upplýsingar um vinnu hennar má finna á heimasíðunni www.steinunn.com.

Sýningin stendur til 9. júlí.

**- khh**



**STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR FATAHÖNNUÐUR** Yfirlitssýning og sýnishorn af nýjustu tískulínunni í Kaupmannahöfn.



**SKÁLAÐ FYRIR FENEYJUM 2007** Ingibjörg Pálmadóttir, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Steingrímur Eyfjörð og Christian Schoen fögnuðu tilnefningu Steingríms.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Ögrun þess ófyrirsjáanlega

**Myndlistarmaðurinn Steingrímur Eyfjörð verður fulltrúi Íslendinga á Feneyjatvíæringnum 2007 en sýning sú er ein virtasta og yfirgripsmesta myndlistarsýning sem haldin er á nútímalist í heiminum.**

Skammt er stórra högga í milli hjá Steingrími, yfirlitssýning á verkum hans stendur yfir í Listasafni Íslands og hann á einnig verk á sýningu Carnegie Art Award sem nýlega opnaði í Hafnarhúsinu en þar gefur að líta úrval verka norrænna listamanna. Einnig er skemmst að minnast sýningar hans í 101 gallery fyrr í vor, „Bein í skriðu", sem vakti töluverða athygli.

Steingrímur segir að útnefningin hafi margþætta þýðingu fyrir sig. „Þetta er mikil ögrun vegna þess að samhengið er svo stórt - þetta eru ekki bara Vesturlönd. Sjálfsagt hefur þetta þau áhrif að það sem ég hef þegar gert verður sýnilegra. Svo hefur þetta líka þýðingu fyrir land og þjóð þó að Íslendingar hafi ekki áttað sig til fulls á vægi þessa atburðar." Steingrímur tekur dæmi af framlagi Bandaríkjamanna til Tvíæringsins en risavaxnar flugvélar bandaríska hersins hafa verið notaðar til þess að flytja listmuni milli álfanna. „Það sýnir til dæmis vægið sem þetta hefur gagnvart ólíkum þjóðum, Pentagon myndi aldrei lána vélar nema vegna þess að þetta skiptir miklu máli."

Ríflega 920 þúsund manns heimsóttu Feneyjartvíæringinn í fyrra en þá var myndlistarkonan Gabríela Friðriksdóttir fulltrúi Íslands.

Steingrímur vill lítið láta uppi með áherslur sínar eða þær vonir sem hann bindur við þátttökuna og áréttar að vinna sín sé yfirleitt ófyrirséð. „Það er langskemmtilegast og mest spennandi að vita ekki nákvæmlega hvað kemur út úr vinnunni," segir hann og bendir á að ferlið sem búi að baki hverju verkefni sé áhugaverðara.

Steingrímur tekur undir að þessi viðburður eigi mögulega eftir að koma einhverju ferli af stað en útkoman fari líka eftir því hversu mikið sé lagt í framkvæmdina, stuðningur og fjármagn skipti máli og það sjáist vel á þátttökulöndunum hvort verkefninu sé vel sinnt eður ei. „Það er ekki bara viðfangsefnið eða fagurfræðin sem er sýnileg."

Fagnefnd Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar var einróma í áliti sínu og vali Steingríms en hana skipuðu að þessu sinni myndlistarmaðurinn Helgi Þorgils Friðjónsson, Ólafur Kvaran, forstöðumaður Listasafns Íslands, og Christian Schoen, forstöðumaður miðstöðvarinnar. Gestir nefndarinnar voru Eva Heisler, sýningarstjóri og gagnrýnandi, og Halldór Björn Runólfsson listfræðingur.

Christian Schoen segir að dómnefndin hafi valið að senda reyndan fulltrúa á Tvíæring næsta árs og bendir á að nú sé rétti tíminn fyrir Steingrím, sem hefur starfað ötullega að list sinni undanfarin þrjátíu ár. „Steingrímur hefur mjög sterkt og sérstakt myndmál en verk hans eru mjög marglaga, eins og sést vel á yfirlitssýningunni í Listasafni Íslands. Það er ekki hægt að spá fyrir um hvað hann gerir fyrir Feneyjatvíæringinn, það verður ögrun fyrir okkur öll."

Yfirlitssýning á verkum Steingríms stendur til 25. júní og er áhugasömum bent á að safnið býður upp á leiðsögn um sýningu hans og yfirlitssýningu Birgis Andréssonar í hádeginu á þriðjudögum og föstudögum.

**kristrun@frettabladid.is**

Fyrsta alþjóðlega listasýningin í Feneyjum var haldin árið 1895. Í fyrra tóku 70 þjóðir þátt í sýningunni og heimsóttu 920 þúsund gestir hana, þar af 4.700 blaðamenn sem gerðu sýningunni góð skil víðs vegar um heiminn.

**Meðal íslenskra þátttakenda á Feneyjatvíæringnum**

- 1976 Sigurður Guðmundsson
- 1978 Sigurður Guðmundsson
- 1980 Magnús Pálsson
- 1986 Erró
- 1990 Helgi Þorgils Friðjónsson
- 1996 Steina Vasulka
- 2001 Finnbogi Pétursson
- 2003 Rúrí
- 2005 Gabríela Friðriksdóttir
- 2007 Steingrímur Eyfjörð



**STEINGRÍMUR EYFJÖRÐ** Altered State / Breytt ástand. Annað verka Steingríms á sýningu Carnegie Art Award í Hafnarhúsi.

# Ævintýrið er brátt á enda

Sýningum bandaríska hugmyndalistamannsins Joseph Kosuth og myndlistarhjónanna Ilya og Emiliu Kabakov á Kjarvalsstöðum lýkur á sunnudaginn. Sýningin er tileinkuð ævintýraskáldinu H.C. Andersen og hýsir innsetningar sem unnar eru út frá hugarheimi hans.

Bæði Kosuth og Kabakov-hjónin eru frumkvöðlar innan samtímalistarinnar. Joseph Kosuth var einn af máttarstólpum listaheimsins í New York á sjöunda áratugnum, þegar grunnur var lagður að konseptlistinni, og hefur síðan þá verið lifandi goðsögn innan myndlistarheimsins. Það sama má segja um Ilya Kabakov, sem er þekktur sem „faðir Moskvu-konseptsins“ og einn fremsti listamaðurinn sem kom frá fyrrum Sovétríkjunum. Síðan 1989 hefur hann starfað með eiginkonu sinni Emiliu að ævintýralegum innsetningum sem hafa heillað sýningargesti allra helstu listasafna heimsins.



**MYNDLISTARMAÐURINN JOSEPH KOSUTH** Sýningarlok á Lífheimi H.C. Andersen. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Sýningin var fyrst sett upp í Nikolaj-nýlistasafninu í Kaupmannahöfn á síðasta ári og er unnin í samstarfi við safnið.

Leiðsögn verður um sýninguna á sunnudaginn kl. 15.

**- khh**

# Ljúf lesning

Bókaútgáfan Bjartur gefur út skáldsöguna Leyndardómur býflugnanna eftir Sue Monk Kidd og er bókin sú fertugasta í röð Neon-bókanna, sem helgaðar eru nýútgefnum erlendum skáldverkum.

Bókin, sem er fyrsta skáldsaga höfundarins, kom út í Ameríku árið 2002 og fékk frábærar viðtökur, var til dæmis í rúm tvö ár á metsölulista New York Times. Í sögunni segir af ungmeynni Lily og fóstru hennar Rosaleen sem þurfa að leggja á flótta undan kynþáttahöturum og finna athvarf hjá systrunum og býflugnabændunum May, June og August.

Þýðandi er Guðrún Eva Mínervudóttir.

**- khh**




**HUNANGSMJÚK FRÁSÖGN** Metsölubók í Bandaríkjunum.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

6 7 8 **9** 10 11 12

**Föstudagur**

### TÓNLEIKAR

- 17.00 Einsmannshljómsveitin **Kimonophonic** treður upp í verslun **12 Tóna** við **Skólavörðustíg**.
- 20.30 **Kórastefna við Mývatn**, tónleikar í hraunhvelfingu **Laxárstöðvar í Aðaldal**. **Kór Akureyrarkirkju, Kór Dalvíkurkirkju**, finnski kórinn **Kampraatti Kuoro** og **Hamrahlíðarkórinn** koma fram.
- 23.00 **Royal Fortune, Lay Low, Helgi Valur** og **Wulfgang** leika á **Grand Rokk.**
- Hljómsveitirnar **Misery Loves Company** og **Mogadon** ásamt **Svavari Knút** leika í **Vélsmiðjunni** á **Akureyri**.

### LEIKLIST

- 20.00 Leikkonan **Edda Björgvinsdóttir** sýnir harmskoplega einleikinn **Alveg brilljant skilnað** á **Húsavík**.

### OPNANIR

- 18.00 **Hlaðgerður Íris Björnsdóttir** opnar sýninguna **Þáliðin nútíð** í **Gallerí Turpentine** við **Ingólfsstræti**.
- **Steinunn Þórarinsdóttir** opnar sýningu í **101 gallery** við **Hverfisgötu.**

### SKEMMTANIR

- 23.00 **Hljómsveit Geirmundar Valtýssonar** skemmtir á **Kringlukránni**.

### DANSLIST

- 20.00 **Panic Productions** sýnir tvö dansverk í **Hafnarfjarðarleikhúsinu**. Verkin **No, he was white** og **Rauðar liljur** eru samstarfsverkefni leikara, dansara og tónlistarmanns.

### SÝNINGAR

- 10.00 Sýning **Carnegie Art Award** stendur yfir í **Hafnarhúsi**, **Listasafni Reykjavíkur**. Úrval verka eftir norræna listamenn.
- 13.00 **Huginn Þór Arason** og **Unnar Örn J. Auðarson** sýna **ASÍ-FRAKTAL-GRILL** í **Listasafni ASÍ**, **Ásmundarsal** við **Freyjugötu**.

### SÍÐUSTU FORVÖÐ

- 10.00 Sýningarlok á ljósmyndasýningunni **Rætur rúntsins** í **Myndasal Þjóðminjasafnsins**.

### ÓPERA

- 20.00 Óperan **Galdraskyttan** er sýnd á **Stóra sviði Þjóðleikhússins**.

### BJARTIR DAGAR

- 20.00 Jazztónleikar í **Gamla bókasafninu**.
- 20.00 **Kammerkór** frá **Vesterbro** í **Kaupmannahöfn** heldur tónleika í **Hásölum**.

### UPPÁKOMUR

- 15.30 Opnunarhátíð vegna **HM** í fótbolta í Borgarleikhúsinu, **Atli Eðvaldsson** opnar ljósmyndasýninguna **Heimsmálið fótbolti** og fyrsta leik keppninnar verður sjónvarpað á **Litla sviðinu**.




# Tepoki og Grísalappalísur

Fyrsta Föstudagsflipp Hins hússins fer fram í miðbæ Reykjavíkur í dag en upp úr hádegi mega vegfarendur eiga vona á óvæntum listviðburðurim og sprelli af hálfu hópa sem stunda Skapandi sumarstörf á vegum hússins.

Meðal þess sem heppnir geta orðið vitni að er pokaútbýting Reykjavíkurljóðanna og hönnunarsýning tvíeykisins Stígvél. Kvintettinn Tepoki og dúettinn Mimosa munu leika djass í miðbænum og tónlistarhópurinn Cheddy Carter leikur sína músík við Ingólfstorg. Leiklistarhópurinn Gámafélagið kynnir framboðið X-hamingja á torginu við verslunina Deli á Laugavegi og rannsóknarsvið íslenskrar þjóðmenningar býður gestum og gangandi upp á „raunveruleika“ á Austurvelli en þar í nágrenninu mun Fjöllistahópurinn Grísalappalísur líka fremja gjörning og auk þess verður Götuleikhús Hins hússins á ferð og fart um bæinn.

Þeir sem ekki sjá sér fært að njóta flippsins í dag fá tvö önnur tækifæri í sumar þar sem hópar á vegum Skapandi sumarstarfa Hins hússins munu troða upp á ný. - khh



**HITT HÚSIÐ BLÆS Í FÖSTUDAGSFLIPP** Það er aldrei að vita á hvað menn rekast í miðbænum á föstudögum.



**HELGI ÞÓRSSON** Sýningum er að ljúka í Kling & bang.

# Hannes og Helgi

Myndlistarmennirnir Hannes Lárusson og Helgi Þórsson eiga ekki margt sameiginlegt en þeir deila nú rými galleríisins Kling & bang við Laugaveg. Hannes er með verk á sýningu sem ber heitið „Ubu Roi meets Humpty Dumpty (in Iceland)“ en þar eignast hugmynd framhaldslíf sem Hannes vann með á sýningu sinni í galleríi FUGLi í fyrra.

Helgi Þórsson sýnir skúlptúra og málverk á neðri hæðinni en verk hans hafa nokkuð epnískt yfirbragð þó óskilgreint sé. Gallerí Kling & bang er opið fimmtudaga til sunnudags frá kl. 14-18. Sýningum lýkur á sunnudaginn. - khh



**BRÚÐUBÍLINN KOMINN Á SUMARRÚNTINN** Fyrsta leikhúsferð margra barna er á sýningu Brúðubílsins.

# Eins og Pink Floyd fyrir börnin

**Brúðubíllinn er byrjaður að rúnta um borgina og spenntir krakkar fylgjast vel með dagskránni en um þessar mundir sýnir leikhúsið verkið Duddurnar hans Lilla.**

Helga Steffensen hefur haft umsjón með Brúðubílnum í 26 ár og segir það alger forréttindi að fá að vinna með börnum. „Þetta er svo gaman því krakkar á þessum aldri, allt frá fæðingu bókstaflega, því þau mæta líka í kerrum og vögnum, og krakkar fram til sex eða sjö ára, eru svo hrifin. Krakkar á leikskólaaldri eru mjög spenntir fyrir þessu leikhúsi. Þriggja til fjögurra ára börn geta orðið alveg „húkkt,“ og ég verð eins og Pink Floyd eða Bubbi fyrir þessi eldri,“ segir Helga kímin. „Ég er líka búin að vera í þessu svo lengi að nú koma gestir á sýningarnar sem eru börn þeirra barna sem komu fyrst þegar ég var að byrja. Það er dálítið sniðugt.“

Leikhúsið sýnir iðulega tvær sýningar á dag og er vagninn víðförull á hverju sumri. „Við sýnum alltaf tvö leikrit. Ég taldi þau um daginn og tók saman að ég hef sýnt rúmlega fimmtíu leikrit síðan ég byrjaði árið 1980. Þetta eru hálftíma stykki sem eru samsett úr sögum og söng. Mér finnst gaman að vera með gömul íslensk kvæði og sögur sem við myndskreytum með brúðum. Leikritin eru samsett úr mörgum áttum en fyrst og fremst á þetta að vera skemmtilegt fyrir börnin en um leið svolítil fræðsla,“ segir Helga og áréttar að umfjöllunarefnið sé sígilt, gæska og tillitssemi sé boðskapur sem alltaf eigi við.

Brúðubíllinn ferðast ekki aðeins um höfuðborgarsvæðið heldur fer Helga með sýningarnar út á land á hverju ári ásamt Aldísi Davíðsdóttur brúðuleikara og Lárusi Guðjónssyni, bílstjóra og tæknimanni, sem starfa með henni að sýningunum. Þrjár af fyrrum brúðustýrum bílsins hafa orðið leikkonur svo segja má að hann sé einnig ákveðinn stökkpallur fyrir leikhúsfólk.

„Í fyrra fórum við um Norður- og Austurland, við höfum reynt að taka þetta í pörtum. Mér finnst alveg sjálfsagt að krakkar úti á landi fái líka að sjá sýningarnar,“ útskýrir Helga. Brúðubíllinn er líka mikið galdratæki. „Þegar krakkarnir koma og sjá bílinn breytist hann smám saman í leikhús. Þetta er líka menningarstarf að því leyti að krakkarnir læra dálítið að fara í leikhús. Þau raða sér upp - þau minnstu fremst, og svo sitja þau prúð. Þetta eru fyrstu leikhúsferðir margra barna.“

Nú í júnímánuði mun Brúðubíllinn sýna víða um borgina en á sjómannadaginn verða Helga og félagar í Grindavík að skemmta ungum áhorfendum og á hátíðarhöldunum á 17. júní verða sýningar á Álftanesi um morguninn og síðan tvær sýningar í Hljómskálagarðinum eftir hádegi. Nánari upplýsingar um sýningar Brúðubílsins má finna í Sumarbæklingi ÍTR. - khh


Alveg brilljant skilnaður
Einleikur Eddu Björgvinsdóttur um allt land.
Húsavík föstud. 9. júní.
Miðasala í síma 464-1220
Landsbankinn
Viðskiptavinir Landsbankans fá 500 króna afslátt af miðaverði

allt bílar
Alla laugardaga

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar
LAU. 10. JÚNÍ KL. 19 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
SUN. 11. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FIM. 15. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
SUN. 18. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FÖS. 23. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
LAU. 24. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
„Besta söngleikjauppfærsla ársins“
S.S - Fréttablaðið
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga
Símasala kl. 10-18. þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn
ÍSLENSKA ÓPERAN

BORGARLEIKHÚSIÐ
FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
Í kvöld kl. 20 UPPS. Í kvöld kl. 23
Má 12/6 kl. 20 Þri 13/6 kl. 20
FOOTLOOSE
Fim 29/6 kl. 20 Frums. Fö 30/6 kl. 20
Lau 1/7 kl. 20 Fi 6/7 kl.20
Fö 7/7 kl. 20 Lau 8/7 kl. 20
Miðasala hafin
VILTU FINNA MILLJÓN
Í kvöld kl. 20 UPPS. Lau 10/6 kl.20
Su 11/6 kl. 20 Fi 15/6 kl. 20 UPPS.
Su 18/6 kl. 20
GRÍMAN
Íslensku leiklistarverðlaunin 16/6 kl. 19
Grímuballið 16/6 kl. 22 Allir velkomnir
Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!
STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
GALDRASKYTTAN - DER FREISCHÜTZ
Í kvöld fös. 9/6 nokkur sæti laus, lau. 10/6. Aðeins þessar 2 sýningar.
Samstarfsverkefni Sumaróperunnar, Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins, Dansleikhússins og Listahátíðar í Reykjavík.
KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR
Fös. 23/6, lau. 24/6. Sérstakar aukasýningar í tilefni 12 tilnefninga til Grímunnar - Íslensku leiklistarverðlaunanna. Tryggðu þér sæti!
Sala hafin á sýningar í september.
Fös. 15/9 örfá sæti laus, lau. 16/9 örfá sæti laus, sun. 17/9 örfá sæti laus.
LEIKHÚSKJALLARINN
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.
MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

KRINGLU KRÁIN
Geirmundur Valtýsson með sjómannadansleik í kvöld
Stór og fjölbreyttur sérréttamatseðill ásamt tilboðsseðli öll kvöld

# Hressir Morðingjar

[UMFJÖLLUN]

TÓNLIST

Morðingjarnir er þriggja manna sveit en meðlimir hennar voru allir í Dáðadrengjum, sem virðist vera búnir að leggja upp laupana, að minnsta kosti hefur ekkert heyrst frá þeirri ágætu sveit í dágóðan tíma. Tónlist Morðingjanna er hins vegar jafn ólík tónlist Dáðadrengja og hugsast getur, þeir eru farnir úr elektrópoppi í hreinræktað pönkrokk. Morðingjarnir sleppa því líka að biðja stelpur um að fara úr að ofan og í staðinn beina þeir kröftum sínum að stjórnvöldum og almennri auðvaldsstefnu. Morðingjarnir eru lítið að flækja hlutina í götunni sinni enda virðist tilgangurinn vera að búa til hreinræktað pönk með beittum boðskap.

Morðingjarnir eru heldur ekkert að tvínóna neitt við hlutina. Þó á plötunni sé heil tólf lög tekur það Morðingjana ekki nema 24 mínútur að koma þeim á framfæri. Gerir það reyndar að verkum að um leið og platan er búin langar mann að spila hana aftur í gegn. Morðingjarnir ná nefnilega að semja nokkuð grípandi melódíur, sem er því miður of sjaldgæfur kostur meðal pönksveita. Lög eins og Ætlarðu ekki með?, Morð af gáleysi og Drep ykkur öll, ná í einfaldleika sínum að hrífa mann með sér og í leiðinni að fá mann til þess að hugsa.

Textar Morðingjanna eru þó helsti kostur plötunnar. Línur eins og „Þingmennirnir þeir brosa blítt, þeir líta undan, þeir fá fiskinn frítt og ríki karlinn verður ríkari. Já, svona virkar nú góðærið,“ og „Davíð Oddsson þú ert bara feitur og Halldór Ásgrímsson, þú heldur að þú sért töff og ríkisstjórn Íslands, þið eruð allir glæpamenn. Þið ljúgið að okkar dag eftir dag,“ eru bara lítið brot um hápólitíska texta Morðingjanna þar sem allt vestrænt neyslusamfélag fær á baukinn, meira að segja framhaldsskólinn.

Í götunni minni er ekkert brautryðjendaverk og skal heldur ekki líta á sem slíkt. Platan er langt frá því að vera gallalaus en sum lögin virka hálf klisjukennd og sumir textanna eru einum of óþjálir og flæða því illa, til dæmis í Lest það ekki í bók. Yfirhöfuð er platan samt hin besta skemmtun sem ætti að hrista vel upp í ósáttum og rokkþyrstum einstaklingum og einnig þeim sem vilja dilla sér við einfaldar en hressar laglínur.



MORÐINGJARNIR

Í GÖTUNNI MINNI

**Niðurstaða:** Fyrsta plata Morðingjanna er rokk og ról í einni af sinni bestu myndum þó svo að hún sé ekkert brautryðjendaverk. Hreinræktað og hressandi pönk með beittum textum og grípandi lögum.

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**


MARKAÐURINN

Sögurnar, tölurnar, fólkið.

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000


# Í hillurnar

Útgáfan blómstrar í vor og nú tínast nýjar bústaðabækur og aðrar uppbyggilegar bókmenntir í hillur verslana.

Ólíkindatólið og slæpinginn Wladimir Kaminer lýsir sögu endaloka Sovétríkjanna frá sínu sjónarhorni í bókinni Plötusnúður Rauða hersins sem Mál og menning gefur út. Kaminer þessi er einn helsti sérfræðingur heims í rússneskri popptónlist og er þekktur fyrir að skipuleggja danskvöld þar sem leikið er „Rússadiskó“. Persónuleg og stórfyndin bók um horfinn heim.



Bókin kom fyrst út árið 2001 en dúkkar nú upp í íslenskri þýðingu Magnúsar Þórs Þorbergssonar.

Sakamálasagan Blóðberg eftir Ævar Örn Jósepsson er komin út í kilju en henni var einkar vel tekið í síðasta flóði. Sögusvið bókarinnar er virkjunarsvæðið við Kárahnjúka þar sem sex starfsmenn hafa farist í hörmulegu slysi en ýmisleg bendir til þess að atburðurinn hafi alls ekki verið neitt óhapp heldur kaldrifjað morð eða jafnvel fyrsta mannskæða hryðjuverkið í sögu eyjarinnar. Höfundurinn hefur áður gefið út spennusögurnar Skítadjobb og Svartir englar sem tilnefnd var til Glerlykilsins, norrænu glæpasagnaverðlaunanna. Útgefandi er Mál og menning.



Skáldsaga Hallgríms Helgasonar, Rokland, er komin í kiljuform. Ævintýri framhaldsskólakennarans og heimspekingsins Böðvars Steingrímssonar og uppgjör hans við eigin samtíma og yfirgengilega tilvistarangist hafa fallið vel í kramið hjá lesendum. Samfélagsrýni og orðkynngi aðalpersónunnar hafa ótvírætt skemmtanagildi því enginn veit betur en Böddi hversu sterk meðöl nútímamaðurinn þarf til þess að breyta sjálfum sér og heiminum. Mál og menning gefur Rokland út.




- khh


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ







### Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI

**Fræ:** Eyðileggðu þig smá, **Ýmsir**: Fjölskyldualbúm Tilraunaeldhússins, **Bubbi**: Endurútgáfur, **Changer**: Breed the Lies, **Keane**: Under the Iron Sea og **Hot Chip**: The Warning.

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# *Slayer til Íslands?*

Rokkhljómsveitin Slayer virðist hafa fullan hug á því að koma til Íslands síðar á árinu. Sveitin hefur tilkynnt að hún leggi upp í tónleikaferðalag í október og á ýmsum vefsíðum má lesa um að hún leiki í Laugardalshöll hinn 18. nóvember næstkomandi. Þetta fæst hvergi staðfest og þeir tónleikahaldarar sem Fréttablaðið ræddi við kannast ekki við að hafa bókað hljómsveitina. Einhverjir munu hafa sent fyrirspurnir á sveitina en það hafi ekki náð lengra en það. Slayer-menn virðast því afar áhugasamir um að koma hingað til lands til tónleikahalds, svo áhugasamir að þeir reyna að ýta tónleikunum í gegn með þessum hætti. Aðdáendur sveitarinnar hérlendis verða því að halda niðri í sér andanum enn um sinn.



**SLAYER** Vilja ólmir spila á Íslandi.



**TÓNLIST THE RACONTEURS**

## > Plata vikunnar

**The Raconteurs:** Broken Boy Soldiers

„Frumraun nýjustu sveitar Jack White er engin vonbrigði. Fyrsta flokks blúsrokk með grípandi lögum og textum.“

BÖS

## X-LISTINN

**TOPP TÍU LISTI X-INS 977**

1. **THE ADVENTURE** ANGELS & AIRWAVES
2. **WELCOME HOME** COHEED AND CAMBRIA
3. **HIS LYRICS ARE DISASTROUS** JAKOBÍNARÍNA
4. **WOMAN** WOLFMOTHER
5. **HATE ME** BLUE OCTOBER
6. **LOSING EVERY DAY** DIKTA
7. **SHINE** BENNY CRESPOS GANG
8. **MISS MURDER** A.F.I.
9. **THE ONLY DIFFERENCE** PANIC AT THE DISCO
10. **IS IT LOVE?** DR. MISTER & MR. HANDSOME



**ANGELS & AIRWAVES** Hljómsveitin Angels & Airwaves er á toppi X-listans með lagið The Adventure.

# Pabbi er góður yfirmaður

**Tónleikar Roger Waters, fyrrverandi forsprakka hljómsveitarinnar Pink Floyd, verða haldnir næstkomandi miðvikudag í Egilshöll. Freyr Bjarnason ræddi við son hans, Harry, sem mun spila með föður sínum á tónleikunum.**

Margir tónlistarunnendur bíða spenntir eftir tónleikunum enda hefur Pink Floyd aldrei spilað hér á landi. Sveitin kom óvænt saman aftur á Live 8 á síðasta ári en engar fregnir hafa borist af frekara samstarfi. Fyrrverandi trommuleikari Pink Floyd, Nick Mason, mun samt sem áður spila í Egilshöll með Waters og er það að sjálfsögðu mikill fengur fyrir hina fjölmörgu aðdáendur þessarar merku sveitar hér á landi.

### Með Marianne Faithfull á Íslandi

„Ég hlakka mjög mikið til að koma til Íslands. Ég fór þangað fyrir nokkrum árum með Marianne Faithfull og hafði mjög gaman af því,“ segir Harry, sem tók sér smá pásu frá hljómsveitaræfingum til að spjalla við blaðamann.

Fyrstu tónleikarnir á tónleikaferð Roger Waters og hljómsveitar hans voru haldnir í Lissabon í Portúgal hinn 1. júní. Eftir það koma tónleikar á Ítalíu, í Þýskalandi og Hollandi áður en ferðinni er heitið til Íslands. Að loknum tónleikunum í Egilshöllinni spila þeir síðan á Norwegian Wood-hátíðinni í Noregi. Í byrjun júlí verður sveitin síðan á Hróarskelduhátíðinni í Danmörku.

### Ellefu á sviðinu

„Andrúmsloftið í hópnum er mjög gott. Þetta eru allt saman fínir náungar og gott að vinna með þeim,“ segir Harry en alls eru ellefu manns á sviðinu á hverjum tónleikum.

Hann viðurkennir að það sé gaman að spila með föður sínum, goðsögninni Roger Waters. „Það er alveg frábært og hefur gengið mjög vel. Ég fæ mikið út úr því að vinna með honum og hann er góður yfirmaður,“ segir hann.

Harry vonast til að fara í Bláa lónið þegar hann kemur hingað til lands rétt eins og hann gerði fyrir tónleika sína með Marianne Faithfull. Lofar hann jafnframt miklu stuði og mikilli ljósadýrð á tónleikunum í Egilshöll.

### The Dark Side í heild sinni

Á fyrri hluta tónleikanna fá áheyrendur að hlýða á nýlega samantekt Waters af ýmsum lögum frá ferlinum. Þar á meðal eru vel þekkt lög frá fyrstu árum Pink Floyd, hluti af The Wall, auk laga af plötunum Animals, Wish You Were Here og The Final Cut. Á síðari hluta tónleikanna er svo röðin komin að flutningi á plötunni The Dark Side of the Moon frá upphafi til enda en þetta verk má með sanni kalla einn af hornsteinum rokktónlistarinnar.

Stærsta hljóðkerfi sem hefur verið sett upp á Íslandi verður notað í Egilshöll á tónleikum Waters, þar á meðal fullkomið 360 gráðu víðómakerfi.



**ROGER WATERS** Fyrrverandi forsprakki Pink Floyd heldur tónleika í Egilshöll 12. júní ásamt hljómsveit sinni.

### Enn eftir miðar

Miðasala á tónleika fer fram á midi.is, í verslunum Skífunnar í Reykjavík og í BT á Akureyri og Selfossi. Miðaverð er 7.900 á svæði B, auk miðagjalds. Uppselt er á svæði A. ■






**HLJÓMSVEITIN FRÆ** Fyrsta plata sveitarinnar er komin í verslanir. Frá vinstri eru Siggi Sadjei, Silla, Palli og Heimir.

# Rólegt og persónulegt frá Fræ

Hljómsveitin Fræ hefur vaktið talsverða athygli síðustu mánuði. Lög hennar, Freðinn fáviti og Dramatísk rómantík, hafa verið mikið spiluð í útvarpi og það er því gleðiefni að fyrsta plata sveitarinnar er komin út. Platan heitir Eyðileggðu þig smá. Heimir Björnsson er aðaltextasmiður Fræs og söngvari. Hann segir að Fræ hafi í upphafi ekki verið hugsuð sem hljómsveit.

„Þessi hljómsveit er eiginlega snjóbolti sem hélt áfram að stækka. Ég og Siggi Sadjei byrjuðum að vinna saman að lögum, töluðum við Palla um að spila gítara inn í nokkrum lögum en þegar Siggi og Palli hittust voru þeir allt í einu búnir að semja lög á heila plötu. Þá ákváðum við að gera þetta þrír saman,“ segir Heimir. Hann og Siggi hafa áður unnið saman í norðlensku rappsveitinni Skyttunum. Palli er aftur á móti gítarleikari úr Maus. Eftir þetta bættist söngkonan Silla í hópinn og nú síðast gengu Danni, trommari úr Maus, og Friðfinnur hljómborðsleikari til liðs við Fræ til að spila með á tónleikum.

„Þessi tvö lög sem hafa farið í spilun eru eiginlega mestu slagararnir á plötunni. Hin lögin eru öll rólegri,“ segir Heimir þegar hann er beðinn að lýsa plötunni. Heimir semur textana á plötunni og segist vera frekar væminn í yrkisefnum sínum. „Mig hafði lengi langað að gera persónulegri texta en ég hef gert með Skyttunum. Þetta var fínt tækifæri til að vera dýpri en venjulega og minna pólitískur. Það er talsvert um persónuleg vandamál í textunum, en ég er nú samt nokkuð heill sjálfur,“ segir hann og hlær.

Liðsmenn Fræs gefa plötuna út sjálfir. Heimir segir að það hafi verið aðeins meira mál en hann hafði ætlað. „Það fylgir þessu mikil vinna sem maður vissi ekki að væri til. Ég sé samt ekki eftir því að gera þetta svona,“ segir hann.

Búast má við því að meðlimir Fræs verði iðnir við tónleikahald á næstunni. Útgáfutónleikar hljómsveitarinnar verða að öllum líkindum 24. júní. ■


HM tilboð
Skjávarpar og sýningartjöld
Er sjónvarpið þitt orðið of lítið fyrir STÓRMÓT eins og HM?
HM tilboðin gilda aðeins í Office 1 Skeifunni 17
Office1
3M skjávarpi og sýningartjald
Vörunúmer: 3MS10 og 01-14007.307-SMI
Frábær skjávarpi hannaður af Pinin Farina og vandað 2m x 2m sýningartjald í einum HM pakka.
• Upplausn: SVGA (800 x 600)
• Styður SXGA í þjöppun (1024 x 768)
• Birta ANSI Lumens: 1200 (1000 sparnaður)
• Skerpa: 300:1
• Skjáflötur: 30”- 300” flöt
• Aðdráttur: 4x stafrænn/Manual
• Ummál: 329 x 107 x 243mm
• Tengi: 1x s-video, 1x RCA inngangur, 1x VGA Inngangur, 1x VGA útgangur
• Lampaending: 2000 klst (4000 sparnaður)
• Hljóð: 32 dB (28 sparnaður)
• Hátalarar: Innbyggðir 1x1W
• Kæling: 0 sek. • Taska
• Keystone leiðrétting • Fjarstýring
• 2 ára ábyrgð
Aðeins
179.900,-
3M
Taska fylgir
Skjávarpi + sýningartjald + taska
Alltaf í boltanum!
Office1
Hp skjávarpi og sýningartjald
Vörunúmer: L1750A og 01-14007.307-SMI
HP EP7112 skjávarpi fyrir heimabíó og vandað 2m x 2m sýningartjald í einum HM pakka. Skilar mun betri myndgæðum og litum en venjulegur fjölnota skjávarpi
• Upplausn: SVGA (800 x 600)
• Lampaending: 4000 klst.
• Skerpa: 1600:1
• Birta ANSI Lumens: 840
• Hljóð: 32 dB
• Þráðlaus fjarstýring
Aðeins
189.900,-
Skjávarpi + sýningartjald
Office 1 Superstore ®
Tilboðin gilda á meðan HM2006 stendur yfir. Birt með fyrirvara um myndbrengl, prentvillur og uppseldar vörur.

# Knattspyrnuveislan mikla hefst í dag

**Heimsmeistarakeppnin í fótbolta hefst í Þýskalandi í dag. Milljónir manna munu fylgjast með þessari miklu íþróttaveislu úti um allan heim, þar á meðal hér heima á litla Íslandi. Freyr Bjarnason fór á stúfana og fræddist meðal annars um pólska gullaldarliðið, brjálað andrúmsloftið í Þýskalandi, 120 gramma hamborgara og leðurklædda hægindastóla.**



## Brassarnir heitastir

Salan á landsliðstreyjum þeirra þjóða sem taka þátt í HM hefur tekið töluverðan kipp að undanförnu.

„Það eru allir búningar að seljast, það er bara svo einfalt," segir Eyþóra Valdimarsdóttir, starfsmaður Jóa útherja. „Reyndar er Brasilía heit en líka England, Argentína, Holland og Frakkland. Síðan er Ítalía orðin uppseld," segir hún.

Að sögn Eyþóru eru keyptar treyjur á börn niður í eins árs gömul og fullorðið fólk alveg upp í nírætt. Hvað varðar íslensku landsliðstreyjuna segir Eyþóra að hún seljist alltaf jafnt og þétt bæði hér heima og erlendis, sérstaklega á Norðurlöndunum þar sem fjöldi Íslendinga býr. Hér á landi sé einnig mikið um það að útlendingar kaupi treyjuna.

Eyþóra ætlar að sjálfsögðu að fylgjast með HM. „Ég held með Englendingum og vona náttúrlega að þeir vinni en ég held samt að Brasilía taki þetta," segir hún.



**SALAN EYKST** Sala á landsliðstreyjum þeirra liða sem taka þátt í HM hefur aukist að undanförnu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SPENNTIR ÁHORFENDUR** Mikil stemning verður væntanlega á pöbbum og veitingastöðum út um allt land í tilefni af HM. MYND/KARL PETERSSON

## Stemningin lifir á kránni

### Ölver og Wembley

Í Ölveri og á Wembley í Glæsibæ verða allir leikirnir sýndir á breiðtjöldum. Hægt er að velja úr fimm tjöldum samanlagt á báðum stöðum og 22 sjónvörpum. Einn skafmiði mun fylgja með hverjum bjór á barnum og þeir sem skafa og vinna ekki komast engu að síður í stóran pott. Þar er utanlandsferð í verðlaun. 120 gramma hamborgari með stórum bjór verður á tilboði á tólf hundruð krónur.

### Players

Allir leikirnir verða sýndir á breiðtjöldum, sem eru fimm talsins auk þess sem ellefu sjónvörp verða í gangi. Nýir skjávarpar eru komnir í hús og ættu gæðin því að vera eins og best verður á kosið. Þeir sem kaupa bjór á barnum fara í pott þar sem dregnir verða út smávinningar auk utanlandsferðar. Tilboð verður á grillbeikonborgara og stórum bjór á 1.500 kall. Búast má við hópi Norðmanna á barnum á þriðjudag þegar Brasilíumenn mæta Króötum.



### Vín og skel

Í fimmtíu fermetra tjaldi úti í porti verður 48 tommu sjónvarp þar sem fólk getur horft á leikina. Hitalampi verður í tjaldinu þannig að engum ætti að verða kalt. Bar verður inni í tjaldinu og verða ýmsir leikir í gangi. Hægt verður að veðja á úrslit auk þess sem menn geta sett nöfn sín í pott sem verður dregið úr á Sýn. Utanlandsferð verður meðal verðlauna. Einnig verður annað tjald á staðnum með skjávarpa sem sýnir leikina á átta fermetra tjaldi. Ýmsir sjávarréttir verða á tilboði, þar á meðal fiskur, kræklingur, rækjukokteill, humar og skelfisksúpa.

### Glaumbar

Sett hafa verið upp ellefu ný plasmasjónvörp frá 28 tommum upp í 42 tommur að stærð. Alls verða þrettán sjónvörp á staðnum auk þess sem myndvarpi mun varpa leikjunum upp á breiðtjald. Stór bjór verður á 500 kall auk þess sem hamborgari, franskar og kokkteilsósa verða á 950 krónur.

## Ný gullöld hjá Pólverjum?

**Pólverjar eru fjölmennir á Íslandi og að sjálfsögðu ætla flestir þeirra að fylgjast með sínum mönnum etja kappi við þá bestu á HM. Freyr Bjarnason ræddi við Witek Bogdanski um pólska landsliðið og væntingarnar sem til þess eru gerðar.**

Pólska landsliðið er í riðli með Þýskalandi, Kosta Ríka og Ekvador og reikna flestir með því að Pólverjar komist upp úr riðlinum ásamt heimamönnum.

Að sögn Witek Bogdanski, rallökumanns og formanns samtaka Pólverja á Íslandi, eiga flestir Pólverjar gervihnattadiska og munu þeir fyrst og fremst fylgjast með keppninni heima hjá sér. Engin sameiginleg hátíðarhöld hafi verið skipulögð í tengslum við HM.

„Pólska sjónvarpið hefur verið að sýna gamla leiki frá árinu 1974 þegar landsliðið var að vinna leik eftir leik, til að hjálpa fólki að muna eftir gömlu dögunum og hjálpa því að trúa á liðið," segir Witek. „Þeir töpuðu fyrir Kólumbíu um daginn og þá var mikil gagnrýni á landsliðið heima en síðan spiluðu þeir við Króatíu og unnu, þannig að það er erfitt að spá fyrir um hvernig gengur," segir hann.

Mikil sorg var í Póllandi nýlega þegar Kazimierz Górsky, fyrrverandi þjálfari pólska landsliðsins, lést. Náði hann mjög góðum árangri með liðið á sínum tíma og er því mikil eftirsjá að honum. „Gamli kallinn var að vonast eftir því að lifa lengur og vonaðist til að sjá leiki á HM. Stefnan var að hjálpa honum að fara og fylgjast með en því miður varð ekkert út því," segir Witek. „Það var mikil virðing borin fyrir honum. Hann gerði kraftaverk með liðið árið 1974. Þá komst það í undanúrslit á móti Þýskalandi en tapaði. Það var 45 mínútna seinkun á leiknum því það var vatn um allan völl en samt fór leikurinn fram. Ég man eftir því að frægur pólskur leikmaður, Lato, sem skoraði 7 mörk á mótinu, var að hlaupa og skaut á markið. Boltinn var á leiðinni inn en stoppaði á línunni. Þetta var algjör skandall og margir kvörtuðu yfir þessu. Þeir töpuðu 1-0 og fóru ekki í úrslit en unnu Brasilíu í leik um þriðja sætið," segir hann.

Witek spáir Pólverjum upp úr riðlinum á HM í Þýskalandi en á ekki von á því að árangurinn verði sá sami og gullaldarliðið náði á sínum tíma. Hann býst við því að Hollendingar muni standa uppi sem sigurvegarar í fyrsta sinn í sögu HM. - fb



**SPENNTIR PÓLVERJAR** Fjölmargir Pólverjar bíða spenntir eftir HM í fótbolta, þar á meðal Witek og félagar hans sem starfa hjá Samskipum. Witek er í fremstu röð til hægri. Aðrir á myndinni eru: Krzysztof Orlowski, Agnieszka Kasprzyk, Piotr Klinczak, Marek Dabrowski, Marius Mryniewkki, Krystian Baranowski, Iotr Budziszewski, Sebastian Sadcik, Patrycjusz Kadzikowski, Hanna Cypriak og Tomasz Chmiel. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## Fótboltafár í Borgarleikhúsinu

Í tilefni HM í Þýskalandi munu Goethe-stofnunin og þýska sendiráðið í Reykjavík bjóða til athafnar í Borgarleikhúsinu kl. 15:30 í dag.

Opnunarleikur Þýskalands og Kosta Ríka verður sýndur beint á litla sviði leikhússins og eru allir boðnir velkomnir. Einnig verður ljósmyndasýningin Heimsmálið fótbolti opnuð formlega af heiðursgestinum Atla Eðvaldssyni, sem lék með góðum árangri frá 1980-1988 með þýsku liðunum Borussia Dortmund, Fortuna Düsseldorf og KFC Uerdingen 05.

Stefanie Hontscha, menningarfulltrúa hjá Goethe, hlakkar mikið til athafnarinnar í dag. „Ég er mjög ánægð með að Atli Eðvaldsson verði heiðursgestur. Hann var góður leikmaður á sínum tíma og hefur gert mikið fyrir fótboltann á Íslandi," segir Stephanie og hvetur Þjóðverja jafnt sem Íslendinga til að mæta í Borgarleikhúsið. Um 830 Þjóðverjar eru skráðir hér á landi en um eitt þúsund eru hér búsettir og því ætti mætingin í dag að vera góð.

Stefanie segir að stemningin hjá gestgjöfunum í Þýskalandi sé hálfbrjáluð um þessar mundir. „Það er svo mikið af fólki þarna af öllum þjóðernum og allir eru að koma saman til að skemmta sér. Andrúmsloftið er hálfklikkað en það er líka gott," segir hún.



**STEFANIE HONTSCHA** Menningarfulltrúi Goethe-stofnunarinnar hlakkar mikið til athafnarinnar í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


PinUp.as/Massimo Leardini - HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 5537
MUNIÐ BÍLBELTIN
UMFERÐARSTOFA

fjörið ... **fólk** folk@frettabladid.is

# Sá hraðskreiðasti í heimi

Hraðskreiðasti bíll í heimi, sænski ofurbíllinn Koenigsegg CCX, er kominn til landsins. Þessi mikli sportbíll er skráður í heimsmetabók Guinness sem hraðskreiðasti verksmiðjuframleiddi bíllinn í heiminum í dag, enda nær hann hvorki meira né minna en 395 km hraða að hámarki. Bíllinn hefur 806 hestöfl og er 3,2 sekúndur í hundraðið.

Bíllinn kom hingað með flugi og er á leiðinni á stórsýninguna Bílar og sport sem verður haldin í Laugardalshöll um helgina. Fyrst verður þó farið með hann út á land í auglýsingamyndatöku.

Eintakið sem er komið til landsins var sýnt um helgina í Bretlandi þar sem Koenigsegg sló annað met. Þar náði bíllinn hraðasta hring sem nokkru sinni hefur náðst á prófunarbraut Top Gear-sjónvarpsþáttarins.

Hönnuður og eigandi Koenigsegg-verksmiðjanna, Christian von Koenigsegg, er einnig væntanlegur til landins í fylgd konu sinnar Halldóru, sem er íslensk. „Það var draumur hans að smíða þessa bíla; að smíða hraðskreiðasta og mest sexí sportbíl sem hefur verið gerður og ég held að honum hafi tekist það," segir Njáll Gunnlaugsson, ritstjóri tímaritsins Bílar og sport.

Eftir sýninguna verður bíllinn fluttur til nýs eiganda síns sem mun keyra hann í Le Mans-kappakstrinum í Frakklandi. - fb



**SÁ HRAÐSKREIÐASTI** Koenigsegg CCX er hraðskreiðasti verksmiðjuframleiddi bíllinn í heiminum.

# Uppskeruhátíð tískunnar

Samband Bandarískra fatahönnuða (CDFA) hélt verðlaunahátíð sína á dögunum. Hátíðin hefur verið kölluð óskarshátíð tískuheimsins og láta fremstu hönnuðir sig sjaldan vanta á þennan atburð. Til dæmis eru veitt verðlaun fyrir bestu herra- og dömuhönnunina og bestu fylgihlutahönnunina.

Stjörnurnar eru tíðir gestir á hátíð sem þessa og auðvitað skiptir það miklu máli að vera í nýjustu tísku. Aðalverðlaun hátíðarinnar unnu Francisco Costa, aðalhönnuður Calvins Klein, sem besti kvenfatahönnuðurinn og herramegin var það Thom Browne.

Meðal þeirra sem létu sjá sig voru Anna Wintour en kvikmyndin Djöfullinn er alltaf í Prada er sögð vera byggð á ævi hennar. Leikkonan Lindsay Lohan lét einnig sjá sig en sögusagnir um fatafíkn hennar hafa verið háværar.



**TÍSKUDROTTNINGIN Í ROCHAS** Ritstjóri tískuritsins Vogue, Anna Wintour, lætur sig sjaldan vanta á tískuviðburði sem þessa. Hér er hún ásamt Olivier Theyskens, sem valinn var besti alþjóðlegi fatahönnuðurinn.



**BURÐARSTEINN TÍSKUNNAR** Fyrirsæturnar Gemma Ward og Erin Wasson voru sætar að vanda.



**VÍGALEGUR AÐ VENJU** Karl Lagerfeld sést hér ásamt leikkonunni ungu Lindsay Lohan. Hún klæðist kjól úr hans hönnun. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**TÍSKULJÓNIN** Lazaro Hernandez og Jack McCollough, hönnuðir Proenza Schouler, voru tilnefndir sem kvenfatahönnuðir ársins. Hér eru þeir með leikkonunni og tískudrottningunni Chloe Sevigny og er hún í kjól frá þeim.



**SIGURVEGARI KVÖLDSINS** Francisco Costa, aðalhönnuður Calvins Klein, vann til verðlauna sem besti fatahönnuður ársins en dömulína hans fyrir Calvin Klein hefur vakið mikla athygli. Hér er hann með leikkonunni Scarlett Johansson sem klæðist kjól úr safni hans.













**ENGLARNIR TVEIR** Slógu í gegn á síðum Fréttablaðsins og hafa eignast sína eigin heimasíðu.

# Pú og Pa á netinu

Eins og glöggir lesendur Fréttablaðsins hafa tekið eftir eru englarnir tveir, Pú og Pa, horfnir af síðum blaðsins. Aðdáendur þeirra geta þó huggað sig við að þeir félagar eru komnir á netið og geta áhugasamir nálgast nýjar sögur á slóðinni www.puandpa.com. Að sögn höfundarins og teiknarans, Sigurðar Arnar Brynjólfssonar, er ætlunin að bæta við öðrum teiknimyndaseríum síðar meir en allur texti er á ensku enda tilgangurinn að kynna þær fyrir erlendum aðilum.

MEÐ HNÍF OG GAFFLI ÞRÁINN BERTELSSON SKRIFAR

# Að gera sér dagamun

Hjá venjulegu fólki flokkast það að fara „út að borða“ undir „að gera sér dagamun“ og einungis auðkýfingar ellegar þeir sem vegna afburða gáfna og hæfileika hefur verið trúað fyrir kreditkortum frá stofnunum eða fyrirtækjum hafa ráð á að láta þjóna sér til borðs að staðaldri.

Miðað við aðra afþreyingu er það fremur dýr skemmtun á Íslandi að borða á veitingahúsum. Merkilegt nokk er samt ódýrara að borða en drekka. Og auðvitað ræður efnahagur og lundarfar því hvað hver og einn telur dýrt eða ódýrt. Allir eru þó sammála um að vilja fá sem mest fyrir peningana sína. Hátíðarkvöldverður handa tveimur, tvö glös af víni, 16.950 kr.

**Ódýrt? Nei.**

**Gott? Já.**

Peninganna virði? Tja, það er matsatriði - en betri mat er varla hægt að fá.

Í stað þess að velja sjálf af girnilegum matseðli á Grillinu ákváðum við að gefa matreiðslumeisturum staðarins frjálsar hendur, en þeir bjóða upp á máltíðir sem þeir hafa sjálfir sett saman eftir eigin höfði, óvissuveisla á 6.900 og sjávarfangsveisla á 7.500.

Daman valdi sjávarfangið og glas af hvítvíni hússins (Norton, Chardonnay frá Argentínu, ísúrt og ferskt, afar gott vín, sagði hún) en herrann hélt sig við landdýrin og skolaði þeim niður með blávatni.

Hófst svo hin besta veisla með örðu af kóngakrabbasalati með mangósósu sem lystauka en það kalla Frakkar víst „amuse-bouche“.

**Forréttir.** Hún: Rauðspretta á rabarbaramauki í sítrónugrassósu. Hann: Steiktur hörpudiskur með gljáðum humarkrafti. Staðan 1-1.

Hún: Kóngakrabbi á saltfiskþynnu (carpaccio), djúpsteikt hrísgrjón vafin með þara (nori) og tómatkrem. Hann: Sandhverfa, kartöflumús, sítrusmauk (confit). 2-2.

**Aðalréttir.** Hún: Risahumarhalar, annar íslenskur og hinn frá Kanada, á kartöflubeði með tómatmauki og rjómabættri hvítvínssósu (Sauternes). Því miður var kanadíski humarinn jafn bragðgóður og sá íslenski, en aðeins grófari. Hann: Dádýrslund og kartöflu- og svartrótar-terrine. („Terrine,“ vel að merkja, er yfirleitt notað um kæfur sem bakaðar eru í leirílátum. „Svartrót“ heitir á ensku „salsify“ og er stundum kölluð „geitarskegg“ og hefur aldrei komið nærri söltum sjó - en hefur þó svipað bragð og ostrur).

Þetta var æsispennandi. Hver rétturinn öðrum betri og mátti ekki milli sjá hvort láðs- eða lagardýr hefðu yfirhöndina. 4-4.

Af tillitssemi við svanga lesendur verður máltíðinni ekki lýst nánar, en þó er rétt að það fylgi sögunni að ávaxtakrap, eftirréttir og kaffi voru af sama gæðastaðli og það sem á undan var gengið sem og kvöldroðinn, sólarlagið og Snæfellsjökull sem auk matreiðslu- og þjónustufólks á Grillinu áttu sinn þátt í að gera okkur verulegan dagamun.

Grillið er staður sem veitingahús á Íslandi geta miðað sig við.





**BRÚÐKAUPSFATNAÐUR** „Ég sá þetta í grímubúningablaði, tók upp sniðið og saumaði eftir því úr afgangsefni,“ segir Nikulína.

# Kjólar úr ruslapokum

Kjólar úr kaffipokum, dagblöðum, kartöflupokum, ruslapokum, gardínum, dömubindabréfum og Hagkaups- og Bónusplastpokum: það gætti margra grasa á umhverfisvænni tískusýningu sem haldin var í Góðtemplarahúsi Hafnarfjarðar á Björtum dögum. „Fötin eru öll úr endurnýttu efni, úr einhverju sem átti að fleygja,“ segir Nikulína Einarsdóttir, sem á heiðurinn að kjólunum á sýningunni. Nikulína, sem er 74 ára, vann á saumastofunni á Hrafnistu í Hafnarfirði í sextán ár og þar hirti hún ýmsa afganga sem féllu til og notaði í saumaskap á kjólunum, sem hefur tekið nokkur ár. Nikulína lét gott af sér leiða með sýningunni, en hún ákvað að ágóðinn af sýningunni skyldi renna í Styrktarsjóð krabbameinssjúkra barna. „Við misstum fjórtán ára gamlan dreng úr krabbameini. Ég hugsaði með mér að ég væri orðin það gömul að nú væri tækifærið til að gera þetta, mig hefur langað til að gera eitthvað svona lengi,“ segir Nikulína hæstánægð með góðar móttökur, en aðgangseyririnn að sýningunni rann óskiptur í styrktarsjóð krabbameinssjúkra barna, alls sjötíu þúsund krónur.



**FRÍÐUR FLOKKUR** Nikulína er í fremstu röð með blóm í hendi. Hún fékk systur sína, tengdadóttur, dóttur og vinkonur til að sýna endurnýta fatnaðinn.






Perspekti

Ísland í augum innflytjenda

Alice Olivia Clarke • Amy Clifton • Glenn Barkan • Jacqueline Downey • Claudia Mrugowski • Timour Fastovski • Denni Karlsson

Markús Meckl og nemendur hans við Háskólann á Akureyri

Opnun í Ljósafossstöð

laugardaginn 10. júní kl. 13.00

**Kórsöngur:** klukkan 14.00 munu Lögreglukór Reykjavíkur og kvennakórinn Ljósbrá syngja nokkur lög.



Með aðstoð Alþjóðahússins hefur Landsvirkjun efnt til sýningar sem hlotið hefur nafnið „Perspekti“ þar sem kynnt eru verk nokkurra listamanna sem eru af erlendu bergi brotnir. Þeir eiga það sammerkt að tilheyra nú íslensku samfélagi og telja list sína hafa orðið fyrir áhrifum af dvölinni hér. Þá eru jafnframt á sýningunni tvær myndasýningar ásamt texta sem lýsir samspili ólíkra þjóða.



Spennandi sumar framundan hjá Landsvirkjun

Sýningin er opin í sumar frá 13–17 virka daga og 13–18 um helgar.

Nánari upplýsingar á **www.landsvirkjun.is** og í síma **515 9000**.

Landsvirkjun

Góðir straumar í 40 ár

MIXA • fít • 60311
















**ÁRNI MÁR VALMUNDARSON** Árni Már er dagskrár- og framleiðslustjóri nýju stöðvarinnar. MYND/GASSI

# Voice í loftið

Útvarpsstöðin Voice fer í loftið í fyrsta sinn í dag klukkan 9.06 á tíðninni 98,7. Markhópur stöðvarinnar er fólk á aldrinum 18-35 ára og er útsendingarsvæðið Akureyri og nágrenni.

Í tilefni opnunarinnar verður haldið opnunarhóf á Strikinu á Akureyri klukkan 14:00 þar sem starfsemi stöðvarinnar, dagskrá hennar og starfsfólk verða kynnt. Klukkan 22:00 um kvöldið verður svo haldið á Strikinu veglegt opnunarpartí.

Starfsmenn stöðvarinnar eru tólf talsins en stofnendur eru þeir Ásgeir Ólafsson og Árni Már Valmundarson. „Fyrir rúmu hálfu ári síðan ákváðum við að hópa okkur saman nokkrir gamlir bransamenn og flytja á heimaslóðir til Akureyrar og opna nýja og ferska útvarpsstöð því þarna var engin stöð fyrir,“ segir Árni Már, sem var áður á FM957. Þar áður vann hann á Frostrósinni á Akureyri sem lagði upp laupana fyrir sex árum. „Við sem stöndum að baki stöðinni eigum 22 ára samanlagða reynslu að baki í útvarpi á öllum sviðum,“ segir hann.

Árni lofar hlustendum stöðvarinnar melódískri og flottri tónlist. Ekkert hip hop verður spilað og ekkert R&B. „Þarna verða lög frá níunda og tíunda áratugnum. Þetta eru lög sem þú manst eftir en eru kannski ekkert að heyrast í dag.“

Hann bætir því við að keypt hafi verið eitt stærsta og besta útsendingakerfið sem er til í heiminum fyrir útvarpsstöðina og því eigi gæðin að vera eins og best verður á kosið.

**- fb**

# Bubbi á dönsku

„Það er alveg rétt að ég á efni á dönsku en það er bara í salti eins og er,“ segir stórtónlistarmaðurinn Bubbi Morthens þegar hann er spurður um lög sem hann hefur samið með útgáfu í Danmörku í huga. Bubbi segir að ekkert sé því til fyrirstöðu að hann gefi út tónlist sína í Danmörku, hafi hann tíma og þrek til þess. Ekki sé þó tíðinda að vænta af þessu í náinni framtíð.

„Þetta er smá hliðarverkefni hjá mér. Ég samdi ný lög og samdi svo textana með danskri söngkonu en að öðru leyti vil ég lítið tjá mig um þetta,“ segir Bubbi. Bubbi á ættir að rekja til Danmerkur og því þarf það ekki að koma á óvart að hann vilji reyna fyrir sér með því að syngja á danskri tungu. Páll Eyjólfsson, umboðsmaður hans, kannast við þessi lög Bubba en ítrekar að það sé ekkert „útrásarský í gangi,“ eins og hann kallar það. „Þetta gæti samt verið svona Jon Dahl Tomasson dæmi,“ segir Palli og hlær.

**- hdm**



**BUBBI MORTHENS** Hefur samið ný lög og danska texta við þau sem hann á í handraðanum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR




## ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| POSEIDON | KL. 3:40-5:50-8-10:10 | B.I. 14 |
| POSEIDON VIP | KL. 3:40-5:50-8-10:10 | |
| SHE´S THE MAN | KL. 3:30-5:45-8-10:20 | |
| X-MEN 3 | KL. 3:30-5:45-8-10:20 | B.I. 12 |
| AMERICAN DREAMZ | KL. 5:50-10:10 | |
| THE SHAGGY DOG | KL. 3:40-5:50 | |
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 8-10:30 | B.I. 14 |
| SCARY MOVIE 4 | KL. 4-8 | B.I. 10 |

ÁLFABAKKI S: 587-8900

## KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| POSEIDON | KL. 8-10 | B.I. 14 |
| X-MEN 3 | KL. 5:45 | B.I. 12 |
| THE DA VINCI CODE | KL. 10:30 | B.I. 14 |
| THE SHAGGY DOG | KL. 6 | |
| THE INSIDE MAN | KL. 8 | |

## AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SHE´S THE MAN | KL. 6-8-10 | |
| POSEIDON | KL. 8-10 | B.I. 14 |
| AMERICAN DREAMZ | KL. 6 | |

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

## KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SHE´S THE MAN | KL. 3:45-6-8:15-10:30 | |
| POSEIDON | KL. 6-8:15-10:30 | B.I. 14 |
| AMERICAN DREAMZ | KL. 3:50-8 | |
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 10:10 | B.I. 14 |
| SHAGGY DOG | KL. 4 | |
| SCARY MOVIE 4 | KL. 6 | B.I. 10 |

SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

KRINGLAN S: 588-0800

## Háskólabíó

| | | |
|---|---|---|
| POSEIDON | KL. 5-7-9-11 | B.I. 14 |
| THE DA VINCI CODE | KL. 4-6-8-10 | B.I. 14 |
| THE SHAGGY DOG | KL. 4-6-8 | |
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 5-8-10 | B.I. 14 |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919



**BRANGELINA** Angelina Jolie og Brad Pitt héldu blaðamannafund á miðvikudag ásamt forsetafrú Namibíu, Penexupifo Pohamba.

# Engin gifting í vændum

Angelina Jolie og Brad Pitt komu fram opinberlega á miðvikudag, í fyrsta skipti eftir fæðingu frumburðarins, og lýstu því yfir að gifting væri ekki í myndinni í nánustu framtíð. „Það liggur ekki í loftinu. Við einbeitum okkur að krökkunum, og erum augljóslega bundin krökkunum og hvort öðru sem foreldrar,“ sagði Jolie á blaðamannafundinum, sem haldinn var á hóteli í sjávarbænum Swakopmund. „Það er mikilverðast fyrir okkur, og að halda einhverja athöfn ofan á það skiptir engu.“ Hjónakornin þökkuðu góðar viðtökur í Namibíu og báru lof á landið. „Landið ykkar er svo fjölbreytt og sérstakt. Namibía er besta leyndarmál Afríku - það er að segja þangað til við komum hingað,“ sagði Pitt. „Fólk var hneykslað að við skyldum ákveða að koma hingað, og hélt að við værum að setja líf dóttur okkar í hættu. En við lásum okkur til um Namibíu,“ sagði Jolie, og Pitt bætti við að þau hefðu fengið fyrsta flokks læknisþjónustu. „Við hefðum ekki getað fengið betri þjónustu, jafnvel á sjúkrahúsi í Bandaríkjunum.“ Fjölskyldan hyggst fara frá Namibíu innan nokkurra daga svo Pitt geti hafið tökur á Ocean‘s Thirteen. ■

# Erfingi Zappa spilar í kvöld

Tónleikarnir Zappa Plays Zappa verða haldnir í Hafnarhúsinu í kvöld. Dweezil Zappa mun heiðra föður sinn ásamt fríðu föruneyti. Þar verða fremstir í flokki gítarleikarinn snjalli Steve Vai sem áður var í Whitesnake, trommarinn Terry Bozzio og saxófónleikarinn Napoleon Murphy Brock. Með þeim á sviðinu verða sjö aðrir tónlistarmenn. Miðasala á tónleikana fer fram í Máli og menningu Laugavegi, Pennanum á Akureyri, Hljóðhúsinu á Selfossi, Hljómvali í Keflavík, Tónspili í Neskaupstað og á citycentre.is.

Húsið verður opnað kl. 20.00 í kvöld og tónleikarnir hefjast 20.30.



**ZAPPA PLAYS ZAPPA** Tónleikarnir verða í Hafnarhúsinu í kvöld og hefjast klukkan 20:30.




# Madonna er nýtt andlit H&M

Madonna hefur nú samþykkt að verða hið nýja andlit verslunarkeðjunar Hennes og Mauritz. Hún mun hafa skrifað undir samning þess efnis að hún noti föt frá H&M á hljómleikaferð sinni um heiminn þegar hún er ekki á sviðinu en þar notast hún við fatnað frá Jean Paul Gaultier. Einnig hefur hún hannað íþróttagalla sem mun verða til sölu í búðunum í haust. Hún mun koma fram í auglýsingum fyrir fyrirtækið ásamt dönsurum sínum og fer sú herferð af stað síðar á þessu ári. H&M er í mikilli sókn þessa dagana en nýverið kom fram að hönnunartvíeykið Victor og Rolf mun ljá því krafta sína í haust.



**MADONNA ÁSAMT STELLU MCCARTNEY**
Nú hefur Madonna fylgt vinkonu sinni eftir og mun koma fram fyrir sænsku verslunarkeðjuna H&M. McCartney hannaði föt fyrir fyrirtækið á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



## Ragnheiður með Íslandsmet

Ragnheiður Ragnarsdóttir, sundkona úr KR, setti nýtt Íslandsmet í 50 metra skriðsundi á móti í Canet í Frakklandi í gær. Hún synti á tímanum 26,23 sekúndum og bætti fyrra metið, 26,34 sekúndur, sem hún átti sjálf og tryggði sér þar með sæti á EM í sundi, sem fram fer í Búdapest, í ágúst.

**sport**

sport@frettabladid.is

HANDBOLTAKAPPINN RAGNAR ÓSKARSSON: MISSIR AF SEINNI LEIKNUM GEGN SVÍUM HINN 17. JÚNÍ

# *Ég gat ekki frestað brúðkaupinu!*

Ragnar Óskarsson, handboltakappi hjá Dunkerque í Frakklandi, missir af seinni leiknum gegn Svíum þar sem hann er að fara að gifta sig.

„Það er langt síðan dagurinn var ákveðinn og ég hafði ekki hugmynd um að ég yrði í hópnum á þessum tíma. Því miður hittist þetta svona á. Því miður og því miður reyndar, það er ekkert leiðinlegt að vera að gifta sig. Ég sagði alltaf að ég væri tilbúinn að hjálpa til eins og ég gæti fram að seinni leiknum og ég vona bara að ég geti komið að einhverju gagni,“ sagði Ragnar eldhress í gær.

„Ég var mest hissa á að vera valinn aftur í hópinn. Svona er þetta, maður gerir bara eins vel og maður getur úr þessu. Ég var mjög ánægður með að Alfreð vildi fá mig eins og ég gæti og var ekki að setja mig út úr hópnum þrátt fyrir þetta. Ég er honum mjög þakklátur fyrir traustið. Strákarnir í liðinu litu á þetta eins og því er það bara hið besta mál en það kom aldrei til greina að fresta brúðkaupinu. Það er búið að vera nóg að gera í undirbúningnum en þetta er allt komið þrátt fyrir að ég hafi stungið af bara, svona rétt fyrir stóra daginn,“ sagði Ragnar en unnusta hans er frönsk.



Ragnar var svo steggjaður eins og hefð er fyrir brúðkaup.

„Þetta gekk alveg eins og í sögu. Ég var látinn dansa í neðanjarðarlestunum í Frakklandi og safna eins miklum pening og ég gæti í hatt. Ég dustaði rykinu af gamla hip-hopinu mínu og fékk fullt af evrum í hattinn. Ef þetta klikkar með handboltann hjá mér þá get ég greinilega alltaf farið að troða upp í lestunum, jafnvel rappað og svona,“ sagði Ragnar og hló við en það voru samherjar hans úti sem steggjuðu hann svona eftirminnilega.

## > Þorgils í ÍR

Unglingalandsliðsmarkvörðurinn Þorgils Jónsson er genginn í raðir ÍR frá ÍBV. Þorgils er hávaxinn og efnilegur markvörður og er gríðarleg ánægja með komu hans í Breiðholtinu en ÍR-ingar binda miklar vonir við þennan strák á næstu árum. Breiðhyltingar hafa orð á sér fyrir að skila markvörðum sínum í landsliðið og verður spennandi að fylgjast með hvernig Þorgils kemur til með að ganga hjá ÍR, sem hefur verið að bæta nokkuð við sig undanfarið og ber þar hæst endurkomu Brynjars Steinarssonar frá Danmörku.

Chris Coleman:

## Heiðar er alls ekki á förum

**FÓTBOLTI** Heiðar Helguson er alls ekki á förum frá Fulham í sumar. Enskir fjölmiðlar greindu frá því í gær að Fulham hefði áhuga á því að láta Heiðar og Collins John fara til Birmingham í skiptum fyrir Emile Heskey. Það er þó ekki að fara að gerast ef marka má orð Chris Coleman, stjóra Fulham.

„Það er alls ekki rétt. Þetta eru bara einhverjar sögusagnir sem blaðamenn búa til. Heiðar spilaði virkilega vel á tímabilinu og við höfum ekki í hyggju að selja hann, alls ekki,“ sagði Coleman um Dalvíkinginn knáa.

Heiðar gekk til liðs við Fulham síðasta sumar og átti erfitt uppdráttar til að byrja með á Craven Cottage. Eftir áramót fór baráttuhundurinn svo í gang og lauk hann tímabilinu með tíu mörk fyrir Fulham og komst í miklar mætur hjá stuðningsmönnum liðsins. - hþh

# Fer Sinisa Valdimar frá Grindavík?

**Einn allra besti leikmaður Grindavíkurliðsins undanfarin ár, Sinisa Valdimar Kekic, gæti verið á förum frá félaginu. Hann lenti upp á kant við Sigurð Jónsson, þjálfara liðsins, og íhugar nú hvar framtíð hans liggur.**

**FÓTBOLTI** Sinisa Valdimar Kekic íhugar nú hvort hann eigi að hætta hjá Grindavík og færa sig um set eftir að ágreiningur kom upp á milli hans og Sigurðar Jónssonar, þjálfara liðsins. Kekic hefur verið lykilmaður liðsins undanfarin ár og væri það mikil blóðtaka fyrir Suðurnesjaliðið ef þessi 36 ára gamli fjölhæfi leikmaður ákvæði að skipta um félag.

„Ég vil ekki mikið tjá mig um þetta mál en það kom upp ágreiningur við þjálfarann og ég er að hugsa hvað ég á að gera núna. Ég er þó ekki búinn að ákveða hvað ég geri og ég vil bara alls ekki hætta að spila fótbolta, ég á enn eitthvað eftir en ég er ekki viss um hvort ég verði áfram hjá Grindavík,“ sagði Sinisa Valdimar Kekic við Fréttablaðið í gær.

Sigurður Jónsson, þjálfari liðsins, sagði að málið væri stormur í vatnsglasi og gerði fastlega ráð fyrir að málið leystist innanbúðar. Sömu sögu er að segja af Jónasi Þórhallssyni, formanni knattspyrnudeildar Grindavíkur. Jónas fundaði með Kekic og Sigurði í gær en þær viðræður skiluðu ekki tilætluðum árangri.

Kekic er enn í fullu fjöri og er jafnan á meðal bestu manna liðsins, hvort sem hann spilar í vörn eða sókn. Hann er þó alls ekki á því að hætta knattspyrnuiðkun, jafnvel þó hann hætti hjá Grindavík.

„Ég vil ekki hætta að spila fótbolta og ef ég hætti hjá Grindavík vil ég frekar fara eitthvert annað í stað þess að hætta að spila,“ sagði Kekic, sem er þokkalega sáttur við tímabilið fram að þessu.

„Eftir fimm leiki höfum við aðeins tapað einum leik og það er ekki slæmt. Við höfum verið óheppnir og vorum til að mynda betri en ÍBV en náðum bara ekki að skora. Við spiluðum lítinn fótbolta en meiri orka fór í baráttu. Auk þess fengum við á okkur tvö mörk á lokasekúndunum gegn Fylki þar sem við vorum óheppnir og ofan á allt höfum við fengið á okkur fullt af vítaspyrnum,“ sagði Kekic.

Þrátt fyrir að vera 36 ára slær Kekic hvergi af en hann er reyndar óánægður með sjálfan sig þessa dagana. „Ég er í smá vandamálum núna. Ég er hundóánægður með hvernig ég hef spilað tvo síðustu leiki, ég hef sofið og borðað mjög lítið tvær síðustu vikur en ég er að reyna að vinna í mínum málum. Ég býst alveg við því að þetta lagist á næstunni hjá mér,“ sagði Sinisa Valdimar Kekic, sem lék ekki með gegn Víkingum í gær. Sigurður Jónsson sagði ástæðuna vera þá að Kekic væri meiddur en Kekic sagði sjálfur að hann væri í lagi og gæti spilað.

hjalti@frettabladid.is



**HORFÐI Á ÚR STÚKUNNI** Sinisa Kekic mátti gera sér það að góðu að fylgjast með leik Víkings og Grindavíkur úr stúkunni. Hann gæti hafa leikið sinn síðasta leik fyrir félagið. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR






Arnar Grétarsson, fyrrverandi landsliðsmaður:

## Líkur á að hann spili með Blikum

**FÓTBOLTI** Arnar Grétarsson hefur verið að æfa með Breiðabliki að undanförnu en svo gæti farið að hann léki með liðinu seinni hluta tímabilsins hér heima. Arnar, sem er orðinn 34 ára, hefur undanfarin fimm ár verið í herbúðum belgíska liðsins Lokeren en samningur hans þar er að renna út.

„Það er alveg ljóst að ég mun ekki spila erlendis næsta vetur nema eitthvað mjög spennandi komi upp. Umboðsmaður minn segir mér að fjögur hollensk úrvalsdeildarlið hafi áhuga á mér og einnig Alemannia Aachen sem vann sér sæti í þýsku bundesligunni síðasta vetur. Það er þó alltaf langur vegur frá áhuga og til þess að tilboð verður gert. Ég er reyndar með tilboð frá grísku liði en hef ekki áhuga á að fara þangað,“ sagði Arnar.

Það er þó alveg ljóst að ekkert annað lið kemur til greina hér á landi en Breiðablik. „Fjölskyldan er að flytja heim og ég er mjög opinn fyrir því að spila hér á landi. Ég er menntaður viðskiptafræðingur og það væri bara gaman að fara að vinna og spila hér heima. Ég hef séð marga leiki í deildinni hérna að undanförnu og gæðin koma mér nokkuð á óvart. Það eru margir ungir og mjög efnilegir leikmenn hérna. Ég sá til dæmis FH og Keflavík mætast og hreifst nokkuð af Keflavíkurliðinu, þar eru margir spennandi leikmenn.“



**ARNAR GRÉTARSSON** Á fullri ferð með landsliðinu í leik gegn Skotum ytra.

Arnar hefur glímt við erfið meiðsli undanfarna sjö mánuði en er að jafna sig af þeim. Það er ljóst að reynsla hans gæti komið Breiðablik að miklum notum á síðari hluta tímabilsins ef hann fær ekki spennandi tilboð að utan og ákveður að taka eitt tímabil í viðbót erlendis. - egm




# Orrustan er að hefjast!

Nú styttist í mögnuðustu fótboltaveislu sögunnar og þú getur verið með. **HM er á Lengjunni.**

**Tippað í beinni!**

Við kynnum nýjan og æsispennandi leik. Nú getur þú tippað á úrslit HM-leikjanna á meðan þú horfir á þá í beinni útsendingu á Sýn. **Gerðu góðan leik betri og tippaðu í beinni 1x2.is**

**Þekkirðu þína menn?**

Ef þú telur þig þekkja alla kappana á myndinni farðu þá á **1x2.is** og þú gætir verið á leiðinni á HM í Þýskalandi.

Lengjan

WWW.LENGJAN.IS

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 6324



**HEILAHRISTINGUR** Hér er Isaksson eftir skotið frá Källström. NORDICPHOTOS/AFP

Meiðsli hjá sænska liðinu:

## Isaksson fékk heilahristing

**FÓTBOLTI** Andreas Isaksson, markvörður sænska landsliðsins, getur ekki spilað á laugardaginn gegn Trínidad og Tóbagó. Hann fékk þrumuskot frá Kim Källström í andlitið á æfingu á miðvikudaginn og fékk í kjölfarið heilahristing. Hann verður frá í nokkra daga vegna þessa.

Rami Shaaban, fyrrum markvörður Arsenal, eða John Alvbage sem spilar í Danmörku, mun standa í markinu í stað Isaksson. Hvorugur þeirra er með mikla landsliðsreynslu en Alvbage lék sinn fyrsta landsleik í janúar. Annar leikur Svía er gegn Paragvæ hinn 16. júní og svo mæta þeir Englandi 20. júní. - egm

Marcello Lippi, þjálfari Ítalíu:

## Hárið fer ef við vinnum HM

**FÓTBOLTI** Marcello Lippi, þjálfari Ítalíu, hefur lofað því að raka silfurlitaða hárið á höfði sínu ef liðinu tekst að sigra á HM.

Einn hárprúður ljósmyndari á blaðamannafundi Ítalíu var beðinn um að færa sig aðeins og þá sagði Lippi í gríni: „Færðu þig eða klipptu af þér hárið.“ Þá sagði ljósmyndarinn: „Ég skal lofa að raka það af ef við vinnum HM,“ og Lippi svaraði: „Ef við HM þá ég lofa að gera það líka!“ - egm

# Veislan byrjar án Ballack

**Opnunarleikur Heimsmeistarakeppninnar í Þýskalandi fer fram í dag þegar gestgjafarnir mæta Kosta Ríka. Michael Ballack getur þó ekki tekið þátt.**

**FÓTBOLTI** Allt iðar nú af lífi í Þýskalandi enda er stærsta fótboltaveisla heims að fara af stað í dag, Heimsmeistarakeppnin. Mikil spenna ríkir fyrir keppnina, sem stendur í heilan mánuð, og munu allar helstu fótboltastjörnur heims láta ljós sitt skína. Mikið verður um dýrðir þegar opnunarleikurinn fer fram í dag. Þá mæta gestgjafar Þýskalands liði Kosta Ríka klukkan 16 en þjóðirnar hafa aldrei áður mæst í opinberum leik. Þjóðverjar hafa verið gagnrýndir töluvert fyrir mótið og þeim er spáð mjög misjöfnu gengi.

Fyrirliðinn Michael Ballack, skærasta stjarna Þýskalands, meiddist á kálfa í æfingaleik gegn Kólumbíu fyrir viku síðan og verður ekki með í opnunarleiknum en það eru gríðarleg vonbrigði fyrir heimamenn. „Þetta er áfall en alls enginn heimsendir. Maður kemur í manns stað og hann ætti að vera orðinn leikfær í öðrum leik okkar gegn Póllandi næsta miðvikudag,“ sagði Jürgen Klinsmann, þjálfari Þýskalands. Ballack gekk nýlega til liðs við enska félagiðið Chelsea.

Jens Lehmann, leikmaður Arsenal, hafði betur í samkeppninni við Oliver Kahn um markmannsstöðuna og hefur verið yfirlýsingaglaður að vanda fyrir keppnina. „Við eigum að mínu mati góða möguleika á sigri í keppninni. Við vitum alveg hvað við þurfum að gera og munum komast langt,“ sagði Lehmann, sem gat ekki stillt sig um að skjóta aðeins á enska landsliðið en það á sinn fyrsta leik gegn Paragvæ á morgun. „Englendingar eru vissulega með gott lið en valda alltaf vonbrigðum á stórmótum og þetta ár verður engin undantekning á því.“



**EKKI MEÐ Í DAG** Michael Ballack fær hér aðstoð frá félaga sínum Torsten Frings eftir að hafa meiðst gegn Kólumbíu. NORDICPHOTOS/AFP

Augu heimsins munu beinast að helstu sóknarmönnum beggja liða í opnunarleiknum, Miroslav Klose hjá Þýskalandi og Paulo Wanchope hjá Kosta Ríka. Klose skoraði þrennu í fyrsta leik Þýskalands á síðustu heimsmeistarakeppni þegar 8-0 sigur vannst á Sádi-Arabíu en hann varð markakóngur á nýliðnu tímabili í Þýskalandi. Margir muna eftir Wanchope frá því hann var í enska boltanum en hann hefur gríðarlega mikla reynslu og er leikjahæsti maður Kosta Ríka frá upphafi með 43 mörk í 67 landsleikjum.

Sýn sendir beint út frá öllum leikjum mótsins en klukkan 14:30 í dag hefst útsending frá opnunarhátíð keppninnar. Auk Þýskalands og Kosta Ríka eru Pólland og Ekvador í A-riðlinum en þau lið munu mætast klukkan sjö í kvöld. Þessar þjóðir mættust síðast í vináttulandsleik í nóvember á síðasta ári og þá unnu Pólverjar öruggan 3-0 sigur. Ekvadorar eru líklega staðráðnir í því að ná fram hefndum en þeir komust upp úr hinum sterka Suður-Ameríku riðli undankeppninnar.

elvar@frettabladid.is



**ÞVAGSKÁLARNAR GÓÐU** Hér sést ein þvagskálanna sem í boði eru. NORDICPHOTOS/AFP

HM byrjar í dag:

## Sérstakar þvagskálar í boði

**FÓTBOLTI** Í Þýskalandi snýst nákvæmlega allt um Heimsmeistaramótið í knattspyrnu sem hefst í dag. Búið er að framleiða ógrynnin öll af sérstökum minjagripum, fótboltum, bjórglösum og ýmsilegu tengdu mótinu en til að toppa allt eru þvagskálarnar í alþjóðlegu fjölmiðlaráðstefnuhöllinni í Munchen með knattspyrnuvelli á.

Með þessu er vonast til þess að menn miði betur þegar þeir skvetta af sér en það var enginn annar en Sepp Blatter, forseti FIFA, sem vígði skálarnar. Í þvagskálunum er fótboltavöllur með marki á sem maður á að miða í. Þrátt fyrir að maður hitti ekki í markið rennur allt þó rétta leið, svo lengi sem það er innan vallarins. - hþh

Meiðsli Nigel Martyn:

## Martyn hættur í boltanum

**FÓTBOLTI** Markvörðurinn Nigel Martyn hefur neyðst til að hætta knattspyrnuiðkun alfarið vegna ökklameiðsla sem hafa haldið honum frá keppni síðan í janúar. Martyn er 39 ára og var í herbúðum Everton.

Hann er fyrrum landsliðsmarkvörður Englands og leikmaður Leeds. - egm





**GNÆFIR UPP ÚR** Peter Crouch gnæfir yfir alla leikmenn enska landsliðsins.
NORDICPHOTOS/AFP

Þjálfari Paragvæ:

# Óttast mjög Peter Crouch

**FÓTBOLTI** Að stöðva hinn ógnarhávaxna Peter Crouch er aðaláhyggjuefni Paragvæa fyrir leikinn gegn Englandi á HM á laugardaginn. „Peter Crouch veldur mér áhyggjum. Maður sér sjaldan svona leikmenn, mjög sjaldan. Hann er mjög sterkur leikmaður og boltameðferð hans er mjög góð. Hann hefur auk þess mjög gott auga fyrir spili,“ sagði Anibal Ruiz, þjálfari Paragvæ, um hinn 2,04 metra háa Crouch.

Crouch spilaði mjög vel með enska landsliðinu í lokaæfingaleik þess gegn Jamaíka í vikunni þar sem hann minnti rækilega á vélmennadansinn ódauðlega sem hann tekur þegar hann fagnar mörkum sínum, en hann skoraði þrennu í leiknum.

„Ég er hrifinn af þessu fagni, en ég vil alls ekki sjá það á laugardaginn,“ sagði Roque Santa Cruz, leikmaður Paragvæ. - hþh

FIFA ætlar að gefa út beiðni:

# Vill bara átján lið í deildunum

**FÓTBOLTI** Alþjóða knattspyrnusambandið, FIFA, fer fram á að aðeins verði átján lið í stærstu deildum Evrópu frá og með tímabilinu 2007-08. „Við erum tilbúnir að fara að vinna að því af krafti að helstu deildir innihaldi í mesta lagi átján félög,“ sagði Sepp Blatter, forseti FIFA. Þar er hann að tala um deildirnar á Englandi, Spáni, Ítalíu og Frakklandi.

Ef þessar breytingar verða koma fjórir landsleikjadagar til viðbótar inn á ári hverju. Dan Johnson, talsmaður ensku úrvalsdeildarinnar sem hefur tuttugu lið innanborðs, segir að ólíklegt sé að fækkað verði í deildinni.



**ÓTRÚLEGA ÓHEPPINN** Djibril Cisse fótbrotnaði einnig í október árið 2004 og var frá mestan hluta tímabilsins. Hann verður líklega frá út árið 2006 í þetta skiptið.
NORDICPHOTOS/AFP

Mikið áfall fyrir Liverpool:

# Óheppnin eltir Djibril Cisse

**FÓTBOLTI** Vonir Liverpool um að selja Djibril Cisse í sumar eru roknar út í veður og vind eftir að hann fótbrotnaði í landsleik Frakka og Kína í fyrradag. „Ég finn mikið til með Djibril. Hann er mjög óheppinn en núna er ómögulegt að við getum selt hann,“ sagði Rafael Benítez, stjóri Liverpool, í gær.

Liverpool var í viðræðum við Lyon og Marseille um átta milljón punda sölu á Cisse. „Við ætluðum að selja hann og nota peninginn í aðra leikmenn. Núna höfum við ekki peningana og engan leikmann í hálft tímabil,“ bætti Benítez við.

Liverpool vonaðist eftir því að kaupa Daniel Alves og Dirk Kyut auk annars framherja, líklega Darren Bent eða Craig Bellamy. Hvort Liverpool hafi efni á fremur dýrum leikmönnum, án þess að fá peninga fyrir Cisse, verður að koma í ljós.

- hþh

Wayne Rooney getur spilað á HM í sumar og enska þjóðin varpar öndinni léttar:

# Meiðslalaus en skortir leikform

**FÓTBOLTI** Eftir læknisskoðun er komið í ljós að Wayne Rooney verður með enska landsliðinu á HM. Þessi tvítugi framherji sneri aftur til Þýskalands frá Englandi og æfði með enska liðinu í gær.

„Ég geri þetta í hag Rooney, enska landsliðsins og fjörutíu milljón aðdáenda enska landsliðsins. Ég er tilbúinn að hlusta á hvað sem er og ræða um Rooney en þetta er ákvörðunin,“ sagði Sven-Göran Eriksson landsliðsþjálfari en spurningar vakna um það hvort hann eigi að hafa Rooney með ef hann er ekki í neinu formi.

Ólíklegt er að að hann geti spilað í riðlakeppninni en hann mun nú æfa af krafti í von um að geta spilað eftir hana, svo lengi sem Englendingar komist áfram.

Óvíst er þó um þátttöku Steven Gerrard í fyrsta leiknum gegn Paragvæ á morgun en hann æfði ekkert á miðvikudaginn og tók aðeins lítillega þátt í æfingu í gær vegna bakmeiðsla.

„Bakið hefur verið að angra mig undanfarna daga. Ég fékk högg á mjöðmina og sársaukinn leiddi út frá sér. Ég á fína möguleika á að spila ef ég held áfram að leggja hart að mér og ef þetta heldur áfram að gróa. Eins og staðan er núna á ég samt aðeins helmingsmöguleika á því að spila,“ sagði Gerrard.

- hþh



**GAMAN** Það var ekki leiðinlegt á æfingu hjá enska landsliðinu í gær.
NORDICPHOTOS/AFP

Brasilíska landsliðið:

# Ronaldo æfði ekki í gær

**FÓTBOLTI** Sóknarmaðurinn Ronaldo gat ekki æft með brasilíska liðinu í gær vegna veikinda. Hann fór af velli í æfingaleik gegn Nýja-Sjálandi síðasta sunnudag vegna þess að hann var með blöðrur á fótunum en hefur jafnað sig af því.

Hann vaknaði með hita í gærmorgun og tók ekki þátt í æfingum. Fyrsti leikur liðsins á HM verður gegn Króatíu hinn 13. júní.

Ronaldo var markakóngur á HM 2002 með átta mörk en hann missti af síðustu leikjum spænsku deildarinnar í vetur vegna meiðsla. Hann hefur skorað jafn mörg mörk á HM og Pelé, tólf talsins.

- egm





Lýsing óskar Guðmundi E. Stephensen innilega til hamingju með Norður-Evrópumeistaratitilinn í einliðaleik karla í borðtennis 2006.

Við erum mjög stolt af því að styðja við bakið á þessum mikla afreksmanni.

LÝSING

Skagamenn fengu sín fyrstu stig í sumar er þeir heimsóttu Keflavík:

# Loksins bitu Skagamenn almennilega frá sér

**FÓTBOLTI** Það vantaði marga leikmenn í Skagaliðið sem sótti Keflvíkinga heim í sjöttu umferð Landsbankadeildar karla í gærkvöldi. Þórður Guðjónsson gat ekki spilað með vegna meiðsla en auk hans vantaði marga aðra leikmenn í liðið. Eftir að hafa tapað fimm fyrstu leikjunum bitu Skagamenn loks frá sér og innbyrtu sín fyrstu stig í ár og sannkallaður 1-0 baráttusigur var niðurstaðan.

Jafnræði var með liðunum í upphafi leiks og Guðmundur Steinarsson setti strax tóninn og náði að skapa sér almennileg marktækifæri. Leikurinn galt þess að hann fékk nánast ekki að fljóta neitt og ótt og títt dæmdi Erlendur Eiríksson aukaspyrnur. Kom það niður á ágætlega spilandi liðunum, sem gerðu sitt besta í að halda boltanum innan liðanna.

Skagamenn náðu forystunni á 22. mínútu þegar Ellert Jón Björnsson ýtti boltanum yfir línuna eftir fyrirgjöf Guðjóns Heiðars Sveinssonar. Eftir markið sóttu Keflvíkingar meira en Bjarki Freyr Guðmundsson var mjög öruggur í Skagamarkinu og staðan í hálfleik var 1-0, Skagamönnum í vil.

Það var fátt um fína drætti hjá liðunum í síðari hálfleik. Harka færðist í leikinn en Keflvíkingar voru meira með boltann, án þess að skapa sér teljandi færi. Bjarki Freyr, markmaður Skaamanna, átti mjög góðan leik og var virkilega vel vakandi. Skagamenn áttu nokkrar fínar skyndisóknir og voru allt eins líklegir til að bæta við eins og Keflvíkingar að jafna.

Undir lok leiksins sauð svo endanlega upp úr en eftir handalögmál fékk Guðmundur Viðar Mete beint rautt spjald fyrir að hrinda einum Skagamanni auk þess sem Kristján Guðmundsson var sendur upp í stúku. Skagamenn geta vel við unað eftir að hafa landað stigunum þremur í Keflavík í gær.

„Þetta er góð tilfinning en það er synd að við skulum ekki hafa upplifað þetta fyrir fimm umferðum. Mér fannst við eiga sigurinn skilinn enda vorum við betri aðilinn í þessum leik. Við áttum að vera búnir að klára þetta og hefðum átt að gera það eftir að hafa fengið dauðafæri til þess en það er alltaf hættulegt þegar staðan er 1-0 og það þarf lítið að gerast til að þeir séu búnir að jafna eða við að klára leikinn,“ sagði Ólafur Þórðarson, þjálfari ÍA, sem gat loksins leyft sér að brosa eftir leiki liðsins í sumar.

„Ég gerði ekkert sérstakt fyrir þennan leik annað en að reyna að blása lífi í þetta. Þeir vildu mikið strákarnir í dag og þeir stóðu sig vel. Að sjálfsögðu ætlum við svo að halda áfram á sömu braut,“ sagði Ólafur Þórðarson og mátti sjá að þungu fargi var af honum létt en hann hefur verið undir mikilli pressu og orðrómur í gangi þess efnis að Guðjón Þórðarson væri að taka við Skagaliðinu af Ólafi hefur eflaust hjálpað lítið.

ÍA er komið á beinu brautina og verður spennandi að fylgjast með því hvað liðið gerir í kjölfarið en ÍA var spáð öðru sæti í deildinni fyrir mót.

- hþh

LANDSBANKADEILDIN

# Valsmenn sýndu sparihliðarnar gegn Fylki í Laugardalnum

**Valsmenn voru í miklum ham í Landsbankadeildinni í gær og unnu Fylkismenn 3-1 þar sem Garðar Gunnlaugsson skoraði tvö mörk. Allt annað var að sjá til liðsins frá því gegn Víkingi á mánudaginn.**

**FÓTBOLTI** Valsmenn voru í miklum ham í Laugardalnum í gær í fjörlegum leik sem bauð upp á fjöldamörg færi. Til að mynda hefði Garðar vel getað skorað fleiri mörk en þessi tvö sem hann gerði því hann skaut tvívegis yfir í góðri stöðu. Valsmenn voru betri á nánast öllum sviðum leiksins en mark Fylkismanna kom í uppbótartíma.

„Hugarfarið var alveg til fyrirmyndar í þessum leik og allt annað að sjá til leikmanna núna en í síðasta leik,“ sagði Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, en liðið tapaði fyrr í vikunni fyrir Víkingi. „Liðið barðist sem einn maður og naut þess að spila fótbolta. Fylkismenn misstu hinsvegar móðinn þegar á leið.“

Valur varð fyrir áfalli þegar Valur Fannar Gíslason meiddist en Skotinn Barry Smith leysti miðvarðarstöðuna við hlið Atla Sveins Þórarinssonar af prýði. „Það var mikil lukka fyrir okkur að eiga Barry inni því hann kann heldur betur að spila. Hann er leiðtogi í sér, les leikinn mjög vel og talar.“

Nokkuð mikil harka var í leiknum en Einar Örn dómari gaf snemma tóninn og var óhræddur við að spjalda menn í byrjun leiks. Hann dæmdi þó ekkert þegar Daninn Christian Christiansen féll innan teigsins og vildi fá víti og Fylkismenn létu óánægju sína berlega í ljós. Páll Einarsson átti skalla sem Kjartan Sturluson, fyrrum markvörður Fylkis, varði vel áður en Garðar skoraði fyrsta markið. Baldur Aðalsteinsson sýndi þá mögnuð tilþrif og fór illa með gestina áður en hann gaf á Guðmund Benediktsson sem renndi boltanum út á Garðar sem skaut góðu skoti í hornið.




**ERFITT** Fylkismenn máttu síns lítils gegn Val í gær. Hér er Daninn Christian Christiansen í baráttu við Atla Svein Þórarinsson. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Út fyrri hálfleikinn voru Valsmenn sterkari. Baldur hélt áfram að láta að sér kveða og átti gott langskot sem fór naumlega yfir markið.

Það var svo Pálmi Rafn Pálmason sem bætti við marki fyrir hálfleik eftir að varnarmenn Fylkis voru sofandi en það var Garðar sem lagði markið upp.

Fylkismenn voru með lífsmarki í upphafi síðari hálfleiks en svo tóku heimamenn völdin á ný og Garðar skoraði úr aukaspyrnu sem hafði viðkomu í varnarmanni og fór inn. Það sem eftir lifði leiks höfðu þeir tögl og hagldir og áttu margar stórhættulegar sóknir enda voru þeir mjög sprækir fram á við og spiluðu stórskemmtilega. Fylkir komst lítt áleiðis nema í uppbótartíma þegar Jens Elvar Sævarsson skoraði eftir horn.

elvar@frettabladid.is

Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari heldur ekki alveg sáttur til Svíþjóðar eftir leikina gegn Dönum:

# Hef nokkrar áhyggjur af varnarleiknum

**HANDBOLTI** „Ég get ekki sagt annað en að ég hafi nokkrar áhyggjur af varnarleiknum. Framliggjandi vörnin sem við beittum í síðari hálfleik var ekki að ganga sem skyldi. Við stóðum of opnir, vorum að telja vitlaust og fleira. Það er ljóst að við þurfum mun betri varnarleik og markvörslu til að vinna Svíana,“ sagði Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari eftir jafnteflisleik gegn Dönum í Höllinni, 34-34.

Fyrri hálfleikur var mjög góður hjá íslenska liðinu. Alfreð gerði smá breytingar á varnarleiknum frá því í leiknum á Akureyri. Setti Sigfús á bekkinn, Sverri fyrir miðju varnar og Alexander og Róbert sitt hvoru megin við Framarann.

Flest mörk íslenska liðsins framan af komu úr hraðaupphlaupum en alls skoraði Ísland úr 7 hraðaupphlaupum í fyrri hálfleik en Danir aðeins úr þremur. Nokkuð reyndi á sóknarleikinn síðari hluta hálfleiksins og þar var einstaklingsframtakið allsráðandi en strákarnir voru að velja góð skot og flest enduðu þau í netinu. Varnarleikurinn var ágætur lengstum og Danir voru lengi vel í vandræðum með að koma skoti á markið. Ísland leiddi með þrem mörkum, 19-16, í leikhléi. S forysta hefði getað verið meiri hefði liðið fengið einhverja markvörslu en hún var engin eins og oft áður. Mest náði Ísland fimm marka forystu, 17-12.

Sigfús kom í vörnina í síðari hálfleik og Guðjón Valur byrjaði að klippa út vinstri vænginn hjá Dönum en þessa vörn spilaði liðið lengstum á Akureyri. Sú vörn gekk ekki sem skyldi en mikið munaði um að fá loksins markvörslu en Hreiðar Levý varði mjög vel fyrri hluta hálfleiksins. Um leið komu hraðaupphlaupin aftur og fyrir vikið breikkaði bilið á milli liðanna en Ísland náði aftur fimm marka forystu um miðjan hálfleikinn, 28-23.

Um miðjan hálfleikinn fór liðið eftir, strákarnir klúðruðu boltanum klaufalega, markvarslan hvarf og Danir náðu aftur í skottið á íslenska liðinu, 31-31. Mikið fjör var undir lokin en íslenska liðið náði ekki að klára leikinn og voru það nokkur vonbrigði eftir ágætan leik lengstum.



**GRIMMUR** Arnór Atlason stóð sig vel gegn Dönum og skorar hér eitt af þrem mörkum sínum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Ólafur og Alexander áttu báðir frábæran leik, Guðjón Valur var öflugur og Snorri stýrði sókninni vel þó skotin hafi ekki verið að ganga. Sigur og jafntefli gegn sterku liði Dana gefa ágæt fyrirheit fyrir slaginn gegn Svíum en hausverkur liðsins fyrir leikina er mjög kunnuglegur - vörn og markvarsla.

- hbg

**Valur 3-1 Fylkir**

Laugardalsv. Áhorf: 811 — Einar Örn Daníelsson (6)

*1-0 Garðar Gunnlaugsson (27.)*
*2-0 Pálmi Rafn Pálmason (41.)*
*3-0 Garðar Gunnlaugsson (72.)*
*3-1 Jens Elvar Sævarsson (90+3.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 14–10 (9–7) |
| Varin skot | Kjartan 6 – Fjalar 6 |
| Horn | 4–7 |
| Aukaspyrnur fengnar | 15–14 |
| Rangstöður | 2–2 |

| **VALUR** 4–3–3 | | **FYLKIR** 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Kjartan Sturlu. | 7 | Fjalar | 7 |
| Steinþór Gíslas. | 6 | Jens Elvar | 5 |
| Atli Sveinn | 7 | Guðni Rúnar | 5 |
| Barry Smith | 8 | Ragnar Sig. | 5 |
| Birkir Már | 7 | Arnar Úlf. | 4 |
| Baldur Ingimar | 7 | Gravesen | 6 |
| (62. Ari Freyr | 7) | Ólafur Stígss. | 5 |
| Kristinn Hafliða. | 8 | (60. Sævar Þór | 6) |
| Pálmi Rafn Pálma. | 8 | Páll Einars. | 6 |
| Matthías Guðm. | 6 | (60. Haukur Ingi | 4) |
| (84. Örn Kató | -) | Eyjólfur Héðins. | 5 |
| Guðmundur Ben. | 7 | Björn Viðar | 4 |
| (87. Spangsberg | -) | (60. Jón Björgvin | x) |
| ***Garðar Gun.** | **8** | Christiansen | 4 |

**Maður leiksins*

**Víkingur 0-0 Grindavík**

Víkingsvöllur. Áhorf: 950 — Garðar Ö. Hinriksson (7)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 9–12 (3-4) |
| Varin skot | Ingvar 4 – Colin 3 |
| Horn | 0–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 14–11 |
| Rangstöður | 1–2 |

| **VÍKING.** 4–4–2 | | **GRINDA.** 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Ingvar Kale | 7 | Stewart | 6 |
| ***Höskuldur** | **7** | Ray Anthony | 6 |
| Grétar Sigfinnur | 6 | Hannah | 6 |
| Glogovac | 6 | Óðinn Árna. | 6 |
| Valur Úlfars. | 6 | McShane | 7 |
| Arnar Jón | 5 | Óskar Örn | 5 |
| (57. Stefán Kári | 5) | Eysteinn Húni | 6 |
| Jón Guðbrands. | 4 | Guðm. Andri | 4 |
| Jökull | 4 | (68. Orri Freyr | 4) |
| Hörður Bjarna. | 6 | Andri Steinn | 4 |
| (85. Perry | -) | Jóhann Þórhalls. | 5 |
| Viktor Bjarki | 6 | (90. Eyþór | -) |
| Davíð Þór | 5 | Óli Stefán | 4 |
| (73. Daníel | -) | (80. Guðm. Atli | -) |

**Maður leiksins*

**Keflavík 0-1 ÍA**

Keflavíkurv. Áhorf: 750 — Erlendur Eiríksson (3)

*0-1 Ellert Jón Björnsson (22.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 10–8 (7–6) |
| Varin skot | Ómar 5 – Páll Gísli 7 |
| Horn | 7–8 |
| Aukaspyrnur fengnar | 20–17 |
| Rangstöður | 0–5 |

| **KEFLAV.** 4–4–2 | | **ÍA** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Ómar | 4 | Bjarki Freyr | 8 |
| Milicevic | 4 | Jón Vilhelm | 6 |
| (23. Miles | 5) | Árni Thor | 6 |
| Guðm. Mete | 6 | Heimir Einars. | 5 |
| Baldur Sig. | 6 | Guðm. Böðvar | 5 |
| Guðjón Árni | 5 | Guðjón Heiðar | 6 |
| Daniel Servino | 6 | Bjarni Guðjóns. | 6 |
| (62. Magnús Sverr. | 4) | Pálmi Haralds. | 5 |
| Hólmar Örn | 6 | Igor Pesic | 7 |
| Jónas Guðni | 7 | ***Ellert Jón** | **8** |
| Samuelsen | 6 | (85. Arnar Már | -) |
| Þórarinn Brynjar | 5 | Arnar Gun. | 7 |
| (75. Stefán Örn | -) | (61. Andri Júl. | 6) |
| Guðm. Steinars. | 7 | | |

**Maður leiksins*

**STAÐAN Í LANDSBANKADEILDINNI**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. FH | 5 | 5 | 0 | 0 | 11-3 | 15 |
| 2. VÍKINGUR | 6 | 3 | 1 | 2 | 9-6 | 10 |
| **3. VALUR** | **6** | **3** | **0** | **3** | **10-9** | **9** |
| 4. GRINDAVÍK | 6 | 2 | 3 | 1 | 8-7 | 9 |
| **5. FYLKIR** | **6** | **3** | **0** | **3** | **7-7** | **9** |
| **6. KR** | **5** | **3** | **0** | **2** | **6-9** | **9** |
| **7. KEFLAVÍK** | **6** | **2** | **1** | **3** | **7-6** | **7** |
| 8. BREIÐABLIK | 5 | 2 | 0 | 3 | 11-12 | 6 |
| 9. ÍBV | 5 | 1 | 1 | 3 | 3-9 | 4 |
| **10. ÍA** | **6** | **1** | **0** | **5** | **6-10** | **3** |

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Vináttulandsleikur:*

ÍSLAND-DANMÖRK 34-34 (19-16)

**Mörk Íslands** (skot): Ólafur Stefánsson 7 (9), Alexander Petterson 7 (8), Guðjón Valur Sigurðsson 5 (7), Snorri Steinn Guðjónsson 5/2 (9/2), Arnór Atlason 3 (4), Róbert Gunnarsson 3 (5), Sigfús Sigurðsson 2 (3), Markús Máni 1 (3), Sverrir Björnsson 1 (1).

**Varin skot:** Hreiðar Guðmundsson 7, Birkir 4.

Markalaust jafntefli Víkings og Grindavíkur bauð ekki upp á mikinn fótbolta:

# Jafntefliskóngarnir koma úr Grindavík

**FÓTBOLTI** Víkingur og Grindavík gerðu markalaust jafntefli í Víkinni í Landsbankadeild karla í gær og var þetta annar 0-0 leikur Grindvíkinga í röð en Víkingum mistókst aftur á móti að vinna fjórða leik sinn í röð. Það hafa aðeins þrjú jafntefli litið dagsins ljós í Landsbankadeild karla og Grindvíkingar hafa tekið þátt í þeim öllum og stefna því óðum að því að verða jafntefliskóngar sumarsins.

Sinisa Valdimar Kekic og Mounir Ahandour voru báðir í áhorfendastúkunni í Víkinni í gær og það var ekki til að auk sóknarþungann í Grindavíkurliðinu en annars voru það varnarmenn liðanna sem áttu bestan dag og sáu til þess að marktækifærin voru af skornum skammti í leiknum.



**Á HARÐAHLAUPUM** Víkingurinn Viktor Bjarki og Grindvíkingurinn Óðinn Árnason tókust oft hart á. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

„Þetta var erfiður leikur, liðin spiluðu þéttan varnarleik og þetta gekk hálfilla," sagði Jóhann Þórhallsson, leikmaður Grindavíkur, sem hefur ekki verið á skotskónum í síðustu þremur leikjum. „Við erum engir jafntefliskóngar og við vinnum næst," sagði Jóhann en hann saknaði vissulega Ahandour og Kekic sem hafa verið við hlið hans á þessu tímabili.

Víkingsliðið hafði unnið þrjá leiki í röð og skorað í þeim átta mörk en það var augljóslega þungt í mönnum pundið í gær. „Þetta var afskaplega dapurlegt hjá okkur í dag og reyndar hjá báðum liðum því þetta var leiðinlegur fótbolti sem við buðum upp á í þessum leik," sagði fyrirliði Víkinga, Höskuldur Eiríksson.

**- ooj**


HM Tilboð
Allt sem þú þarft fyrir HM 2006
Fæst í Kringlu, Smáralind og á markaði Hagkaupa Akureyri




United 42" plasma sjónvarp
- 42" plasma skjár
- Upplausn 852x480 punktar
- Progressive Scan
- Skerpa: 3000:1
- Birta 1000 cd/m²
- Mynd í mynd
- Nicam stereó hljóðkerfi
- Góðir tengimöguleikar
- Einföld fjarstýring

Verð
149.990 kr

36ltr. coke og 20 pokar af Maarud snakki fylgja einnig í kaupauka




HM áskrift af Sýn fylgir

sýn
besta sætið

HM áskrift af Sýn fylgir hverju keyptu 42" United plasma sjónvarpi

Innifalið í áskriftinni er: Sýn & Sýn extra - Arsenal TV Chelsea TV - ESPN classic Eurosport - Eurosport 2 Extreme Sport - Liverpool TV - Motors TV - MUTV Sky News - NBA TV

Gildir til 12. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„You sure can, sweetheart. Johnnie Red neat, ok, do it, do it."**

Svar: Starsky úr Starsky & Hutch frá 2004

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ RÓSA SIGNÝ GÍSLADÓTTIR FYLGIST MEÐ HM Í KNATTSPYRNU

# *Evróvisjón and-íþróttamanneskjunnar*

Framundan er mánaðarlangt fótboltafár. Heimsmeistarakeppnin í fótbolta brestur á kl. 16.00 í dag þegar Þýskaland etur kappi við Kosta Ríka. Búast má við að eftir því sem líður á ósköpin muni vinnustundum fækka, sala á snakki, bjór og pizzum mun sennilega margfaldast, aðþrengdar eiginkonur verða enn aðþrengdari og lundin léttist um nokkur kíló á margri fótboltabullunni. Ég kem ekki af mjög fótboltavæddu heimili og því síður sjónvarpsvæddu, og næ því ekki stöðinni sem dreifir út fótboltaboðskapinn, Sýn. En þrátt fyrir afar takmarkaðan íþróttaáhuga verð ég að játa að mér finnst það hálfsorglegt að við óbreyttir Ríkissjónvarpsborgarar fáum ekki að sjá einn einasta leik. Það er nefnilega einhver dularfull nostalgía sem fylgir þessari keppni.

Þannig er mál með vexti að þegar ég var lítil átti ég stóran og skemmtilegan bróður sem horfði með mér á leikina, kenndi mér reglurnar, pantaði pizzu handa okkur og dró svo pabba og einstaka sinnum mömmu með í glápið. Við andíþróttafólkið skemmtum okkur sem sagt ágætlega þegar HM-stemningin smitaði okkur. Þetta er svolítið eins og Evróvisjón: hafi fólk ekki gaman af tónlistinni er hægt að fylgjast með stemningarinnar vegna. HM er einmitt miklu meira en bara fótbolti. Flestir vinnustaðir landsins eru með einhvers konar HM-veðmál í gangi þessa dagana og úti um allan bæ er fólk að rotta sig saman um sameiginlegt fótboltaáhorf yfir einum bjór eða svo.

Þeir sem ekki geta séð HM heima við hafa nú kjörið tækifæri til að kíkja í kaffi til vina og vandamanna og fá nasasjón af fótboltafárinu í leiðinni. Stóri bróðir minn er ekki á landinu þessa dagana en sem betur fer er kærastinn minn ekki bara mikill áhugamaður um fótbolta heldur er hann líka með Sýn. Ég er því á grænni grein og get vökvað HM-nostalgíuna ansi hressilega næsta mánuðinn.



**HM** Önnur ástæða fyrir andíþróttafólk til að horfa á HM: flottir karlmenn.



▶ **21.35** *Spenna*

FLÓTTINN FRÁ L.A.



▶ **19.40** *gaman*

MR. BEAN



▶ **21.00** *Raunveruleiki*

FABULOUS LIFE OF



▶ **20.30** *Drama*

ONE TREE HILL



▶ **19.00** *Dægurmál*

ÍSLAND Í DAG

## SJÓNVARPIÐ

**16.50** Fótboltakvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Ævintýri H.C. Andersen (14:26)

**18.30** **Ungar ofurhetjur (8:26)** (Teen Titans II)
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljós**
**20.05** **Óskurgengið** (The Scream Team) Bandarísk fjölskyldumynd frá 2002. Leikstjóri er Stuart Gillard og meðal leikenda eru Mark Rendall, Kat Dennings, Robert Bockstael og Eric Idle.
▶ **21.35** **Flóttinn frá L.A.** (Escape From L.A.) Sagan gerist 2013 og segir frá garpi sem er sendur til fanganýlendunnar Los Angeles að ná gjöreyðingarvopni úr höndum dóttur forsetans. Leikstjóri er John Carpenter og meðal leikenda er Kurt Russell. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**23.15** Hjónabandsráðgjöf (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára) **0.50** Útvarpsfréttir í dagskrárlok.

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah **10.20** My Wife and Kids **10.40** Alf **11.05** Það var lagið

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi **13.05** Home Improvement **13.30** Kóngur um stund **13.55** Blue Collar TV **14.20** Punk'd **14.45** Entourage **15.10** Arrested Development **15.35** George Lopez **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** Simpsons

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00** **Ísland í dag**
▶ **19.40** **Mr. Bean** (Herra Bean)
**20.05** **Simpsons (19:21)** (Simpson-fjölskyldan) Hómer verður heltekinn af því heimsendir sé í nánd eftir að hafa séð lélega bíómynd þess efnis.
**20.30** **Two and a Half Men (10:24)** (Tveir og hálfur maður) Charlie reynir að venja bróður sinn af því að þurfa ætíð að þóknast konunum í lífi sínu í einu og öllu. 2005.
**20.55** **Stelpurnar (20:24)** .
**21.20** **Beauty and the Geek (2:9)**
**22.05** **Catwoman** (Kattakonan) Fyrst var það Leðurblökumaðurinn og núna er hún mætt, sjálf Kattarkonan, leikin af Halle Berry. Bönnuð börnum.

**23.50** Pursuit of Happiness **1.20** In the Shadows (Str. bönnuð börnum) **3.00** Impostor (Str. bönnuð börnum) **4.35** Simpsons **5.00** Mr. Bean **5.25** Fréttir og Ísland í dag **6.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS TV

**18.30** **Fréttir NFS**
**19.00** **Ísland í dag**
▶ **19.30** **Fashion Television (e)**
**20.00** **Þrándur bloggar (1:5)** Fyrsta videobloggstjarna landsins, Þrándur fór á kostum í bloggunum sínum. Nú getur þú séð öll bloggin hans aftur
**20.30** **Stacked (6:6) (e)** (Stacked)
**21.00** **Fabulous Life of (16:20)** (Fabulous Life of: Hollywood Super Spenders)Í þessum frábæru þáttum er farið á bakvið tjöldin með þotuliðinu í Hollywood. Hver stjarnan af annarri er tekin undir smásjána og áhorfandinn fær að fylgjast með hinu hversdagslega lífi stjörnunnar. Einstakt tækifæri til að sjá hvernig líf stjarnanna er í raun.
**21.50** **Pink Floyd – Making Of the Dark Side of the Moon**
**22.40** **Tívolí**

**23.10** Supernatural (17:22) (e) (Bönnuð börnum) **0.00** X-Files (e) **0.50** Titan A.E. (e) **2.25** Sirkus RVK (e)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e)

**15.40** Völli Snær (e) **16.10** Point Pleasant (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00** **Beverly Hills** Unglingarnir í Beverly Hills eru mættir til leiks.
**19.45** **Melrose Place**
▶ **20.30** **One Tree Hill** Þættirnir gefa trúverðuga mynd af lífi og samskiptum nokkurra ungmenna í bænum One Tree Hill, þar sem stormasamt samband hálfbræðranna og fjandvinanna Nathans og Lucasar er rauður þráður. Þættirnir hafa vakið mikla eftirtekt og njóta verðskuldaðra vinsælda.
**21.30** **The Bachelorette III**
**22.30** **Law & Order: Criminal Intent** Bandarísk sakamálasería um sérsveit lögreglunnar í New York sem fæst við svæsin morðmál.

**23.25** C.S.I: Miami (e) **0.20** Boston Legal (e) **1.10** Close to Home (e) **2.00** Beverly Hills (e) **2.45** Melrose Place (e) **3.30** Tvöfaldur Jay Leno (e) **5.00** Óstöðvandi tónlist

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið, fréttaviðtal. **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin eftir hádegi **17.00** 5fréttir **18.00** Kvöldfréttir/Íþróttir/Veður

▶ **19.00** **Ísland í dag**
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **48 Hours** (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður

**23.00** Kvöldfréttir/Íþróttir/Veður/Ísland í dag **0.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.00** Fréttavaktin eftir hádegi

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** I Spy (Bönnuð börnum) **8.00** Mona Lisa Smile **10.00** 50 First Dates **12.00** Dirty Dancing: Havana Nights **14.00** Mona Lisa Smile **16.00** 50 First Dates **18.00** Dirty Dancing: Havana Nights **20.00** **I Spy** (Spaugsamir spæjarar) Hasargamanmynd. Bandarískir stjórnarherrar eru á nálum eftir að fullkomnustu orrustuþotunni þeirra var stolið. Vopnasalinn Gundars á sök á því en útsendaranum Alex Scott er falið að bjarga málunum. Talið er þotan sé falin í ákveðinni borg þar sem mikilvæg hnefaleikakeppni er fram undan. **22.00** **Femme Fatale** (Háskakvendið)Háspennumynd. Aðalhlutverk: Rebecca Romijn-Stamos, Antonio Banderas, Peter Coyote. Leikstjóri: Brian De Palma. 2002. Stranglega bönnuð börnum. **0.00** White Oleander (Bönnuð börnum) **2.00** LA County 187 (Bönnuð börnum) **4.00** Femme Fatale (Stranglega bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** THS Lindsay Lohan **14.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns **15.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns **16.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns **17.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** THS Lionel & Nicole Richie **20.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns **21.00** Girls of the Playboy Mansion **21.30** Girls of the Playboy Mansion **22.00** E! News Special **22.30** Wild On Tara **23.00** Sexiest **0.00** THS Lionel & Nicole Richie **1.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns **2.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops!

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15




## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

**HM** **Sýn** kl. 14.30

*Loksins, loksins!*



Þá er loksins komið að því, einn stærsti sjónvarpsviðburður ársins er nú loksins að hefjast, viðburður sem margir hafa beðið eftir í jafnvel marga mánuði. Heimsmeistaramótið í knattspyrnu, sem að þessu sinni fer fram í Þýskalandi, verður sett með veglegri opnunarhátíð í dag klukkan 14.30. Opnunarleikurinn sjálfur, sem er á milli heimamanna og Kosta Ríka, verður svo flautaður á klukkan 16. Hér er um algjöra sjónvarpsveislu að ræða og skiptir engu máli þó þú hafir áhuga á knattspyrnu eða ekki. Seinna í kvöld, klukkan 18.50, verður bein útsending frá leik Ekvador og Póllands. Að þeim loknum tekur svo við þátturinn 4-4-2 þar sem Heimir Karlsson og Þorsteinn Joð fara yfir leiki dagsins á líflegan og skemmtilegan hátt. Nú er veislan loksins hafin.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | | | | 8 | | |
| | 9 | | | | 4 | | 7 | |
| | | | | 5 | | | 1 | |
| 5 | | | 3 | 4 | 2 | | | |
| | | 7 | | 1 | | 4 | | |
| | | | 7 | 6 | 9 | | | 3 |
| | 6 | | | 7 | | | | |
| | 2 | | 1 | | | | 5 | |
| | | 8 | | | | | 6 | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 2 | 1 | 3 | 7 | 5 | 9 | 4 | 8 |
| 3 | 8 | 5 | 9 | 6 | 4 | 1 | 7 | 2 |
| 4 | 9 | 7 | 2 | 1 | 8 | 6 | 5 | 3 |
| 9 | 1 | 2 | 7 | 3 | 6 | 5 | 8 | 4 |
| 5 | 7 | 6 | 8 | 4 | 9 | 3 | 2 | 1 |
| 8 | 3 | 4 | 1 | 5 | 2 | 7 | 6 | 9 |
| 2 | 6 | 3 | 4 | 9 | 7 | 8 | 1 | 5 |
| 7 | 4 | 9 | 5 | 8 | 1 | 2 | 3 | 6 |
| 1 | 5 | 8 | 6 | 2 | 3 | 4 | 9 | 7 |




▶ **21.00** *HM*

4-4-2

### SÝN
besta sætið

**10.25** NBA – úrslitakeppnin

**12.25** 2002 FIFA World Cup **14.30** Opnunarhátíð HM 2006 **15.300** HM 2006 – spjall **15.50** HM 2006 (Opnun: Þýskaland – Kosta Ríka) **18.00** HM 2006 – spjall

**18.50** **HM 2006** (Pólland – Equador) Bein útsending frá viðureign Póllands og Ekvador í A-riðli. Áhugaverð viðureign tveggja ólíkra knattspyrnuþjóða. Ekvador komst áfram úr hinum sterka Suður Ameríku riðli sem segir allt sem segja þarf um þá. Pólverjar hafa sýnt á undanförnum árum að þeir eiga heima í stóru keppnunum.

▶ **21.00** **4 4 2** (4 4 2)HM uppgjör dagsins í umsjá Þorsteins J og Heimis Karlssonar. Þeim til halds og trausts eru íþróttafréttamenn Sýnar og fleiri sérfræðingar. Fjallað er um nánast allt milli himins og jarðar sem tengist keppninni og knattspyrnulistinni.

**22.00** **HM 2006** (Opnun: Þýskaland – Kosta Ríka) Opnunarleikur HM á milli Þýskalands og Kosta Ríka endursýndur en hann fór fram fyrr í dag. Liðin leika í A-riðli ásamt Póllandi og Ekvador.

**23.45** HM 2006 (Pólland – Equador)

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Úr minningabókum **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Flakk **16.10** Veðurfregnir **16.13** Bassajöfur Norðursins: Strákurinn frá Osted **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfregnir og auglýsingar **19.00** Litla flugan **19.40** Samfélagið í nærmynd **20.50** Heimsókn til Sigurðar Demetz Franzsonar **21.55** Orð kvöldsins **22.10** Veðurfregnir **22.15** Músík og mas **23.00** Kvöldgestir

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Næturvaktin

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson **12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis **18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður





Það er sama hvernig þú lítur á dæmið. Ef þig vantar leiðir til þess að eignast draumabílinn getum við alltaf boðið þér einfalda lausn.

**Bílalán // Bílasamningur // Einkaleiga**

LÝSING



## HRÓSIÐ

*... fær Bubbi Morthens fyrir frábæra tónleika í Laugardalshöll.*



**LÁRÉTT:** **2** afturendi **6** slá **8** stefna **9** geislahjúpur **11** klafi **12** vondur **14** unna **16** í röð **17** niður **18** drulla **20** guð **21** urmull.

**LÓÐRÉTT:** **1** er hrár **3** skyldir **4** fugl **5** stykki **7** á hverju ári **10** einkar **13** suss **15** hástétt **16** starfsgrein **19** óreiða.

**LAUSN:**

**LÁRÉTT:** **2** rass, **6** rá, **8** átt, **9** ára, **11** ok, **12** illur, **14** elska, **16** fg, **17** suð, **18** aur, **20** ra, **21** grúi. **LÓÐRÉTT:** **1** hrái, **3** aá, **4** storkur, **5** stk, **7** árlegur, **10** all, **13** uss, **15** aðal, **16** fag, **19** rú.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Veigar Páll Gunnarsson.
2. Billy Preston.
3. Eystrasaltsráðið.

Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

## REYKJAVÍKURNÆTUR HARPA PÉTURSDÓTTIR VAR ENN OG AFTUR MINNT Á ÁGÆTI ÍSLENSKRA KARLMANNA

# *Rósir og slef*

Eins og ég sagði ykkur í síðustu viku var ég á Spáni með vinkonunum á stefnumóti við sólina og litlu vini hennar kokkteilana. Það er nú sennilegast ekki í frásögur færandi þar sem annar hver Íslendingur á stefnumót við hana á sumrin, nema hvað að ég var enn og aftur minnt á það hversu ólíkir karlmennirnir eru þar og hér. Sem betur fer!

Fyrsta daginn vorum við á rambi meðfram ströndinni, svona rétt til að kynna okkur staðarhætti. Þá kom einn galvaskur hoppandi yfir litla vegginn sem skilur að strönd og göngustíg, henti sér á stéttina þvert fyrir okkur, spennti greipar yfir brjóstinu á sér, lokaði augunum og bað til guðs.

Ég geri mér ekki alveg grein fyrir því hvað manninum gekk til en mig grunar að hann hafi verið að vonast eftir athygli okkar og að hún myndi leiða til einhvers góðs. Annað svona hressilegt atvik var þegar einn drengurinn hafði setið á borði nálægt okkur og gjóað augunum að okkur í nokkurn tíma. Þá gekk framhjá honum rósasölukona sem hann stoppaði og keypti af þrjár rósir. Því næst tróð hann rósunum upp í sig eins og tangódansari og gekk yfir til okkar. Þar sem hann gat ekki komið frá sér orði með munninn fullan af rósum tók hann þær slefblautar út úr sér, rétti okkur öllum, sagði að við værum einstaklega fagrar konur og spurði hvort við vildum ekki koma með sér á diskótek. Við vorum svo sem ekkert svakalega hissa þar sem ekki er við öðru að búast af latínógaurunum þarna suður frá, réttum honum rósirnar tilbaka, afþökkuðum pent og bentum honum á að spara rósirnar og reyna þetta á einhverjar aðrar píur.

Hvernig datt manninum í hug að reyna þetta á ískaldar valkyrjur sem fá gubb í hálsinn af of mikilli rómantík og ljóðalestri? Ég held ég geti fullyrt að íslenskar konur eru flestar minna fyrir svona smjaður en kynsystur okkar sunnar í álfunni. Svona hafði ég ekki beinlínis ímyndað mér að ég ætti eftir að kynnast kærasta mínum eða maka. Hann hefur örugglega gert ráð fyrir að við myndum bráðna á staðnum, heillast af frumleika hans og rómantík og slá til.

Ég er ansi hrædd um að eldurinn í hjörtum okkar kvenna hérna á klakanum hafi kulnað í aldanna rás og við séum komnar með svo harðan skráp að okkur finnist svona háttsemi hreinlega fyndin og kjánaleg. Ég held hins vegar að í brjósti okkar brenni annars konar eldur, sem glæðist við eitthvað merkilegra en rósir og slef. Það sem kveikir í mér er menn sem eru kurteisir, heiðvirðir og trúir sínum konum og ástríðum. En þeir verða þó að hafa ástríður, það hefur ekki breyst.



Það verður þó að segjast að sitt sýnist hverjum, sem betur fer því annars myndum við sennilegast deyja út. En það er líka nauðsynlegt að fá stundum áminningu um hvað það er sem okkur líkar best svo við lærum að meta það sem við eigum!

## ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON: RITSTÝRIR DAGBLAÐI Á ENSKU

# Ætlum að hafa skoðanir

ReykjavíkMag er nýjasta viðbótin í blaðaflórunni á Íslandi, en blaðinu er ætlað að vera upplýsingaveita á ensku um það sem er að gerast í borginni á hverjum tíma. Blaðið kemur út hálfsmánaðarlega og mun skarta ítarlegum lista yfir menningarviðburði borgarinnar ásamt umfjöllun um veitingastaði, næturlíf, tísku, verslanir og listalíf.

Anna Margrét Björnsson, ritstjóri blaðsins, er alvön stórborgarlífi en hún ritstýrði áður ferðablöðunum Iceland Review og Atlantica. „Þetta er hugmynd sem ég er búin að ganga með í langan tíma. Ég vann hjá Time-Out tímaritinu í París og hef alltaf verið mjög hrifin af þessum borgarblöðum. Reykjavík er orðin það stór að það er brýn þörf á svona blaði fyrir Íslendinga og útlendinga,“ segir Anna Margrét. Hún bendir á að það hafi færst í aukana að Reykjavík sé markaðssett sem flott stórborg, þó lítil sé, þar sem af nógu er að taka. „Fólk er farið að koma hingað til að versla fara út að borða, sjá viðburði og skemmta sér, það kemur ekki lengur bara til að sjá náttúruna.“



**ANNA MARGRÉT** Reykjavík er markaðssett sem flott stórborg og unga fólkið kemur ekki hingað bara til að sjá náttúruna.

Í tengslum við tímaritið hefur verið settur upp nýr vefur, Reykjavík.com, sem verður uppfærður daglega. „Þar birtast reglulega fréttir frá Íslandi á ensku frá fréttastofum NFS og Fréttablaðsins, auk þess sem við skiptum oft út greinum og pistlum þannig að vefurinn verður alltaf lifandi,“ segir Anna Margrét. Fljótlega verður virkt spjallborð á vefnum þar sem ferðamenn og aðrir geta skipst á skoðunum. „Við verðum líka með eitt öflugasta viðburðakerfi á landinu, það er að segja fólk getur farið inn á vefinn og séð allt sem er að gerast í Reykjavík. Það er hálfgert offramboð á viðburðum svo við ætlum að vera með skoðanir á hlutunum, velja það besta úr og leiðbeina lesendum dálítið. Ég á mikið af vinum sem koma hingað og fá fullt af upplýsingum á netinu en það er erfitt að finna hlutlausa umfjöllun um það hvernig staðirnir eru í raun og veru,“ segir Anna Margrét. Hún vonast til þess að skrifin verði skemmtileg og ítrekar að þau verði ekki byggð á auglýsingum. „Vonandi hefur vefurinn líka ákveðinn persónuleika. Þó þetta sé á ensku viljum við fyrst og fremst gera líflegan fjölmiðil fyrir alla,“ segir Anna Margrét, en blaðinu verður dreift frítt um allan bæ, á kaffihúsum, veitingastöðum og víðar.




**REYKJAVÍKMAG** Fyrsta tölublaðið kom út í dag og verður dreift hálfsmánaðarlega.

Anna Margrét hefur Hönnu Björk Valsdóttur ritstjórnarfulltrúa sér til fulltingis, en hún sá um Málið í Morgunblaðinu á sínum tíma. „Hún hefur verið erlendis eins og ég, bjó í New York í fimm ár. Svo er ég með erlenda penna sem sjá um hótelrýni og veitingahúsgagnrýni, og Silja Magg tók fyrir okkur forsíðuna,“ segir Anna Margrét, en fyrsta tölublað ReykjavíkMag leit dagsins ljós í gær. ReykjavíkMag og Reykjavík.com er gefið út af 365.

**rosag@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Tónlistarmaðurinn og bloggarinn **Gunnar Lárus Hjálmarsson** hefur ákveðið að hreinsa til heima hjá sér og selja megnið af geisladiskunum sínum. Dr. Gunni segist núorðið hlusta nær alfarið á tónlist á vínyl og á mp3-formi og telur tíma til kominn að losa sig við veglegt geisladiskasafnið. Hann greinir frá þessum áformum á heimasíðu sinni, this.is/drgunni, og hvetur áhugasama til að senda sér línu. Hann muni svo senda lista yfir geisladiskana um hæl og fólk getur gert tilboð. Verð diskanna er á bilinu 100-1000 krónur. Gunni tekur þó skýrt fram að hann hyggist ekki selja þá geisladiska sem hann hefur sjálfur spilað inn á.



Tökur standa nú yfir á annarri þáttaröðinni af Latabæ **Magnúsar Scheving** eins og Fréttablaðið hefur greint frá. Andrúmsloftið á tökustaðnum í Garðabæ hefur verið gott en þó hafa komið upp smávandamál eins og við er að búast þegar ráðist er í svo stórt verkefni. Eitt vandamálanna snertir leikkonuna **Juliönnu R. Mauriello**, sem fer með hlutverk Sollu stirðu, og móður hennar sem er með henni hérlendis. Mæðgunum þótti einn aðstoðarleikstjóranna ekki sýna sér tilhlýðilega virðingu og því var afráðið að hann hætti störfum. Í kjölfarið var ráðinn kvenkyns aðstoðarleikstjóri og allt mun nú vera fallið í ljúfa löð á ný.



Þjónustufyrirtækið Mamma var nýverið sett á laggirnar til að annast flestallt sem snýr að viðskiptavinum fyrirtækjanna 365, Og Vodafone og Securitas. Þegar hringt er í Mömmu tekur á móti viðskiptavinunum hlýleg og karlmannleg rödd fjölmiðlamannsins **Sigtryggs Magnasonar** sem leiðbeinir fólki með erindi þess. Sigtryggur hefur starfað á auglýsingastofu síðan hann hætti störfum sem ritstjóri tímaritsins Sirkus auk þess að stunda ritstörf. Nú virðist Sigtryggur hafa fundið sig á nýjum vettvangi og má allt eins búast við því að rödd hans eigi eftir að heyrast víðar á næstunni. **- hdm**






# Fékk hugmyndina eina andvökunótt

„Þetta er þriðja ár mótsins og hefur skráningin gengið vonum framar,“ segir Björgvin Freyr Vilhjálmsson, sem ásamt félaga sínum Ágústi Guðmundssyni efndi til Stjörnugolfs fyrir tveimur árum. Stjörnugolf er mót sem haldið er til styrktar góðgerðamála og mun ágóðinn þetta árið renna óskiptur til Umhyggju, félags langveikra barna. Björgvin fékk hugmyndina þegar hann var andvaka eina nóttina og segir nafnið Stjörnugolf hafa strax komið upp.

Góðgerðamót eru haldin víðsvegar í Bandaríkjunum og fannst þeim félögunum tilvalið að nýta uppgang golfsins hér á landi enda félagsmenn Golfsambands Íslands komnir yfir 13.000 talsins.

Vel hefur gengið að safna styrkjum og eru helstu styrktaraðilar keppninnar Icelandair, Bónus, Actavis, KB banki og Sýn en sjónvarpstöðin mun sýna frá mótinu. Þegar eru þó nokkrir frægir Íslendingar búnir að skrá sig og má þar nefna Audda og Sveppa úr Strákunum og gömlu kempurnar Ladda og Sigga Sigurjóns. Einnig eru frægar innlendar fótboltastjörnur og tónlistarmenn tilbúnir til leiks. Mótið fer fram næstkomandi þriðjudag, 13. júní, á velli Golfklúbbs Reykjavíkur í Grafarholti. Enn er hægt að skrá sig á stjörnugolf@visir.is. Þátttökugjald er 50.000 krónur og verða menn að vera í tveggja manna liði. Verðlaunin eru ekki af verra endanum, til dæmis ferðavinngar frá Icelandair. „Fyrsta árið náðum við að safna 475.000 krónum sem fóru til Barnaspítala Hringsins og í fyrra söfnuðust rúmar 970.000 krónur og var það MND-félagið sem tók við þeirri upphæð. Auðvitað er planið að fara yfir eina milljón núna en ennþá vantar nokkur fyrirtæki uppá,“ segir Björgvin, bjartsýnn á komandi mót. **- áp**



**Í SVÍFANDI SVEIFLU** Björgvin Freyr Vilhjálmsson og Ágúst Guðmundsson, skipuleggjendur mótsins, hafa í nógu að snúast þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



LAGERSALA!
ERUM AÐ FLYTJA VÖRULAGER OKKAR OG HÖLDUM AF ÞVÍ TILEFNI ALLSHERJAR LAGERSÖLU Í ÖLLUM VERSLUNUM OKKAR FÖSTUDAG, LAUGARDAG OG SUNNUDAG.
MIKILL AFSLÁTTUR – FYRSTUR KEMUR, FYRSTUR FÆR!
70% AFSLÁTTUR
ÁÐUR 29.900,-
9.990,-
„WILMA" STÓLL
Fallegur og mjúkur brúnn leðurstóll með grófum saumum. Breidd á stól er 118 sm.
45% AFSLÁTTUR
ÚTILEGUBEKKUR / GARÐBEKKUR MEÐ GÓÐU BORÐI
Góður bekkur með borði fyrir 4 úr plasti og járni til að taka með í útileguna eða hafa í garðinum eða á svölunum. Léttur og þægilegur í uppsetningu, þessi bekkur tekur lítið pláss og því tilvalið að kippa þessum með sér hvert á land sem er.
ÁÐUR 8.990,-
4.990,-
60% AFSLÁTTUR
ÁÐUR 7.990,-
2.990,-
„OLGA" SKRIFBORÐSSTÓLL
Skemmtilegur og þægilegur skrifborðsstóll með örmum. Komdu og prófaðu þennan!
„JOGGER" KERRA
Frábær „Jogger" kerra fyrir útivistarfjölskylduna. Kerran er með handbremsu, fótbremsu, regnplasti, áfastri innkaupakörfu, skyggni, fallegu ákæði og gúmmídekkjum með ventli.
30% AFSLÁTTUR
ÁÐUR 9.990,-
6.990,-
50% AFSLÁTTUR
ÁÐUR 2.990,-
1.490,-
SÆNGURVERASETT MEÐ MYNDUM
Mikið úrval af myndasængurverasettum fyrir börn á öllum aldri. Hákarlasaga, Harry Potter, Svampur Sveinsson, Pósturinn Páll, Kóalabræður o.m.fl.
Den Lune Jyde
40% AFSLÁTTUR
DUO 2=1
ÁÐUR 2.500,-
1.490,-
„DEN LUNE JYDE" THERMOSÆNG
Þessi sæng er í raun tvær sængur saumaðar saman þannig að það myndast hitaeinangrandi loftrúm á milli þeirra. Fyllt með sílikonhúðuðum polyesterholtrefjum. Stærð 135 x 200 sm.
20% AFSLÁTTUR
ÁÐUR 2.490,-
1.990,-
FISKABÚR
Með dælu, háfi, fiskamat og gerviblómi. Stærð 28x25x40 sm.
60% AFSLÁTTUR
„PARKA" ÚLPA
Vandaðar og góðar hettuúlpur. Loðinn kantur á hettunni. Stórir og góðir vasar. Fást í grænu og svörtu. Stærðir S-XL.
ÁÐUR 4.990,-
1.990,-
-góð kaup
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is
50% AFSLÁTTUR
FILA
„FILA" ÍÞR.SOKKAR
Góðir, hvítir Fila íþróttasokkar. Þrjú pör saman í pakka.
3 PÖR ÁÐUR 590,-
299,-
BARNASTÍGVÉL
Flott stígvél með grófum sóla og hönkum. Stærðir 25-35.
35% AFSLÁTTUR
ÁÐUR 790,-
499,-

FRÉTTABLAÐIÐ
SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Roger Waters
www.midi.is



BAKÞANKAR
BERGSTEINS SIGURÐSSONAR

# Óhæfur

Furðu oft er ég spurður upp úr þurru: „Með hvaða liði heldurðu í ensku?" Alltaf mæti ég jafn mikilli vantrú þegar ég yppi öxlum, hristi höfuðið og segi: „Engu." Ekki svo að skilja að ég líti á mig sem antísportista. Mér finnst það alls ekki öfundsvert hlutskipti að hafa ekki vott af áhuga á fótbolta, því sá sem ekki hefur það verður hreinlega utanveltu í þjóðfélaginu á meðan heimsmeistaramótið í knattspyrnu fer fram.

**FYRIR** það fyrsta get ég ekki lengur tekið þátt í samræðum, hvorki í vinnunni né utan hennar. Ég hef fundið hvernig samræðulistin hefur smám saman fjarað út eftir því sem ristin á Wayne Rooney hefur gert sig æ meira gildandi í samræðum við kaffivélina. Sjálfsagt hefur karlmannsfótur ekki verið á vörum jafnmargra frá því á dögum Akkilesar.

**FYRIR** neytendur er fótboltaæðið vissulega til góðs. Allar búðir eru stútfullar af HM-tilboðum. Ég get keypt mér 42 tommu plasma-sjónvarp fyrir 150 þúsund kall og fæ með því 36 lítra af kóki og 20 poka af snakki í kaupbæti. Minna má það ekki vera. Ég verð reyndar að finna mér eitthvað annað að gera en að horfa á nýja sjónvarpið mitt því á dagskrá er jú ekkert nema fótbolti. Ef ekki leikur, þá yfirlit yfir leiki dagsins eða morgundagsins, Markaregn, Fótboltakvöld, Helgarsportið, 1x2, 4-4-2, 4x4 og hvað þetta nú allt heitir þar sem Þorsteinn Joð talar af innlifun um að fótbolti sé „dálítið eins og lífið sjálft".

**EKKERT** umræðuefni á eftir að komast að í heitu pottum sundlauganna nema vítið sem Paul Robinson varði, aukaspyrnan hans Ronaldinho, fáránlegi rangstöðudómurinn og króatísku landsliðsbúningarnir, sem voru miklu flottari fyrir fjórum árum. Ef ég fer í bíó þarf ég að horfa á Nike-auglýsingu með Eric Cantona. „Just do it." Ég man eiginlega ekkert eftir Eric Cantona nema þegar hann hljóp að áhorfanda á hliðarlínunni og „just did it". Bjóði nágrannarnir til HM-veislu með tilheyrandi látum er ekki hægt að leita skjóls á kránni. Hver einasti veitingamaður fær sér sjónvarp og barirnir fyllast af fólki sem baular hátt og snjallt í hvert skipti sem boltinn kemst í grennd við stöngina.

**EKKI** er sökum að spyrja að fólk í kringum er löngu orðið þreytt á vælinu í mér og segir að ég þurfi að „læra að lifa lífinu". Það er hægara sagt en gert þessa dagana.

Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ





¡Viva Mallorca!

Sólin er farin til Mallorca og verður þar í allt sumar!

Viva hótelin eru að okkar mati bestu íbúðahótelin á Mallorca og við erum stolt af því að geta boðið Íslendingum þennan frábæra valkost á sérlega hagstæðu verði. Mallorca er vinsælasti sumardvalarstaður Evrópu og hefur allt sem þú þarft fyrir hið fullkomna frí.

Viva Blue ☀☀☀☀

Verð frá: 57.600,- 12. júlí m.v. 2 fullorðna og 2 börn í viku. 79.200,- m.v. 2 fullorðna

Eitt af bestu Viva hótelunum á Mallorca. Falleg staðsetning í Alcudia, frábær sundlaugargarður og glæsilegar íbúðir.

Viva Blue – íbúðahótel

| | |
|---|---|
| Gestamóttaka | 24/7 |
| Strönd | 450 m |
| Bar | Já |
| Veitingastaður | Já |
| Sundlaug \| Garður | Já \| Já |
| Barnalaug \| Leiksvæði | Já \| Já |
| Sólbekkir \| Handklæði | Já \| Já |
| Skemmtidagskrá \| Fyrir börn | Já \| Já |
| Heilsurækt | Já |
| Tennisvöllur | Já |
| Aðstaða fyrir fatlaða | Já |



ÍBÚÐIR

Flottar íbúðir m. svölum/verönd, ísskáp, loftkælingu, sjónvarpi, síma, öryggishólfi og vel búnum baðherbergjum. Þrif 5 daga vikunnar.

Viva Alcudia Sun Village ☀☀

Verð frá: 51.475,- 12. júlí m.v. 2 fullorðna og 2 börn í viku. 66.950,- m.v. 2 fullorðna

Vel búnar íbúðir í fjölskylduvænu umhverfi skammt frá Muro ströndinni í Alcudia. Glæsilegur sundlaugagarður, leikvellir fyrir börn og fullorðna og vönduð barnadagskrá.

Viva Alcudia Sun Village – íbúðahótel

| | |
|---|---|
| Gestamóttaka | 24/7 |
| Strönd | 400 m |
| Bar | Já |
| Veitingastaður | Já |
| Sundlaug \| Garður | Já \| Já |
| Barnalaug \| Leiksvæði | Já \| Já |
| Sólbekkir \| Handklæði | Já \| Já |
| Skemmtidagskrá \| Fyrir börn | Já \| Já |
| Heilsurækt | Já |
| Tennisvöllur | Já |
| Aðstaða fyrir fatlaða | Já |



ÍBÚÐIR

Þægilegar íbúðir með svölum/verönd, ísskáp, loftkælingu, sjónvarpi, síma, öryggishólfi og vel búnum baðherbergjum. Þrif 5 daga vikunnar.

MasterCard www.kreditkort.is
Mundu eftir MasterCard ferðaávísuninni

Allar frekari upplýsingar eru á www.sumarferdir.is
Sími 575 1515 – www.sumarferdir.is – Laugavegur 26 (gengið inn Grettisgötumegin)

www.sumarferdir.is
Sími 575 1515

SUMAR FERÐIR
– ERU BETRI EN AÐRAR!

Innifalið í verði: Flug, gisting, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn. Bókað er á www.sumarferdir.is. Símabókunargjald er 1.500,- pr. farþega.

Fiton / SÍA